ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 12

19. árgangur

1.3.2012

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2012/EES/12/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 141/2007 frá 14. febrúar 2007 um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fóðri sem er í flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf 1

2012/EES/12/02 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2007 um samþykki fyrir eftirliti Bandaríkja Norður-Ameríku með jarðhnetum og afurðum úr þeim fyrir útflutning, að því er varðar aflatoxín í þeim (2008/47/EB) 3

2012/EES/12/03 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB frá 30. nóvember 2009 varðandi tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti 8

2012/EES/12/04 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 988/2009 frá 16. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og um að ákveða efni viðaukanna við hana. 26

2012/EES/12/05 Ákvörðun nr. A1 frá 12. júní 2009 um að koma á samráðs- og sáttaferli varðandi gildi skjala, það hvaða löggjöf skuli gilda og úthlutun bóta samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (2010/C 106/01) 56

2012/EES/12/06 Ákvörðun nr. A2 frá 12. júní 2009 um túlkun 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um löggjöf sem útsendir starfsmenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem starfa tímabundið utan lögbærs ríkis, heyra undir (2010/C 106/02) . . 60

2012/EES/12/07 Ákvörðun nr. E1 frá 12. júní 2009 um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (2010/C 106/03) 64

2012/EES/12/08 Ákvörðun nr. F1 frá 12. júní 2009 um túlkun 68. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 að því er varðar reglur um forgang þegar fjölskyldubætur skarast (2010/C 106/04) 66

2012/EES/12/09 Ákvörðun nr. H1 frá 12. júní 2009 um skiptin frá reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 yfir í reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 og beitingu ákvarðana og tilmæla framkvæmdaráðsins varðandi samræmingu almannatryggingakerfa (2010/C 106/05). 68

2012/EES/12/10 Ákvörðun nr. H2 frá 12. júní 2009 um starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu á vegum framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa (2010/C 106/06) 72

2012/EES/12/11 Ákvörðun nr. P1 frá 12. júní 2009 um túlkun 50. gr. (4. mgr.), 58. gr. og 87. gr. (5. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um úthlutun bóta vegna örorku, elli og til eftirlifenda (2010/C 106/07) 76

2012/EES/12/12 Ákvörðun nr. S1 frá 12. júní 2009 um evrópska sjúkratryggingakortið (2010/C 106/08) 78

2012/EES/12/13 Ákvörðun nr. S2 frá 12. júní 2009 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið (2010/C 106/09) 81

2012/EES/12/14 Ákvörðun nr. S3 frá 12. júní 2009 um skilgreiningu þeirrar aðstoðar sem fellur undir 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (2010/C 106/10). 95

2012/EES/12/15 Ákvörðun nr. U1 frá 12. júní 2009 um 3. mgr. 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 að því er varðar hækkun atvinnuleysisbóta vegna aðstandenda (2010/C 106/11) 97

2012/EES/12/16 Ákvörðun nr. U2 frá 12. júní 2009 um gildissvið 2. mgr. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um rétt einstaklinga, sem eru atvinnulausir með öllu, til atvinnuleysisbóta, annarra en þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri og voru búsettir í öðru aðildarríki en lögbæru aðildarríki þegar þeir störfuðu síðast sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar (2010/C 106/12) 98

2012/EES/12/17 Ákvörðun nr. U3 frá 12. júní 2009 um gildissvið hugtaksins „atvinnuleysi að hluta til“ sem á við um atvinnulausa einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (2010/C 106/13) 100

2012/EES/12/18 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/12/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fenoxýkarbi við í I. viðauka við hana 102

2012/EES/12/19 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 8. febrúar 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu nónansýru við í I. viðauka við hana 105

2012/EES/12/20 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB frá 13. júlí 2009 um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum 108

2012/EES/12/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1025/2009 frá 29. október 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 199

2012/EES/12/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1167/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna 202

2012/EES/12/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 205

2012/EES/12/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 207

2012/EES/12/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabrómafleiða af dífenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)) 212

2012/EES/12/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2011 frá 19. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins 214

2012/EES/12/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður 239

2012/EES/12/28 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1070/2010 frá 22. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB með því að bæta í skrána yfir fyrirhugaða notkun því sérstaka næringarmarkmiði að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt hjá hundum og köttum 243

2012/EES/12/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1117/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Vetagro SpA) 245

2012/EES/12/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1118/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica NV) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 247

2012/EES/12/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir Saccharomyces cerevisiae MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) 251

2012/EES/12/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir Pediococcus acidilactici CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Lallemand SAS) 254

2012/EES/12/33 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB frá 16. september 2009 varðandi einföld þrýstihylki 256

2012/EES/12/34 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB 274

2012/EES/12/35 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/3/ESB frá 17. janúar 2011 um breytingu á tilskipun 2008/128/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum 292

2012/EES/12/36 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 297

2012/EES/12/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) NR. 283/2011 frá 22. mars 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 633/2007 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulagið sem um getur í 7. gr. 303

2012/EES/12/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2010 frá 18. október 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr.. 305

2012/EES/12/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB 306

2012/EES/12/40 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (endurútgefin). 358

2012/EES/12/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1033/2010 frá 15. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1505/2006 að því er varðar árlegar skýrslur aðildarríkjanna um niðurstöður úr eftirlitinu sem fram fór í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita 381

2012/EES/12/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2011 frá 28. mars 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb, brómóprópýlat, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, fómesafen, metabensþíasúrón, metíðaþíón, símasín, tetradífón og tríforín í eða á tilteknum afurðum. 383

2012/EES/12/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 um að skipta út I., III., IV., VI., VII., XI. og XV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) 433

2012/EES/12/44 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB 531

2012/EES/12/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 385/2009 frá 7. maí 2009 um að skipta út IX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun). 562

2012/EES/12/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd 615

2012/EES/12/47 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana í tengslum við umhverfismál og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB að því er varðar þátttöku almennings og aðgang að réttlátri málsmeðferð 617

2012/EES/12/48 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/47/ESB frá 5. júlí 2010 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháefni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu. 625

2012/EES/12/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 892/2010 frá 8. október 2010 um stöðu tiltekinna vara með tilliti til fóðuraukefna sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 639

2012/EES/12/50 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 998/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir Enterococcus faecium DSM 7134 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (handhafi leyfis er Lactosan GmbH & Co KG) 643

2012/EES/12/51 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 999/2010 frá 5. nóvember 2010 um leyfi fyrir 6- týtasa (EB 3.1.3.26), sem er framleiddur með Aspergillus oryzae (DSM 17594), sem fóðuraukefni fyrir gyltur (handhafi leyfis er DSM Nutritional Products Ltd). 645

2012/EES/12/52 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar 647

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 141/2007 **2012/EES/12/01**

frá 14. febrúar 2007

um kröfu varðandi samþykki, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005, fyrir starfsstöðvum fóðurfyrirtækja sem framleiða eða setja á markað aukefni í fóðri sem er í flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 183/2005 er kveðið á um samþykki tiltekinna starfstöðva fóðurfyrirtækja. Meginmarkmiðið með samþykkiskerfinu, sem sett er á fót með reglugerð (EB) nr 183/2005, er að láta starfstöðvar sem framleiða og/eða setja á markað afurðir sem eru taldar viðkvæmar sæta viðeigandi kröfum um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Í þeirri reglugerð er kveðið á um möguleika til þess að rýmka gildissvið kröfunnar fyrir samþykki.

2) Hnískalyf og vefsvipungalyf eru einn af flokkum aukefna í fóðri sem um getur í e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([2]). Þessi flokkur aukefna í fóðri er talinn vera jafn viðkvæmur og aðrir flokkar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr 183/2005 að samþykki þurfi fyrir.

3) Því ættu starfstöðvar, sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fóðri sem tilheyra flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf, einnig að sæta sömu kröfum um samþykki.

4) Kveða skal á um bráðabirgðaráðstafanir varðandi starfstöðvar sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fóðri úr flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf sem ekki var krafist samþykkis fyrir í landslögum. Starfsstöðvar, sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun ráðsins 95/69/EB ([3]), falla nú þegar undir 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að starfstöðvar undir þeirra stjórn, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 183/2005, séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi framleiði þessar starfstöðvar og/eða setji á markað aukefni í fóðri úr flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf. Samþykkið skal afgreitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005.

2. gr.

Starfsstöðvar, sem framleiða og/eða setja á markað aukefni í fóður úr flokknum hnískalyf og vefsvipungalyf en þess var ekki krafist samkvæmt landslögum á þeim degi þegar reglugerðin gekk í gildi að samþykki hefði verið fengið fyrir þessum flokki aukefna í fóðri, geta haldið áfram starfsemi sinni þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn þeirra um samþykki, að því tilskildu að þær leggi inn umsóknina hjá lögbæru yfirvaldi á því svæði, þar sem starfsstöð þeirra er staðsett, eigi síðar en 7. júní 2007.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá 7. apríl 2007.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011 frá 1. júlí 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

([3]) Stjtíð. EB L 332, 30.12.1995, bls. 15. Tilskipun var felld niður með reglugerð (EB) nr 183/2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2012/EES/12/02**

frá 20. desember 2007

um samþykki fyrir eftirliti Bandaríkja Norður-Ameríku með jarðhnetum og afurðum úr þeim fyrir útflutning, að því er varðar aflatoxín í þeim (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) (6451)

(2008/47/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ([2]) er mælt fyrir um leyfilegt hámarksgildi aflatoxína í matvælum. Einungis má setja á markað matvæli sem uppfylla kröfur um hámarksgildi.

2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinberu eftirliti sé sinnt reglulega og út frá áhættu og fari nægilega oft fram til að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, sem eru m.a. að afstýra eða eyða áhættu gagnvart fólki og dýrum eða minnka hana að viðunandi marki.

3) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að samþykkja megi eftirlit sem þriðja land annast með fóðri og matvælum rétt áður en þau eru flutt út til Bandalagsins í þeim tilgangi að sannprófa að útflutningsafurðirnar fullnægi kröfum Bandalagsins.

4) Slíkt samþykki má aðeins veita þriðja landi eftir að endurskoðun Bandalagsins hefur leitt í ljós að fóður eða matvæli, sem flutt eru út til Bandalagsins, uppfylla kröfur Bandalagsins eða sambærilegar kröfur og að eftirlitið sem sinnt er í þriðja landinu fyrir sendingu teljist nægilega áhrifaríkt og skilvirkt til að koma í stað eða draga úr sannprófun skjala, auðkenna og eftirliti með ástandi sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins.

5) Í apríl 2005 lögðu Bandaríkin fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um að fá samþykki fyrir því eftirliti fyrir útflutning sem lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum sinna með aflatoxínmengun í jarðhnetum og afurðum unnum úr þeim sem ætlunin er að flytja út til Bandalagsins.

6) Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar gerði út sendinefnd til Bandaríkjanna 18.–22. september 2006 til að meta eftirlitskerfin sem eru fyrir hendi til að koma í veg fyrir aflatoxínmengun í jarðhnetum og afurðum unnum úr þeim og til að sannprófa að eftirlit fyrir útflutning þessara afurða til Bandalagsins tryggi að þær uppfylli kröfur Bandalagsins. Komist var að þeirri niðurstöðu að Bandaríkin hefðu vel skilgreint kerfi eftirlits með styrk aflatoxína í jarðhnetum og vel starfræktar, samþykktar rannsóknarstofur. Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum hafa skuldbundið sig og hafið aðgerðir til að lagfæra þá minni háttar ágalla sem í ljós komu.

7) Því er rétt að veita samþykki fyrir eftirliti með jarðhnetum og afurðum unnum úr þeim, sem Bandaríkin sinna fyrir útflutning, til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi Bandalagsins fyrir aflatoxín.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 11. júní 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004. Reglugerð eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1126/2007 (Stjtíð. ESB L 255, 29.9.2007, bls. 14).

8) Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum skylt að laga tíðni eftirlits með ástandi innfluttra vara að áhættu sem tengist mismunandi matvælaflokkum, m.a. með tilliti til trygginga sem lögbær yfirvöld í þriðja landi, sem er upprunaland matvælanna sem um er að ræða, leggja fram. Kerfisbundið eftirlit fyrir útflutning, sem sinnt er undir stjórn bandaríska landbúnaðarráðuneytisins í samræmi við samþykki Bandalagsins skv. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, veitir yfirvöldum aðildarríkjanna öfluga tryggingu. Þar af leiðandi skulu aðildarríkin draga úr tíðni eftirlits með ástandi þessara vara þannig að hún sé í samræmi við þessar tryggingar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning

Eftirlit fyrir útflutning að því er varðar aflatoxín, sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið sinnir rétt fyrir útflutning til Bandalagsins, er samþykkt fyrir eftirfarandi matvæli og afurðir unnar úr þeim (hér á eftir nefnd matvæli):

a) jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 12021090 eða 12022000,

b) jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081194 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081198 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),

c) ristaðar jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081192 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081196 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg).

Samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning á einungis við um jarðhnetur sem eru tilgreindar í fyrstu málsgrein og voru framleiddar á yfirráðasvæði Bandaríkjanna.

2. gr.

Skilyrði varðandi samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning

1. Vörusendingunni skulu fylgja:

a) niðurstöður úr sýnatöku og greiningu á vegum rannsóknarstofu sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt og farið hefur fram í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum[1] eða jafngild ákvæði,

b) vottorð[2] í samræmi við viðaukann, útfyllt, undirritað og staðfest af viðurkenndum fulltrúa bandaríska landbúnaðarráðuneytisins að því er varðar matvæli frá Bandaríkjunum.

2. Hver vörusending af matvælum skal auðkennd með skráningarnúmeri sem samsvarar skráningarnúmerinu á skýrslunni með niðurstöðunum úr sýnatökunni og greiningunni og á vottorðinu sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar. Sérhver poki eða annars konar pakkning í vörusendingunni skal auðkennd með sama skráningarnúmeri.

3. Vottorðið, sem kveðið er á um í b-lið fyrstu málsgreinar, gildir aðeins fyrir innflutning á matvælum inn í Bandalagið í að hámarki fjóra mánuði frá útgáfudegi þess.

3. gr.

Vörusendingu skipt upp

Ef vörusendingu er skipt upp skulu afrit af vottorðinu, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. og lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skiptingin fór fram hefur vottað, fylgja hverjum hluta skiptu vörusendingarinnar að og á heildsölustigi. Lögbær yfirvöld geta einnig afhent staðfest afrit af vottorðinu um leið og vörurnar eru settar í frjálsa dreifingu ef stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynnir að hann hyggist skipta vörusendingunni.

4. gr.

Opinbert eftirlit

Sannprófun skjala, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, skal fara fram á fyrsta komustað í Bandalaginu og sönnun þess að sannprófunin hafi átt sér stað skal fylgja vörusendingunni.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

([2]) Vottorð sem er byggt á staðlaðri fyrirmynd sem mælt er fyrir um í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/240/EB frá 16. apríl 2007 um ný heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á lifandi dýrum, sæði, fósturvísum, eggjum og afurðum úr dýraríkinu til Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 104, 21.4.2007, bls. 37). Skýringarnar við vottorðið sem nefnt er í I. viðauka við framangreinda ákvörðun eiga einnig við vottorðið sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun. Í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004 má í framtíðinni gefa vottorðið út á rafrænan hátt eftir að hagnýtt fyrirkomulag hefur verið samþykkt.

Í samræmi við ákvæði d-liðar 2. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skal draga umtalsvert úr tíðni eftirlits með ástandi vörusendinga matvæla sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, sem aðildarríkin skulu annast, með því skilyrði að farið sé að ákvæðum 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. desember 2007.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

LAND: **Vottorð fyrir innflutningi til ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanúmer	I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
	I.3. Lögbært stjórnvald	
	I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer	I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir vörusendingunni í ESB Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanúmer	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8.	I.9. Viðtökuland ISO-kóði / I.10
I.11 Upprunastaður Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang	I.12.	
I.13. Fermingarstaður	I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning: Tilvísun í skjöl:	I.16. Innflutningsstaður til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru	I.19. Vörunúmer (ST-kóði)	I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Við stofuhita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐		I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til manneldis ☐ Til notkunar í fóður ☐ Til frekari vinnslu ☐		
I.26.	I.27. Til innflutnings til ESB ☐	
I.28. Auðkenning vörunnar Númer framleiðslulotu Tegund meðhöndlunar:		

EVRÓPUBANDALAGIÐ: **JARÐHNETUR – EFTIRLIT FYRIR ÚTFLUTNING**

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**

II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs

II.b.

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2008/47/EB um samþykki fyrir eftirliti Bandaríkja Norður-Ameríku með jarðhnetum og afurðum úr þeim fyrir útflutning, að því er varðar aflatoxín í þeim staðfesti ég undirritaður/undirrituð, ..., viðurkenndur fulltrúi lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr., að vörurnar sem lýst er í I. hluta vottorðsins hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur og hafa sætt eftirliti fyrir útflutning sem samþykkt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/47/EB og tryggi að vörurnar sem falla undir þetta vottorð verði fluttar til Evrópubandalagsins í gámi, sem er í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.

Sýni til greiningar á aflatoxíni voru tekin úr þessari vörusendingu …… (dags.), greind í rannsóknarstofu …….. (dags.) á …….. (heiti rannsóknarstofu) og upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með.

Athugasemdir:

Þetta vottorð gildir í 4 mánuði frá útgáfudegi.

I. hluti:

— Reitur I.11: Samþykkisnúmer: aðeins ef við á.
— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða Alþjóðatollastofnunarinnar: 12.02.10, 12.02.20 eða 20.08.11.
— Reitur I.20: Tilgreinið heildarbrúttóþyngd og heildarnettóþyngd.
— Reitur I.25: Frekari vinnsla merkir „sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis“.
— Reitur I.28: Tegund meðhöndlunar: Tilgreinið: ristaðar, unnar á annan hátt, skurnlausar eða í skurn.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/142/EB **2012/EES/12/03**

frá 30. nóvember 2009

varðandi tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu¬sambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 90/396/EBE frá 29. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tæki sem brenna gasi ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Aðildarríkjunum ber skylda til að tryggja á yfirráðasvæðum sínum heilbrigði og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra og vöru vegna hættu sem skapast getur af notkun tækja sem brenna loftkenndu eldsneyti [áður gas].

3) Í tilteknum aðildarríkjum eru lögboðin ákvæði um öryggisstig tækja sem brenna loftkenndu eldsneyti, einkum um hönnun þeirra, virkni og verklagsreglur við skoðun. Þessi lögboðnu ákvæði hafa ekki endilega í för með sér ólíkt öryggisstig frá einu aðildarríki til annars en vegna ósamræmis milli þeirra hindra þau viðskipti innan Bandalagsins.

4) Í aðildarríkjunum gilda mismunandi skilyrði um gas og þrýsting á gasi. Þessi skilyrði eru ekki samhæfð vegna þess að orkugjafar og -dreifing eru með sérstökum hætti í hverju aðildarríki.

5) Þrátt fyrir eina af grundvallarreglum Bandalagsins um frjálsa vöruflutninga kveða lög Bandalagsins á um að hindranir á flutningum innan Bandalagsins, sem stafa af misræmi í landslöggjöf varðandi markaðssetningu vara, verði að samþykkja, svo framarlega sem slíkar hindranir geti talist nauðsynlegar til að uppfylla lögboðnar kröfur. Samræming á löggjöf skal því í umræddu tilviki takmarkast við þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að uppfylla bæði lögboðnar kröfur og grunnkröfur um öryggi, heilbrigði og orkusparnað í tengslum við gastæki. Þessar kröfur teljast vera grunnkröfur og koma því í stað ákvæða landslaga á þessu sviði.

6) Eitt af meginmarkmiðum þessarar tilskipunar er að viðhalda eða auka við það öryggisstig sem náðst hefur í aðildarríkjunum, í samræmi við þá skilgreiningu á öryggi sem kemur fram í grunnkröfunum.

7) Uppfylla verður grunnkröfurnar um heilbrigði og öryggi til að tryggja að tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti séu örugg. Orkusparnaður er talinn þýðingarmikill. Þessum kröfum skal beita af skynsemi svo tekið sé tillit til nýjustu og fullkomnustu tækni við smíðina.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.06.2011, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB C 151, 17.6.2008, bls. 12.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. október 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 26. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 196, 26.7.1990, bls. 15.

([4]) Sjá A-hluta VI. viðauka.

8) Tilskipun þessi fjallar því eingöngu um grunnkröfur. Til að auðveldara sé að færa sönnur á samræmi við þessar grunnkröfur er nauðsynlegt að til séu samhæfðir staðlar á vettvangi Bandalagsins, einkum að því er varðar smíði, notkun og uppsetningu tækja sem brenna loftkenndu eldsneyti svo að vörur sem eru í samræmi við þá geti talist uppfylla grunnkröfurnar. Þessir staðlar, samhæfðir á vettvangi Bandalagsins, eru samdir af einkaaðilum og eru því ekki bindandi. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) viðurkennd sem þar til bærar stofnanir að samþykkja samhæfða staðla, í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu og þessara þriggja stofnana, sem voru undirritaðar 28. mars 2003 ([1]). Í þessari tilskipun merkir „samhæfður staðall“ tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu, Rafstaðlasamtökum Evrópu eða Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu eða af tveimur eða af öllum þessum stofnunum samkvæmt tilmælum frá framkvæmdastjórninni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglur um þjónustu í upplýsinga samfélaginu ([2]) og áðurnefndar almennar viðmiðunarreglur um samvinnu.

9) Ráðið hefur samþykkt röð tilskipana sem hafa það að markmiði að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum í samræmi við meginreglurnar í ályktuninni frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla ([3]). Í öllum þessum tilskipunum er kveðið á um áfestingu CE-merkis. Í tilkynningu sinni frá 15. júní 1989 um altæka aðferð við vottun og prófanir ([4]) lagði framkvæmdastjórnin til að settar yrðu sameiginlegar reglur um CE-merki sem hannað skyldi á einn hátt. Í ályktun sinni frá 21. desember 1989 um altæka aðferð við samræmismat ([5]) samþykkti ráðið, sem viðmiðunarreglu, að taka upp samræmda aðferð eins og þessa við notkun CE-merkisins. Tveir grundvallarþættir hinnar nýju aðferðar, sem beita á, eru grunnkröfurnar og samræmismatsaðferðirnar.

10) Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því að farið sé að viðeigandi tæknilegum kröfum til að sjá til þess að notendur og þriðju aðilar fái áhrifaríka vernd. Núverandi vottunarreglur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Til að komast hjá margföldu eftirliti, sem er í reynd hindrun á frjálsum flutningi á tækjum sem brenna loftkenndu eldsneyti, er rétt að aðildarríkin taki upp gagnkvæma viðurkenningu á vottunarreglum. Til að auðvelda þessa gagnkvæmu viðurkenningu á vottunarreglum er æskilegt að taka upp málsmeðferð sem er samhæfð á vettvangi Bandalagsins og að samhæfa viðmiðanir fyrir tilnefningu aðila til að sjá um framkvæmdina.

11) Ábyrgð aðildarríkis á eigin yfirráðasvæði á öryggi, heilbrigði og orkusparnaði, sem grunnkröfurnar taka til, skal viðurkennd í verndarákvæði þar sem kveðið er á um hæfilega málsmeðferð Bandalagsins.

12) Ef ákvörðun, sem er tekin samkvæmt þessari tilskipun, er beint til tiltekinna aðila skulu þeim veittar upplýsingar um ástæður þeirrar ákvörðunar og um þau lagalegu úrræði sem þeim standa til boða.

13) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta VI. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, SETNING Á MARKAÐ OG FRJÁLS FLUTNINGUR

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um tæki og tengihluti.

Sérhönnuð tæki til notkunar í iðnaðarferlum á iðnaðarathafnasvæðum eru undanþegin gildissviði hennar.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tæki“: tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og eru notuð til eldunar, upphitunar, heitavatnsframleiðslu, kælingar, lýsingar eða þvotta og hafa, eftir atvikum, vatnshitastig sem fer að jafnaði ekki yfir 105 °C. Vélknúnir súgbrennarar og hitunarbúnaður sem notar slíka brennara flokkast einnig undir tæki,

b) „tengihlutir“: öryggisbúnaður, eftirlitsbúnaður eða stjórnbúnaður ásamt undireiningum, að frátöldum vélknúnum súgbrennurum og hitunarbúnaði sem notar slíka brennara, sem er sérstaklega markaðssettur fyrir fagmenn og hannaður til að setja í tæki sem brennir loftkenndu eldsneyti eða mynda hluta af slíku tæki,

c) „loftkennt eldsneyti“ hvers konar eldsneyti sem er í loftkenndu ástandi við hitastigið 15 °C og þrýstinginn 1 bar.

([1]) Stjtíð. ESB C 91, 16.4.2003, bls. 7.
([2]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
([3]) Stjtíð. EB C 136, 4.6.1985, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB C 231, 8.9.1989, bls. 3 og Stjtíð. EB C 267, 19.10.1989, bls. 3.
([5]) Stjtíð. EB C 10, 16.1.1990, bls. 1.

3. Í þessari tilskipun merkir „venjuleg notkun“ tækis að það sé:

a) rétt uppsett og yfirfarið reglulega í samræmi við fyrirmæli framleiðanda,

b) notað með gasi sem er innan eðlilegra marka að því er varðar varðar gæða- og þrýstingssveiflur og

c) notað í samræmi við fyrirhugaðan tilgang eða á þann hátt sem hægt er að ætlast til að sjá megi fyrir.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tækin megi því aðeins setja á markað og taka í notkun að þau ógni ekki öryggi manna, húsdýra og eigna við venjulega notkun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni með góðum fyrirvara um allar breytingar á þeim gerðum af gasi, ásamt samsvarandi þrýstingi, sem eru í notkun á yfirráðasvæði þeirra og hafa verið tilkynntar í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/396/EBE.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að þessar upplýsingar séu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

3. gr.

Tæki og tengihlutir skulu uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í I. viðauka.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða hindra að þau tæki séu sett á markað eða tekin í notkun sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar og bera CE-merkið sem kveðið er á um í 10. gr.

2. Aðildarríkin mega ekki banna, takmarka eða hindra að tengihlutir séu settir á markað ef þeim fylgir vottorð eins og um getur í 4. mgr. 8. gr.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera ráð fyrir að tengihlutir og tæki séu í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka ef þau samrýmast:

a) viðeigandi landsstöðlum þar sem beitt er samhæfðum stöðlum, hafi tilvísunarnúmer þeirra verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

b) viðeigandi landsstöðlum að svo miklu leyti sem að á því sviði séu engir samhæfðir staðlar.

2. Aðildarríkin skulu birta tilvísunarnúmer landsstaðlanna sem um getur í a-lið 1. mgr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra landsstaðla sem um getur í b-lið 1. mgr. og þau telja að séu í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal senda þessa landsstaðla áfram til hinna aðildarríkjanna. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skal hún tilkynna aðildarríkjunum um þá landsstaðla sem eru taldir samrýmast grunnkröfunum sem settar eru fram í I. viðauka.

6. gr.

1. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að staðlarnir, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., uppfylli ekki að fullu grunnkröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir fastanefndina sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, hér á eftir kölluð „nefndin“, og tilgreina ástæður þess.

Nefndin skal skila áliti án tafar.

Að fengnu áliti nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella þessa staðla brott úr útgáfunum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr.

2. Eftir að orðsendingin, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. hefur borist skal framkvæmdastjórnin ráðfæra sig við nefndina.

Að fengnu áliti hennar skal framkvæmdastjórnin, innan mánaðar, tilkynna aðildarríkjunum hvort ganga eigi út frá því að landsstaðlarnir sem um ræðir séu í samræmi við samræmdu staðlana. Ef svo er ber aðildarríkjunum að birta tilvísunarnúmer þessara staðla.

Framkvæmdastjórnin skal einnig birta þá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

1. Komist aðildarríki að raun um að tæki sem bera CE-merkið geti ógnað öryggi manna, húsdýra eða eigna við venjulega notkun skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessi tæki af markaðinum og takmarka eða banna að þau séu sett á markað.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um allar slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) vegna þess að tækið samræmist ekki stöðlunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og grunnkröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, eru ekki uppfylltar,

b) vegna rangrar beitingar staðlanna sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

c) vegna annmarka á sjálfum stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og auðið er. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að höfðu slíku samráði, að allar ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., eigi við rök að styðjast skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem gerði ráðstafanirnar svo og hinum aðildarríkjunum.

Ef ákvörðunin, sem um getur í 1. mgr., á rætur að rekja til annmarka á stöðlunum skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, leggja málið fyrir nefndina innan tveggja mánaða ef aðildarríkið, sem hefur gert ráðstafanirnar, hyggst viðhalda þeim og hefja þá málsmeðferð sem um getur í 6. gr.

3. Ef tæki sem uppfyllir ekki kröfur ber CE-merkið skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til viðeigandi aðgerða gegn þeim sem hefur fest CE-merkið á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framvindu og niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

2. KAFLI

SAMRÆMISVOTTUN

8. gr.

1. Samræmisvottun raðframleiddra tækja skal framkvæmd á eftirfarandi hátt:

a) með EB-gerðarprófuninni, sem um getur í 1. lið II. viðauka og

b) áður en þau eru sett á markað að vali framleiðanda:

i. með EB-gerðarsamræmisyfirlýsingu, sem um getur í 2. lið II. viðauka eða

ii. með EB-gerðarsamræmisyfirlýsingu (ábyrgð á gæðum framleiðslunnar), sem um getur í 3. lið II. viðauka eða

iii. með EB-gerðarsamræmisyfirlýsingu (ábyrgð á gæðum framleiðslunnar), sem um getur í 4. lið II. viðauka eða

iv. með EB-sannprófuninni sem um getur í 5. lið II. viðauka.

2. Ef tæki er framleitt sem stök eining eða í litlu magni getur framleiðandi valið EB-sannprófun á stakri einingu, eins og um getur í 6. lið II. viðauka.

3. Að lokinni málsmeðferðinni, sem um getur í b-lið 1. mgr. og 2. mgr. skal CE-merkið fest á viðurkennd tæki í samræmi svið 10. gr.

4. Samræmisvottunin, sem um getur í 1. mgr., skal notuð að því er varðar tengihluti að áfestingu CE-merkisins undanskilinni og, eftir því sem við á, samningu samræmisyfirlýsingarinnar.

Gefa skal út vottorð um að tengihlutirnir séu í samræmi við þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um þá og þar skal eiginleikum þeirra lýst ásamt því hvernig þeir skuli innbyggðir í tæki eða festir á þann hátt að stuðlað sé að samræmi við grunnkröfurnar sem gilda um fullbúin tæki og settar eru fram í I. viðauka.

Vottorðið skal fylgja með tengihlutnum.

5. Ef tækin falla undir ákvæði annarra tilskipana sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á vörur gefur þetta merki til kynna að viðkomandi tæki teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara tilskipana.

Heimili ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartímabilinu sýnir CE-merkið eingöngu að það sé í samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki verða upplýsingar um þær tilskipanir sem beitt er, eins og þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, að koma fram í þeim skjölum, tilkynningum eða fyrirmælum sem krafist er í tilskipununum og fylgja slíkum tækjum.

6. Skjöl og bréfaskipti varðandi samræmisvottun skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem aðilinn sem ber ábyrgð á málsmeðferðinni hefur staðfestu eða á tungumáli sem þessi aðili hefur viðurkennt.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að framfylgja málsmeðferðinni, sem um getur í 8. gr., ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi og hvaða kenninúmerum framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins skrá yfir þessa aðila ásamt kenninúmerum þeirra og sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim viðmiðunum sem eru settar fram í V. viðauka við mat á aðilum sem á að tilkynna.

Aðilar sem uppfylla matsviðmiðanir sem mælt er fyrir um í viðkomandi samhæfðum stöðlum teljast uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í þeim viðauka.

3. Aðildarríki sem hefur tilkynnt aðila verður að draga samþykkið til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í V. viðauka. Það skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

3. KAFLI

CE-MERKI

10. gr.

1. CE-merkið og áletranirnar, sem settar eru fram í III. viðauka, skal festa á tækið eða á merkiplötuna sem er fest við það þannig að þau séu vel sýnileg, auðlæsileg og óafmáanleg. Merkiplatan skal hönnuð á þann hátt að ekki sé hægt að nota hana oftar en einu sinni.

2. Óleyfilegt er að festa á tæki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila að því er varðar merkingu og form CE-merkisins. Festa má hvers konar aðrar merkingar á tækin eða merkiplötuna, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

11. gr.

Með fyrirvara um 7. gr.:

a) komist aðildarríki að því að CE-merki hafi verið fest ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins skylda til að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum um CE-merki og að bundinn sé endi á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur,

b) ef ósamræmi heldur áfram verður aðildarríkið að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna að viðkomandi tæki sé sett á markað eða tryggja að það verði tekið af markaði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

4. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Færa skal nákvæm rök fyrir hverri ákvörðun sem tekin er á grundvelli þessarar tilskipunar og hefur í för með sér takmarkanir á að tæki sé sett á markað og/eða að það sé notað. Ákvörðunin skal án tafar tilkynnt hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagalegu úrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

13. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun 90/396/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta VI. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta VI. viðauka.

Tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina teljast vera tilvísun í þessa tilskipun og skulu lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í VII. viðauka.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	B. ASK
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR

FORMÁLSORÐ

Skyldur vegna grunnkrafna sem varða tæki í þessum viðauka gilda einnig um tengihluti þegar samsvarandi áhætta fylgir þeim.

1. ALMENN SKILYRÐI

1.1. Tæki verða að vera hönnuð og smíðuð á þann hátt að þau séu örugg í notkun og af þeim stafi engin hætta fyrir menn, húsdýr eða eignir við venjulega notkun eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar.

1.2. Þegar tæki eru sett á markað skulu þeim fylgja:

— tæknilegar leiðbeiningar fyrir þann sem annast uppsetningu,

— leiðbeiningar um notkun og viðhald, ætlaðar notanda,

— viðeigandi viðvaranir, einnig á umbúðunum.

Leiðbeiningar og viðvaranir verða að vera á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkis.

1.2.1. Í tæknilegu leiðbeiningunum fyrir þann sem annast uppsetningu tækisins verður að gefa allar upplýsingar um uppsetningu, stillingu og nauðsynlegt viðhald til að tryggja að þetta sé gert á réttan hátt og að notkun tækisins sé hættulaus. Í leiðbeiningunum verður einkum að tilgreina:

— gastegundina sem er notuð,

— þrýstinginn í gasleiðslunni sem er notuð,

— aðstreymi fersks lofts sem nauðsynlegt er:

— aðstreymi lofts til brunans,

— til að komast hjá því að hættulegar, óbrunnar gasblöndur myndist við notkun tækja sem hafa ekki búnaðinn sem um getur í lið 3.2.3,

— skilyrðin fyrir dreifingu myndefna frá bruna,

— hvað varðar vélknúna súgbrennara og hitunarbúnað sem er ætlaður til að nota með slíkum brennurum, eiginleika þeirra, og kröfur um uppsetningu svo að gætt sé samræmis við grunnkröfurnar sem gilda um fullbúin tæki og, eftir því sem við á, skrá yfir samsetningar sem framleiðandi mælir með.

1.2.2. Leiðbeiningar um notkun og viðhald fyrir notanda verða að innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um örugga notkun og beina athygli notandans einkum að takmörkunum á notkun ef einhverjar eru.

1.2.3. Í viðvörunum á tækinu og umbúðunum verður að taka skýrt fram gastegund, þrýstinginn í gasleiðslunni sem er notuð og allar takmarkanir á notkun, einkum þær sem útheimta að tækinu sé eingöngu komið fyrir á svæðum þar sem loftræsting er góð.

1.3. Tengihlutir sem eru ætlaðir til að vera hluti af tæki verða að vera hannaðir og smíðaðir á þann hátt að þeir starfi rétt við fyrirhugaða notkun þegar þeim er komið fyrir í samræmi við leiðbeiningar um uppsetningu.

Leiðbeiningar um uppsetningu, stillingu, notkun og viðhald verða að fylgja tengihlutunum.

2. EFNI

2.1. Efni skulu hæfa fyrirhugaðri notkun og verða að þola það tæknilega, efnafræðilega og varmafræðilega álag sem fyrirsjáanlegt er að þau verði fyrir.

2.2. Framleiðandi eða birgir tækisins verður að ábyrgjast eiginleika efna, sem eru þýðingarmiklir vegna öryggis.

3. HÖNNUN OG SMÍÐI

3.1. Almennt

3.1.1. Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að við venjulega notkun komi ekki fram óstöðugleiki, breytingar á lögun, brot eða slit sem dregið getur úr öryggi.

3.1.2. Þétting sem verður þegar kveikt er á tæki og/eða það notað má ekki hafa áhrif á öryggi tækisins.

3.1.3. Tæki verða að vera hönnuð og smíðuð á þann hátt að hætta á sprengingu sé í lágmarki ef eldur verður laus af ytri ástæðum.

3.1.4. Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að vatn og óæskilegt loft komist ekki inn í þá hluta tækisins sem gas streymir um.

3.1.5. Ef sveiflur verða innan eðlilegra marka á aðstreymi varaorku verður tækið að starfa áfram án þess að hætta skapist.

3.1.6. Ef óeðlilegar sveiflur verða á aðstreymi varaorku eða þegar það stöðvast eða kemst á aftur má það ekki skapa hættu.

3.1.7. Tæki verða að vera hönnuð og smíðuð á þann hátt að hætta geti ekki skapast af völdum rafmagns. Ef gætt er samræmis á viðeigandi sviði við öryggismarkmið, að því er varðar hættu af völdum rafmagns, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB ([1]), telst þessi krafa uppfyllt.

3.1.8. Allir hlutar tækis, sem eru undir þrýstingi, eiga að geta þolað álag sem stafar af aflfræðilegum og varmafræðilegum orsökum án þess að aflagast þannig að það hafi áhrif á öryggi.

3.1.9. Tæki verða að vera hönnuð og smíðuð á þann hátt að bilun í öryggis-, eftirlits- eða stjórnbúnaði skapi ekki hættu.

3.1.10. Ef tæki er búið öryggis- og eftirlitsbúnaði má eftirlitsbúnaðurinn ekki yfirtaka virkni öryggisbúnaðarins.

3.1.11. Allir hlutar tækis, sem eru settir upp eða stilltir á framleiðslustiginu og sem hvorki er ætlast til að notandi né sá sem annast uppsetningu hreyfi við, verða að vera vandlega varðir.

3.1.12. Handföng og annar stýri- eða stillingarbúnaður verður að vera greinilega merktur og vera með viðeigandi leiðbeiningum til að koma í veg fyrir ranga notkun. Slíkan búnað verður að hanna á þann hátt að ekki sé hægt að hreyfa við honum fyrir slysni.

3.2. Losun á óbrunnu gas

3.2.1. Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að gas leki ekki út í hættulega miklu magni.

3.2.2. Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að þegar kveikt er á tækinu, eða við endurteknar tilraunir til að kveikja á því, svo og þegar loginn slokknar sé losun á gasi í takmörkuðu magni sem kemur í veg fyrir hættulega uppsöfnun á óbrunnu gasi í tækinu.

3.2.3. Tæki sem eru ætluð til nota innanhúss verða að hafa sérstakan búnað sem kemur í veg fyrir hættulega uppsöfnun á óbrunnu gasi í slíkum rýmum eða herbergjum.

Tæki sem hafa ekki slíkan búnað verður eingöngu að nota á svæðum þar sem nægileg loftræsting er til að koma í veg fyrir hættulega uppsöfnun á óbrunnu gasi.

Aðildarríkin geta sett skilyrði, á eigin yfirráðasvæði, um nægilega loftræstingu innanhúss vegna uppsetningar slíkra tækja og með tilliti til eiginleika þeirra.

Tæki sem eru notuð í stórum eldhúsum og tæki sem brenna gasi og innihalda eitraða efnisþætti verða að hafa fyrrnefndan búnað.

3.3. Kveikt á tæki

Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að við venjulega notkun:

— kvikni og endurkvikni á tækinu með jöfnum loga,

— sé tryggt að loginn dreifist jafnt yfir allt eldstæðið.

([1]) Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

3.4. Brennsla

3.4.1. Tæki verður að vera smíðað á þann hátt að við venjulega notkun sé loginn stöðugur og að í myndefnum frá bruna sé styrkur efna, sem eru skaðleg heilbrigði, ekki óviðunandi.

3.4.2. Tæki verða að vera smíðuð á þann hátt að losun myndefna frá bruna geti ekki átt sér stað fyrir slysni við venjulega notkun.

3.4.3. Tæki, sem eru tengd við loftrás, sem leiðir myndefnin frá brunanum út, verða að vera smíðuð á þann hátt að við óvenjuleg blástursskilyrði geti myndefni frá brunanum ekki komist í hættulegu magni inn í viðkomandi herbergi.

3.4.4. Einstök hitunartæki án loftrása í íbúðarhúsum og gegnumstreymishitarar án loftrása mega ekki valda uppsöfnun kolsýrings í herbergi eða rými að því marki að styrkurinn geti orðið skaðlegur heilbrigði manna sem verða fyrir váhrifum, að teknu tilliti til þess hversu lengi þeir munu líklega verða fyrir váhrifum.

3.5. Skynsamleg orkunýting

Tæki verða að vera smíðuð þannig að skynsamleg orkunýting sé tryggð og á þann hátt að þau svari til nýjustu og fullkomnustu tækni og að tekið sé tillit til öryggissjónarmiða.

3.6. Hiti

3.6.1. Hlutar af tækjum sem er ætlaður staður nærri gólfi eða öðrum flötum mega ekki verða svo heitir að þeir valdi hættu á nærliggjandi svæði.

3.6.2. Yfirborðshiti stjórnhnappa og -handfanga tækja má ekki verða svo mikill að hætta stafi af fyrir notandann.

3.6.3. Yfirborðshiti utanáliggjandi hluta á tækjum sem eru ætluð til heimilisnota, að frátöldum þeim flötum eða hlutum sem tengjast hitaleiðni, má ekki vera svo mikill við notkun að hætta stafi af fyrir notendur, einkum börn, sem taka verður hæfilegt tillit til að því er varðar viðbragðstíma.

3.7. Matvæli og vatn til hreinlætisþarfa

Með fyrirvara um reglur Bandalagsins á þessu sviði mega efni og efnishlutar, sem notaðir eru við smíði tækis sem getur komist í snertingu við matvæli eða vatn til hreinlætisþarfa, ekki draga úr gæðum matvælanna eða vatnsins.

II. VIÐAUKI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ SAMRÆMISVOTTUN

1. EB-GERÐARPRÓFUN

1.1. EB-gerðarprófun er sá hluti málsmeðferðarinnar þar sem tilkynntur aðili athugar og vottar að tæki sem er dæmigert fyrir fyrirhugaða framleiðslu uppfylli þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um það.

1.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu verður að leggja inn umsókn um gerðarprófun hjá einum tilkynntum aðila.

1.2.1. Umsóknin verður að innihalda:

— nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skriflega yfirlýsingu þess efnis að umsóknin hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,

— hönnunargögn eins og lýst er í IV. viðauka.

1.2.2. Framleiðandi verður að láta tilkynntum aðila í té tæki sem er dæmigert fyrir fyrirhugaða framleiðslu, hér á eftir nefnt „gerð“. Tilkynntur aðili getur krafist fleiri sýnishorna sömu gerðar ef prófunaráætlunin krefst þess.

Innan hverrar gerðar geta rúmast fleiri afbrigði af framleiðsluvörunni, að því tilskildu að eiginleikar þessara afbrigða skeri sig ekki úr að því er varðar tegundir áhættu.

1.3. Tilkynntur aðili verður að:

1.3.1. skoða hönnunargögnin, sannprófa að gerðin hafi verið framleidd í samræmi við þau og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við viðeigandi ákvæði staðlanna sem um getur í 5. gr. og grunnkröfur þessarar tilskipunar,

1.3.2. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um að lausnirnar sem framleiðandi velur uppfylli grunnkröfurnar þegar stöðlunum, sem um getur í 5. gr., er ekki beitt,

1.3.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um að viðkomandi stöðlum hafi verið beitt í reynd, þegar framleiðandi hefur kosið að beita þeim, svo að samræmi við grunnkröfurnar sé tryggt.

1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessarar tilskipunar verður tilkynntur aðili að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjandanum. Vottorðið verður að innihalda niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að það sé gilt, ef einhver eru, nauðsynleg gögn til að auðkenna samþykktu gerðina og, ef við á, lýsingu á virkni hennar. Viðeigandi tæknileg atriði s.s. teikningar og skýringarmyndir verða að fylgja með í viðauka við vottorðið.

1.5. Tilkynntur aðili verður án tafar að tilkynna öðrum tilkynntum aðilum um útgáfu EB-gerðarprófunarvottorðsins og þær viðbætur við gerðina sem um getur í lið 1.7. Þeir geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og/eða viðbæturnar við það og, samkvæmt rökstuddri beiðni, afrit af viðaukum við vottorðið og skýrslu um athuganir og prófanir sem hafa verið gerðar.

1.6. Tilkynntur aðili sem neitar að gefa út eða afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð verður að tilkynna það aðildarríkinu sem tilnefndi hann og öðrum tilkynntum aðilum ásamt rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun.

1.7. Umsækjandinn verður að láta tilkynntan aðila, sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið, vita um allar þær breytingar á samþykktu gerðinni sem kunna að hafa áhrif á samræmi við grunnkröfurnar.

Sé samþykktri gerð breytt verður tilkynntur aðili sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið að samþykkja breytingarnar, hafi slíkar breytingar áhrif á samræmi við grunnkröfurnar eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um vegna tækisins. Þetta viðbótarsamþykki er veitt í formi viðbótar við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

2. EB-GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING

2.1. EB-gerðarsamræmisyfirlýsingin er sá hluti málsmeðferðarinnar þar sem framleiðandi lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og að þau uppfylli viðeigandi grunnkröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins skal festa CE-merkið á hvert tæki og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Samræmisyfirlýsingin getur tekið til eins eða fleiri tækja og hana verður að geyma hjá framleiðanda. CE-merkinu verður að fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem ber ábyrgð á slembiathugununum sem settar eru fram í lið 2.3.

2.2. Framleiðandi verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið, þar á meðal skoðun og prófanir á fullunninni vöru, tryggi einsleita framleiðslu og samræmi tækjanna við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Tilkynntur aðili sem framleiðandi velur verður að gera slembiathuganir á tækjunum eins og þær eru settar fram í lið 2.3.

2.3. Tilkynntur aðili verður að gera slembiathuganir á tækjum á framleiðslustað einu sinni á ári eða oftar. Skoða verður nægilegan fjölda tækja og framkvæma viðeigandi prófanir eða jafngildar prófanir á þeim, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi stöðlum sem um getur í 5. gr., til að tryggja að tækin séu í samræmi við samsvarandi grunnkröfur þessarar tilskipunar. Tilkynntur aðili skal í hverju tilviki ákvarða hvort framkvæma skuli þessar prófanir að fullu eða að hluta til. Ef einu eða fleiri tækjum er hafnað skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þau verði markaðssett.

3. EB-GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING (ábyrgð á framleiðslugæðum)

3.1. EB-gerðarsamræmisyfirlýsing (ábyrgð á framleiðslugæðum) er málsmeðferð þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skyldurnar í lið 3.2, lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og að þau uppfylli viðeigandi grunnkröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins verður að festa CE-merkið á hvert tæki og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. Samræmisyfirlýsingin getur tekið til eins eða fleiri tækja og hana verður að geyma hjá framleiðanda. CE-merkinu verður að fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu.

3.2. Framleiðandi skal taka upp gæðakerfi til að tryggja að tækin séu í samræmi við gerðina, eins og henni er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og viðeigandi grunnkröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi er háður EB-eftirlitinu sem tilgreint er í lið 3.4.

3.3. Gæðakerfi

3.3.1. Framleiðandi verður að leggja fram umsókn um samþykki á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi tækja hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin verður að innihalda:

— gögn um gæðakerfið,

— skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem samþykkt gæðakerfi hefur í för með sér,

— skuldbindingu um að viðhalda samþykkta gæðakerfinu til að tryggja að það henti áfram til tilætlaðra nota og sé skilvirkt,

— gögn um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.3.2. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur samþykkt, verður að skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem ráðstafanir, verklagsreglur og skriflegar leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt. Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing:

— á gæðamarkmiðum, stjórnskipulagi og ábyrgð stjórnenda og heimildum þeirra með tilliti til gæða tækja,

— á framleiðsluferlum, gæðaeftirliti og gæðatryggingu og þeim kerfisbundnu aðgerðum sem fyrirhugaðar eru,

— á rannsóknum og prófunum sem verða framkvæmdar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,

— á aðferðum við eftirlit með því að tilskilin gæði tækis hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3.3. Tilkynntur aðili skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.3.2. Hann gerir ráð fyrir að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar gæðakerfi sem eru byggð á samsvarandi samhæfðum stöðlum.

Honum ber að tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum tilkynntu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningu til framleiðanda verða að koma fram niðurstöður skoðunarinnar, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og rökstudd ákvörðun um matið á tækjunum sem um ræðir.

3.3.4. Framleiðandi verður að upplýsa tilkynntan aðila sem samþykkti gæðakerfið um allar uppfærslur á því, t.d. vegna nýrrar tækni og nýrra hugmynda um gæði.

Tilkynntur aðili verður að skoða fyrirhugaðar breytingar og ákveða hvort breytta gæðakerfið samrýmist viðkomandi ákvæðum eða hvort nauðsynlegt sé að meta það aftur. Honum ber að tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni verða að koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

3.3.5. Tilkynntur aðili sem afturkallar samþykki á gæðakerfi ber að gera öðrum tilkynntum aðilum viðvart um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

3.4. EB-eftirlit

3.4.1. Tilgangurinn með EB-eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

3.4.2. Framleiðandi verður að veita tilkynntum aðila aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem framleiðsla, skoðun og prófun fer fram og einnig að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn og skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna.

3.4.3. Tilkynntur aðili verður a.m.k. annað hvert ár að hafa eftirlit með því að framleiðandi viðhaldi samþykkta gæðakerfinu og noti það og ber honum að gefa framleiðandanum skýrslu um eftirlitið.

3.4.4. Að auki getur tilkynntur aðili komið óvænt í heimsókn til framleiðanda. Í þessum heimsóknum er tilkynntum aðila heimilt að prófa eða láta prófa tækin. Hann verður að láta framleiðanda í té skoðunarskýrslu og, eftir því sem við á, prófunarskýrslu.

3.4.5. Framleiðanda er heimilt að láta tilkynntum aðila í té skýrslu ef hann óskar eftir því.

4. EB-GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING (ábyrgð á vörugæðum)

4.1. EB-gerðarsamræmisyfirlýsing (ábyrgð á vörugæðum) er sá hluti málsmeðferðarinnar þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skyldurnar í lið 4.2, lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og að þau uppfylli viðeigandi grunnkröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins verður að festa CE-merkið á hvert tæki og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. Samræmisyfirlýsingin getur tekið til eins eða fleiri tækja og hana verður að geyma hjá framleiðanda. CE-merkinu verður að fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu.

4.2. Framleiðandi skal nota samþykkt gæðakerfi við lokaskoðun og prófun tækjanna, eins og tilgreint er í lið 4.3, og á að sæta EB-eftirlitinu sem tilgreint er í lið 4.4.

4.3. Gæðakerfi

4.3.1. Samkvæmt þessari málsmeðferð verður framleiðandi að leggja fram umsókn um samþykki á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali vegna þeirra tækja sem um er að ræða.

Umsóknin verður að innihalda:

— gögn um gæðakerfið,

— skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem samþykkt gæðakerfi hefur í för með sér,

— skuldbindingu um að viðhalda samþykkta gæðakerfinu til að tryggja að það henti áfram til tilætlaðra nota og sé skilvirkt,

— gögn um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

4.3.2. Í gæðakerfinu felst að skoða verður hvert tæki og framkvæma viðeigandi prófanir eða jafngildar prófanir á því, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli eða stöðlum sem um getur í 5. gr., þar sem gengið er úr skugga um að það samræmist viðeigandi grunnkröfum þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem framleiðandi hefur samþykkt, verður að skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem ráðstafanir, verklagsreglur og skriflegar leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í gögnunum um gæðakerfið skal einkum vera haldgóð lýsing:

— á gæðamarkmiðum, stjórnskipulagi og ábyrgð stjórnenda og heimildum þeirra með tilliti til gæða tækja,

— á þeim athugunum og prófunum sem framkvæma á að framleiðslu lokinni,

— á aðferðum til að sannprófa skilvirkni gæðakerfisins.

4.3.3. Tilkynntur aðili skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 4.3.2.

Hann gerir ráð fyrir að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar gæðakerfi sem eru byggð á samsvarandi samhæfðum stöðlum. Hann verður að tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera öðrum tilkynntum aðilum viðvart um hana. Í tilkynningu til framleiðanda verða að koma fram niðurstöður skoðunarinnar, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og rökstudd ákvörðun um matið á tækjunum sem um ræðir.

4.3.4. Framleiðandi verður að upplýsa tilkynntan aðila sem samþykkti gæðakerfið um allar breytingar á því sem nauðsynlegt reynist að gera, t.d. vegna nýrrar tækni eða nýrra hugmynda um gæði.

Tilkynntur aðili verður að skoða fyrirhugaðar breytingar og ákveða hvort breytta gæðakerfið samrýmist viðkomandi ákvæðum eða hvort nauðsynlegt sé að meta það aftur. Honum ber að tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni verða að koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4.3.5. Tilkynntur aðili sem afturkallar samþykki á gæðakerfi verður að gera öðrum tilkynntum aðilum viðvart um það og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

4.4. EB-eftirlit

4.4.1. Tilgangurinn með EB-eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.4.2. Framleiðandi verður að veita tilkynntum aðila aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem skoðun og prófun fer fram og einnig að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn og skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna.

4.4.3. Tilkynntur aðili verður a.m.k. annað hvert ár að hafa eftirlit með því að framleiðandi viðhaldi samþykkta gæðakerfinu og noti það og ber honum að gefa framleiðandanum skýrslu um eftirlitið.

4.4.4. Að auki getur tilkynntur aðili komið óvænt í heimsókn til framleiðanda. Í þessum heimsóknum er aðilanum heimilt að prófa eða láta prófa tækin. Hann verður að láta framleiðanda í té skoðunarskýrslu og, eftir því sem við á, prófunarskýrslu.

4.4.5. Framleiðanda er heimilt að láta tilkynntum aðila í té skýrslu ef hann óskar eftir því.

5. EB-SANNPRÓFUN

5.1. EB-sannprófun er málsmeðferð sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins beitir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að tækin, sem falla undir ákvæði 3. liðar, séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

5.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að tækin séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins verður að festa CE-merkið á hvert tæki og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. Samræmisyfirlýsingin getur tekið til eins eða fleiri tækja og hana verður að geyma hjá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins.

5.3. Tilkynntur aðili verður að gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að kanna samræmi tækisins við kröfurnar í þessari tilskipun, annaðhvort með því að athuga og prófa hvert tæki, eins og tilgreint er í lið 5.4, eða með því að athuga og prófa tæki á tölfræðilegum grunni, eins og tilgreint er í lið 5.5, eftir því hvora aðferðina framleiðandi velur.

5.4. Sannprófun með athugun og prófun á hverju tæki

5.4.1. Hvert tæki verður að skoða sérstaklega og framkvæma viðeigandi prófanir eða jafngildar prófanir á því, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli eða stöðlum sem um getur í 5. gr., til að sannprófa að þau séu í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

5.4.2. Tilkynntur aðili verður að festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvert tæki og gefa út skriflegt samræmisvottorð í tengslum við þær prófanir sem gerðar hafa verið. Samræmisvottorðið getur tekið til eins eða fleiri tækja.

5.4.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans verður að tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnts aðila ef óskað er.

5.5. Tölfræðileg sannprófun

5.5.1. Tækin verða að koma frá framleiðanda sem einsleitar framleiðslulotur og hann verður að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi einsleitni hverrar framleiðslulotu.

5.5.2. Tölfræðilegt eftirlit er sem hér segir:

Tæki eru háð tölfræðilegu eftirliti sem byggist á eiginleikum þeirra. Þau skulu flokkuð í aðgreinanlegar framleiðslulotur sem í eru einingar framleiddar eftir sömu fyrirmynd við sömu skilyrði. Slembiúrtak er tekið úr hverri framleiðslulotu. Tækin í úrtakinu eru skoðuð hvert um sig og gerðar á þeim viðeigandi prófanir eða jafngildar prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli eða stöðlum sem um getur í 5. gr., til að ákveða hvort framleiðslulotan verður samþykkt eða henni hafnað.

Notað er úrtakskerfi þar sem miðað er við eftirfarandi eiginleika:

— gæðastig sem svarar til 95% líkinda fyrir samþykki þegar 0,5 til 1,5% samræmast ekki kröfum,

— gæðamörk sem svara til 5% líkinda fyrir samþykki þegar 5 til 10% samræmast ekki kröfum.

5.5.3. Þegar framleiðslulota er samþykkt verður tilkynntur aðili að festa eða láta festa kenninúmer sitt á sérhvert tæki og gefa út skriflegt samræmisvottorð í tengslum við þær prófanir sem gerðar hafa verið. Setja má öll tækin úr framleiðslulotunni á markað að frátöldum tækjum úr úrtakinu þar sem ósamræmi hefur fundist.

Ef framleiðslulotu er hafnað verður tilkynntur aðili að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú lota verði sett á markað. Ef framleiðslulotum er oft hafnað getur tilkynntur aðili frestað tölfræðilegri sannprófun.

Framleiðandi getur, á ábyrgð tilkynnts aðila, fest kenninúmer hins síðarnefnda á vöruna meðan á framleiðslu stendur.

5.5.4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans verður að tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnts aðila ef óskað er.

6. EB-EININGARSANNPRÓFUN

6.1. EB-einingarsannprófun er málsmeðferð sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins beitir til að tryggja og lýsa yfir að tækið, sem um er að ræða og fengið hefur vottorð, eins og um getur í 2. lið, uppfylli viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans verður að festa CE-merkið á tækið og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu sem hann verður að geyma.

6.2. Tilkynntur aðili verður að skoða tækið og gera viðeigandi prófanir á grundvelli hönnunargagna til að tryggja að tækið samræmist grunnkröfum þessarar tilskipunar.

Tilkynntur aðili verður að festa eða láta festa kenninúmer sitt á samþykkta tækið og gefa út skriflegt samræmisvottorð í tengslum við þær prófanir sem hafa verið gerðar.

6.3. Markmiðið með tæknigögnunum sem varða hönnun tækisins, eins og um getur í IV. viðauka, er að gera kleift að meta hvort gætt hafi verið samræmis við kröfur þessarar tilskipunar og skilja hönnun, framleiðslu og virkni tækisins.

Hönnunargögnin, sem um getur í IV. viðauka, verða að vera aðgengileg tilkynntum aðila.


6.4. Ef tilkynntur aðili telur það nauðsynlegt er hægt að framkvæma athuganir og prófanir eftir að tækið hefur verið sett upp.

6.5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans verður að tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnts aðila ef óskað er.

III. VIÐAUKI

CE-MERKI OG ÁLETRANIR

1. CE-merkið samanstendur af hástöfunum „CE“ eins og sýnt er hér á eftir:



Á eftir CE-merkinu verður að fylgja kenninúmer tilkynnts aðila sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar.

2. Tækið eða merkiplatan verður að bera CE-merkið ásamt eftirfarandi áletrunum:

— nafni eða auðkennistákni framleiðanda,

— viðskiptaheiti tækisins,

— tegund rafstraums sem skal notuð, ef við á,

— tækisflokki,

— tveimur síðustu stöfunum í ártalinu fyrir árið þegar CE-merkið var fest á.

Bæta má við nauðsynlegum upplýsingum vegna uppsetningar í samræmi við eðli tækisins.

3. Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í kvörðuðu teikningunni hér að framan vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins verða, að svo miklu leyti sem unnt er, að hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

IV. VIÐAUKI

HÖNNUNARGÖGN

Í hönnunargögnum verða að koma fram eftirfarandi upplýsingar, að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir mat tilkynnts aðila:

— almenn lýsing á tækinu,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á framangreindu, þ.m.t. hvernig tækin virka,

— skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. og gilda að öllu leyti eða að hluta, og lýsingar á lausnum sem samþykktar hafa verið til að uppfylla grunnkröfurnar þegar stöðlunum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,

— prófunarskýrslur,

— handbækur fyrir uppsetningu og notkun.

Hönnunargögnin verða, eftir því sem við á, að innihalda eftirfarandi:

— staðfestingar varðandi búnað sem er hluti af tækinu,

— staðfestingar og vottorð varðandi framleiðsluaðferðir og/eða skoðun og/eða eftirlit með tæki,

— öll önnur skjöl sem gera tilkynntum aðila kleift að endurbæta mat sitt.

V. VIÐAUKI

LÁGMARKSVIÐMIÐANIR VIÐ MAT Á TILKYNNTUM AÐILUM

Tilkynntir aðilar, sem aðildarríkin tilnefna, verða að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

— að fyrir hendi sé starfsfólk og nauðsynleg úrræði og búnaður,

— að sýnt sé fram á tæknilega færni og faglega ráðvendni starfsfólks,

— að stjórnendur og tæknimenntað starfsfólk séu við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, óháð öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem beint eða óbeint tengjast því sviði sem tækin falla undir,

— að starfsfólk sé bundið þagnarskyldu,

— að ábyrgðartrygging sé fyrir hendi nema ríki taki á sig slíka ábyrgð samkvæmt landslögum.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðilar sem aðildarríkin tilnefna verða með reglubundnu millibili að ganga úr skugga um að skilyrðum fyrstu tveggja undirliðanna sé fullnægt.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun ráðsins 90/396/EBE
(Stjtíð. EB L 196, 26.7.1990, bls. 15)

Tilskipun ráðsins 93/68/EBE aðeins 10. gr.
(Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 14. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
90/396/EBE	30. júní 1991	1. janúar 1992
93/68/EBE	30. júní 1994	1. janúar 1995

VII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 90/396/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorð 1. mgr. 1. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti og annar undirliður 1. mgr. 1. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
Fyrsti og annar málsliður 2. mgr. 2. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 2. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 2. gr.
3. og 4. gr.	3. og 4. gr.
Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 5. gr.	a-liður 1. mgr. 5. gr.
Önnur undirgrein a-liðar 1. mgr. 5. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.
b-liður 1. mgr. 5. gr.	b-liður 1. mgr. 5. gr.
Fyrsti málsliður 2. mgr. 5. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 5. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 5. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 6. gr.
Annar málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 6. gr.
Fyrsti málsliður 2. mgr. 6. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 6. gr.
Annar málsliður 2. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 6. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 6. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 6. gr.
7. gr.	7. gr.
a-liður 1. mgr. 8. gr.	a-liður 1. mgr. 8. gr.
Inngangsorð b-liðar 1. mgr. 8. gr.	Inngangsorð b-liðar 1. mgr. 8. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður b-liðar 1. mgr. 8. gr.	i. – iv. liður b-liðar 1. mgr. 8. gr.
2. og 3. mgr. 8. gr.	2. og 3. mgr. 8. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 8. gr.
Annar málsliður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 8. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 8. gr.	Þriðja undirgrein 4. mgr. 8. gr.
a-liður 5. mgr. 8. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 8. gr.
b-liður 5. mgr. 8. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 8. gr.
6. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.
9. – 12. gr.	9. – 12. gr.
13. gr.	—
1. og 2. mgr. 14. gr.	—
3. mgr. 14. gr.	13. gr.
—	14. gr.
—	15. gr.
15. gr.	16. gr.
I. – V. viðauki	I. – V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 988/2009 **2012/EES/12/04**

frá 16. september 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og um að ákveða efni viðaukanna við hana (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([3]) er kveðið á um að ákveða skuli efni II., X. og XI. viðauka við þá reglugerð fyrir gildistökudag hennar.

2) Aðlaga skal I., III., IV., VI., VII., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 í því skyni að taka bæði tillit til krafna þeirra aðildarríkja sem hafa gerst aðilar að Evrópusambandinu eftir að sú reglugerð var samþykkt og til nýlegrar þróunar í öðrum aðildarríkjum.

3) Í 1. mgr. 56. gr. og 83. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er kveðið á um að í XI. viðauka við þá reglugerð skuli sett fram sérákvæði um framkvæmd löggjafar tiltekinna aðildarríkja. Með XI. viðauka er ætlunin að taka tillit til sérkenna hinna mismunandi almannatryggingakerfa aðildarríkjanna í því skyni að auðvelda beitingu samræmingarreglnanna. Allmörg aðildarríki hafa óskað eftir því að færslur um beitingu eigin löggjafar þeirra um almannatryggingar verði færðar í þennan viðauka og hafa gefið framkvæmdastjórninni lagalegar og hagnýtar útskýringar á löggjöf sinni og kerfum.

4) Í þágu hagræðingar og einföldunar er þörf á sameiginlegri nálgun til þess að tryggja að farið sé með færslur er varða mismunandi aðildarríki, en eru hver annarri líkar eða stefna að sömu markmiðum, að meginreglu til með svipuðum hætti.

5) Þar eð markmiðið með reglugerð (EB) nr. 883/2004 er að samræma löggjöf um almannatryggingar, sem aðildarríki eru einvörðungu ábyrg fyrir, skal ekki setja færslur, sem ekki samrýmast tilgangi hennar eða markmiðum, né heldur færslur, sem eingöngu er ætlað að skýra túlkun innlendrar löggjafar, í þá reglugerð.

6) Sumar beiðnir hafa vakið upp spurningar er varða nokkur aðildarríki sameiginlega: Í stað þess að setja svipaðar færslur í XI. viðauka fyrir nokkur aðildarríki er því rétt að fjalla um þau mál í almennara samhengi, annaðhvort með nánari útlistun í sjálfri reglugerð (EB) nr. 883/2004 eða í öðrum viðaukum hennar, sem ber því að breyta til samræmis við það, eða með því að fella ákvæði inn í framkvæmdarreglugerðina sem um getur í 89. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

7) Breyta ber 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 til þess að skýra og víkka út gildissvið hennar og tryggja að aðstandendur þess sem áður sótti vinnu yfir landamæri geti líka notið góðs af möguleikanum á áframhaldandi læknismeðferð í fyrra starfslandi hins tryggða eftir að hann lætur af störfum nema aðildarríkið, þar sem sá sem áður sótti vinnu yfir landamæri stundaði síðast starf sitt, sé skráð í III. viðauka.

8) Rétt er að meta þýðingu, tíðni, umfang og kostnað þegar beitt er takmörkun á rétti til aðstoðar vegna aðstandenda þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri skv. III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 þegar um er að ræða þau aðildarríki sem enn eru skráð í þann viðauka fjórum árum eftir að sú reglugerð kemur til framkvæmda.

9) Einnig er rétt að fjalla um tiltekin sérmál í öðrum viðaukum við reglugerð (EB) nr. 883/2004, allt eftir tilganginum með þeim og eftir efni þeirra, fremur en í XI. viðauka við hana, í því skyni að tryggja samkvæmni í viðaukunum við þá reglugerð.

10) Færslur sumra aðildarríkja í VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([4]) falla nú undir tiltekin, almenn ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Af þessum sökum er nú allmörgum færslum í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 ofaukið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 27.10.2007, bls. 61.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 9. júlí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. desember 2008 (Stjtíð. ESB C 33 E, 10.2.2009, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009. Ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 149, 12.12.2003, bls. 2.

11) Til þess að auðvelda notkun borgaranna á reglugerð (EB) nr. 883/2004 þegar þeir biðja um upplýsingar eða gera kröfur á hendur stofnunum aðildarríkjanna skal einnig vísa til löggjafar hlutaðeigandi aðildarríkis á frummálinu, hvenær sem nauðsyn ber til, til þess að komast hjá mögulegum misskilningi.

12) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 883/2004 til samræmis við það.

13) Í reglugerð (EB) nr. 883/2004 er kveðið á um að hún komi til framkvæmda á þeim degi þegar framkvæmdarreglugerðin öðlast gildi. Þessi reglugerð skal því koma til framkvæmda frá og með sama degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi forsenda bætist við á eftir 17. forsendu:

„17a) Þegar löggjöf aðildarríkis öðlast gildi gagnvart einstaklingi skv. II. bálki þessarar reglugerðar skulu skilyrði fyrir aðild og rétti til bóta skilgreind í löggjöf lögbæra aðildarríkisins, jafnframt því að lög Bandalagsins eru virt.“

2. Eftirfarandi forsenda bætist við á eftir 18. forsendu:

„18a) Meginreglan um að ein löggjöf gildi skiptir miklu máli og ber að leggja áherslu á hana. Þetta þarf þó ekki að þýða að veiting bóta, í samræmi við þessa reglugerð, og það nær einnig yfir greiðslu iðgjalda til trygginga eða vegna tryggingarverndar til handa greiðsluþega, hafi í för með sér að löggjöf þess aðildarríkis, þar sem stofnun hefur veitt bæturnar, verði gildandi löggjöf gagnvart þeim einstaklingi.“

3. Eftirfarandi liðir bætist við í 1. gr.:

„va) Aðstoð:

i. að því er varðar 1. kafla III. bálks (sjúkrabætur, bætur til mæðra vegna meðgöngu og fæðingar og jafngildar bætur til feðra), aðstoð, sem kveðið er á um samkvæmt löggjöf aðildarríkis, sem ætluð er til að veita, hafa til reiðu, greiða beint eða endurgreiða kostnað við læknishjálp og þær vörur og þjónustu sem fylgja læknishjálpinni. Í þessu felst aðstoð vegna langtímaumönnunar,

ii. að því er varðar 2. kafla III. bálks (bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma), öll aðstoð vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, eins og skilgreint er í i. lið hér að framan og er veitt samkvæmt vinnuslysa- og atvinnusjúkdómakerfum aðildarríkjanna.“

4. Í stað 5. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„5 Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) félagslega aðstoð og læknishjálp eða

b) bætur, þar sem aðildarríki tekur á sig ábyrgð á tjóni sem einstaklingar verða fyrir og veitir möguleika á bótum, s.s. þegar um er að ræða fórnarlömb stríða og hernaðaraðgerða eða afleiðingar þeirra, fórnarlömb glæpa, tilræðis eða hryðjuverka, þá sem verða fyrir tjóni sem fulltrúar hlutaðeigandi aðildarríkis eru valdir að við störf sín eða þá sem hafa borið skarðan hlut frá borði af pólitískum eða trúarlegum ástæðum eða sökum ætternis.“

5. Í stað 4. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ef löggjöf aðildarríkis bindur aðgang að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum búsetu í því aðildarríki eða fyrri atvinnu sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur gildir b-liður 5. gr. aðeins um þá einstaklinga sem hafa áður heyrt undir löggjöf í því aðildarríki á grundvelli starfs sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur.“

6. Í 15. gr. komi „samningsbundnir starfsmenn“ í stað hugtaksins „aðstoðarfólk“.

7. Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðstandendur þess sem sækir vinnu yfir landamæri skulu eiga rétt á aðstoð á meðan á dvöl í lögbæru aðildarríki stendur.

Ef lögbæra aðildarríkið er skráð í III. viðauka eiga aðstandendur þess sem sækir vinnu yfir landamæri, sem hafa fasta búsetu í sama aðildarríki og hann, þó aðeins rétt á aðstoð í lögbæra aðildarríkinu samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr.“

8. Í stað 1. mgr. 28. gr. komi eftirfarandi:

„1. Sá sem sækir vinnu yfir landamæri og hættir störfum vegna elli eða örorku á rétt á aðstoð vegna veikinda í því aðildarríki þar sem hann starfaði síðast sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, að því gefnu að þetta sé áframhaldandi meðferð sem hófst í því aðildarríki. „Áframhaldandi meðferð“ merkir áframhaldandi rannsókn, sjúkdómsgreining og meðferð sjúkdóms allan þann tíma sem sjúkdómsins gætir.

Fyrsta undirgrein gildir, að breyttu breytanda, um aðstandendur þess sem áður sótti vinnu yfir landamæri nema aðildarríkið, þar sem sá sem sótti vinnu yfir landamæri starfaði síðast, sé skráð í III. viðauka.“

9. Í stað 1. mgr. 36. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um hagstæðari ákvæði í 2. mgr. og 2. mgr. a í þessari grein gilda 17. gr., 18. gr. (1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) og 20. gr. (1. mgr.) einnig um aðstoð/bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.“

10. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 36. gr.:

„2a. Þar til bær stofnun getur ekki neitað að veita launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi eða fengið atvinnusjúkdóm og á rétt á aðstoð/bótum sem þeirri stofnun ber að standa straum af, þá heimild sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. ef viðeigandi læknismeðferð er ekki fyrir hendi í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu, innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega ef mið er tekið af núverandi heilsufarsástandi hans og líklegri framvindu sjúkdómsins.“

11. Í stað 3. mgr. 51. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ef löggjöf eða sérstakt kerfi aðildarríkis setur það skilyrði fyrir rétti einstaklings til að öðlast, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta að hlutaðeigandi einstaklingur sé tryggður á þeim tíma er áhættan kemur fram skal litið svo á að því skilyrði hafi verið fullnægt ef sá einstaklingur var tryggður áður samkvæmt löggjöf eða sérstöku kerfi þess aðildarríkis og er, á þeim tíma er áhættan kemur fram, tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis gegn sömu áhættu eða, sé ekki um það að ræða, ef greiða ber bætur samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis vegna sömu áhættu. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í þeim tilvikum sem um getur í 57. gr.“

12. Í stað 4. mgr. 52. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ef útreikningur skv. a-lið 1. mgr. í einu aðildarríki leiðir ætíð til þess að sjálfstæðu bæturnar eru jafnháar og eða hærri en hlutfallslegu bæturnar, reiknað í samræmi við b-lið 1. mgr., skal þar til bæra stofnunin fellt niður hlutfallslega útreikninginn, að því tilskildu að:

i. slíkt tilvik sé fært í 1. hluta VIII. viðauka,

ii. engin löggjöf, sem inniheldur reglur um að koma í veg fyrir skörun bóta, eins og um getur í 54. og 55. gr., eigi við nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 55. gr. og

iii. 57. gr. eigi ekki við í tengslum við tímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis í sérstökum aðstæðum málsins.“

13. Eftirfarandi málsgrein bætist við 52. gr.:

„5. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. skal ekki beita hlutfallslegum útreikningi í kerfi fyrir úthlutun bóta þar sem tímabil hafa engin áhrif á útreikninginn, enda séu slík kerfi skráð í 2. hluta VIII. viðauka. Í slíkum tilvikum á hlutaðeigandi einstaklingur rétt á bótum sem eru reiknaðar út í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis.“

14. Í c-lið 1. mgr. 56. gr. komi orðin „ef nauðsyn krefur“ á undan „í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í XI. viðauka“.

15. Í 1. mgr. 56. gr. bætist eftirfarandi liður við:

„d) Í því tilviki að c-liður á ekki við sökum þess að löggjöf aðildarríkis kveður á um að bæturnar skuli reiknaðar út á grundvelli annarra þátta en tryggingatímabila eða búsetutímabila, sem eru ekki tengdir við tíma, skal lögbæra stofnunin, að því er varðar hvert tryggingatímabil eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, taka tillit til uppsafnaðs fjármagns, þess fjármagns sem telst vera uppsafnað eða einhverra annarra þátta til útreiknings samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir, deilt með samsvarandi tímaeiningum í viðkomandi lífeyriskerfi.“

16. Eftirfarandi bætist við 57. gr.:

„4 Þessi grein á ekki við um kerfi sem eru skráð í 2. hluta VIII. viðauka.“

17. Í 3. mgr. 62. gr. komi „atvinnulausa einstaklinga“ í stað „þá sem sækja vinnu yfir landamæri“.

18. Eftirfarandi grein bætist við:

„68. gr. a

Úthlutun bóta

Ef einstaklingur, sem á rétt á fjölskyldubótunum, nýtir sér þær ekki til framfærslu aðstandenda skal hlutaðeigandi stofnun rækja lagalegar skyldur sínar með því að greiða þær bætur þeim einstaklingi eða lögpersónu sem í reynd hefur aðstandendur á framfæri sínu, að beiðni og fyrir milligöngu stofnunar í búsetuaðildarríki þeirra eða þeirrar stofnunar sem hefur verið útnefnd til þess af lögbæru yfirvaldi í búsetuaðildarríkinu.“

19. Ákvæðum 87. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Heyri einstaklingur samkvæmt þessari reglugerð undir löggjöf annars aðildarríkis en þess sem er ákvarðað í samræmi við II. bálk reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal hann áfram heyra undir þá löggjöf á meðan aðstæður hans haldast óbreyttar, þó ekki lengur en í tíu ár frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, nema hann fari fram á að vera færður undir löggjöfina sem hann heyrir undir samkvæmt þessari reglugerð. Beiðnin skal lögð fram hjá þar til bærri stofnun aðildarríkisins, sem setur löggjöfina sem

gildir samkvæmt þessari reglugerð, innan þriggja mánaða frá þeim degi er reglugerð þessi kemur til framkvæmda ef hlutaðeigandi einstaklingur á að heyra undir löggjöf þess aðildarríkis frá og með þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Sé beiðnin lögð fram eftir að þeim fresti lýkur skal breyting yfir í nýja gildandi löggjöf eiga sér stað fyrsta dag næsta mánaðar.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„10a. Þær færslur í III. viðauka, er varða Eistland, Spán, Ítalíu, Litháen, Ungverjaland og Holland, falla úr gildi fjórum árum eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

10b. Endurskoða skal skrána í III. viðauka eigi síðar en 31. október 2014 á grundvelli skýrslu frá framkvæmdaráðinu. Í skýrslunni skal koma fram mat á því hvaða áhrif, sett fram bæði tölulega og hlutfallslega, beiting ákvæða III. viðauka hefur á mikilvægi, tíðni, umfang og kostnað. Skýrslan skal einnig taka til mögulegra afleiðinga þess að fella þau ákvæði úr gildi fyrir þau aðildarríki sem eru áfram skráð í þeim viðauka eftir þann dag sem um getur í málsgrein 10a. Á grundvelli þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort leggja beri fram tillögu um endurskoðun skrárinnar, með því meginmarkmiði að fella skrána úr gildi, nema í skýrslunni frá framkvæmdaráðinu komi fram brýnar ástæður fyrir því að fella hana ekki úr gildi.“

20. Breyta ber viðaukunum í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi þegar framkvæmdarreglugerðin, sem um getur í 89. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. Buzek

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. Malmström

forseti.

VIÐAUKI

Breytingar á viðaukum við reglugerð (EB) nr. 883/2004

A. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í I. hluta (Fyrirframgreiddur framfærslueyrir (barnsmeðlag)):

a) komi „BELGÍA“ í stað fyrirsagnarinnar „A. BELGÍA“,

b) bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni „BELGÍA“:

„BÚLGARÍA

Framfærslueyrir frá ríkinu skv. 92. gr. fjölskyldulöggjafarinnar“,

c) „DANMÖRK“ og „ÞÝSKALAND“ komi í stað fyrirsagnanna „B. DANMÖRK“ og „C. ÞÝSKALAND“,

d) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.ÞÝSKALAND“:

„EISTLAND

Framfærslugreiðslur samkvæmt lögum um framfærslugreiðslur frá 21. febrúar 2007

SPÁNN

Fyrirframgreiddur framfærslueyrir samkvæmt konunglegri tilskipun 1618/2007 frá 7. desember 2007“,

e) komi „FRAKKLAND“ í stað fyrirsagnarinnar „D. FRAKKLAND“,

f) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.FRAKKLAND“:

„LITHÁEN

Greiðslur úr framfærslusjóði barna samkvæmt lögum um framfærslusjóð barna.

LÚXEMBORG

Fyrirframgreiðsla og endurgreiðsla framfærslueyris í skilningi laga frá 26. júlí 1980.“,

g) komi „AUSTURRÍKI“ í stað fyrirsagnarinnar „E. AUSTURRÍKI“,

h) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.AUSTURRÍKI“ :

„PÓLLAND

Bætur úr framfærsluframlagssjóði samkvæmt lögum um aðstoð til einstaklinga sem eiga rétt á framfærsluframlagi“,

i) komi „PORTÚGAL“ í stað fyrirsagnarinnar „F. PORTÚGAL“,

j) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.PORTÚGAL“:

„SLÓVENÍA

Framfærslueyrir í samræmi við lög um opinberan ábyrgðar- og framfærslusjóð Lýðveldisins Slóveníu frá 25. júlí 2006

SLÓVAKÍA

Framfærsluframlag (framfærslueyrir) samkvæmt lögum nr. 452/2004 Coll. um framfærsluframlag, eins og þeim var breytt með síðari reglugerðum.“,

k) komi „ FINNLAND“ og „SVÍÞJÓÐ“ í stað fyrirsagnanna „G. FINNLAND“ og „H. SVÍÞJÓÐ“.

2. Í II. hluta (sérstakar greiðslur vegna barnsburðar og ættleiðingar):

a) komi „BELGÍA“ í stað fyrirsagnarinnar „A. BELGÍA“,

b) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.BELGÍA“:

„BÚLGARÍA

Eingreiðsla vegna meðgöngu og fæðingar (lög um fjölskyldugreiðslur vegna barna)

TÉKKLAND

Greiðsla vegna barnsburðar

EISTLAND

a) Greiðsla vegna barnsburðar

b) Greiðsla vegna ættleiðingar“,

c) komi „SPÁNN“ og „FRAKKLAND“ í stað fyrirsagnanna „B. SPÁNN“ og „C. FRAKKLAND“,

d) komi eftirfarandi í stað færslunnar undir fyrirsögninni „Spánn“:

„SPÁNN

Styrkur vegna barnsburðar og ættleiðingar í formi eingreiðslu“,

e) bætist eftirfarandi við í færslunni undir fyrirsögninni „FRAKKLAND“:

“, nema greitt sé til einstaklings sem heyrir áfram undir franska löggjöf skv. 12. eða 16. gr.“,

f) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.FRAKKLAND“:

„LETTLAND

a) Styrkur vegna barnsburðar

b) Greiðsla vegna ættleiðingar

LITHÁEN

Styrkur í formi eingreiðslu vegna barns“,

g) komi „LÚXEMBORG“ í stað fyrirsagnarinnar „D. LÚXEMBORG“,

h) bætist eftirfarandi færslur við á eftir færslunni undir fyrirsögninni „LÚXEMBORG“:

„UNGVERJALAND

Styrkur vegna meðgöngu og fæðingar

PÓLLAND

Styrkur vegna barnsburðar í formi eingreiðslu (lög um fjölskyldubætur)

RÚMENÍA

a) Greiðsla vegna barnsburðar

b) Ungbarnafatnaður ásamt rúmfatnaði og öðru tilheyrandi

SLÓVENÍA

Styrkur vegna barnsburðar

SLÓVAKÍA

a) Greiðsla vegna barnsburðar

b) Viðbótargreiðsla vegna barnsburðar“,

i) komi „FINNLAND“ í stað fyrirsagnarinnar „E. FINNLAND“.

B. Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI SAMNINGA SEM GILDA ÁFRAM OG, EFTIR ATVIKUM, EIGA AÐEINS VIÐ UM EINSTAKLINGA SEM FALLA UNDIR ÞÁ (1. mgr. 8. gr.)

Almennar athugasemdir

Bent er á að ákvæði tvíhliða samninga, sem falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar og gilda áfram milli aðildarríkja, eru ekki skráð í þessum viðauka. Þetta tekur til skuldbindinga milli aðildarríkja sem leiðir af samningum sem t.d. innihalda ákvæði um söfnun tryggingatímabila sem lokið er í þriðja landi.

Ákvæði samninga um félagslegt öryggi gilda áfram:

BELGÍA — ÞÝSKALAND

Ákvæði 3. og 4. gr. lokabókunar frá 7. desember 1957 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem lokið er á tilteknum landamærasvæðum fyrir seinni heimstyrjöldina, á meðan á henni stóð og eftir að henni lauk).

BELGÍA — LÚXEMBORG

Samningur frá 24. mars 1994 um félagslegt öryggi þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri (varðandi viðbótarendurgreiðslu með fastri fjárhæð).

BÚLGARÍA — ÞÝSKALAND

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 28. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 17. desember 1997 (viðhald samninga sem voru gerðir milli Búlgaríu og fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og varða einstaklinga sem fengu lífeyri þegar fyrir 1996).

BÚLGARÍA — AUSTURRÍKI

Ákvæði 3. mgr. 38. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 14. apríl 2005 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir þann samning.

BÚLGARÍA — SLÓVENÍA

Ákvæði 2. mgr. 32. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 18. desember 1957 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fram til 31. desember 1957).

TÉKKLAND — ÞÝSKALAND

Ákvæði c- og b-liðar 1. mgr. 39. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 27. júlí 2001 (viðhald samnings sem var gerður milli fyrrverandi Lýðveldisins Tékkóslóvakíu og fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og varða einstaklinga sem fengu lífeyri þegar fyrir 1996; viðurkenning á tryggingatímabilum sem lokið er í einu af samningsríkjunum og varða einstaklinga, sem þegar höfðu fengið lífeyri fyrir þessi tímabil 1. september 2002 frá hinu samningsríkinu, á meðan þeir voru búsettir á yfirráðasvæði þess).

TÉKKLAND — KÝPUR

Ákvæði 4. mgr. 32. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 19. janúar 1999 (ákvörðun um hvaða aðili er til þess bær að reikna út starfstímabil sem er lokið samkvæmt viðeigandi samningi frá 1976); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

TÉKKLAND — LÚXEMBORG

Ákvæði 8. mgr. 52. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 17. nóvember 2000 (viðurkenning á tryggingatímabilum fyrir pólitíska flóttamenn).

TÉKKLAND — AUSTURRÍKI

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 20. júlí 1999 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

TÉKKLAND — SLÓVAKÍA

Ákvæði 12., 20. og 33. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 29. október 1992 (í 12. gr. er ákvarðað hvaða aðili er til þess bær að veita eftirlifendabætur; í 20. gr. er ákvarðað hvaða aðili er til þess bær að reikna út starfstímabil, sem er lokið, fram að þeim degi að Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið er leyst upp; í 33. gr. er ákvarðað hvaða aðili er til þess bær að greiða lífeyri sem er veittur fyrir þann dag þegar Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið var leyst upp).

DANMÖRK — FINNLAND

Ákvæði 7. gr. samnings Norðurlandanna um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003 (um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands).

DANMÖRK — SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 7. gr. samnings Norðurlandanna um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003 (um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands).

ÞÝSKALAND – SPÁNN

Ákvæði 2. mgr. 45. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 4. desember 1973 (sendiráð og ræðisskrifstofur fara með fyrirsvar).

ÞÝSKALAND — FRAKKLAND

a) Viðbótarsamningur nr. 4 frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarsamningi nr. 2 frá 18. júní 1955 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið á tímabilinu 1. júlí 1940 til 30. júní 1950).

b) Ákvæði I. bálks þessa viðbótarsamnings nr. 2 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 8. maí 1945).

c) Ákvæði 6., 7. og 8. liðar í almennu bókuninni frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi (stjórnvaldsráðstafanir).

d) Ákvæði II., III. og IV. bálks samnings frá 20. desember 1963 (um félagslegt öryggi í Saarlandi).

ÞÝSKALAND — LÚXEMBORG

Ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. samnings frá 11. júlí 1959 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið á tímabilinu frá september 1940 til júní 1946).

ÞÝSKALAND — UNGVERJALAND

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 40. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 2. maí 1998 (viðhald samnings sem var gerður milli fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og Ungverjalands og varðar einstaklinga sem fengu lífeyri þegar fyrir 1996).

ÞÝSKALAND — HOLLAND

Ákvæði 2. og 3. gr. viðbótarsamnings nr. 4 frá 21. desember 1956 við samninginn frá 29. mars 1951 (uppgjör réttinda sem starfandi hollenskir menn hafa aflað sér samkvæmt þýska almannatryggingakerfinu frá 13. maí 1940 til 1. september 1945).

ÞÝSKALAND — AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 5. mgr. 1. gr. og 8. gr. samnings um atvinnuleysistryggingar frá 19. júlí 1978 og 10. gr. lokabókunar við þann samning (um greiðslur vegna atvinnuleysis frá fyrra ráðningarríki til þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri) gilda áfram um þá sem sóttu vinnu yfir landamæri 1. janúar 2005 eða fyrir þann tíma og verða atvinnulausir fyrir 1. janúar 2011.

b) Ákvæði g-, h-, i- og j-liðar 2. mgr. 14. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 4. október 1995 (ákvörðun um það hvernig löndin tvö skipta með sér ábyrgð að því er varðar fyrri tryggingamál og áunnin tryggingatímabil); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

ÞÝSKALAND — PÓLLAND

a) Samningur frá 9. október 1975 um elli og vinnuslys, með skilyrðum og gildissviði sem er skilgreint í 2.-4. mgr. 27. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 8. desember 1990 (viðhald réttarstöðu, á grundvelli samnings frá 1975, þeirra einstaklinga sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði Þýskalands eða Póllands fyrir 1. janúar 1991 og hafa þar áfram fasta búsetu).

b) Ákvæði 5. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 28. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 8. desember 1990 (viðhald réttar til lífeyris sem er greiddur á grundvelli samnings frá 1957 sem var gerður milli fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og Póllands; viðurkenning á tryggingatímabilum sem pólskir launþegar hafa lokið samkvæmt samningi frá 1988 sem var gerður milli fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og Póllands).

ÞÝSKALAND — RÚMENÍA

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 28. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 8. apríl 2005 (viðhald samnings sem var gerður milli fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og Rúmeníu og varðar einstaklinga sem fengu lífeyri þegar fyrir 1996).

ÞÝSKALAND — SLÓVENÍA

Ákvæði 42. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 24. september 1997 (uppgjör vegna réttinda sem aflað er fyrir 1. janúar 1956 samkvæmt almannatryggingakerfi hins samningsríkisins); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

ÞÝSKALAND — SLÓVAKÍA

Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 29. gr. samnings frá 12. september 2002 (viðhald samnings sem var gerður milli fyrrverandi Lýðveldisins Tékkóslóvakíu og fyrrverandi Þýska alþýðulýðveldisins og varðar einstaklinga sem fengu lífeyri þegar fyrir 1996; viðurkenning á tryggingatímabilum sem lokið er í einu af samningsríkjunum og varða einstaklinga sem þegar höfðu fengið lífeyri fyrir þessi tímabil 1. desember 2003 frá hinu samningsríkinu, á meðan þeir voru búsettir á yfirráðasvæði þess).

ÞÝSKALAND — BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) Ákvæði 5. og 6. mgr. 7. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 20. apríl 1960 (löggjöf sem gildir um almenna borgara sem starfa hjá hernum).

b) Ákvæði 5. og 6. mgr. 5. gr. samnings um atvinnuleysistryggingar frá 20. apríl 1960 (löggjöf sem gildir um almenna borgara sem starfa hjá hernum).

ÍRLAND — BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Ákvæði 2. mgr. 19. gr. samnings frá 14. desember 2004 um félagslegt öryggi (um flutning og viðurkenningu á tilteknum örorkustigum).

SPÁNN — PORTÚGAL

Ákvæði 22. gr. almenna samningsins frá 11. júní 1969 (flutningur á atvinnuleysisbótum milli landa). Þessi færsla helst í gildi í tvö ár eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

ÍTALÍA — SLÓVENÍA

a) Samningur um reglur um gagnkvæmar skuldbindingar í almannatryggingum með vísun til 7. mgr. XIV. viðauka við friðarsáttmálann, sem var gerður 5. febrúar 1959 með því að skiptast á orðsendingum (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 18. desember 1954); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir þann samning.

b) Ákvæði 3. mgr. 45. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 7. júlí 1997 varðandi fyrrum svæði B á frísvæði Trieste (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 5. október 1956); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir þann samning.

LÚXEMBORG — PORTÚGAL

Samningur frá 10. mars 1997 (um viðurkenningu á ákvörðunum stofnana hjá einum samningsaðila varðandi örorkuástand þeirra sem sækja um lífeyri hjá stofnunum hins samningsaðilans).

LÚXEMBORG — SLÓVAKÍA

Ákvæði 5. mgr. 50. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 23. maí 2002 (viðurkenning á tryggingatímabilum fyrir pólitíska flóttamenn).

UNGVERJALAND — AUSTURRÍKI

Ákvæði 3. mgr. 36. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 31. mars 1999 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

UNGVERJALAND — SLÓVENÍA

Ákvæði 31. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 7. október 1957 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 29. maí 1956); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

UNGVERJALAND — SLÓVAKÍA

Ákvæði 1. mgr. 34. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 30. janúar 1959 (í 1. mgr. 34. gr. þess samnings er kveðið á um að tryggingatímabil, sem eru viðurkennd fyrir undirritunardag þess samnings, séu tryggingatímabil þess samningsríkis sem ræður yfir því svæði þar sem rétthafi var búsettur); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

AUSTURRÍKI — PÓLLAND

Ákvæði 3. mgr. 33. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 7. september 1998 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

AUSTURRÍKI — RÚMENÍA

Ákvæði 3. mgr. 37. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 28. október 2005 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

AUSTURRÍKI — SLÓVENÍA

Ákvæði 37. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 10. mars 1997 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 1. janúar 1956); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

AUSTURRÍKI — SLÓVAKÍA

Ákvæði 3. mgr. 34. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. desember 2001 (viðurkenning á tryggingatímabilum sem er lokið fyrir 27. nóvember 1961); beiting þess ákvæðis er áfram takmarkað við þá einstaklinga sem falla undir hann.

FINNLAND — SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 7. gr. samnings Norðurlandanna um almannatryggingar frá 18. ágúst 2003 (um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands).“

C. Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

TAKMÖRKUN AÐSTOÐAR TIL AÐSTANDENDA ÞEIRRA SEM SÆKJA VINNU YFIR LANDAMÆRI

(sem um getur í 2. mgr. 18. gr.)

DANMÖRK

EISTLAND (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

ÍRLAND

SPÁNN (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

ÍTALÍA (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

LITHÁEN (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

UNGVERJALAND (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

HOLLAND (þessi færsla gildir á því tímabili sem um getur í málsgrein 10a í 87. gr.)

FINNLAND

SVÍÞJÓÐ

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“.

D. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Á eftir færslunni „BELGÍA“ bætist eftirfarandi færslur við:

„BÚLGARÍA

TÉKKLAND“.

2. Færslan „ÍTALÍA“ falli brott.

3. Á eftir færslunni „FRAKKLAND“ bætist færslan „KÝPUR“ við:

4. Á eftir færslunni „LÚXEMBORG“ bætist eftirfarandi færslur við:

„UNGVERJALAND

HOLLAND“.

5. Á eftir færslunni „AUSTURRÍKI“ bætist eftirfarandi færslur við:

„PÓLLAND

SLÓVENÍA“.

E. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Fremst í viðaukanum bætist eftirfarandi færslur við:

„TÉKKLAND

Fullur örorkulífeyrir til einstaklinga sem hlutu algera örorku fyrir átján ára aldur og voru ótryggðir á tilskildu tímabili (42. þáttur laga um lífeyristryggingar nr. 155/1995 Coll.).

EISTLAND

a) Örorkubætur sem eru greiddar fyrir 1. apríl 2000 samkvæmt lögum um greiðslur frá hinu opinbera og haldast samkvæmt lögum um lífeyristryggingar hins opinbera.

b) Almannalífeyrir vegna örorku samkvæmt lögum um lífeyristryggingar hins opinbera.

c) Örorkubætur sem eru greiddar samkvæmt lögum um varnarliðsþjónustu, lögum um löggæslu, lögum um embætti saksóknara, lögum um stöðu dómara, lögum um laun þingmanna, lífeyri og aðrar félagslegar tryggingar og lögum um opinber kjör forseta lýðveldisins.“

2. „GRIKKLAND“ og „ÍRLAND“ komi í stað fyrirsagnanna „A. GRIKKLAND“ og „B. ÍRLAND“.

3. Færslan undir fyrirsögninni „ÍRLAND“ er færð og skotið inn aftur á undan færslunni undir fyrirsögninni „GRIKKLAND“ og hljóði svo:

„2. hluti 17. kafla laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005).“

4. Á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.GRIKKLAND“ bætist eftirfarandi færsla við:

„LETTLAND

Örorkulífeyrir (þriðji flokkur) skv. 1. og 2. mgr. 16. gr. laga um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996.“

5. „FINNLAND“ komi í stað „C. FINNLAND“ og í stað samsvarandi færslu komi eftirfarandi:

„FINNLAND

Almannalífeyrir til fatlaðra einstaklinga eða þeirra sem verða fatlaðir ungir að aldri (almannalífeyrislögin, 568/2007).

Örorkubætur sem eru ákvarðaðar samkvæmt umbreytingarreglum og veittar fyrir 1. janúar 1994 (lög um framkvæmd almannalífeyrislaganna, 569/2007).“

6. „SVÍÞJÓÐ“ og „BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ komi í stað fyrirsagnanna „D. SVÍÞJÓÐ“ og „E. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“.

F. Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í töflunum með fyrirsögninni „BELGÍA“ og „FRAKKLAND“ falli brott línurnar er varða Lúxemborg.

2. Taflan undir fyrirsögninni „LÚXEMBORG“ falli brott.

G. Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„VIII. VIÐAUKI

TILVIK ÞEGAR HLUTFALLSLEGI ÚTREIKNINGURINN SKAL FELLDUR NIÐUR EÐA HANN Á EKKI VIÐ (4. og 5. mgr. 52. gr.)

1. hluti:

Tilvik þegar hlutfallslegi útreikningurinn skal felldur niður skv. 4. mgr. 52. gr.

DANMÖRK

Allar umsóknir um lífeyri sem um getur í lögum um almannalífeyri, þó ekki lífeyri sem um getur í IX. viðauka.

ÍRLAND

Allar umsóknir um lífeyri frá hinu opinbera (yfirfærðan), lífeyri frá hinu opinbera (iðgjaldsskyldan), ekknalífeyri (iðgjaldsskyldan) og ekklalífeyri (iðgjaldsskyldan).

KÝPUR

Allar umsóknir um elli-, örorku-, ekkna- og ekklalífeyri.

LETTLAND

a) Allar umsóknir um örorkulífeyri (lög um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996).

b) Allar umsóknir um eftirlifendalífeyri (lög um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996; lög um lífeyri úr sjóðum hins opinbera frá 1. júlí 2001).

LITHÁEN

Allar umsóknir um eftirlifendalífeyri frá almannatryggingum ríkisins sem er reiknaður út á grundvelli grunnfjárhæðar eftirlifendalífeyris (lög um lífeyri frá almannatryggingum ríkisins).

HOLLAND

Allar umsóknir um ellilífeyri samkvæmt lögum um almennar tryggingar vegna elli (Algemene Ouderdomswet (AOW)).

AUSTURRÍKI

a) Allar umsóknir um bætur samkvæmt sambandslögum frá 9. september 1955 um almannatryggingar – ASVG, sambandslögum frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við viðskipti og verslun – GSVG, sambandslögum frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir sjálfstætt starfandi bændur – BSVG og sambandslögum frá 30. nóvember 1978 um almannatryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga innan menntastétta (FSVG).

b) Allar umsóknir um örorkulífeyri á grundvelli lífeyrisreiknings samkvæmt lögum um almennan lífeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (APG)) frá 18. nóvember 2004.

c) Allar umsóknir um eftirlifendalífeyri á grundvelli lífeyrisreiknings samkvæmt lögum um almennan lífeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (APG)) frá 18. nóvember 2004, ef ekki á að hækka bæturnar í tengslum við viðbótartryggingarmánuði skv. 2. mgr. 7. gr. laga um almennan lífeyri.

d) Allar umsóknir um örorkulífeyri og eftirlifendalífeyri frá austurríska læknaráðinu (Landesärztekammer) á grundvelli grunnframlags (grunnbóta og viðbótarbóta eða grunnlífeyris).

e) Allar umsóknir um stuðning vegna varanlegrar starfsörorku og stuðning við eftirlifendur úr lífeyrissjóði austurríska dýralæknafélagsins.

f) Allar umsóknir um bætur vegna starfsörorku, ekknalífeyri og lífeyri fyrir börn, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, samkvæmt samþykktum fyrir velferðarstofnanir austurríska lögmannafélaga, hluta A.

PÓLLAND

Allar umsóknir um lífeyri vegna fötlunar, ellilífeyri samkvæmt skilgreindu bótakerfi og eftirlifendalífeyri.

PORTÚGAL

Allar umsóknir um örorku-, elli- og eftirlifendalífeyri, þó ekki í þeim tilvikum þar sem samanlögð tryggingatímabil, sem er lokið samkvæmt löggjöf í fleiri aðildarríkjum en einu, jafngilda 21 almanaksári eða meira, innlend tryggingatímabil eru 20 ár eða styttri og útreikningur er gerður skv. 11. gr. lagaúrskurðar nr. 35/2002, 19. febrúar.

SLÓVAKÍA

a) Allar umsóknir um eftirlifendalífeyri (ekknalífeyri, ekklalífeyri og lífeyri fyrir börn sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) sem er reiknaður út samkvæmt þeirri löggjöf sem er í gildi fyrir 1. janúar 2004 og miðast fjárhæðin við þann lífeyri sem hinn látni fékk áður.

b) Allar umsóknir um lífeyri sem er reiknaður út samkvæmt lögum nr. 461/2003 Coll. um almannatryggingar með áorðnum breytingum.

SVÍÞJÓÐ

Allar umsóknir um lágmarkslífeyri í formi ellilífeyris (lög 1998:702) og ellilífeyri í formi viðbótarlífeyris (lög 1998:674).

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Allar umsóknir um eftirlaunalífeyri, ekknalífeyri og bætur vegna ástvinamissis, nema þær þar sem á skattári sem hófst 6. apríl 1975 eða síðar:

i. hlutaðeigandi aðili hefur lokið trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins og annars aðildarríkis og eitt (eða fleiri) skattár teljast ekki fullgild ár í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins,

ii. tekið væri tillit til tryggingatímabila, sem er lokið samkvæmt gildandi löggjöf Breska konungsríkisins varðandi tímabil fyrir 5. júlí 1948, að því er varðar b-lið 1. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar með beitingu trygginga-, starfs- eða búsetutímabila samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

Allar umsóknir um viðbótarlífeyri skv. 44. þætti laga frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act 1992) og 44. þætti laga frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Norður-Írland) (Social Security Contributions and Benefits (Norður-Írland) Act 1992).

2. hluti:

Tilvik þar sem 5. mgr. 52. gr. gildir

BÚLGARÍA

Ellilífeyrir frá skyldubundinni viðbótarlífeyristryggingu skv. II. bálki II. hluta laga um almannatryggingar.

EISTLAND

Ellilífeyriskerfi sem skylt er að fjármagna.

FRAKKLAND

Grunnkerfi eða viðbótarkerfi þar sem bætur vegna elli eru reiknaðar út á grundvelli eftirlaunastiga.

LETTLAND

Ellilífeyrir (lög um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996; lög um lífeyri úr sjóðum hins opinbera frá 1. júlí 2001).

UNGVERJALAND

Lífeyrir á grundvelli aðildar að séreignalífeyrissjóðum.

AUSTURRÍKI

a) Ellilífeyrir á grundvelli lífeyrisreiknings samkvæmt lögum um almennan lífeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (APG)) frá 18. nóvember 2004.

b) Lögboðnar greiðslur skv. 41. gr. sambandslaganna frá 28. desember 2001, BGBl I nr. 154 um almennan launasjóð austurríska lyfjafræðinga (Pharmazeutische Gehaltskasse für Österreich).

c) Eftirlaunalífeyrir og snemmtekinn lífeyrir frá austurríska læknaráðinu á grundvelli grunnframlags (grunnbóta og viðbótarbóta eða grunnlífeyris) og allur lífeyrir frá austurríska læknafélaginu á grundvelli viðbótarframlags (viðbótar- eða séreignarlífeyris).

d) Stuðningur vegna elli úr lífeyrissjóði austurríska dýralæknafélagsins.

e) Bætur samkvæmt samþykktum fyrir velferðarstofnanir austurríska lögmannafélaga, A- og B-hluta, að frátöldum umsóknum um bætur á grundvelli lífeyris vegna fötlunar, ekknalífeyris og lífeyris fyrir börn, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, samkvæmt samþykktum fyrir velferðarstofnanir austurríska lögmannafélaga, A-hluta.

f) Bætur frá velferðarstofnunum félags arkitekta og ráðgjafaverkfræðinga samkvæmt lögum um austurríska byggingaverkfræðinga (Ziviltechnikerkammergesetz) 1993 og samþykktum fyrir velferðarstofnanir, að frátöldum bótum á grundvelli starfsörorku og eftirlifendabótum sem grundvallast á þeim bótum.

g) Bætur samkvæmt samþykktum fyrir velferðarstofnanir félags faglærðra endurskoðenda og skattaráðgjafa samkvæmt lögum um austurríska endurskoðendur og skattaráðgjafa (Wirtschaftstreuhandberufsgesetz).

PÓLLAND

Ellilífeyrir samkvæmt skilgreinda iðgjaldatengda kerfinu.

SLÓVENÍA

Lífeyrir úr lögboðinni viðbótarlífeyristryggingu.

SLÓVAKÍA

Skyldusparnaður vegna ellilífeyris.

SVÍÞJÓÐ

Tekjutengdur lífeyrir og séreignarlífeyrir (lög 1998:674).

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Stighækkandi eftirlaun sem eru greidd skv. 36. og 37. þætti laga um almannatryggingar frá 1965 og 35. og 36. þætti laga um almannatryggingar (Norður-Írland) frá 1966.“

H. Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í I. hluta:

a) „BELGÍA“, „DANMÖRK“, „GRIKKLAND“, „SPÁNN“, „FRAKKLAND“, „ÍRLAND“, „HOLLAND“, „FINNLAND“ og „SVÍÞJÓÐ“ komi í stað fyrirsagnanna „A. BELGÍA“, „B. DANMÖRK“, „C. GRIKKLAND“, „D. SPÁNN“, „E. FRAKKLAND“, „F. ÍRLAND“, „G. HOLLAND“, „H. FINNLAND“ og „I. SVÍÞJÓÐ“.

b) Færslan undir fyrirsögninni „ÍRLAND“ komi á eftir færslunni undir fyrirsögninni „DANMÖRK“ og á undan færslunni undir fyrirsögninni „GRIKKLAND“.

c) Á eftir færslunni undir fyrirsögninni „FRAKKLAND“ bætist eftirfarandi færsla við:

„LETTLAND

Örorkulífeyrir (þriðji flokkur) skv. 1. og 2. mgr. 16. gr. laga um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996.“

d) Í færslunni undir fyrirsögninni „.HOLLAND“ bætist eftirfarandi við:

„Lög frá 10. nóvember 2005 um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA).“

e) Í stað færslunnar undir fyrirsögninni „FINNLAND“ komi eftirfarandi:

„Almannalífeyrir til fatlaðra einstaklinga eða þeirra sem verða fatlaðir ungir að aldri (almannalífeyrislögin, 568/2007).

Almannalífeyrir og makalífeyrir sem er ákvarðaður samkvæmt umbreytingarreglum og veittur fyrir 1. janúar 1994 (lög um framkvæmd almannalífeyrislaganna, 569/2007).

Viðbótarfjárhæð lífeyris til barna við útreikning á sjálfstæðum bótum samkvæmt almannalífeyrislögunum (almannalífeyrislögin, 568/2007).“

f) Í stað færslunnar undir fyrirsögninni „SVÍÞJÓÐ“ komi eftirfarandi:

„Sænskar tekjutengdar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur (lög 1962:381).

Sænski lágmarkslífeyririnn og lágmarksbæturnar, sem koma í stað fulls lífeyris frá sænska ríkinu sem kveðið var á um samkvæmt löggjöf um lífeyri frá ríkinu sem var í gildi fyrir 1. janúar 1993 og fullur lífeyrir frá ríkinu sem var veittur samkvæmt umbreytingarreglum löggjafarinnar sem gilda frá þeim degi.“

2. Í II. hluta:

a) „ÞÝSKALAND“, „SPÁNN“, „ÍTALÍA“, „LÚXEMBORG“, „FINNLAND“ og „SVÍÞJÓÐ“ komi í stað fyrirsagnanna „A. ÞÝSKALAND“, „B. SPÁNN“, „C. ÍTALÍA“, „D. LÚXEMBORG“, „E. FINNLAND“ og „F. SVÍÞJÓÐ“.

b) Á eftir færslunni undir fyrirsögninni „.ÍTALÍA“ bætist eftirfarandi færslur við:

„LETTLAND

Eftirlifendalífeyrir reiknaður á grundvelli ætlaðra tryggingatímabila (8. mgr. 23. gr. laga um lífeyri frá hinu opinbera frá 1. janúar 1996).

LITHÁEN

a) Lífeyrir frá almannatryggingastofnun ríkisins sökum óvinnufærni, greiddur samkvæmt lögum um lífeyri frá almannatryggingastofnun ríkisins.

b) Eftirlifendalífeyrir og lífeyrir fyrir börn, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, frá almannatryggingastofnun ríkisins, reiknaður á grundvelli lífeyris vegna óvinnufærni hins látna samkvæmt lögum um lífeyri frá almannatryggingastofnun ríkisins.“

c) Á eftir færslunni undir fyrirsögninni „LÚXEMBORG“ bætist eftirfarandi færsla við:

„SLÓVAKÍA

a) Slóvakískur örorkulífeyrir og eftirlifendalífeyrir, leiddur af honum.

b) Örorkulífeyrir fyrir einstakling, sem varð fatlaður sem barn og hefur alltaf verið talinn hafa lokið því tryggingatímabili sem krafist er (70. gr. (2. mgr.) 72. gr. (3. mgr.) og 73. gr. (3. og 4. mgr.) laga nr. 461/2003 um félagslegar tryggingar, með áorðnum breytingum).“

3. Í III. hluta:

Í stað færslunnar „Samningur Norðurlandanna frá 15. júní 1992 um félagslegt öryggi“ komi eftirfarandi: Samningur Norðurlandanna frá 18. ágúst 2003.um félagslegt öryggi.“

I. Í stað X. viðauka komi eftirfarandi:

„X. VIÐAUKI

SÉRSTAKAR IÐGJALDSFRJÁLSAR BÆTUR Í PENINGUM (c-liður 2. mgr. 70. gr.)

BELGÍA

a) Greiðslur sem koma í stað tekna (lög frá 27. febrúar 1987).

b) Tekjutrygging aldraðra (lög frá 22. mars 2001).

BÚLGARÍA

Almannalífeyrir vegna elli (89. gr. laga um almannatryggingar).

TÉKKLAND

Félagslegar greiðslur (lög um félagslega aðstoð hins opinbera nr. 117/1995 Sb.).

DANMÖRK

Útgjöld lífeyrisþega vegna húsnæðis (lög um einstaklingsaðstoð vegna húsnæðis, steypt saman við lög nr. 204 frá 29. mars 1995).

ÞÝSKALAND

a) Grunnframfærslutekjur aldraðra og einstaklinga með skerta möguleika á tekjuöflun skv. 4. kafla í XII. bindi almannatryggingalaganna.

b) Bætur til að standa straum af framfærslu innan ramma grunntryggingar fyrir fólk í atvinnuleit, nema uppfyllt séu skilyrði, að því er þessar bætur varðar, fyrir tímabundinni viðbótargreiðslu í framhaldi af greiðslu atvinnuleysisbóta (1. mgr. 24. gr. í II. bindi almannatryggingalaganna).

EISTLAND

a) Greiðslur til fullorðinna fatlaðra einstaklinga (lög um félagslegar bætur til fatlaðra einstaklinga frá 27. janúar 1999).

b) Greiðslur vegna atvinnuleysis frá hinu opinbera (lög um vinnumarkaðsmál frá 29. september 2005).

ÍRLAND

a) Greiðslur fyrir fólk í atvinnuleit (2. kafli 3. hluta laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

b) Lífeyrir frá ríkinu (iðgjaldsfrjáls) (4. kafli 3. hluta laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

c) Ekknalífeyrir (iðgjaldsfrjáls) og ekklalífeyrir (iðgjaldsfrjáls) (6. kafli 3. hluta laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

d) Greiðslur til fatlaðra (10. kafli 3. hluta laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

e) Styrkur til að stuðla að hreyfanleika (61. þáttur heilbrigðislaganna frá 1970 (Health Act 1970)).

f) Blindralífeyrir (5. kafli 3. hluta laga um félagslega velferð frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

GRIKKLAND

Sérstakar bætur til aldraða (lög nr. 1296/82).

SPÁNN

a) Lágmarkstekjutrygging (lög nr. 13/82 frá 7. apríl 1982).

b) Bætur í peningum til aðstoðar öldruðum og óvinnufærum öryrkjum (konungsúrskurður nr. 2620/81 frá 24. júlí 1981).

c) i. Örorkulífeyrir og eftirlaunalífeyrir sem eru ekki iðgjaldsskyldir eins og kveðið er á um í 1. mgr. 38. gr. samsteypts texta almennu laganna um félagslegt öryggi sem fengið hefur samþykki með konunglegum lagaúrskurði nr. 1/1994 frá 20. júní 1994 og

ii. bætur sem koma til viðbótar framangreindum lífeyri, eins og kveðið er á um í löggjöf sjálfstjórnarsvæðanna (Comunidades Autonómas) ef slík viðbót tryggir lágmarksframfærslutekjur með hliðsjón af efnahag og félagslegum aðstæðum á viðkomandi sjálfstjórnarsvæðum.

d) Styrkur til að stuðla að hreyfanleika og vegna ferðakostnaðar (lög nr. 13/1982 frá 7. apríl 1982).

FRAKKLAND

a) Viðbótargreiðslur úr :

i. sérstaka örorkusjóðnum og

ii. samstöðusjóði fyrir aldraða að því er varðar áunninn rétt til bóta

(lög frá 30. júní 1956, kerfisbundin í VIII. bindi almannatryggingalaganna).

b) Greiðslur til fullorðinna fatlaðra einstaklinga (lög frá 30. júní 1975, kerfisbundin í VIII. bindi almannatryggingalaganna).

c) Sérstakar greiðslur (lög frá 10. júlí 1952, kerfisbundið í VIII. bindi almannatryggingalaganna).

d) Greiðslur úr samstöðusjóði til aldraðra (reglugerð frá 24. júní 2004, kerfisbundið í VIII. bindi almannatryggingalaganna) frá 1. janúar 2006.

ÍTALÍA

a) Félagslegur lífeyrir til einstaklinga án tekna (lög nr. 153 frá 30. apríl 1969).

b) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru fatlaðir eða öryrkjar (lög nr. 118 frá 30. mars 1971, nr. 18 frá 11. febrúar 1980 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

c) Lífeyrir og greiðslur til daufdumbra (lög nr. 381 frá 26. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

d) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru blindir (lög nr. 382 frá 27. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

e) Bætur til viðbótar lágmarkslífeyri (lög nr. 218 frá 4. apríl 1952, nr. 638 frá 11. nóvember 1983 og nr. 407 frá 29. desember 1990).

f) Bætur til viðbótar greiðslum vegna fötlunar (lög nr. 222 frá 12. júní 1984).

g) Félagslegar greiðslur (lög nr. 335 frá 8. ágúst 1995).

h) Félagsleg hækkun (1. og 12. mgr. 1. gr. laga nr. 544 frá 29. desember 1988 og síðari breytingar á þeim).

KÝPUR

a) Félagslegur lífeyrir (lög um félagslegan lífeyri frá 1995 (lög 25(I)/95), með áorðnum breytingum).

b) Greiðslur vegna alvarlegrar hreyfihömlunar (ákvarðanir ráðherraráðsins nr. 38210 frá 16. október 1992, nr. 41370 frá 1. ágúst 1994, nr. 46183 frá 11. júní 1997 og nr. 53675 frá 16. maí 2001).

c) Sérstakur blindrastyrkur (lög um sérstaka styrki frá 1996 (lög nr. 77(I)/96), með áorðnum breytingum).

LETTLAND

a) Almannatryggingabætur hins opinbera (lög um almannatryggingabætur hins opinbera frá 1. janúar 2003).

b) Greiðsla til að bæta upp flutningskostnað fatlaðra einstaklinga með skerta hreyfigetu (lög um félagslegar bætur frá 1. janúar 2003).

LITHÁEN

a) Félagslegur lífeyrir vegna aðstoðar (5. gr. laga frá 2005 um félagslegar bætur frá ríkinu vegna aðstoðar).

b) Aðstoðarbætur (15. gr. laga frá 2005 um félagslegar aðstoðarbætur frá ríkinu).

c) Bætur vegna flutnings fatlaðra sem eiga erfitt með að hreyfa sig (7. gr. laga frá 2000 um flutningsbætur).

LÚXEMBORG

Tekjur fyrir alvarlega fatlaða einstaklinga (2. mgr. 1. gr. laga frá 12. september 2003), að undanskildum einstaklingum sem er viðurkennt að eru fatlaðir starfsmenn og starfa á almennum vinnumarkaði eða í vernduðu umhverfi.

UNGVERJALAND

a) Örorkulífrenta (úrskurður ráðherraráðsins nr. 83/1987 (XII 27) um örorkulífrentu).

b) Iðgjaldsfrjáls greiðsla vegna elli (lög III frá 1993 um félagsmálastjórnun og félagslegar bætur).

c) Greiðsla vegna ferðakostnaðar (stjórnsýsluúrskurður nr. 164/1995 (XII 27) um greiðslu vegna flutnings einstaklinga með alvarlega, líkamlega fötlun).

MALTA

a) Viðbótargreiðslur (73. þáttur í lögum um almannatryggingar (318. kafli) frá 1987).

b) Ellilífeyrir (lög um almannatryggingar (318. kafli) 1987).

HOLLAND

a) Lög um aðstoð vegna fötlunar fyrir ungt fatlað fólk (Wajong) frá 24. apríl 1997.

b) Lög um viðbótarbætur frá 6. nóvember 1986 (TW).

AUSTURRÍKI

Uppbót (sambandslög frá 9. september 1955 um almannatryggingar — ASVG, sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við viðskipti og verslun — GSVG og sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir bændur — BSVG).

PÓLLAND

Félagslegur lífeyrir (lög frá 27. júní 2003 um félagslegan lífeyri).

PORTÚGAL

a) Iðgjaldsfrjáls ellilífeyrir og örorkulífeyrir frá ríkinu (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980).

b) Iðgjaldsfrjáls ekknalífeyrir (reglugerðarúrskurður nr. 52/81 frá 11. nóvember 1981).

c) Viðbótargreiðslur úr samstöðusjóði til aldraðra (lagaúrskurður nr. 232/2005 frá 29. desember 2005, breytt með lagaúrskurði nr. 236/2006 frá 11. desember 2006).

SLÓVENÍA

a) Lífeyrir frá ríkinu (lög frá 23. desember 1999 um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar).

b) Tekjuuppbót fyrir lífeyrisþega (lög frá 23. desember 1999 um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar).

c) Framfærslugreiðslur (lög frá 23. desember 1999 um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar).

SLÓVAKÍA

a) Leiðrétting, úrskurðuð fyrir 1. janúar 2004, á lífeyri sem er eina tekjulindin.

b) Félagslegur lífeyrir sem er veittur fyrir 1. janúar 2004.

FINNLAND

a) Húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega (lög um húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega nr. 571/2007).

b) Stuðningur vinnumarkaðarins (lög um atvinnuleysisbætur nr. 1290/2002).

c) Sérstök aðstoð fyrir innflytjendur (lög um sérstaka aðstoð fyrir innflytjendur nr. 1192/2002).

SVÍÞJÓÐ

a) Húsnæðisuppbót til lífeyrisþega (lög nr. 2001:761).

b) Fjárstuðningur við aldraða (lög 2001:853).

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) Lífeyrisstig ríkisins (lög um lífeyrisstig ríkisins frá 2002 og lög um lífeyrisstig ríkisins (Norður-Írland) frá 2002).

b) Tekjutengdar greiðslur fyrir fólk í atvinnuleit (lög frá 1995 um fólk í atvinnuleit og reglur frá 1995 um fólk í atvinnuleit (Norður-Írland)).

c) Tekjuuppbót (lög frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga og lög frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Norður-Írland)).

d) Framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (lög frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga og lög frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Norður-Írland)).“

J. Í stað XI. viðauka komi eftirfarandi:

„XI. VIÐAUKI

SÉRÁKVÆÐI UM BEITINGU LÖGGJAFAR AÐILDARRÍKJANNA

(51. gr. (3. mgr.), 56. gr. (1. mgr.) og 83. gr.)

BÚLGARÍA

Ákvæði 1. mgr. 33. gr. búlgalskra sjúkratryggingalaga gildir um alla einstaklinga ef Búlgaría er þeirra lögbæra aðildarríki skv. 1. kafla III. bálks þessarar reglugerðar.

TÉKKLAND

Að því er varðar skilgreiningu á aðstandendum skv. i. lið 1. gr. tekur „maki“ einnig til skráðra sambýlismanna og -kvenna, eins og skilgreint er í tékkneskum lögum nr. 115/2006 Coll., um skráða sambúð.

DANMÖRK

1. a) Við útreikning á lífeyri samkvæmt „lögum um félagslegan lífeyri“ (lov om social pension) telst starfstími sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í Danmörku, sem einstaklingur, sem sækir vinnu yfir landamæri eða sem launþegi sem kemur til Danmerkur til að vinna árstíðabundin störf, hefur lokið samkvæmt danskri löggjöf vera búsetutímabil eftirlifandi maka í Danmörku, svo framarlega sem hinn eftirlifandi maki var á þeim tíma tengdur launþeganum í hjúskap án aðskilnaðar að borði og sæng eða aðskilnaðar vegna ósættanlegs sundurlyndis og að því tilskildu að á sama tíma hafi makinn haft fasta búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Í þessum lið teljast „árstíðabundin störf“ vera þau störf sem háð eru árstíðum og þarf að inna af hendi ár hvert.

b) Við útreikning á lífeyri samkvæmt „lögum um félagslegan lífeyri“ (lov om social pension) telst starfstími sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í Danmörku, sem einstaklingur sem heyrir ekki undir a-lið 1. liðar hefur lokið samkvæmt danskri löggjöf fyrir 1. janúar 1984, vera búsetutímabil eftirlifandi maka í Danmörku, svo framarlega sem hinn eftirlifandi maki var á þeim tíma tengdur einstaklingnum í hjúskap án aðskilnaðar að borði og sæng eða aðskilnaðar vegna ósættanlegs sundurlyndis og að því tilskildu að á sama tíma hafi makinn haft fasta búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

c) Þau tímabil, sem taka ber tillit til samkvæmt a- og b-lið, skulu ekki koma til álita ef þau skarast við tímabil sem tekið er tillit til við útreikning lífeyris hlutaðeigandi einstaklings samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis um skyldutryggingu eða tímabil þegar hlutaðeigandi einstaklingur fékk lífeyri samkvæmt þeirri löggjöf. Þessi tímabil skal þó telja með ef árleg upphæð umræddslífeyris er lægri en helmingur almenna lífeyrisins.

2. a) Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar eiga einstaklingar, sem hafa ekki gegnt launuðu starfi í einu eða fleiri aðildarríkjum, einungis rétt til dansks, félagslegs lífeyris ef þeir hafa eða hafa áður haft fasta búsetu í Danmörku í a.m.k. þrjú ár, sbr. þó aldurstakmörk sem mælt er fyrir um í danskri löggjöf. Með fyrirvara um 4 gr. þessarar reglugerðar gildir 7. gr. ekki um danskan, félagslegan lífeyri sem þessir einstaklingar hafa áunnið sér.

   b) Framangreind ákvæði gilda ekki um rétt til dansks, félagslegs lífeyris fyrir þá aðstandendur sem gegna eða hafa gegnt launuðu starfi í Danmörku eða fyrir námsmenn eða aðstandendur þeirra.

3. Tímabundnar bætur til atvinnulausra einstaklinga sem hafa verið ráðnir í sveigjanlegt starf (flexible job scheme) (ledighedsydelse) (lög nr. 455 frá 10. júní 1997) falla undir 6. kafla í III. bálki þessarar reglugerðar. Að því er varðar atvinnulausa einstaklinga, sem fara til annars aðildarríkis, gilda 64. og 65. gr. þegar það aðildarríki hefur svipuð atvinnukerfi fyrir sama hóp einstaklinga.

4. Eigi einstaklingur, sem fær danskan, félagslegan lífeyri, einnig rétt á eftirlifendalífeyri frá öðru aðildarríki skal litið svo á við beitingu danskrar löggjafar að lífeyrisgreiðslurnar séu bætur sömu tegundar í skilningi 1. mgr. 53. gr. þessarar reglugerðar, þó með þeim fyrirvara að hlutaðeigandi einstaklingur hafi einnig áunnið sér rétt til dansks, félagslegs lífeyris þegar trygginga- eða búsetutímabil eru höfð til grundvallar útreikningi á eftirlifendalífeyri.

ÞÝSKALAND

1. Þrátt fyrir a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar og 1. lið 4. mgr. 5. gr. í VI. bindi laga um almannatryggingar (Sozialgesetzbuch VI) getur einstaklingur, sem fær fullan ellilífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, farið fram á að vera tryggður skyldutryggingu samkvæmt þýsku lífeyristryggingakerfi.

2. Þrátt fyrir a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar og 1. og 3. mgr. 7. gr. í VI. bindi laga um almannatryggingar (Sozialgesetzbuch VI) er einstaklingi, sem er skyldutryggður í öðru aðildarríki eða fær ellilífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heimilt að ganga inn í kerfi frjálsra trygginga í Þýskalandi.

3. Í því skyni að veita bætur í peningum skv. 1. mgr. §47 í lögum um almannatryggingar (SGB V), 1. mgr. §47 í lögum um almannatryggingar (SGB VII) og 2. mgr. §200 í almannatryggingareglum (Reichsversicherungsordnung) til tryggðra einstaklinga, sem búa í öðru aðildarríki, reiknast, samkvæmt þýskum tryggingakerfum, nettólaunin, sem eru höfð til grundvallar við útreikning bóta, eins og hinn tryggði byggi í Þýskalandi, nema hinn tryggði óski eftir mati á grundvelli þeirra nettólauna sem hann fær í raun.

4. Ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem eiga sér búsetustað eða dveljast að jafnaði utan Þýskalands og sem uppfylla almenn skilyrði þýsks lífeyristryggingakerfis, geta því aðeins greitt frjáls iðgjöld að þeir hafi einhvern tíma verið tryggðir frjálsri tryggingu eða skyldutryggingu í þýsku lífeyristryggingakerfi; þetta á einnig við um ríkisfangslausa menn og flóttamenn sem eiga sér búsetustað eða dveljast að jafnaði í öðru aðildarríki.

5. Staðaltímabil vegna úthlutunar (pauschale Anrechnungszeit) skv. 253. gr. í VI. bindi laga um almannatryggingar (Sozialgesetzbuch V) skal alfarið ákvarðað á grundvelli þýskra tímabila.

6. Í þeim tilvikum þegar þýskri löggjöf um lífeyri, sem er í gildi 31. desember 1991, er beitt við endurútreikning á lífeyri er það eingöngu þýska löggjöfin sem gildir þegar uppbótartímabil (German Ersatzzeiten) eru talin með.

7. Þýsk löggjöf um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, sem ber að bæta samkvæmt lögum um erlendan lífeyri, og um bætur fyrir tryggingatímabil, sem má færa til tekna samkvæmt lögum um erlendan lífeyri á þeim yfirráðasvæðum sem um getur í 2. og 3. lið 1. mgr. laga um málefni uppflosnaðra manna og flóttamanna (Bundesvertriebenengesetz), gildir áfram innan gildissviðs þessarar reglugerðar, þrátt fyrir 2. mgr. laga um erlendan lífeyri (Fremdrentengesetz).

8. Þegar reikna skal út þá viðmiðunarfjárhæð, sem um getur í i. lið b-liðar í 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar, skal þar til bær stofnun, þegar um er að ræða lífeyriskerfi fyrir menntastéttirnar, leggja til grundvallar, að því er varðar hvert tryggingaár sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, meðallífeyrisrétt á ári sem aflað er með greiðslu iðgjalda á tímabili aðildar að þar til bærri stofnun.

EISTLAND

Við útreikning á foreldrabótum skulu starfstímabil í aðildarríkjum öðrum en Eistlandi talin byggja á sömu meðalupphæð tryggingagjalda og var greidd á starfstímabilum í Eistlandi sem þeim er bætt við. Ef einstaklingurinn hefur aðeins verið í starfi í öðrum aðildarríkjum á viðmiðunarárinu skal útreikningur bótanna teljast byggja á meðalupphæð tryggingargjalds sem greitt er í Eistlandi milli viðmiðunarársins og fæðingarorlofsins.

ÍRLAND

1. Við útreikning á fastsettum, viðurkenndum vikutekjum hins tryggða með tilliti til þess að greiða sjúkrabætur eða atvinnuleysisbætur samkvæmt írskri löggjöf skal, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 21. gr. og 62. gr. þessarar reglugerðar, fjárhæð, sem er jöfn meðalvikutekjum launþega á tilskildu ári, reiknuð þeim tryggða einstaklingi að því er varðar hverja starfsviku sem hann starfar sem launþegi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis á því tilskilda ári.

2. Við beitingu 46. gr. reglugerðarinnar skal Írland, ef hlutaðeigandi einstaklingur verður óvinnufær og það leiðir til örorku, á meðan hann heyrir undir löggjöf annars aðildarríkis, að því er varðar a-lið 1. mgr. 118. þáttar laga um félagslega velferð frá 2005, taka til greina hvert það tímabil sem hann, vegna örorkunnar sem kom í kjölfar óvinnufærni, hefði talist óvinnufær samkvæmt írskri löggjöf.

GRIKKLAND

1. Lög nr. 1469/84 um frjálsa aðild gríska ríkisborgara og erlendra ríkisborgara af grískum uppruna að lífeyristryggingakerfinu gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja, um ríkisfangslausa menn og flóttamenn, ef hlutaðeigandi einstaklingar hafa, án tillits til búsetustaðar þeirra eða dvalarstaðar, einhvern tíma áður verið skyldutryggðir eða tryggðir frjálsri tryggingu í gríska lífeyristryggingakerfinu.

2. Þrátt fyrir a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar og 34. gr. laga 1140/1981 getur einstaklingur, sem fær lífeyri vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, óskað eftir að verða tryggður skyldutryggingu samkvæmt þeirri löggjöf sem tryggingakerfi landbúnaðarins (OGA) beitir, svo fremi hann stundi starf sem fellur undir gildissvið þeirrar löggjafar.

SPÁNN

1. Að því er beitingu i. liðar í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar varðar er tekið tillit til þeirra ára sem starfandi mann vantar upp á til að ná lífeyrisaldri eða lögboðnum eftirlaunaaldri, eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 31. gr. í samsteyptum texta laga um lífeyri frá hinu opinbera (Ley de Clases Pasivas del Estado), sem þjónustutíma hjá hinu opinbera því aðeins að viðtakandi hafi heyrt undir sérstakt kerfi spænska ríkisins fyrir opinbera starfsmenn eða gegnt starfi sem veitir sama rétt samkvæmt því bótakerfi þegar sá atburður, er veitir rétt til lífeyris vegna örorku eða andláts, verður eða hann hafi, þegar sá atburður verður sem veitir rétt til lífeyris, stundað starf þar sem þess hefði verið krafist að hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir sérstakt kerfi hins opinbera fyrir opinbera starfsmenn, herinn eða dómstólana, hefði starfsemin verið stunduð á Spáni.

2. a) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 56. gr. þessarar reglugerðar skal útreikningur á viðmiðunarfjárhæð spænsku bótanna byggður á raunverulegum iðgjöldum einstaklingsins næstu ár á undan síðustu iðgjaldagreiðslu til spænsku almannatrygginganna. Ef taka verður tillit til tryggingatímabila og/eða búsetutímabila samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja við útreikning á grunnfjárhæð lífeyris skal sá grundvöllur iðgjalda á Spáni, sem liggur næst viðmiðunartímabilunum í tíma, notaður fyrir umrædd tímabil, með hliðsjón af þróun verðvísitölu.

   b) Lífeyrisfjárhæðin, sem þannig er fengin, skal hækkuð um hækkunar- og endurmatsfjárhæðina sem er reiknuð fyrir hvert ár eftir það fyrir lífeyri sömu tegundar.

3. Farið er með tímabil, sem lokið er í öðrum aðildarríkum og verða að reiknast í sérstaka kerfinu fyrir opinbera starfsmenn, herinn og dómstólana eru, að því er varðar 56. gr. þessarar reglugerðar, á sama hátt sem síðustu tímabil sem viðkomandi lýkur sem opinber starfsmaður á Spáni.

4. Aldurstengdu viðbótarfjárhæðirnar, sem um getur í öðru umbreytingarákvæði almennu laganna um félagslegt öryggi, eiga við um alla sem geta nýtt sér ákvæði reglugerðarinnar og hafa greitt iðgjöld samkvæmt spænskri löggjöf fyrir 1. janúar 1967; við beitingu 5. gr. þessarar reglugerðar skal ekki vera hægt að fara með tryggingatímabil, sem eru færð til tekna í öðru aðildarríki fyrir framangreindan dag, á sama hátt og iðgjöld sem eru greidd á Spáni eingöngu í þessum tilgangi. Sú dagsetning sem svarar til 1. janúar 1967 skal vera 1. ágúst 1970 að því er varðar sérstakt kerfi fyrir sjómenn og 1. apríl 1969 að því er varðar sérstakt almannatryggingakerfi fyrir kolanámumenn.

FRAKKLAND

1. Ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem eiga sér búsetustað eða dveljast að jafnaði utan Frakklands og sem uppfylla almenn skilyrði franska lífeyristryggingakerfisins, geta því aðeins greitt frjáls iðgjöld til kerfisins að þeir hafi einhvern tíma verið tryggðir frjálsri tryggingu eða skyldutryggingu í franska lífeyristryggingakerfinu; þetta á einnig við um ríkisfangslausa menn og flóttamenn sem eiga sér búsetustað eða dveljast að jafnaði í öðru aðildarríki.

2. Að því er varðar einstaklinga sem fá aðstoð í Frakklandi skv. 17., 24. eða 26. gr. þessarar reglugerðar, sem eru búsettir í frönsku umdæmunum Haut-Rhin, Bas-Rhin eða Moselle, tekur aðstoð, sem er veitt fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki sem kostnaðurinn fellur á, til bóta frá almenna sjúkratryggingakerfinu og frá skyldubundna viðbótarkerfinu vegna sjúkratrygginga í Alsace-Moselle.

3. Við beitingu 5. kafla III. bálks þessarar reglugerðar tekur frönsk löggjöf, sem gildir um einstakling sem starfar eða hefur starfað sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, bæði til þess grunnkerfis vegna ellitrygginga og þess viðbótarkerfis vegna eftirlauna sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir.

KÝPUR

Við beitingu 6., 51. og 61. gr. þessarar reglugerðar á tímabili, sem hefst 6. október 1980 eða síðar, er tryggingavika samkvæmt löggjöf Lýðveldisins Kýpur ákvörðuð með því að deila vikulegri fjárhæð tryggingarhæfra grunntekna á viðkomandi iðgjaldsári í tryggingarhæfar heildartekjur á viðkomandi tímabili, að því tilskildu að þær vikur, sem eru ákvarðaðar með þessum hætti, séu ekki fleiri en almanaksvikur viðkomandi tímabils.

MALTA

Sérákvæði um opinbera starfsmenn

a) Við beitingu 49. og 60. gr. þessarar reglugerðar skal meðhöndla einstaklinga, sem er ráðnir samkvæmt lögum um her Möltu (220. kafli laga á Möltu), lögum um löggæslu (164. kafli laga á Möltu) og fangelsislögum (260. kafli laga á Möltu), sem opinbera starfsmenn.

b) Við beitingu e-liðar 1. gr. reglugerðarinnar skal líta á lífeyri, sem ber að greiða samkvæmt framangreindum lögum og samkvæmt lífeyrisreglugerðinni (93. kafli laga á Möltu), sem „sérstök kerfi fyrir opinbera starfsmenn“.

HOLLAND

1. Sjúkratryggingar

   a) Hvað varðar rétt á aðstoð samkvæmt hollenskum lögum merkir hugtakið einstaklingar sem eiga rétt á aðstoð að því er varðar framkvæmd 1. og 2. kafla III. bálks reglugerðarinnar:

      i. einstaklinga sem, skv. 2. gr. Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), ber skylda til að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi og

      ii. aðstandendur fólks í virkri herþjónustu sem eru búsettir í öðru aðildarríki og einstaklingar sem eru búsettir í öðru aðildarríki og eiga, samkvæmt reglugerðinni, rétt á heilbrigðisþjónustu í búseturíkinu á kostnað Hollands, svo framarlega sem þeir falla ekki nú þegar undir i. lið.

   b) Einstaklingarnir, sem um getur í i. lið a-liðar í 1. lið, verða, í samræmi við ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi og einstaklingarnir, sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. lið, verða að skrá sig hjá College voor zorgverzekeringen (sjúkratryggingaráði).

   c) Ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) og Algemene Wet Bijzondere Ziektekosten (almennra laga um sérstakan sjúkrakostnað) um ábyrgð vegna greiðslu iðgjalda gilda um þá einstaklinga sem um getur í a-lið og aðstandendur þeirra. Iðgjöld vegna aðstandenda skulu lögð á þann einstakling sem réttur til heilbrigðisþjónustu er leiddur af, að undanskildum aðstandendum fólks í herþjónustu sem búa í öðru aðildarríki, þar sem gjöldin eru lögð beint á þá.

d) Ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) um síðbúnar tryggingar gilda, að breyttu breytanda, ef um er að ræða síðbúna skráningu hjá College voor zorgverzekeringen (sjúkratryggingaráði) að því er varðar einstaklinga sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. lið.

e) Einstaklingar, sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis annars en Hollands og hafa fasta búsetu í Hollandi eða dvelja tímabundið í Hollandi, skulu eiga rétt á aðstoð í samræmi við þá skilmála sem stofnanir á búsetu- eða dvalarstað bjóða tryggðum einstaklingum í Hollandi, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 19. gr. Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga), sem og rétt á aðstoð sem kveðið er á um í Algemene wet bijzondere ziektekosten (lögum um sérstök sjúkrakostnað).

f) Við beitingu 23.–30. gr. þessarar reglugerðar skulu eftirtaldar bætur (auk lífeyris sem fellur undir 4. og 5. kafla III. bálks þessarar reglugerðar) teljast lífeyrir sem greiða ber samkvæmt hollenskri löggjöf:

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. janúar 1966 um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn og eftirlifendur þeirra (Algemene burgerlijke pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn í Hollandi),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. október 1966 um lífeyri fyrir fólk í herþjónustu og eftirlifendur þeirra (Algemene militaire pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir hermenn), bætur vegna óvinnufærni sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 7. júní 1972 um bætur vegna óvinnufærni fólks í herþjónustu (Wetarbeidsongeschiktheidsvoorziening militairen) (lög um óvinnufærni fólks í herþjónustu),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 15. febrúar 1967 um lífeyri fyrir starfsfólk hollenska járnbrautafélagsins (NV Nederlandse Spoorwegen) og eftirlifendur þeirra (Spoorwegpensioenwet) (lög um lífeyri járnbrautarstarfsmanna),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt reglugerð um ráðningarkjör hjá hollenska járnbrautafélaginu (Dienstvoorwaarden Nederlandse Spoorwegen),

— bætur sem eru veittar einstaklingum sem láta af störfum vegna aldurs fyrir 65 ára eftirlaunaaldur samkvæmt lífeyriskerfi en tilgangur þess er að veita fyrrum launþegum tekjur á elliárum eða bætur sem eru veittar einstaklingum sem hverfa fyrr en ella af vinnumarkaði, samkvæmt kerfi sem ríkið kemur á fót eða kjarasamningum fyrir einstaklinga sem eru 55 ára og eldri,

— bætur sem er úthlutað fólki í herþjónustu og opinberum starfsmönnum samkvæmt kerfi sem gildir ef um er að ræða uppsögn, jafngreiðslulífeyri og snemmtekin eftirlaun.

g) Að því er varðar 1. og 2. kafla III. bálks reglugerðarinnar teljast þær endurgreiðslur, sem einstaklingur getur fengið samkvæmt hollensku kerfi þegar um er að ræða takmarkaða notkun á heilbrigðiskerfinu, sjúkrabætur í peningum.

2. Beiting hollenskra laga um almennar tryggingar vegna elli (Algemene Ouderdomswet (AOW))

a) Skerðingin, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. hollenskra laga um almennar tryggingar vegna elli (Algemene Ouderdomswet (AOW), gildir ekki um almanaksár sem liðu fyrir 1. janúar 1957 ef bótaþegi, sem fullnægði ekki skilyrðum fyrir því að fá slík ár metin sem tryggingatímabil:

— hafði fasta búsetu í Hollandi á aldursskeiðinu 15 til 65 ára eða

— hafði fasta búsetu í öðru aðildarríki þegar hann starfaði í Hollandi hjá vinnuveitanda sem hafði staðfestu í Hollandi eða

— starfaði í öðru aðildarríki á tímabilum sem teljast tryggingatímabil samkvæmt hollensku almannatryggingakerfi.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. AOW skal litið svo á að þeir sem voru búsettir eða störfuðu í Hollandi í samræmi við fyrrnefnd skilyrði fyrir 1. janúar 1957 eigi einnig rétt á lífeyri.

b) Skerðingin, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. AOW, gildir ekki um almanaksár fyrir 2. ágúst 1989, hafi giftur einstaklingur, eða einstaklingur sem hefur verið í hjúskap, á aldursskeiðinu 15 til 65 ára ekki verið tryggður samkvæmt áðurgreindum lögum þegar hann var búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi, að svo miklu leyti sem almanaksárin falla annaðhvort saman við þau tryggingatímabil sem maki hans hefur áunnið sér samkvæmt þeirri löggjöf eða saman við almanaksárin sem taka ber tillit til skv. a-lið 2. liðar, að því tilskildu að hjónabandið hafi staðið yfir á þessum tímabilum.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. AOW á umræddur einstaklingur rétt á lífeyri.

c) Skerðingin, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. AOW, gildir ekki um almanaksár fyrir 1. janúar 1957 ef maki lífeyrisþega sem fullnægir ekki skilyrðum fyrir því að fá þessi ár metin sem tryggingatímabil:

— hafði fasta búsetu í Hollandi á aldursskeiðinu 15 til 65 ára eða

— hafði fasta búsetu í öðru aðildarríki þegar hann starfaði í Hollandi hjá vinnuveitanda sem hafði staðfestu í Hollandi eða

— starfaði í öðru aðildarríki á tímabilum sem teljast tryggingatímabil samkvæmt hollensku almannatryggingakerfi.

d) Skerðingin, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. AOW, gildir ekki um almanaksár fyrir 2. ágúst 1989 þegar maki lífeyrisþega var búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi á aldursskeiðinu 15 til 65 ára og var ekki tryggður samkvæmt umræddri löggjöf, að svo miklu leyti sem almanaksárin falla saman við þau tryggingatímabil sem lífeyrisþeginn hefur áunnið sér samkvæmt þeirri löggjöf eða saman við almanaksárin sem taka ber tillit til skv. a-lið 2. liðar, að því tilskildu að hjónabandið hafi staðið yfir á þessum tímabilum.

e) Ekki má beita ákvæðum a-, b-, c- og d-liðar í 2. lið þegar um er að ræða tímabil sem falla saman við:

— tímabil sem taka má tillit til við útreikning á réttindum samkvæmt löggjöf um tryggingar vegna elli í aðildarríki öðru en Hollandi eða

— tímabil þegar hlutaðeigandi einstaklingur hefur fengið ellilífeyri samkvæmt slíkri löggjöf.

Ekki skal tekið tillit til tímabila frjálsrar tryggingar samkvæmt kerfi í öðru aðildarríki við beitingu þessa ákvæðis.

f) Einungis má beita a-, b-, c- og d-lið 2. liðar hafi hlutaðeigandi einstaklingur haft fasta búsetu í einu eða fleiri aðildarríkjum í sex ár eftir 59 ára aldur og á meðan sá einstaklingur er búsettur á yfirráðasvæði eins þessara aðildarríkja.

g) Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla AOW skal heimila einstaklingi, sem er búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi og maki hans fellur undir skyldutryggingu samkvæmt þeirri löggjöf, að kaupa sér frjálsa tryggingu samkvæmt þeirri löggjöf fyrir tímabil þegar makinn er tryggður skyldutryggingu.

Þessi heimild fellur ekki úr gildi ef skyldutrygging maka fellur niður vegna andláts hans og hinn eftirlifandi fær einungis lífeyri samkvæmt hollenskum lögum um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna (Algemene nabestaandenwet).

Hvað sem öðru líður fellur heimild vegna frjálsra trygginga úr gildi þegar hinn tryggði nær 65 ára aldri.

Iðgjald vegna frjálsrar tryggingar skal ákveðið í samræmi við ákvæði er lúta að ákvörðun iðgjalds frjálsra trygginga samkvæmt AOW. Ef frjálsa tryggingin kemur á eftir tryggingatímabili, sem um getur í b-lið 2. liðar, skal þó fastsetja iðgjaldið í samræmi við ákvæðin um fastsetningu iðgjalds vegna skyldutryggingar samkvæmt AOW, með hliðsjón af þeim tekjum sem talið er að hafi fengist í Hollandi.

h) Ekki má veita heimildina, sem um getur í g-lið 2. liðar, neinum þeim sem er tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis um lífeyri eða eftirlifendalífeyri.

i Allir sem vilja kaupa sér frjálsa tryggingu skv. g-lið 2. liðar verða að sækja um það hjá Almannatryggingabankanum (Sociale Verzekeringsbank) eigi síðar en einu ári eftir að þátttökuskilyrðin hafa verið uppfyllt.

3. Beiting hollenskra laga um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna (Algemene nabestaandenwet (ANW))

a) Eigi eftirlifandi maki rétt á eftirlifendalífeyri samkvæmt lögum um almennar tryggingar eftirlifenda (Algemene Nabestaandenwet (ANW)), á grundvelli 3. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar, skal reikna þann lífeyri út í samræmi við b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar.

Við beitingu þessara ákvæða skal einnig litið svo á að tryggingatímabil fyrir 1. október 1959 séu tryggingatímabil sem er lokið samkvæmt hollenskri löggjöf ef hinn tryggði, á þessum tíma, eftir 15 ár aldur:

— hafði fasta búsetu í Hollandi eða

— var búsettur í öðru aðildarríki þegar hann starfaði í Hollandi hjá vinnuveitanda sem hafði staðfestu í Hollandi eða

— starfaði í öðru aðildarríki á tímabilum sem teljast tryggingatímabil samkvæmt hollensku almannatryggingakerfi.

b) Ekki skal taka tillit til tímabila sem taka ber tillit til skv. a-lið 3. liðar og falla saman við skyldutryggingatímabil sem er lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis að því er varðar eftirlifendalífeyri.

c) Að því er varðar b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar skulu aðeins tryggingatímabil, sem er lokið samkvæmt hollenskri löggjöf eftir 15 ára aldur, teljast tryggingatímabil.

d) Þrátt fyrir 1. mgr. 63. gr. a í ANW skal heimila einstaklingi, sem er búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi og maki hans fellur undir skyldutryggingu samkvæmt ANW, að kaupa sér frjálsa tryggingu samkvæmt þeirri löggjöf, að því tilskildu að slík trygging hafi tekið gildi eigi síðar en á gildistökudegi þessarar reglugerðar, en eingöngu fyrir tímabil þegar makinn er tryggður skyldutryggingu.

Þessi heimild fellur úr gildi frá og með þeim degi að skyldutrygging maka fellur niður samkvæmt ANW, nema skyldutrygging maka falli niður vegna andláts hans og hinn eftirlifandi fái einungis lífeyri samkvæmt hollenskum lögum um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna (ANW).

Hvað sem öðru líður fellur heimild vegna frjálsra trygginga úr gildi þegar hinn tryggði nær 65 ára aldri.

Iðgjöld vegna frjálsrar tryggingar skulu ákveðin í samræmi við ákvæði er lúta að ákvörðun iðgjalda frjálsra trygginga samkvæmt ANW. Ef frjálsa tryggingin kemur á eftir tryggingatímabili, sem um getur í b-lið 2. liðar, skal þó fastsetja iðgjaldið í samræmi við ákvæðin um fastsetningu iðgjalda vegna skyldutryggingar samkvæmt ANW, með hliðsjón af þeim tekjum sem talið er að hafi fengist í Hollandi.

4. Beiting hollenskrar löggjafar um óvinnufærni

a) Eigi hlutaðeigandi einstaklingur rétt á hollenskum örorkubótum skv. 3. mgr. 51. gr. þessarar reglugerðar skal sú fjárhæð, sem um getur í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar fyrir útreikning á bótunum, ákvörðuð:

i. hafi einstaklingurinn, fyrir þann tíma er óvinnufærnin kom fram, síðast verið við vinnu sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar:

— í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lögum um tryggingar vegna óvinnufærni (Wet op arbeidsongeschiktheidsverzekering (WAO)) hafi óvinnufærnin komið fram fyrir 1. janúar 2004 eða

— í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lögum um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (Wet Werk en inkomen naar arbeidsvermogen (WIA)) hafi óvinnufærnin komið fram eftir 1. janúar 2004,

ii. hafi hlutaðeigandi einstaklingur, fyrir þann tíma er óvinnufærnin kom fram, síðast verið við vinnu sem sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi b-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lögum um óvinnufærni sjálfstætt starfandi einstaklinga (Wet arbeidsongeschiktheidsverzekering zelfstandingen (WAZ)), hafi óvinnufærnin komið fram fyrir 1. ágúst 2004.

b) Við útreikning bóta samkvæmt lögum um tryggingar vegna óvinnufærni (WAO), lögum um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA) eða lögum um óvinnufærni sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ) skulu hollenskar stofnanir taka til greina:

— tímabil launaðrar atvinnu og tímabil sem er farið með sem slík og hefur verið lokið í Hollandi fyrir 1. júlí 1967,

tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um tryggingar vegna óvinnufærni (WAO),

tryggingatímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið eftir 15 ára aldur samkvæmt almennum lögum um óvinnufærni (Algemene Arbeidsongeschiktheidswet (AAW)), enda falli þau ekki saman við tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um tryggingar vegna óvinnufærni (WAO),

tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um óvinnufærni sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ),

— tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA).

AUSTURRÍKI

1. Með tilliti til þess að ávinna sér lífeyristryggingatímabil skal litið svo á að viðvera í skóla eða sambærilegri menntastofnun í öðru aðildarríki jafngildi viðveru í skóla eða menntastofnun, skv. 1. lið. 1. mgr. 227. gr. og 3. lið 1. mgr. 228. gr. laga um almannatryggingar (Allgemeines Sozialversicherungsgesetz (ASVG)), 7. mgr. 116. gr. laga um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við verslun og viðskipti (Gewerbliches Sozialversicherungsgesetz (GSVG)) og 7. mgr. 107. gr. laga um almannatryggingar fyrir bændur (Bauern-Sozialversicherungsgesetz (BSVG)), hafi hlutaðeigandi einstaklingur á einhverjum tíma heyrt undir austurríska löggjöf á grundvelli þess að hann hafi stundað starf á eigin vegum eða annarra og að þau sérstöku iðgjöld, sem kveðið er á um skv. 3. mgr. 227. gr. laga um almannatryggingar (ASVG), 9. mgr. 116. gr. laga um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við verslun og viðskipti (GSVG) og 9. mgr. 107. gr. laga um almannatryggingar fyrir bændur (BSGV), með tilliti til þess að ávinna sér slík námstímabil, hafi verið greidd.

2. Við útreikning á hlutfallslegum bótum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki taka tillit til sérstakra viðbótarframlaga vegna viðbótartrygginga og viðbótarbóta fyrir námumenn samkvæmt austurrískri löggjöf. Í þeim tilvikum skal, ef við á, hækka hlutfallslegu bæturnar, sem eru reiknaðar út án þessara iðgjalda, sem nemur óskertu sérstöku viðbótarframlagi vegna viðbótartrygginga og viðbótarbóta fyrir námumenn.

3. Ef, á grundvelli 6. gr. þessarar reglugerðar, lokið er uppbótartímabilum samkvæmt austurrísku lífeyristryggingakerfi en ekki er hægt að leggja þau til grundvallar útreikningi skv. 238. og 239. gr. laga um almannatryggingar (Allgemeines Sozialversicherungsgesetz (ASVG)), 122. og 123. gr. laga um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við verslun og viðskipti (Gewerbliches Sozialversicherungsgesetz (GSVG)) og 113. og 114. gr. laga um almannatryggingar fyrir bændur (Bauern-Sozialversicherungsgesetz (BSVG)) skal nota grundvöll útreikninga fyrir tímabil umönnunar barna skv. 239. gr. laga um almannatryggingar (ASVG), 123. gr. um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við verslun og viðskipti (GSVG) og 114. gr. laga um almannatryggingar fyrir bændur.

FINNLAND

1. Þegar ákvarða á rétt og reikna út fjárhæð finnsks almannalífeyris skv. 52.–54. gr. þessarar reglugerðar er lífeyrir, sem er áunninn samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, meðhöndlaður á sama hátt og lífeyrir sem er áunninn samkvæmt finnskri löggjöf.

2. Við beitingu i. liðar í b-lið 1. mgr. 52. gr. vegna útreiknings á tekjum á tímabilum, sem eru færð til tekna samkvæmt finnskri löggjöf um tekjutengdan lífeyri, þegar einstaklingur hefur lokið lífeyristryggingatímabilum, sem byggja á atvinnu sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í öðru aðildarríki fyrir hluta viðmiðunartímabilsins samkvæmt finnskri löggjöf, skulu tekjur á því tímabili, sem er fært til tekna, vera jafnar heildarfjárhæð tekna sem aflað var á þeim hluta viðmiðunartímabilsins sem varðar Finnland, deilt með fjölda mánaða tryggingatímabila í Finnlandi á viðmiðunartímabilinu.

SVÍÞJÓÐ

1. Þegar greiðsla vegna foreldraorlofs er innt af hendi skv. 67. gr. þessarar reglugerðar til aðstandanda, sem er ekki í starfi, samsvarar greiðslan grunnfjárhæð eða lægstu fjárhæð.

2. Við útreikning á greiðslum vegna foreldraorlofs í samræmi við 6. mgr. 4. kafla laga um almannatryggingar (Lag (1962:381)) til einstaklinga, sem uppfylla skilyrði fyrir greiðslum vegna foreldraorlofs sem byggjast á atvinnuþátttöku, gildir eftirfarandi:

Þegar tekjur foreldris, sem veita rétt á sjúkrabótum, eru reiknaðar út á grundvelli tekna af launuðu starfi í Svíþjóð, telst þeirri kröfu fullnægt að hafa haft sjúkratryggingu, sem er yfir lægstu fjárhæð, í a.m.k. 240 daga samfellt fyrir fæðingu barnsins ef foreldrið hafði tekjur á fyrrgreindu tímabili af launuðu starfi í öðru aðildarríki sem samsvarar tryggingu yfir lægstu fjárhæð.

3. Ákvæði þessarar reglugerðar um söfnun trygginga- og búsetutímabila gilda ekki um umbreytingarákvæðin í sænskri löggjöf um rétt til lágmarkslífeyris fyrir einstaklinga sem eru fæddir 1937 eða fyrr og hafa verið búsettir í Svíþjóð í tilgreindan tíma áður en þeir sækja um lífeyri (lög 2000:798).

4. Við útreikning á tekjum fyrir hugsaðar tekjutengdar sjúkrabætur og tekjutengdar ástundunargreiðslur í samræmi við 8. kafla laga um almannatryggingar (Lag (1962:381) om allmän försäkring) gildir eftirfarandi:

   a) ef hinn tryggði hefur, á viðmiðunartímabilinu, einnig fallið undir löggjöf annarra aðildarríkja, eins eða fleiri, vegna starfs sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skulu tekjur í hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum teljast vera jafngildar meðalbrúttótekjum hins tryggða í Svíþjóð á hluta viðmiðunartímabilsins í Svíþjóð, reiknað út með því að deila tekjum í Svíþjóð með þeim fjölda ára þegar þessara tekna var aflað,

   b) ef bætur er reiknaðar út skv. 46. gr. þessarar reglugerðar og einstaklingar eru ekki tryggðir í Svíþjóð skal viðmiðunartímabilið ákvarðað í samræmi við 2. og 8. mgr. 8. kafla í framangreindum lögum, eins og hlutaðeigandi einstaklingur væri tryggður í Svíþjóð. Hafi hlutaðeigandi einstaklingur ekki lífeyrisskapandi tekjur á þessu tímabili samkvæmt lögum um tekjutengdan ellilífeyri (1998:674) má viðmiðunartímabilið miðast við fyrri tímapunkt þegar hinn tryggði einstaklingur hafði tekjur af starfsemi í Svíþjóð.

5. a) Réttur til eftirlifendalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er bundinn því að hinn látni hafi verið tryggður í þrjú ár af næstliðnum fimm almanaksárum fyrir andlátið (viðmiðunartímabilið); ef þessi krafa er ekki uppfyllt er við útreikning á hugsaðri lífeyriseign vegna tekjutengds eftirlifendalífeyris tekið tillit til tryggingatímabila sem var lokið í öðru aðildarríki eins og þeim hefði verið lokið í Svíþjóð. Tryggingatímabil, sem er lokið í öðrum aðildarríkjum, skulu talin byggja á meðaltali þeirra tekna í Svíþjóð sem veita rétt til lífeyris. Ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur aðeins lokið einu ári í Svíþjóð, sem veitir rétt til lífeyris, skal reikna öll tryggingatímabil í öðrum aðildarríkjum með sömu fjárhæð.

   b) Réttur til ekknalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er bundinn því að lífeyrisstigum hafi verið safnað í tvö af næstliðnum fjórum árum fyrir andlát hins tryggða (viðmiðunartímabil); ef ekki er farið að þessari kröfu og hafi hinn tryggði lokið tryggingatímabilum í öðru aðildarríki á viðmiðunartímabilinu skal litið svo á, við útreikning á hugsuðum lífeyrisstigum, sem veita rétt til ekknalífeyris við andlát eftir 1. janúar 2003, að þessi ár byggi á sama fjölda lífeyrisstiga og þau ár sem er lokið í Svíþjóð.

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Þegar einstaklingur getur, í samræmi við breska löggjöf, átt tilkall til eftirlaunalífeyris enda:

   a) séu iðgjöld fyrrverandi maka talin með sem eigin iðgjöld eða

   b) hafi maki eða fyrrverandi maki þess einstaklings uppfyllt viðkomandi skilyrði um iðgjöld skulu ákvæði 5. kafla í III. bálki þessarar reglugerðar gilda við ákvörðun á bótarétti samkvæmt breskri löggjöf að því tilskildu að maki eða fyrrverandi maki sé eða hafi verið launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja. Í því tilviki skal túlka tilvísanir í áðurnefndum 5. kafla til „tryggingatímabila“ sem tímabil sem lokið hefur verið af hálfu:

      i. maka eða fyrrverandi maka, ef krafa til bóta er gerð af hálfu:

         — giftrar konu eða

         — einstaklings sem var í hjónabandi sem lauk með öðrum hætti en með andláti maka eða

      ii. fyrrverandi maka, ef krafa til bóta er gerð af hálfu:

         — ekkils sem átti ekki, rétt áður en hann náði eftirlaunaaldri, rétt á greiðslum fyrir ekkla/ekkjur með börn eða

         — ekkju sem átti ekki, rétt áður en hún náði eftirlaunaaldri, rétt á greiðslum fyrir ekkjur með börn, fyrir ekkla/ekkjur með börn eða ekknalífeyri eða sem á einvörðungu rétt á aldurstengdum ekknalífeyri sem reiknaður er út skv. b-lið 1. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar, en í þessu sambandi merkir „aldurstengdur ekknalífeyrir“ ekknalífeyri sem er greiddur út í lækkuðu hlutfalli í samræmi við 4. mgr. 39. gr. laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga frá 1992.

2. Við beitingu 6. gr. reglugerðarinnar vegna ákvæða um rétt á umönnunargreiðslum (attendance allowance, carer's allowance) og framfærslugreiðslum til fatlaðra einstaklinga (disability living allowance) skal taka til greina starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða búsetutímabil sem er lokið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en Breska konungsríkisins, að svo miklu leyti sem þörf er á til að uppfylla kröfuna um búsetu í Breska konungsríkinu fyrir þann dag sem réttur til umræddra bóta kemur fyrst fram.

3. Að því er varðar 7. gr. reglugerðarinnar, þegar um er að ræða örorku-, elli- eða eftirlifendabætur í peningum, lífeyri vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma og dánarstyrki, skal greiðsluþegi samkvæmt breskri löggjöf sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis teljast búsettur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis á meðan á dvöl hans stendur.

4. Við beitingu 46. gr. reglugerðarinnar skal Breska konungsríkið, ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur orðið óvinnufær og síðan öryrki á meðan hann heyrði undir löggjöf annars aðildarríkis, að því er varðar 5. mgr. 30. þáttar A í lögum frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act 1992), taka til greina hvert það tímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur fengið, vegna þeirrar óvinnufærni:

   i. sjúkrabætur í peningum eða kaup eða laun þess í stað eða

   ii. bætur í skilningi 4. og 5. kafla III. bálks þessarar reglugerðar, sem eru greiddar vegna örorkunnar sem kom í kjölfar þessarar óvinnufærni, samkvæmt löggjöf hins aðildarríkisins, eins og um væri að ræða tímabil sem bætur vegna óvinnufærni til skemmri tíma hefðu verið greiddar í samræmi við 1.-4. mgr. 30. þáttar A í lögum frá 1992 um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act 1992).

   Við beitingu þessa ákvæðis skal einungis taka tillit til tímabila þegar einstaklingur hefði verið ófær um að stunda vinnu í skilningi breskrar löggjafar.

5. 1) Þegar reikna skal út tekjuþátt í þeim tilgangi að ákvarða rétt til bóta, samkvæmt breskri löggjöf, fyrir hverja starfsviku sem launþegi heyrði undir löggjöf annars aðildarríkis og hófst á viðkomandi tekjuskattsári í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins, telst hann hafa greitt iðgjöld launþega, eða hafa tekjur sem iðgjöld hafa verið greidd af, á grundvelli tekna sem jafngildar eru tveimur þriðju af hámarkstekjum þess árs.

   2) Við beitingu ii. liðar í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar þegar:

      a) launþegi hefur lokið trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum alfarið í öðru aðildarríki en Breska konungsríkinu, á tekjuskattsári sem hefst 6. apríl 1975 eða síðar, og beiting 1. mgr. 5. liðar hér að framan leiðir til þess að það ár telst með í skilningi breskrar löggjafar vegna i. liðar í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar, telst hann hafa verið tryggður í 52 vikur á því ári í hinu aðildarríkinu,

      b) tekjuskattsár, sem hefst 6. apríl 1975 eða síðar, telst ekki með í skilningi breskrar löggjafar hvað viðkemur i. lið í b-lið 1. mgr. 52. gr. þessarar reglugerðar skal alfarið horft framhjá trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum á því ári.

   3) Þegar breyta á tekjuþætti í tryggingatímabil skal deila í tekjur viðkomandi tekjuskattsárs í skilningi breskrar löggjafar með lágmarkstekjum þess árs. Niðurstöðuna skal birta í heilum tölum en brotum sleppt. Niðurstöðutalan stendur þá fyrir fjölda tryggingavikna sem lokið hefur verið samkvæmt breskri löggjöf á því ári, að því tilskildu að talan fari ekki fram úr þeim vikufjölda á því ári þegar einstaklingurinn heyrði undir umrædda löggjöf."

ÁKVÖRÐUN nr. A1 frá 12. júní 2009 **2012/EES/12/05**

um að koma á samráðs- og sáttaferli varðandi gildi skjala, það hvaða löggjöf skuli gilda og úthlutun bóta samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (*)

(2010/C 106/01)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 3. mgr., annarri undirgrein 4. mgr. og 6. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samvinnuskyldu lögbærra yfirvalda og stofnana aðildarríkjanna til að tryggja rétta framkvæmd reglugerðanna,

með hliðsjón af 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um lagalegt gildi skjala og fylgigagna sem sýna stöðu einstaklings,

með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um bráðabirgðabeitingu löggjafar og bráðabirgðaúthlutun bóta þegar upp kemur ágreiningur milli stofnana eða yfirvalda tveggja eða fleiri aðildarríkja um það hvaða löggjöf skuli gilda,

með hliðsjón af 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um að koma á málsmeðferð vegna beitingar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um að koma á málsmeðferð vegna beitingar 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ein meginforsenda þess að reglur Bandalagsins um samræmingu almannatryggingakerfa geti verið skilvirkar er náið og skilvirkt samstarf milli yfirvalda og stofnana hinna ýmsu aðildarríkja.

2) Einn liður í góðu samstarfi samkvæmt reglugerðunum er upplýsingaskipti milli yfirvalda og stofnana og einstaklinga sem byggist á meginreglunum um opinbera þjónustu, skilvirkni, virka aðstoð, skjóta afhendingu og aðgengi.

3) Það er í þágu bæði stofnananna og yfirvaldanna og viðkomandi einstaklinga að allar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að geta komið á og ákvarðað réttindi og skyldur hlutaðeigandi einstaklings, séu veittar eða þeim miðlað án tafar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1

4) Grundvallarreglan um samstarf af heilindum, sem einnig er mælt fyrir um í 10. gr. sáttmálans, útheimtir einnig að stofnanir láti fara fram viðeigandi mat á þeim staðreyndum sem varða beitingu reglugerðanna. Ef upp kemur vafi um gildi skjals eða réttmæti fylgigagna eða þegar upp kemur ágreiningur milli aðildarríkja um það hvaða löggjöf skuli gilda eða hvaða stofnun skuli greiða bætur er það í þágu hlutaðeigandi einstaklings, sem heyrir undir reglugerð (EB) nr. 883/2004, að stofnanir eða yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum komist að samkomulagi innan hæfilegs tíma.

5) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um sáttaferli sem ber að fylgja í þessum tilvikum.

6) Þessi ákvæði staðfesta og rýmka dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([1]) en samkvæmt henni hefur staðlað ferli verið mótað fyrir deilur milli aðildarríkja, sem snúa að gildi vottorða vegna útsendingar, og þau hafa verið felld inn í fyrri ákvörðun 181 frá framkvæmdaráði Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega ([2]).

7) Í 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um að í þeim tilvikum þegar samkomulag næst ekki milli hlutaðeigandi stofnana og yfirvalda sé hægt að vísa málinu til framkvæmdaráðsins.

8) Í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er kveðið á um að einnig skuli fylgja þessu ferli þegar upp kemur ágreiningur milli stofnana eða yfirvalda varðandi beitingu 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

9) Ákvæði 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 fela í sér svipaða tilvísun í 6. gr. þessarar reglugerðar þegar upp kemur ágreiningur um það hvaða löggjöf skuli gilda samkvæmt forgangsrétti á sviði fjölskyldubóta.

10) Þessi ákvæði byggjast á 6. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 þar sem kveðið er á um að komi upp erfiðleikar við túlkun eða beitingu þeirrar reglugerðar skuli stofnun í lögbæru aðildarríki eða búsetuaðildarríki snúa sér til stofnana í hlutaðeigandi aðildarríkjum og þar sem kveðið er á um að málum megi vísa til framkvæmdaráðsins finnist engin lausn innan hæfilegs tíma.

11) Aðildarríkin hafa lýst því yfir að þörf sé á að fastsetja staðlað ferli sem ber að fylgja áður en hægt er að vísa máli til framkvæmdaráðsins og að skilgreina nánar hlutverk framkvæmdaráðsins við að sætta andstæð sjónarmið stofnana um það hvaða löggjöf skuli gilda.

12) Svipað ferli hefur þegar verið fastsett með nokkrum tvíhliða samningum milli aðildarríkja. Þeir samningar voru notaðir sem fyrirmynd þessarar ákvörðunar.

13) Til að hraða ferlinu þykir ráðlegt að samskipti milli tengiliða stofnana og yfirvalda fari fram með rafrænum hætti.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur um samráðs- og sáttaferli sem hægt er að fylgja í eftirfarandi tilvikum:

   a) þegar upp kemur vafi um gildi skjals eða að fylgigögn með upplýsingum um stöðu einstaklings séu rétt að því er varðar beitingu reglugerðar (EB) nr. 883/2004 eða reglugerðar (EB) nr. 987/2009 eða

   b) í málum þar sem upp kemur ágreiningur milli aðildarríkja um það hvaða löggjöf skuli gilda.

2. Fylgja skal samráðs- og sáttaferlinu áður en málum er vísað til framkvæmdaráðsins.

3. Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um þá stjórnsýslumeðferð sem fylgja skal samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis.

4. Ef málinu hefur verið skotið til æðra dóms- eða stjórnsýslustigs skal hætta samráðs- og sáttaferlinu samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem stofnunin, sem gefur umrætt skjal út, er staðsett.

([1]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.
([2]) Stjtíð. EB L 329, 14.12.2001, bls. 73.

5. Stofnun eða yfirvald sem lýsir yfir efasemdum um gildi skjalsins, sem gefið var út hjá stofnun eða yfirvaldi annars aðildarríkis, eða er ósammála (bráðabirgða)ákvörðun um það hvaða löggjöf skuli gilda er hér á eftir nefnd „stofnun sem leggur fram beiðni“. Stofnun hins aðildarríkisins er hér á eftir nefnd „stofnun sem beiðni er beint til“.

Fyrsta stig samráðferlisins

6. Ef upp koma einhverjar þær aðstæður, sem um getur í 1. lið, snýr sú stofnun sem leggur fram beiðni sér til þeirrar stofnunar sem beiðni er beint til og biður um nauðsynlegar útskýringar á ákvörðun hennar og, ef við á, að ákvörðunin verði dregin til baka eða yfirlýsing gefin þess efnis að viðkomandi skjal sé ógilt eða að ákvörðunin verði endurskoðuð eða ógilt.

7. Sú stofnun sem leggur fram beiðni rökstyður beiðni sína og sýnir fram á að þessi ákvörðun eigi við og leggur fram viðeigandi fylgigögn sem styðja beiðnina. Stofnunin tekur fram hver verður tengiliður hennar á fyrsta stigi samráðsferlisins.

8. Sú stofnun sem beiðni er beint til staðfestir viðtöku beiðninnar með tölvupósti eða símbréfi án tafar og eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að beiðnin berst. Stofnunin skal einnig taka fram hver tengiliður hennar verður á fyrsta stigi samráðsferlisins.

9. Sú stofnun sem beiðni er beint til upplýsir þá stofnun sem leggur fram beiðni um niðurstöðu rannsóknar sinnar eins skjótt og auðið er en eigi síðar en þremur mánuðum eftir viðtöku beiðninnar.

10. Ef upprunalega ákvörðunin er staðfest, hún afturkölluð og/eða skjalið dregið til baka eða lýst ógilt skal sú stofnun sem leggur fram beiðni tilkynna það þeirri stofnun sem beiðni er beint til. Hún skal einnig tilkynna viðkomandi einstaklingi og, ef við á, vinnuveitanda hans um ákvörðun sína og um þá málsmeðferð sem kveðið er á um í þeirri landslöggjöf sem stofnunin starfar eftir og varðar leiðir til andmæla.

11. Ef sú stofnun sem beiðni er beint til getur ekki lokið rannsókn sinni innan þriggja mánaða vegna þess hversu flókið málið er eða vegna þess að sannprófun ákveðinna gagna krefst þátttöku annarrar stofnunar getur hún lengt frestinn um allt að þrjá mánuði. Sú stofnun sem beiðni er beint til skal upplýsa þá stofnun sem leggur fram beiðni um framlenginguna eins skjótt og auðið er en a.m.k. einni viku áður en fyrsti fresturinn rennur út, skal rökstyðja seinkunina og tilgreina hvenær áætlað er að rannsókn ljúki.

12. Í sérstökum undantekningartilvikum geta hlutaðeigandi aðildarríki samþykkt að víkja frá þeim tímamörkum sem skilgreind eru í 9. og 11. lið, að því tilskildu að framlengingin sé rökstudd og hófleg í ljósi aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig og með tímamörkum.

Annað stig samráðsferlisins

13. Ef stofnanirnar komast ekki að samkomulagi á fyrsta stigi samráðsferlisins eða ef sú stofnun sem beiðni er beint til hefur ekki getað lokið rannsókn sinni innan 6 mánaða frá móttöku beiðninnar skulu stofnanirnar tilkynna það lögbærum yfirvöldum sínum. Stofnanirnar skulu hvor um sig halda skrá yfir starfsemi sína.

14. Lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja geta ákveðið að hefja annan áfanga samráðsferlisins eða að vísa málinu beint til framkvæmdaráðsins.

15. Ef lögbær yfirvöld hefja annan áfanga samráðsferlisins skulu þau hvert um sig tilnefna aðaltengilið innan tveggja vikna frá því að stofnanirnar létu þau vita. Ekki er nauðsynlegt að tengiliðir hafi beinar valdheimildir á viðkomandi sviði.

16. Tengiliðir skulu leitast við að ná sáttum í málinu innan sex vikna frá því að þeir eru tilnefndir. Tengiliðir skulu hver um sig halda skrá yfir störf sín og tilkynna stofnununum um niðurstöðu annars áfanga samráðsferlisins.

Sáttaferlið

17. Ef ekki næst samkomulag á meðan á samráðsferlinu stendur er lögbærum yfirvöldum heimilt að fara með málið fyrir framkvæmdaráðið. Lögbær yfirvöld semja hvert fyrir sig greinargerð yfir helstu ágreiningssatriði og leggja fyrir framkvæmdaráðið.

18. Framkvæmdaráðið skal leitast við að sætta sjónarmiðin innan sex mánaða frá þeim degi þegar málið var lagt fyrir það. Það getur ákveðið að vísa málinu til sáttanefndar sem koma má á fót samkvæmt reglum framkvæmdaráðsins.

Lokaákvæði

19. Aðildarríkin skulu ár hvert gefa framkvæmdaráðinu skýrslu um fjölda ágreiningsmála sem fara í það ferli, sem sett er fram í þessari ákvörðun, hvaða aðildarríki eiga hlut að máli, helstu ágreiningsefni, hve lengi ferlið stendur yfir og niðurstöður úr því.

20. Aðildarríkin skulu leggja fram fyrstu ársskýrslu sínar innan þriggja mánaða frá lokum fyrsta ársins sem þessari ákvörðun var beitt.

21. Framkvæmdaráðið skal meta reynslu aðildarríkjanna af beitingu þessarar ákvörðunar innan þriggja mánaða frá viðtöku fyrstu ársskýrslunnar og hafa hliðsjón af skýrslum aðildarríkjanna. Framkvæmdaráðið ákveður eftir lok fyrsta árs hvort skýrslugjöf skuli vera árleg eða ekki.

22. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

ÁKVÖRÐUN nr. A2 **2012/EES/12/06**

frá 12. júní 2009

um túlkun 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um löggjöf sem útsendir starfsmenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem starfa tímabundið utan lögbærs ríkis, heyra undir (*)

(2010/C 106/02)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 5., 6. og 14.–21. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, sem gera ráð fyrir undantekningu frá almennu reglunni sem mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, miða einkum að því að auðvelda vinnuveitendum, sem senda launþega til starfa í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu, að nýta frelsið til að veita þjónustu og jafnframt að auðvelda starfsmönnum að nýta frelsi til farar til annarra aðildarríkja. Ákvæði þessi miða einnig að því að ryðja úr vegi hindrunum sem líklegt má telja að hindri frjálsa för fólks og að því að hvetja til efnahagslegs samruna jafnframt því að forðast stjórnsýsluvandkvæði, einkum að því er varðar starfsmenn og fyrirtæki.

2) Þannig er markmiðið með þessum ákvæðum að forða starfsmönnum, vinnuveitendum og almannatryggingastofnunum frá stjórnsýsluvandkvæðum, sem beiting almennu reglunnar í a-lið 3. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar gæti haft í för með sér, þegar um er að ræða stuttan starfstíma í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem fyrirtækið er með skráða skrifstofu eða starfsstöð eða ríkinu þar sem sjálfstætt starfandi einstaklingur stundar alla jafna starfsemi sína.

3) Fyrsta grundvallarskilyrðið við beitingu 1. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar er að fyrir hendi séu bein tengsl milli vinnuveitandans og starfsmannsins sem hann ræður til starfa.

4) Vernd starfsmannsins og réttaröryggi, sem hann og stofnunin, sem hann er tryggður hjá, eiga rétt á, er undir því komin að tryggt sé með öllum ráðum að bein tengsl haldist allt útsendingartímabilið.

5) Annað grundvallarskilyrði við beitingu 1. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar er að fyrir hendi séu tengsl milli vinnuveitandans og aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu. Af þeim sökum skal takmarka möguleikann á að senda starfsmann til starfa utan aðalstöðva við fyrirtæki sem að jafnaði reka starfsemi í aðildarríki þar sem útsendi starfsmaðurinn heyrir áfram undir löggjöf. Þannig myndu framangreind ákvæði eingöngu gilda um fyrirtæki sem reka að jafnaði verulega starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu.

6) Tilgreina skal viðmiðunartímabil fyrir launaða starfsmenn og sjálfstætt starfandi einstaklinga með fyrirvara um mat í einstökum tilvikum.

7) Trygging fyrir því að beinum tengslum sé viðhaldið er ekki lengur fyrir hendi ef útsendi starfsmaðurinn, sem starfar utan aðalstöðva, er látinn vera til reiðu fyrir þriðja fyrirtæki.

8) Á meðan útsendingatímabilið varir er nauðsynlegt að hægt sé að hafa náið eftirlit, einkum með greiðslu iðgjalda og því að beinum tengslum sé viðhaldið, til að koma í veg fyrir misbeitingu framangreindra ákvæða og til að tryggja að stjórnsýslustofnanir, vinnuveitendur og starfsmenn fái viðeigandi upplýsingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

9) Bæði starfsmaðurinn og vinnuveitandinn verða að vera vel upplýstir um hvaða skilyrði eru fyrir því að útsendi starfsmaðurinn megi heyra áfram undir löggjöf landsins sem hann hefur verið sendur frá.

10) Þar til bærar stofnanir skulu meta og hafa eftirlit með stöðu fyrirtækja og starfsmanna og tryggja á viðeigandi hátt að ekki sé gengið á frelsi til að veita þjónustu eða á frjálsa för starfandi fólks.

11) Grundvallarreglan um samstarf af heilindum, sem mælt er fyrir um í 10. gr. sáttmálans, leggur þar til bærum stofnunum ýmsar skyldur á herðar varðandi beitingu 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gilda um starfsmann, sem heyrir undir löggjöf aðildarríkis (sendiríkis) á þeim forsendum að hann stundi launað starf á vegum vinnuveitanda og sé sendur af þeim vinnuveitanda til annars aðildarríkis (ráðningarríkis) til að starfa þar á vegum fyrrnefnds vinnuveitanda.

Vinnan telst unnin fyrir vinnuveitanda í sendiríki hafi það verið staðfest að hún sé unnin fyrir hann og að bein tengsl séu áfram á milli starfsmannsins og vinnuveitandans sem sendi hann.

Til að unnt sé að ganga úr skugga um að slík bein tengsl séu áfram fyrir hendi, og að því gefnu að starfsmaður starfi áfram á vegum vinnuveitandans sem sendi hann, þarf að taka tillit til ýmissa þátta, þ.m.t. ábyrgðar á ráðningu, ráðningarsamnings, launagreiðslu (með fyrirvara um mögulega samninga á milli vinnuveitanda í sendiríkinu og fyrirtækisins í ráðningarríkinu um greiðslu til starfsmanna), uppsagnar og heimildar til að ákvarða eðli starfsins.

Við beitingu 1. mgr. 14. gr. reglugerðar 987/2009 má til dæmis telja að starfsmaður hafi uppfyllt skilyrðin sem vísað er til með orðunum „strax áður en starf hans hefst“ ef hann hefur fallið undir löggjöf aðildarríkisins þar sem vinnuveitandinn hefur staðfestu í a.m.k. einn mánuð. Styttri tímabil hefðu í för með sér að fara þyrfti fram mat í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli allra annarra viðkomandi þátta.

Til þess að ákvarða, ef nauðsyn krefur og í vafamálum, hvort vinnuveitandi rekur að jafnaði verulega starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu, ber þar til bærri stofnun í því ríki að athuga hvað einkenni starfsemi vinnuveitandans, þ.m.t. staðinn þar sem fyrirtækið hefur skráða skrifstofu og yfirstjórn, fjölda skrifstofufólks í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu og í hinu aðildarríkinu, staðinn þar sem útsendir starfsmenn eru ráðnir og staðinn þar sem meirihluti samninga við viðskiptavini eru gerðir, lög sem gilda um samninga milli fyrirtækisins og starfsmanna þess annars vegar og viðskiptavina hins vegar og veltuna á viðeigandi, dæmigerðu tímabili í hvoru hlutaðeigandi aðildarríki og fjölda samninga sem gerðir eru í sendiríkinu. Listinn er ekki tæmandi þar sem aðlaga skal viðmiðanir hverju tilviki fyrir sig og taka tillit til eðlis starfseminnar sem fyrirtækið stundar í ríkinu þar sem það hefur staðfestu.

2. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skal meta hvort kröfur aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn hefur staðfestu eru uppfylltar á grundvelli viðmiðunarreglna, s.s. hvort skrifstofurými er fyrir hendi, skattar eru greiddir, fagskírteini og virðisaukanúmer eru fyrir hendi eða skráning hjá verslunarráðum eða fagfélögum. Til dæmis má telja að viðkomandi hafi uppfyllt skilyrðin, sem vísað er til með orðunum „um þó nokkurn tíma fyrir þann dag sem hann óskar eftir að nýta sér ákvæði þeirrar greinar“, hafi hann stundað starfsemi sína í a.m.k. tvo mánuði. Styttri tímabil hefðu í för með sér að fara þyrfti fram mat í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli allra annarra viðkomandi þátta.

3. a) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar ákvörðunar gildir 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 áfram um starfslið utan aðalstöðva ef starfsmaðurinn, sem fyrirtækið í sendiríkinu sendir til starfa hjá fyrirtæki í ráðningarríkinu, er einnig sendur til starfa hjá einu eða fleiri fyrirtækjum í sama ráðningarríki, þó að svo miklu leyti sem starfsmaðurinn heldur áfram að inna starf sitt af hendi fyrir fyrirtækið sem sendi hann. Þetta getur m.a. átt við hafi fyrirtækið sent starfsmanninn til annars aðildarríkis til að inna af hendi, hvert á eftir öðru eða samtímis, störf í tveimur eða fleiri fyrirtækjum sem eru í sama aðildarríki. Mestu skiptir að vinnan sé áfram innt af hendi fyrir hönd fyrirtækisins sem sendir starfsmenn út til starfa utan aðalstöðva.

Útsending til ýmissa aðildarríkja, hvers á eftir öðru án hlés, skal í hverju tilviki fyrir sig leiða til nýrrar útsendingar í skilningi 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

b) Stutt hlé á vinnu starfsmanns við fyrirtæki í ráðningarríki, hver svo sem ástæðan kann að vera (orlof, veikindi, þjálfun hjá fyrirtækinu sem sendir starfsmenn út o.s.frv.) skal ekki teljast hlé á útsendingartímabili í skilningi 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

c) Þegar stafsmaður hefur lokið útsendingartímabili er í fyrsta lagi hægt að heimila nýtt útsendingartímabil hjá sama fyrirtæki og í sama aðildarríki tveimur mánuðum eftir að gildistími síðasta útsendingartímabils rennur út. Þó er heimilt að víkja frá þessari meginreglu við sérstakar aðstæður.

4. Ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gilda ekki eða falla úr gildi ef:

a) fyrirtækið, sem starfsmaðurinn hefur verið sendur til, ráðstafar honum til annars fyrirtækis í sama aðildarríki,

b) starfsmanni, sem hefur verið sendur til aðildarríkis, er ráðstafað til fyrirtækis í öðru aðildarríki,

c) starfsmaðurinn er ráðinn í aðildarríki til að fyrirtæki, sem er í öðru aðildarríki, sendi hann til fyrirtækis í þriðja aðildarríki.

5. a) Þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrir áfram undir löggjöf skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal með réttu lagi upplýsa vinnuveitandann og viðkomandi starfsmann um það með hvaða skilyrðum útsendur starfsmaður geti áfram heyrt undir löggjöf þess aðildarríkis sem hann kemur frá. Vinnuveitandanum skal því greint frá því að á útsendingartímabili kunni að fara fram eftirlit með því að þeim starfstíma sé ekki lokið. Athuganir af þessu tagi geta m.a. miðað að því að fylgjast með iðgjaldagreiðslum og hvort bein tengsl hafa haldist.

Þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur staðfestu og þar sem sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir áfram undir löggjöf skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal með réttu lagi upplýsa hann um það með hvaða skilyrðum hann geti áfram heyrt undir löggjöf þess aðildarríkis sem hann kemur frá. Hlutaðeigandi einstaklingi skal því greint frá því að á þeim tíma, sem hann stundar tímabundna starfsemi í starfsríkinu, kunni að fara fram eftirlit með því að skilyrðin, sem gilda um þá starfsemi, hafi ekki breyst. Slíkt eftirlit getur m.a. tekið til greiðslu iðgjalda og viðhalds þeirrar aðstöðu sem er nauðsynleg til að geta stundað starfsemina í ríkinu þar sem viðkomandi hefur staðfestu.

b) Jafnframt skulu útsendur starfsmaður og vinnuveitandi hans upplýsa þar til bæra stofnun sendiríkisins um breytingar sem kunna að verða á meðan á útsendingartímabil stendur, einkum:

- hafi útsending, sem sótt hefur verið um, ekki orðið að veruleika,

- hafi hlé orðið á starfseminni í öðru tilviki en því sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. þessarar ákvörðunar,

- hafi útsendum starfsmanni verið ráðstafað af vinnuveitanda sínum til annars fyrirtækis í sendiríkinu, einkum við samruna eða flutning fyrirtækis.

c) Þar til bær stofnun í sendiríkinu skal, eftir því sem við á og sé þess óskað, veita stofnun í ráðningarríkinu þær upplýsingar sem um getur í b-lið.

d) Þar til bærar stofnanir í sendiríkinu og í ráðningarríkinu skulu hafa samstarf um framkvæmd framangreinds eftirlits og tilvik þar sem vafi leikur á um að 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 eigi við.

6. Þar til bærar stofnanir skulu meta og fylgjast með þeim tilvikum sem falla undir 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og tryggja vinnuveitendum og starfsmönnum á viðeigandi hátt að ekki sé gengið á frelsi þeirra til að veita þjónustu eða frjálsa för fólks. Einkum verður að skilgreina á hlutlægan hátt þær viðmiðanir sem notaðar eru við að meta hvort fyrirtæki rekur að jafnaði starfsemi sína á yfirráðasvæði ríkis, hvort bein tengsl eru milli fyrirtækisins og starfsmannsins eða hvort sjálfstætt starfandi einstaklingur viðheldur þeirri aðstöðu sem er nauðsynleg til að geta stundað starfsemina í tilteknu ríki, og beita þeim stöðugt og á samræmdan hátt í sömu eða svipuðum tilvikum.

7. Framkvæmdaráðið skal hvetja til samvinnu milli þar til bærra stofnana í aðildarríkjunum við beitingu 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og auðvelda eftirfylgni og miðlun upplýsinga, reynslu og góðra starfsvenja við setningu og stöðlun viðmiðana fyrir mat á stöðu fyrirtækja og starfsmanna og í tengslum við eftirlitsaðgerðirnar sem verða teknar upp. Framkvæmdaráðið skal í þessu skyni semja, í áföngum og í þágu yfirvalda á sviði stjórnsýslu, fyrirtækja og starfsmanna, leiðarvísi um góðar starfsvenjur við störf útsendra starfsmanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem starfa tímabundið utan þess ríkis þar sem þeir hafa staðfestu.

8. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

ÁKVÖRÐUN nr. E1 **2012/EES/12/07**

frá 12. júní 2009

um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (*)

(2010/C 106/03)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af d-lið 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 833/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið hvetja eins og hægt er til notkunar nýrrar tækni,

með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þar sem fram kemur að „Sending upplýsinga milli stofnana eða samskiptastofnana skal vera með rafrænum hætti ...“ og „Framkvæmdaráðið skal mæla fyrir um skipulag, innihald, framsetningu og nákvæmt fyrirkomulag vegna skipta á skjölum og skipulega uppsettum rafrænum skjölum“,

með hliðsjón af 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um aðlögunartímabilið, þar sem fram kemur að „Sérhvert aðildarríki getur nýtt sér aðlögunartímabil vegna rafrænnar miðlunar upplýsinga ...“ og að „Þessi aðlögunartímabil skulu ekki vera lengri en 24 mánuðir frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðarinnar“,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 heimilar framkvæmdaráðinu að mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag vegna nauðsynlegra aðlögunartímabila í því skyni að tryggja nauðsynlega miðlun upplýsinga við beitingu grunnreglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

2) Nauðsynlegt er að útskýra þær grundvallarreglur sem stofnanir þurfa að beita á meðan á aðlögunartímabilinu stendur.

3) Gert er ráð fyrir að eftir gildistökudag nýju reglugerðanna verði enn umtalsverður fjöldi umsókna í vinnslu, þar sem áunninn réttur samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([3]) myndaðist fyrir þann dag og að upplýsingaskipti grundvallist, í tengslum við þessar umsóknir, almennt á málsmeðferðinni sem sett er fram í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 ([4]), þ.m.t. notkun E-eyðublaðanna.

4) Ákvæði 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 felur í sér að við þær aðstæður, sem fram koma í fyrri forsendu, séu veittar „tvenns konar bætur“ og að bótaþegi fái hærri bæturnar.

5) Í langflestum eða öllum tilvikum hækka bæturnar, sem grundvallast á fyrri reglugerðum, þó ekki við beitingu nýju reglugerðanna. Í samræmi við það er talið óraunhæft að búast við að stofnanir beiti málsmeðferð bæði samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 574/72 og (EB) nr. 987/2009 við þessar aðstæður.

6) Ákvæði 5. mgr. ákvörðunar nr. H1 ([5]) skýrir stöðu vottorða (E-eyðublaða) og evrópska sjúkratryggingakortsins (þ.m.t. bráðabirgðavottorðanna) sem eru gefin út fyrir gildistökudag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

7) Innan aðlögunartímabilsins er það eingöngu aðildarríkjanna að ákveða hvenær þau eru reiðubúin, að öllu leyti eða á hverju sviði fyrir sig, að taka þátt í rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI).

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

([4]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 13

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Á aðlögunartímabilinu skal leiðbeinandi meginregla vera gott samstarf milli stofnana, gagnsemi og sveigjanleiki. Það sem mestu skiptir er þörfin á að tryggja snurðulaus umskipti fyrir borgarana þegar þeir nýta sér rétt sinn samkvæmt nýju reglugerðunum.

2. Frá og með gildistökudegi reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 munu pappírsútgáfur af skipulega uppsettum rafrænum skjölum (SED) koma í stað þeirra E-eyðublaða sem byggjast á reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.

3. Þrátt fyrir 2. lið geta aðildarríki, sem hafa eigin rafeindabúnað til að útbúa E-eyðublöð eða stunda rafræn gagnaskipti (t.d. Build-verkefnið) sem, ef allrar sanngirni er gætt, ekki er hægt að breyta innan þessara tímamarka, haldið áfram að nota þau á aðlögunartímabilinu, svo fremi réttur borgaranna samkvæmt nýju reglugerðunum sé að fullu tryggður.

4. Í öllum tilvikum, á meðan aðlögunartímabilið varir, skal stofnun samþykkja viðkomandi upplýsingar um hver þau skjöl sem gefin eru út af annarri stofnun, jafnvel þó að form skjalsins, innihald eða efnisskipan sé úrelt. Komi upp vafi um réttindi hlutaðeigandi borgara skal stofnunin hafa samband við útgáfustofnunina í anda góðrar samvinnu.

5. Eins og fram kemur í 5. lið ákvörðunar nr. H1 skulu E-eyðublöð, skjöl og evrópsk sjúkratryggingakort (þ.m.t. bráðabirgðavottorðin), sem gefin eru út fyrir gildistökudag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009, gilda áfram og skulu yfirvöld annarra aðildarríkja taka þau til greina jafnvel eftir þann dag, þar til þau renna úr gildi eða þar til þau eru afturkölluð eða þeim skipt út fyrir önnur skjöl sem gefin eru út eða tilkynnt samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

6. Sérhverju aðildarríki er heimilt að fylgja sveigjanlegri áfangaskiptri nálgun á hverju sviði fyrir sig við að koma á rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) eftir því sem það verður reiðubúið til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í gegnum einn eða fleiri aðgangspunkta. Aðildarríki getur einnig valið að taka þátt í rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar þegar öll svið þess eru orðin virk.

7. Það að „rafræn miðlun upplýsinga um almannatryggingar sé virk“ merkir að viðkomandi svið/aðgangspunktur geti bæði sent öll skilaboð á því sviði til aðgangspunkta annarra aðildarríkja og tekið við slíkum skilaboðum frá þeim.

8. Upplýsingarnar um hvaða svið í hvaða aðildarríki hefur tengst við rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar skulu liggja í skrá sem er aðgengileg stofnunum í aðildarríkjunum og einnig endurspeglast í skránni um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar. Í samræmi við það skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdaráðið skriflega fyrir þann dag sem þau tengjast kerfinu.

9. Á aðlögunartímabilinu skulu upplýsingaskipti milli tveggja aðildarríkja á tilteknu sviði annaðhvort falla undir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar eða utan slíkrar rafrænnar miðlunar en ekki má blanda aðferðunum saman, með fyrirvara um tvíhliða samninga sem kunna að varða t.a.m. sameiginlegar prófanir eða þjálfun eða sambærilegar ástæður.

10. Staðlað útlit skipulega uppsetta rafræna skjalsins, sem framkvæmdaráð mun þurfa að samþykkja, skal gert aðgengilegt stofnunum.

11. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

Ákvörðun nr. F1 **2012/EES/12/08**

frá 12. júní 2009

um túlkun 68. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 að því er varðar reglur um forgang þegar fjölskyldubætur skarast (*)

(2010/C 106/04)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af a- og b-lið 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar fleiri en einu aðildarríki ber að greiða fjölskyldubætur skal réttur til fjölskyldubóta frá aðildarríki, sem grundvallast á greiðslu lífeyris eða búsetu, falla niður allt að fjárhæð fjölskyldubóta frá aðildarríki þar sem um er að ræða réttindi á grundvelli starfs launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings. Þess vegna er mikilvægt að vita hvaða önnur tímabil eru reiknuð sem starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings svo að unnt sé að ákvarða forgangsröð þegar bætur skarast.

2) Í löggjöf tiltekinna aðildarríkja er kveðið á um að farið skuli með þau tímabil, þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur er ekki virkur í starfi eða rof verður vegna orlofs, atvinnuleysis, tímabundinnar óvinnufærni, verkfalla eða verkbanns, annaðhvort sem starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem veiti rétt til fjölskyldubóta eða litið svo á að þau séu tímabil utan vinnumarkaðar er gefa, ef við á, sjálfstæðan rétt til fjölskyldubóta eða rétt vegna fyrri atvinnuþátttöku sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur.

3) Í a- og b-lið 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er „starf launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings“ skilgreint sem „hvers konar starf eða sambærilegt sem talið er til starfa að því er varðar almannatryggingalöggjöf aðildarríkisins þar sem starfið eða sambærilegt er innt af hendi“.

4) Nauðsynlegt er að þekkja gildissvið réttinda „á grundvelli starfs launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings“ skv. 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 í því skyni að komast hjá óvissu eða mismunandi túlkun.

5) Í máli þar sem starfsmaður taldist ekki vera virkur í starfi tímabundið vegna þess að hann hafði fengið launalaust leyfi eftir fæðingu barns til þess að annast barn sitt vísaði Dómstóll Evrópubandalaganna ([3]) til 73. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([4]) í tengslum við a-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([5]). Launalaust leyfi af þessu tagi skal því einnig teljast til starfs launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings að því er varðar 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Í þessu samhengi ítrekaði Dómstóllinn að framangreind ákvæði gildi einungis að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur sé í starfi eða stundi eigin rekstur í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([6]) þar sem þess er krafist að viðkomandi einstaklingur sé tryggður á a.m.k. einu sviði almannatrygginga. Einstaklingar í launalausu leyfi, sem falla ekki lengur undir almannatryggingakerfi viðkomandi aðildarríkis, eru undanskildir að því er þetta varðar.

6) Þar eð kerfi fyrir launalaust leyfi eru mismunandi í aðildarríkjunum og stöðugar breytingar eru gerðar á landslöggjöf er ekki hægt að setja fram tæmandi skrá yfir tilvik þar sem einstaklingur í launalausu leyfi telst vera í starfi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. Þess vegna er ekki rétt að skilgreina öll þau tilvik þar sem launalaust leyfi af þessu tagi telst jafngilda starfi launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða þau tilvik þar sem nauðsynleg og náin tengsl við launaða starfsemi eru ekki fyrir hendi.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([3]) Dómur frá 7. júní 2005 í máli C-543/03, Dodl og Oberhollenzer gegn Tiroler Gebietskrankenkasse.

([4]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

([5]) Nú 67. gr. og a-liður 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

([6]) Nú c-liður 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Að því er 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 varðar skal litið svo á að réttur til fjölskyldubóta sé fyrir hendi „á grundvelli starfs launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings“, einkum:

   a) á grundvelli raunverulegs starfs launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings og

   b) á hverju því tímabili þegar starf launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings fellur niður tímabundið

      i. vegna veikinda, meðgöngu, vinnuslyss, atvinnusjúkdóms eða atvinnuleysis, að því tilskildu að laun eða bætur, að undanskildum lífeyri, séu greiddar vegna þessara tilvika eða

      ii. í launuðu leyfi, verkfalli eða verkbanni eða

      iii. í launalausu leyfi sem veitt er vegna barnauppeldis, að því tilskildu að leyfið sé talið jafngilda slíku starfi launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga í samræmi við viðeigandi löggjöf.

2. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

ÁKVÖRÐUN nr. H1 **2012/EES/12/09**

frá 12. júní 2009

um skiptin frá reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 yfir í reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 og beitingu ákvarðana og tilmæla framkvæmdaráðsins varðandi samræmingu almannatryggingakerfa (*)

(2010/C 106/05)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 87.–91. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 7. mgr. 64. gr. og 93.–97. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 taka gildi 1. maí 2010 og ákvæði reglugerða (EBE) nr. 1408/71 ([3]) og (EBE) nr. 574/72 ([4]) falla úr gildi þann sama dag, nema í tilvikum sem falla undir 1. mgr. 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

2) Með fyrirvara um 8. mgr. 87. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 94. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu kröfur, sem lagðar eru fram fyrir gildistökudag fyrrnefndra reglugerða, að meginreglu til falla áfram undir þau lög sem giltu um þær þegar þær voru lagðar fram og ákvæði fyrrnefndra reglugerða skulu eingöngu gilda um kröfur sem lagðar eru fram eftir að reglugerðirnar öðlast gildi.

3) Gildandi ákvarðanir framkvæmdaráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 74–208 og tilmæli nr. 14–23 verða úreltar frá og með þeim degi þegar reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 eru felldar úr gildi og reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 taka gildi.

4) Nauðsynlegt er að aðlaga tilteknar ákvarðanir og tilmæli, sem var beitt samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, til samræmis við ákvæði reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

5) Stofnanirnar þurfa gagnsæi og leiðbeiningar við beitingu ákvarðana og tilmæla framkvæmdaráðsins samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 eftir gildistökudag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

6) Sökum lagalegs og tæknilegs vanda, þröngs tímaramma og þeirrar nauðsynjar að forgangsraða tilteknum verkefnum framkvæmdaráðsins verða sumar ákvarðanirnar ekki tilbúnar til útgáfu fyrir gildistöku reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 heldur á síðari stigum.

7) Tiltekin ákvæði ákvarðana og tilmæla, sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, eru felld beint inn í ákvæði reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

8) Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

([4]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvarðanir og tilmæli, sem vísa til reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, gilda ekki í tilvikum sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

   Fyrrnefndar ákvarðanir og tilmæli gilda engu að síður áfram í þeim tilvikum þegar reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 halda gildi sínu og réttaráhrifum, einkum í þeim tilvikum sem falla undir annan undirlið 1. mgr. 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og annan undirlið 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

2. Engar ákvarðanir eða tilmæli koma í stað þeirra ákvarðana og tilmæla, sem talin eru upp í A-hluta viðaukans, að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

3. Í stað ákvarðana og tilmæla, sem talin eru upp í B-hluta viðaukans, komi nýjar tilgreindar ákvarðanir og tilmæli að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.

4. Framkvæmdaráðið skal eins fljótt og auðið er aðlaga ákvarðanir, sem taldar eru upp í C-hluta viðaukans, svo að þær samsvari ákvæðum reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 þar eð einnig þarf að beita meginreglunum í þessum ákvörðunum með tilliti til fyrrnefndra reglugerða.

5. Skjöl, sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (þ.e. E-eyðublöð, evrópsku sjúkratryggingakortin og bráðabirgðavottorð) og sem þar til bærar stofnanir, yfirvöld og aðrir aðilar aðildarríkja gefa út fyrir gildistökudag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009, skulu halda gildi sínu (þrátt fyrir að tilvísanirnar varði reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72) og skulu stofnanir, yfirvöld og aðrir aðilar taka tillit til þeirra, jafnvel eftir þann dag, þar til gildistími þeirra rennur út, þau eru afturkölluð eða önnur skjöl, sem eru gefin eru út eða send áfram samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009, koma í þeirra stað.

6. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

VIÐAUKI

A-HLUTI

(Ákvarðanir og tilmæli sem vísa til reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 án þess að önnur slík komi í þeirra stað að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009)

Ákvarðanir:

Ákvörðun 74

Ákvörðun 76

Ákvörðun 79

Ákvörðun 81

Ákvörðun 85

Ákvörðun 89

Ákvörðun 91

Ákvörðun 115

Ákvörðun 117

Ákvörðun 118

Ákvörðun 121

Ákvörðun 126

Ákvörðun 132

Ákvörðun 133

Ákvörðun 134

Ákvörðun 135

Ákvörðun 136

Ákvörðun 137

Ákvörðun 142

Ákvörðun 143

Ákvörðun 145

Ákvörðun 146

Ákvörðun 148

Ákvörðun 151

Ákvörðun 152

Ákvörðun 156

Ákvörðun 167

Ákvörðun 171

Ákvörðun 173

Ákvörðun 174

Ákvörðun 176

Ákvörðun 178

Ákvörðun 180

Ákvörðun 192

Ákvörðun 193

Ákvörðun 197

Ákvörðun 198

Ákvörðun 199

Ákvörðun 201

Ákvörðun 202

Ákvörðun 204

Tilmæli:

Tilmæli 15

Tilmæli 16

Tilmæli 17

Tilmæli 19

Tilmæli 20

Tilmæli 23

B-HLUTI

(Ákvarðanir og tilmæli sem vísa til reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 og víkja fyrir öðrum slíkum að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009)

Ákvarðanir sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72	Samsvarandi ákvarðanir sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 |
Ákvörðun 75	ÁKVÖRÐUN P1 |
Ákvörðun 83	ÁKVÖRÐUN U1 |
Ákvörðun 96	ÁKVÖRÐUN P1 |

Ákvarðanir sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72	Samsvarandi ákvarðanir sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 |
Ákvörðun 99	ÁKVÖRÐUN H1
Ákvörðun 100	ÁKVÖRÐUN H1
Ákvörðun 101	ÁKVÖRÐUN H1
Ákvörðun 105	ÁKVÖRÐUN P1
Ákvörðun 139	ÁKVÖRÐUN H1
Ákvörðun 140	ÁKVÖRÐUN H1
Ákvörðun 160	ÁKVÖRÐUN U2
Ákvörðun 181	ÁKVÖRÐUN A2
Ákvörðun 189	ÁKVÖRÐUN S1
Ákvörðun 190	ÁKVÖRÐUN S2
Ákvörðun 191	ÁKVÖRÐUN S1
Ákvörðun 194	ÁKVÖRÐUN S3
Ákvörðun 195	ÁKVÖRÐUN S3
Ákvörðun 196	ÁKVÖRÐUN S3
Ákvörðun 200	ÁKVÖRÐUN H3
Ákvörðun 203	ÁKVÖRÐUN S1
Ákvörðun 205	ÁKVÖRÐUN U3
Ákvörðun 207	ÁKVÖRÐUN F1

Tilmæli sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72	Samsvarandi tilmæli sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 |
Tilmæli 18	TILMÆLI U1
Tilmæli 21	TILMÆLI U2
Tilmæli 22	TILMÆLI P1

C-HLUTI

(Ákvarðanir sem vísa til reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 sem framkvæmdaráðið á enn eftir að aðlaga)

Ákvörðun 138

Ákvörðun 147 og 150

Ákvörðun 170 (þ.m.t. 185)

Ákvörðun 175

Ákvörðun 206

Ákvörðun 208

Ákvörðun nr. H2 frá 12. júní 2009 **2012/EES/12/10**

um starf og samsetningu tækninefndar um gagnavinnslu á vegum framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa (*)

(2010/C 106/06)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið stuðla að og efla samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs, einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að gagnaflutningi með hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki, og samþykkja almennar reglur um skipulag gagnavinnsluþjónustu, einkum um öryggi og notkun staðla, og skal setja ákvæði um rekstur sameiginlegs hluta slíkrar þjónustu,

með hliðsjón af 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráð fastsetja og skilgreina starf og samsetningu tækninefndar sem skal skila skýrslum og rökstuddu áliti áður en framkvæmdaráðið tekur ákvarðanir í samræmi við d-lið 72. gr.,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Framkvæmdaráðið kemur á fót tækninefnd um gagnavinnslu sem kveðið er á um í 1. mgr. 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Hún kallast „tækninefndin“.

2. Tækninefndin sinnir þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

3. Framkvæmdaráðið skal ákvarða umboð með tilliti til sérverkefna tækninefndarinnar og getur það breytt þessum verkefnum eftir þörfum.

2. gr.

Ef þörf krefur skal tækninefndin skal samþykkja skýrslur sínar og rökstudd álit á grundvelli tækniskjala og rannsókna. Hún getur farið fram á það að innlend yfirvöld láti henni í té nauðsynlegar upplýsingar svo að hún geti unnið verkefni sín á viðeigandi hátt.

3. gr.

1. Tækninefndin skal skipuð tveimur aðilum frá hverju aðildarríki, fastafulltrúa og varamanni hans. Ríkisstjórnarfulltrúi aðildarríkisins í framkvæmdaráðinu skal afhenda framkvæmdastjóra framkvæmdaráðsins tilnefningar frá hverju aðildarríki.

2. Samþykkja skal skýrslur og rökstudd álit með einföldum meirihluta allra nefndarmanna tækninefndarinnar og hefur hvert aðildarríki eitt atkvæði sem fastafulltrúi greiðir eða varamaður hans í fjarveru hans. Tilgreina skal í skýrslum og rökstuddu áliti tækninefndarinnar hvort þau hafa verið samþykkt samhljóða eða fengið stuðning einfalds meirihluta. Í þeim skal tíunda niðurstöður og fyrirvara minnihlutans sem kann að hafa myndast.

3. Tækninefndin getur ákveðið að samþykkja skýrslur og rökstudd álit með því að beita skriflegri málsmeðferð ef slík meðferð hefur áður verið samþykkt á fundi tækninefndar.

Í þessu skyni skal formaður framsenda textann, sem á að samþykkja, til nefndarmanna. Nefndarmenn skulu fá tiltekinn frest, eigi skemmri en tíu virka daga, og eiga þess kost að tilkynna að þeir hafni viðkomandi texta eða sitji hjá við atkvæðagreiðslu. Ef svar berst ekki innan þeirra tímamarka skal líta svo á að greitt sé atkvæði til samþykkis.

Formaður getur einnig ákveðið að hefja skriflega málsmeðferð ef ekki hefur áður náðst samkomulag á fundi tækninefndar. Í því tilviki telst aðeins skriflegt samþykki á framlögðum texta gilt sem atkvæði til samþykkis, og veita skal frest sem ekki er skemmri en 15 virkir dagar.

Að settum fresti liðnum skal formaður upplýsa nefndarmenn um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Þegar ákvörðun hefur hlotið tilsettan fjölda atkvæða skal litið svo á að hún hafi verið samþykkt á síðasta degi þess frests sem nefndarmönnum var veittur til að svara.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

4. Ef fulltrúi í tækninefndinni leggur til að textanum verði breytt meðan á skriflegri málsmeðferð stendur skal formaður hennar annaðhvort:

a) hefja skriflegu málsmeðferðina að nýju með því að senda breytingatillögu til nefndarmanna í samræmi við 3. mgr. eða

b) afturkalla skriflegu málsmeðferðina til þess að fá málið rætt á næsta fundi,

eftir því hvora tilhögunina formaður telur heppilegri hverju sinni.

5. Ef fulltrúi í tækninefndinni fer fram á það, áður en frestur til að svara rennur út, að framlagður texti verði ræddur á fundi tækninefndar skal afturkalla skriflegu málsmeðferðina.

Í því tilviki skal leggja málið fyrir næsta fund tækninefndarinnar.

6. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, eða einstaklingur sem hann tilnefnir, skal veita tækninefndinni ráðgjöf.

4. gr.

Með formennsku í tækninefndinni til hálfs árs í senn fer fastafulltrúinn eða annar tilnefndur embættismaður þess ríkis sem fer með formennsku í framkvæmdaráðinu á sama tímabili. Formaður tækninefndarinnar skal gefa skýrslu um störf hennar að beiðni formanns framkvæmdaráðsins.

5. gr.

Tækninefndinni er heimilt að koma á fót sérskipuðum vinnuhópum til að fjalla um tiltekin mál. Tækninefndin skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum slíkra vinnuhópa, gera grein fyrir tímamörkum og kostnaði sem af þessu hlýst, í vinnuáætluninni sem um getur í 7. gr.

6. gr.

Aðalskrifstofa framkvæmdaráðsins undirbýr og skipuleggur fundi tækninefndarinnar og sér um fundarritun.

7. gr.

Tækninefndin skal leggja ítarlega vinnuáætlun fyrir framkvæmdaráðið til samþykktar. Tækninefndin skal enn fremur senda framkvæmdaráðinu árlega skýrslu um störf sín og árangur samkvæmt vinnuáætluninni, ásamt tillögum um breytingar á henni.

8. gr.

Fyrirhugaðar aðgerðir tækninefndarinnar, sem hafa í för með sér kostnað fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, eru háðar samþykki fulltrúa viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Tungumál tækninefndarinnar skulu vera þau sem eru viðurkennd sem opinber tungumál stofnana Bandalagsins í samræmi við 290. gr. sáttmálans.

10. gr.

Viðbótarreglurnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum hér á eftir, gilda einnig um tækninefndina.

11. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ([1]).

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

([1]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1

VIÐAUKI

VIÐBÓTARREGLUR FYRIR TÆKNINEFNDINA

1. **Fundarseta**

a) Ef starfandi formaður kemst ekki á fund tækninefndarinnar skal varamaður hans gegna formannsstarfinu.

b) Nefndarmönnum er heimilt að hafa einn eða fleiri sérfræðinga með sér á fundi tækninefndarinnar ef slíkt telst nauðsynlegt eðli máls samkvæmt. Sú almenna regla gildir að í hverri sendinefnd séu ekki fleiri en fjórir einstaklingar.

c) Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða aðili frá aðalskrifstofunni eða annar einstaklingur, sem framkvæmdastjóri framkvæmdaráðsins tilnefnir, skal sitja alla fundi tækninefndarinnar og sérskipaðra vinnuhópa hennar. Enn fremur er fulltrúa frá öðrum deildum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna heimilt að sitja þessa fundi ef það hefur þýðingu fyrir málið sem er til umfjöllunar.

2. **Atkvæðagreiðsla**

a) Ef fastafulltrúi í tækninefndinni gegnir stöðu formanns greiðir varamaður hans atkvæði í hans stað.

b) Nefndarmaður, sem situr hjá við atkvæðagreiðslu, skal gera formanni grein fyrir ástæðum fyrir hjásetu sinni.

c) Ef meirihluti viðstaddra nefndarmanna situr hjá skal líta svo á að tillagan, sem var lögð fram til atkvæðagreiðslu, hafi ekki verið tekin til greina.

3. **Dagskrá fundar**

a) Aðalskrifstofan skal gera drög að dagskrá hvers fundar tækninefndarinnar í samráði við formann hennar. Áður en mál er tekið á dagskrá er aðalskrifstofunni heimilt, ef nauðsyn krefur, að óska eftir skriflegu áliti hlutaðeigandi sendinefnda á málinu.

b) Í drög að dagskrá skal fyrst og fremst setja dagskrárliði sem nefndarmaður eða fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna hefur sent aðalskrifstofunni óskir og, eftir því sem við á, greinargerð um a.m.k. 20 virkum dögum fyrir upphaf fundar.

c) Senda skal nefndarmönnum í tækninefndinni, fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og öðrum, sem vænta má að sitji fundinn, drög að dagskrá eigi síðar en 10 virkum dögum fyrir upphaf hvers fundar. Senda skal gögn er varða einstaka dagskrárliði til þeirra um leið og þau liggja fyrir.

d) Við upphaf hvers fundar skal tækninefndin samþykkja dagskrá fundarins. Tækninefndin verður að samþykkja það samhljóða ef teknir eru á dagskrá aðrir liðir en þeir sem birtir eru í drögum að dagskrá. Nefndarmönnum í tækninefndinni er heimilt að draga fram að næsta fundi að láta uppi endanlega afstöðu sína um dagskrárliði sem eru í drögum að dagskrá, nema brýnar ástæður krefjist annars, ef viðeigandi gögn liggja ekki fyrir á tungumáli þeirra fimm virkum dögum fyrir upphaf fundarins.

4. **Sérskipaðir vinnuhópar**

a) Sérskipuðum vinnuhópum skal stýrt af sérfræðingi sem formaður tækninefndar tilnefnir í samráði við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða, að öðrum kosti, af þeim sérfræðingi sem er fulltrúi formennskuríkis framkvæmdaráðsins.

b) Formaður sérskipaða vinnuhópsins skal kallaður á fundi tækninefndarinnar þegar skýrsla vinnuhópsins er til umræðu.

5. **Stjórnunarleg málefni**

a) Formanni tækninefndarinnar er heimilt að gefa aðalskrifstofunni fyrirmæli um fyrirhugaða fundi og framkvæmd starfa sem falla undir starfssvið tækninefndarinnar.

b) Aðalskrifstofan kallar tækninefndina saman í samráði við formann tækninefndarinnar með því að senda nefndarmönnum og fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna fundarboð 10 virkum dögum fyrir fundinn.

ÁKVÖRÐUN nr. P1 **2012/EES/12/11**

frá 12. júní 2009

um túlkun 50. gr. (4. mgr.), 58. gr. og 87. gr. (5. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um úthlutun bóta vegna örorku, elli og til eftirlifenda (*)

(2010/C 106/07)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 50. gr. (4. mgr.), 58. gr. og 87. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi: Nauðsynlegt er að skýra beitingu 50. gr. (4. mgr.), 58. gr. og 87. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og veita þeim stofnunum, sem hefur verið falin framkvæmd þessara ákvæða, nauðsynlegar leiðbeiningar.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. Beiting 4. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004

1. Stofnun sem greiðir bætur skal sjálfkrafa endurreikna fjárhæðina þegar henni berast upplýsingar um að bótaþegi uppfylli skilyrði fyrir greiðslu bóta samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

   Ekki skal endurreikna fjárhæðina ef tímabil, sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, hafa þegar verið tekin til greina við úthlutun bóta og engu tímabili hefur verið lokið eftir úthlutun upphaflegra bóta.

   Þó skal eigi að síður sjálfkrafa endurreikna fjárhæð bóta ef viðbótarskilyrði eiga við (önnur en þau sem lúta að loknum tryggingartímabilum), t.d. að náð sé þeim aldri sem krafist er vegna úthlutunar bóta eða ef breyting verður á fjölda barna sem taka þarf tillit til.

2. Sú stofnun, sem endurreiknar fjárhæð bóta sem áður hafa verið veittar, skal við útreikninginn taka tillit til allra tryggingatímabila og/eða búsetutímabila, auk annarra skilyrða sem bótaþegi uppfyllir samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja daginn sem endurreiknaðar bætur eru veittar.

3. Sá dagur telst vera dagurinn þegar áhættan kom fram í því aðildarríki þar sem skilyrði til réttinda voru síðast uppfyllt.

II. Beiting 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004

4. Sú stofnun, sem úthlutar viðbótargreiðslum í samræmi við 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal tilkynna það þar til bærri stofnun annars aðildarríkis þar sem löggjöf þess gerir ráð fyrir að bótaþegi eigi rétt á bótum sem eru veittar í samræmi við 5. kafla reglugerðarinnar.

5. Þar til bær stofnun í öðru aðildarríki, sem úthlutar bótum til bótaþega skv. 5. kafla reglugerðar (EB) nr. 883/2004, skal í janúar ár hvert tilkynna þeirri stofnun, sem lætur í té viðbótargreiðsluna, um fjárhæð bóta sem hún greiðir bótaþega miðað við 1. janúar sama ár.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

III. Beiting 5. mgr. 87. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004

6. Þegar einstaklingur sækir um endurskoðun á örorkulífeyri skv. 5. mgr. 87. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er ekki nauðsynlegt að ný læknisskoðun fari fram, að því tilskildu að þær upplýsingar sem skráðar eru um bótaþegann geti talist nægilegar.

   Að öðrum kosti skal viðkomandi stofnun fara fram á nýja læknisskoðun.

IV. Útgáfa og gildistaka

7. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

ÁKVÖRÐUN nr. S1 frá 12. júní 2009 **2012/EES/12/12**

um evrópska sjúkratryggingakortið (*)

(2010/C 106/08)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um rétt hins tryggða og aðstandenda hans, sem dvelja í öðru aðildarríki en hinu lögbæra aðildarríki, á aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalar,

með hliðsjón af 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af A- og C-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi leiðtogaráðsins í Barcelona, sem haldinn var 15. og 16. mars 2002, var ákveðið: „að evrópska sjúkratryggingakortið kæmi í stað núverandi eyðublaða á pappírsformi sem nauðsynleg eru til að fá heilbrigðisaðstoð í öðru aðildarríki. Framkvæmdastjórnin mun leggja tillögu í þessu skyni fyrir vorfund leiðtogaráðsins 2003. Slíkt kort mun einfalda alla málsmeðferð án þess að breyta gildandi réttindum og skuldbindingum.“ (34. liður)

2) Þar eð notkun sjúkratrygginga- og almannatryggingakorta er afar mismunandi eftir löndum verður evrópska sjúkratryggingakortið í fyrstu með því sniði að hægt sé að lesa berum augum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að geta látið í té heilbrigðisþjónustu og endurgreitt kostnað. Þessum upplýsingum má auk þess koma fyrir á kortinu með rafrænum hætti. Notkun rafræns miðils verður enn fremur almennt tekin upp á síðari stigum.

3) Evrópska sjúkratryggingakortið verður að vera í samræmi við sérstaka fyrirmynd, sem framkvæmdaráðið setur fram, sem ætti bæði að auðvelda aðgang að heilbrigðisþjónustu og koma í veg fyrir ólögmæta notkun kortsins, misnotkun og svik.

4) Stofnanir í aðildarríkjunum ákvarða gildistíma evrópskra sjúkratryggingakorta sem þær gefa út. Gildistími evrópska sjúkratryggingakortsins skal miðast við það tímabil sem gert er ráð fyrir að réttur hins tryggða vari.

5) Við sérstakar aðstæður má gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma. „Sérstakar aðstæður“ geta verið þær að evrópsku sjúkratryggingakorti hafi verið stolið, það glatast eða að brottför hafi verið með of stuttum fyrirvara til að hægt væri að verða sér úti um evrópskt sjúkratryggingakort. Hinn tryggði eða stofnun í dvalarríki getur sótt um slíkt bráðabirgðavottorð.

6) Evrópska sjúkratryggingakortið skal nota í öllum tilvikum þegar tryggður einstaklingur þarfnast heilbrigðisþjónustu meðan á tímabundinni dvöl stendur, án tillits til þess hvort tilgangur dvalar er ferðamennska, atvinnustarfsemi eða nám. Þó er ekki hægt að nota evrópska sjúkratryggingakortið þegar tilgangur dvalar erlendis er eingöngu sá að njóta heilbrigðisþjónustu.

7) Í samræmi við 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skulu aðildarríkin hafa samstarf um að koma á málsmeðferð til þess að koma í veg fyrir að einstaklingur, sem á ekki lengur rétt á aðstoð vegna veikinda frá aðildarríki og öðlast rétt til aðstoðar vegna veikinda frá öðru aðildarríki, haldi áfram að nota evrópskt sjúkratryggingakort, sem stofnun fyrrnefnda aðildarríksins hefur gefið út, eftir að viðkomandi hefur ekki lengur rétt til aðstoðar þaðan.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

8) Evrópskt sjúkratryggingakort, sem gefið er út áður en reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 ganga í gildi, helst í gildi fram að þeirri lokadagsetningu sem um getur á kortinu.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Almennar meginreglur

1. Evrópska sjúkratryggingakortið er vottorð um rétt hins tryggða og lífeyrisþega, auk aðstandenda hans, sem dvelja í öðru aðildarríki en hinu lögbæra aðildarríki, á aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.

   Ekki er hægt að nota evrópska sjúkratryggingakortið þegar tilgangur tímabundinnar dvalar erlendis er eingöngu sá að gangast undir læknismeðferð.

2. Evrópska sjúkratryggingakortið skal vera persónukort gefið út á nafn korthafa.

3. Gildistími evrópska sjúkratryggingakortsins er ákvarðaður hjá útgáfustofnun þess.

4. Þar til bær stofnun skal endurgreiða aðstoð, sem stofnun í dvalarríki veitir á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, í samræmi við gildandi ákvæði. Evrópskt sjúkratryggingakort telst gilt svo framarlega sem uppgefinn gildistími er ekki útrunninn.

   Þar til bær stofnun getur ekki hafnað því að endurgreiða kostnað við aðstoð með þeim rökum að viðkomandi sé ekki lengur tryggður hjá þeirri stofnun, sem gaf út evrópskt sjúkratryggingakort, að því tilskildu að aðstoðin hafi verið veitt handhafa korts eða bráðabirgðavottorðs á gildistíma kortsins eða vottorðsins.

5. Ef sérstaka aðstæður koma í veg fyrir að hægt sé að gefa út evrópskt sjúkratryggingakort skal þar til bær stofnun gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma. Hinn tryggði eða stofnun í dvalarríki getur sótt um bráðabirgðavottorð.

6. Evrópska sjúkratryggingakortið og bráðabirgðavottorðið, sem kemur í þess stað, skulu vera í samræmi við sérstaka fyrirmynd sem uppfyllir þá eiginleika og þær forskriftir sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdaráðsins.

Upplýsingar á evrópska sjúkratryggingakortinu

7. Á evrópska sjúkratryggingakortinu skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

   — kenninafn og eiginnafn korthafa,

   — kennitala korthafa eða, þegar slíkt númer er ekki til, númer hins tryggða sem réttindi korthafa byggjast á,

   — fæðingardagur korthafa,

   — hvaða dag kortið fellur út gildi,

   — ISO-kóði aðildarríkisins sem gefur kortið út,

   — kennitala og upphafsstafaorð þar til bærrar stofnunar,

   — sérnúmer kortsins.

Notkun evrópska sjúkratryggingakortsins

8. Evrópska sjúkratryggingakortið má nota í öllum tilvikum þegar tryggður einstaklingur þarfnast aðstoðar meðan á tímabundinni dvöl stendur, án tillits til þess hvort tilgangur dvalar sé ferðamennska, atvinnustarfsemi eða nám.

9. Evrópska sjúkratryggingakortið er vottorð um rétt korthafa í dvalarríkinu til aðstoðar vegna veikinda, sem er læknisfræðilega nauðsynleg og er veitt við tímabundna dvöl í öðru aðildarríki í því skyni að koma í veg fyrir að korthafi neyðist til þess að snúa aftur til lögbærs aðildarríkis eða dvalarríkis fyrr en áætlað var til þess að njóta þeirrar meðferðar sem hann þarfnast.

   Tilgangur aðstoðar sem þessarar er sá að gera hinum tryggða kleift að dvelja um kyrrt við viðunandi heilsufarsskilyrði.

10. Ekki er hægt að nota evrópska sjúkratryggingakortið til að fá aðstoð vegna veikinda þegar tilgangur tímabundinnar dvalar erlendis er sá að gangast undir læknismeðferð.

11. Með evrópska sjúkratryggingakortinu er tryggt að handhafi kortsins njóti sömu meðferðar (hvað varðar ferli og gjaldskrá) í aðildarríki og einstaklingur sem fellur undir sjúkratryggingakerfi þess ríkis.

Samstarf milli stofnana til þess að koma í veg fyrir misnotkun evrópska sjúkratryggingakortsins

12. Ef einstaklingur á ekki lengur rétt á aðstoð vegna veikinda samkvæmt löggjöf aðildarríkis og öðlast rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis skulu stofnanir hlutaðeigandi aðildarríkja hafa með sér samstarf til þess að koma í veg fyrir að hinn tryggði haldi áfram að nota evrópska sjúkratryggingakortið, sem stofnun í fyrrnefnda aðildarríkinu hefur gefið út, eftir að hann á ekki lengur rétt á aðstoð þaðan. Stofnun í síðarnefnda ríkinu skal leggja fram nýtt evrópskt sjúkratryggingakort eftir því sem við á.

13. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

ÁKVÖRÐUN nr. S2 frá 12. júní 2009 **2012/EES/12/13**

um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið (*)

(2010/C 106/09)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. SI frá 12. júní 2009 um evrópska sjúkratryggingakortið ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að auðvelda samþykkt og endurgreiðslu á kostnaði vegna aðstoðar, sem er veitt á grundvelli evrópska sjúkratryggingakortsins, er nauðsynlegt fyrir þá þrjá aðila, sem málið varðar aðallega, þ.e. hinn tryggða, veitendur heilbrigðisþjónustu og stofnanirnar, að auðvelt sé að bera kennsl á og samþykkja evrópska sjúkratryggingakortið sem skal samrýmast einni fyrirmynd og samræmdum forskriftum.

2) Upplýsingarnar, sem skulu koma fram á evrópska sjúkratryggingakortinu, eru skilgreindar í 7. lið ákvörðunar nr. S1. Innleiðing evrópska sjúkratryggingakortsins með sýnilegum upplýsingum er fyrsta stig í ferli sem leiðir að lokum til notkunar rafrænna miðla sem veita rétt til aðstoðar á meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Þar af leiðandi geta þar til bærar stofnanir aðildarríkjanna, sem þess óska, einnig vistað frá upphafi, á rafrænum miðli, s.s. örflögu eða segulrönd, þær upplýsingar sem um getur í þessari forsendu.

3) Ef sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hægt sé að gefa út evrópska sjúkratryggingakortið skal þess í stað gefa út bráðabirgðavottorð eftir samræmdri fyrirmynd.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Hönnun og forskriftir evrópska sjúkratryggingakortsins skulu vera í samræmi við I.viðauka við þessa ákvörðun.

2. Fyrirmyndin að bráðabirgðavottorðinu skal vera í samræmi við II.viðauka við þessa ákvörðun.

3. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela PIKOROVÁ

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2000, bls. 1

([3]) Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 23.

I. VIÐAUKI

Tæknileg ákvæði um hönnun evrópska sjúkratryggingakortsins

1. INNGANGUR

Í samræmi við aðrar ákvarðanir framkvæmdaráðsins um samræmingu almannatryggingakerfa eru á evrópska sjúkratryggingakortinu lágmarksupplýsingar, sem lesa má með berum augum, til nota í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem menn eru tryggðir eða búsettir, ætlaðar til:

— að bera kennsl á hinn tryggða, þar til bæra stofnun og kortið,

— að gefa til kynna rétt til að njóta heilbrigðisþjónustu meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki.

Fyrirmyndirnar hér á eftir eru byggðar á tækniforskriftunum sem eru skilgreindar í þessu skjali en einungis ber að líta á þær sem sýnishorn.



Mynd 1

Dæmi um framhlið



Mynd 2

Dæmi um bakhlið

Þó að uppröðun upplýsinga, sem lesa má með berum augum, sé sú sama á báðum fyrirmyndunum, þ.e. óháð því hvor hlið evrópska sjúkratryggingakortsins er notuð, eru framhlið og bakhlið með ólíku skipulagi. Þetta er niðurstaða málamiðlunar á milli þeirrar kröfu að evrópska kortið skuli samrýmast einni fyrirmynd og þess að munur er á skipulagi hliðanna en jafnframt er þess gætt að sama svip sé haldið á fram- og bakhlið kortsins.

2. TILVÍSUN Í STAÐLA

Tilvísun	Titill skjals/Lýsing	Útgáfudagur
ISO 3166-1	Codes for the representation of names of countries and their subdivisions – Part 1: Country codes	1997
ISO/IEC 7810	Identification cards – Physical characteristics	1995
ISO/IEC 7816	Identification cards – Integrated circuit(s) cards with contacts	
	Part 1:Physical characteristics	1998
	Part 2:Dimension and location of the contacts	1999
ISO-staðlaröð 8859	8-bit single-byte coded graphic character sets	1998
	Part 1 – 4: Latin alphabet Nos 1 to 4	
EN 1867	Machine readable cards – Health care application – Numbering system and registration procedure for issuer identifiers	1997

3. FORSKRIFTIR

3.1. **Skilgreiningar**

Ef örgjörvi er á kortinu er hann staðsettur á framhliðinni. Ef segulrönd er á kortinu er hún á bakhliðinni. Ef hvorki er örgjörvi né segulrönd á kortinu eru upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í þessu skjali, á framhliðinni.

3.2. **Heildarskipulag**

Snið evrópska sjúkratryggingakortsins er í samræmi við ID-1 sniðið (53,98 mm á hæð, 85,60 mm á breidd og 0,76 mm á þykkt). Ef evrópska sjúkratryggingakortið er í formi límmiða, sem er festur á bakhlið innlends korts, gildir ID-1 viðmiðunin um þykkt ekki.

3.2.1. *Evrópskt sjúkratryggingakort: framhlið kortsins*

Bakgrunnurinn skiptist í tvennt um ás sem skiptir kortinu lóðrétt í hluta 1 vinstra megin (53 mm breiður) og hluta 2 hægra megin.

Viðmiðunarlínur mynda fjóra reiti:

— 3 lóðréttar viðmiðunarlínur

a) 5 mm frá vinstri brún kortsins,

b) 21,5 mm frá vinstri brún kortsins,

c) 1 mm frá hægri brún kortsins,


— 3 láréttar viðmiðunarlínur

d) 2 mm frá efri brún kortsins,


e) 17 mm frá efri brún kortsins,

f) 5 mm frá neðri brún kortsins.

a) Kort án örflögu



b) Kort með örflögu



3.2.2. *Evrópskt sjúkratryggingakort: bakhlið kortsins*

Bakgrunnurinn skiptist um ás sem skiptir kortinu lárétt í tvo jafnstóra hluta. Hluti 1 er efri hlutinn og hluti 2 er neðri hlutinn.

Viðmiðunarlínur mynda fimm reiti:

— í samhverfu

g) 9 mm frá vinstri brún kortsins,

h) í miðju kortsins,

i) 9 mm frá hægri brún kortsins.

— Lóðrétt

j) 3 mm frá vinstri brún kortsins,


k) 3 mm frá hægri brún kortsins.

— Lárétt


l) í miðju kortsins,

m) 2 mm frá neðri brún kortsins.

c) Með segulræmu



d) Án segulræmu



3.3. **Bakgrunnur og myndeiningar**

3.3.1. *Bakgrunnslitir*

Litaskipan bakgrunnsins er sem hér segir ([1]):

— Hluti 1 er dökkblár, blandaður með purpurarauðu ([2]).

— Hluti 2 er gráblár ([3]) og dökknar lítillega frá miðju kortsins til hliðanna.

— Upplýsingareiturinn samanstendur af hvítum röndum sem nota skal, hverja um sig, sem bakgrunn fyrir upplýsingalínu (sjá síðar).

([1]) Tæknilegar upplýsingar um litaskipanina eru fáanlegar samkvæmt beiðni á skrifstofu framkvæmdaráðsins. Þær eru látnar í té með viðeigandi sniði samkvæmt bestu starfsvenjum fagmanna í prentiðnaði (þ.e. sem Quark Xpress-skrá. Notuð er fjögurra lita CMYK-litaskipan og allar myndir eru með TIFF-sniði).
([2]) Tilvísun í CMYK-litaskipan fyrir þennan lit er C78 M65 Y21 K7.
([3]) Tilvísun í CMYK-litaskipan fyrir gráa litinn er C33 M21 Y13 K1 og fyrir bláa litinn C64 M46 Y16 K2

Skygging er notuð á hluta 2 og á upplýsingareitnum til að reitirnir sýnist vera upphleyptir og virðist birtan koma frá ofanverðu vinstra horni kortsins.

Auða svæðið er annaðhvort í sama lit og hluti 2 (án skyggingar) eða upplýsingareiturinn.

3.3.2. *ESB-merki*

ESB-merkið samanstendur af Evrópustjörnunum í hvítum lit:

— Ef það er á framhlið kortsins er það 15 mm að þverináli og staðsett neðan við viðmiðunarlínu „d“, lóðrétt, og á miðjum hluta 2 á bakgrunninum, lárétt.

— Ef það er á bakhlið kortsins er það 10 mm að þverináli og staðsett samhverft á lóðrétta „i“-ásnum og fyrir miðju auða svæðinu.

Ef evrópska kortið er gefið út í löndum sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu er notað annað merki.

3.3.3. *Upplýsingareitur*

Upplýsingareiturinn samanstendur af 4 mm háum, hvítum gagnaröndum (fimm þegar hann er á framhliðinni og fjórar þegar hann er á bakhliðinni) með 2 mm millibili:

— Þegar upplýsingareiturinn er á framhlið kortsins er hann miðja vegu á milli lóðréttu viðmiðunarlínanna „b“ og „c“ og láréttu línanna „e“ og „f“.

— Þegar upplýsingareiturinn er á bakhlið kortsins er hann samhverft meðfram lóðrétta „h“-ásnum og á milli lóðréttu viðmiðunarlínanna „j“ og „k“ og ofan við láréttu línuna „m“.

3.3.4. *Autt svæði*

Auða svæðið er á bakhlið evrópska kortsins og er til innlendra nota. Það má t.d. nota sem áritunarlínu eða fyrir texta, kennimerki eða aðrar merkingar. Það sem er á þessu svæði hefur ekkert lagalegt gildi heldur eingöngu upplýsingagildi.

Staðsetning þessa svæðis er sem hér segir:

— Ef evrópska kortið er haft á framhlið korts er bakhlið þess auð og án allra forskrifta.

— Ef evrópska kortið er haft á bakhlið annars korts er autt svæði aðgengilegt á bakhlið kortsins, án allra annarra forskrifta en stærðar þess (10 mm hæð og 52 mm breidd). Það er samhverft meðfram lóðrétta „h“-ásnum og á miðju svæðinu á milli segulrandarinnar og upplýsingareitsins. Útgefandi kortsins getur haft þar rönd fyrir undirritun eða texta.

— Ef engin segulrönd er á kortinu er auða svæðið 20 mm að hæð í stað 10 mm.

3.4. **Fyrirframskilgreindir þættir upplýsinga**

3.4.1. *Heiti korts*

Heiti reits	Heiti korts
Lýsing	Almennt heiti kortsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 190.
Staðsetning	Ef það er haft á framhlið, neðan við láréttu viðmiðunarlínuna „d“ og hægra megin við lóðréttu viðmiðunarlínuna „a“. Ef það er haft á bakhlið, samhverft á lóðrétta „h“-ásnum og á miðju svæðinu á milli segulrandarinnar og efri brúnar kortsins.

Heiti reits	Heiti korts
Gildi	Gildið „evrópskt sjúkratryggingakort“ er ritað á opinberu tungumáli Evrópusambandsins
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar á framhlið korts en 6 punktar á bakhlið, í hvítum lit, breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“.
Lengd	40 stafir
Athugasemd	Það er alfarið á ábyrgð aðildarríkis að farið sé rétt með heitið á tungumáli útgáfuríkisins.

3.4.2. *Yfirskrift*

Heiti reits	Yfirskrift
Lýsing	Yfirskrift gefur til kynna innihald upplýsingareits.
Staðsetning	Fyrir ofan hvern persónuupplýsingareit Yfirskrift vinstra megin á kortinu er stillt að vinstri brún og yfirskrift hægra megin að hægri brún kortsins.
Gildi	Gildi eru rituð á opinberu tungumáli Evrópusambandsins og eru eftirfarandi (enska lögð til grundvallar):
	1. (Engin yfirskrift er á kennimerki eyðublaðs)
	2. (Engin yfirskrift er á kenninúmeri útgáfuaðildarríkis)
	3. Heiti
	4. Eiginnöfn
	5. Fæðingardagur og –ár
	6. Kenninúmer einstaklings
	7. Kennitala stofnunar
	8. Númer korts
	9. Lokadagsetning
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 5 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Línubil skal vera 2 punktar auk stafastærðar.
Lengd	Eftir þörfum fyrir hvert framangreint gildi
Athugasemd	Hver yfirskrift er merkt ótvírætt með númeri til að kort séu samsvarandi á ólíkum tungumálum. Það er alfarið á ábyrgð aðildarríkis að farið sé rétt með gildi yfirskriftar á tungumáli útgáfuríkisins.

3.4.3. *Útgáfuríki*

Heiti reits	Útgáfuríki Kenninúmer (ID)
Lýsing	Kenninúmer útgáfuríkis kortsins.
Staðsetning	Reitur 2: Hvítur ferhyrningur, 4 mm á hæð og 4 mm á breidd, í miðju ESB-merkisins.
Gildi	Tveggja stafa ISO-landskóði (ISO 3166-1)

Heiti reits	Útgáfuríki Kenninúmer (ID)
Snið	Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“.
Lengd	2 stafir.
Athugasemd	Staðlaður ISO-kóði fyrir Konungsríkið Bretland verður „UK“ í stað „GB“. Aðeins einn kóði verður notaður fyrir hvert aðildarríki.

3.5. **Einstakir þættir persónuupplýsinga**


Einstakir þættir persónuupplýsinga hafa eftirfarandi sameiginlega eiginleika:

— Farið að EN 1387 að því er varðar stafamengi: Latneskt stafróf nr. 1-4 (ISO 8859-1 til 4)

— Ef nauðsynlegt er að skammstafa einstaka þætti, sökum takmarkaðs rýmis, verður að að gefa það til kynna með punkti.


Upplýsingar verða prentaðar með leysi- eða hitaprentun eða grafnar en ekki með upphleyptu letri.

Hver þáttur upplýsinganna verður settur í upplýsingareitinn samkvæmt eftirfarandi kerfi.



Mynd 3

Dæmi um upplýsingareit á framhlið



Mynd 4

Dæmi um upplýsingareit á bakhlið

3.5.1. *Autt rými (fyrra kennimerki)*

Heiti reits	Autt rými
Lýsing	
Staðsetning	Reitur 1: —Ef það er á framhlið, neðan við láréttu viðmiðunarlínuna „d“ og vinstra megin við lóðréttu viðmiðunarlínuna „c“. —Ef það er á bakhlið, samhverft meðfram lóðrétta „g“-ásnum og fyrir miðju auða svæðinu. Í báðum tilvikum er það í hvítum ferhyrningi sem er 4 mm á hæð og 10 mm á breidd.

3.5.2. *Einstakir þættir upplýsinga sem tengjast korthafa*

Athugið að korthafi þarf ekki að vera hinn tryggði heldur getur hann verið greiðsluþegi þar eð kortið er persónukort.

Heiti reits	Kenninafn korthafa
Lýsing	Kenninafn korthafa eins og það er notað í útgáfuaðildarríkinu.
Staðsetning	Reitur 3
Gildi	—
Snið	Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Stillt að vinstri brún. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	Allt að 40 stafir.
Athugasemd	Í reit fyrir kenninafn mega vera titlar, styttingar á titlum eða aðrir nafnaukar.

Heiti reits	Eiginnafn eða -nöfn eða millinafn eða -nöfn korthafa
Lýsing	Eiginnafn og millinafn (eða -nöfn) korthafa eins og þau eru notuð í útgáfuaðildarríkinu.
Staðsetning	Reitur 4
Gildi	—
Snið	Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Staðsetning við vinstri brún. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	Allt að 35 stafir.
Athugasemd	Í nafnareit geta verið upphafsstafir, einn eða fleiri.

Heiti reits	Fæðingardagur og -ár
Lýsing	Fæðingardagur og -ár korthafa eins og það er notað í útgáfuaðildarríkinu.
Staðsetning	Reitur 5
Gildi	DD/MM/ÁÁÁÁ, þar sem D er dagur, M er mánuður og Á er ár
Snið	Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Stillt að vinstri brún ef það er á framhlið kortsins en að hægri brún ef það er á bakhlið þess. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	10 stafir, þ.m.t. skástrik milli stafaruna.
Athugasemd	—

Heiti reits	Kennitala korthafa
Lýsing	Einstakir liðir kennitölunnar sem útgáfuaðildarríkið notar.
Staðsetning	Reitur 6
Gildi	Sjá gildandi kennitölu.
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Stillt að hægri brún ef hún er á framhlið kortsins en að vinstri brún ef hún er á bakhlið þess. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	Allt að 20 stafir fyrir auðkenniskóða.
Athugasemd	Kennitala korthafa eða, þegar slík kennitala er ekki til, kennitala hins tryggða sem réttindi korthafa byggjast á. Ekki er hægt að hafa sérstakan reit á kortinu fyrir persónuleg atriði, s.s. kynferði eða stöðu innan fjölskyldu. Þau geta samt sem áður verið innifalin í kennitölunni.

3.5.3. *Einstakir þættir upplýsinga sem varða þar til bæra stofnun*

Heiti reits	Heiti stofnunar
Lýsing	„Stofnun“ er þar til bær tryggingarstofnun.
Staðsetning	Reitur 7, hluti 1
Gildi	Heiti stofnana eru skammstöfuð í stað þess að rita þau fullum stöfum.
Snið	Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Reitur 7 er stilltur að hægri brún og hluti 1 er hægra megin við hluta 2. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	Allt að 15 stafir. Tvö stafbil og bandstrik aðskilja hluta 1 og hluta 2. Þennan hluta má lengja jafn mikið og hægt er að minnka hluta 2.
Athugasemd	Skammstöfuninni er beitt sem aðferð til að leiða í ljós hugsanleg gagnaskráningarvandkvæði varðandi auðkenniskóða stofnunarinnar (reitur 7, hluti 2) og tryggja á þann hátt gæðaeftirlit með kennitölu stofnunarinnar. Hægt er að fá fullt heiti stofnunarinnar á grundvelli skammstöfunarinnar eða auðkenniskóðans, t.d. með beintengdum búnaði á Netinu. Engir punktar eru notaðir í skammstöfunum

Heiti reits	Kennitala stofnunar
Lýsing	Auðkenniskóði sem úthlutað er á landvísu til stofnunar, þ.e. þar til bær tryggingarstofnun.
Staðsetning	Reitur 7, hluti 2
Gildi	Sjá innlenda landsskrá yfir þar til bærar stofnanir

Heiti reits	Kennitala stofnunar
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Reitur 7 er stilltur að hægri brún og hluti 2 er vinstra megin við hluta 1. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	4 til 10 stafir.
Athugasemd	Birta má viðbótarupplýsingar, uppfærðar og eldri, sem kunna að vera nauðsynlegar fyrir samskipti við stofnunina, og sem geta orðið aðgengilegar á Netinu með hjálp búnaðar sem gegnir hlutverki þekkingarmiðstöðvar. Þar til bæra stofnunin getur verið önnur en samskiptastofnunin eða stofnunin sem annast endurgreiðslur yfir landamæri eða stofnunin sem annast tæknilegu hliðina á útgáfu evrópska sjúkratryggingakortsins. Einnig má gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu með hjálp búnaðar sem gegnir hlutverki þekkingarmiðstöðvar.

3.5.4. *Einstakir þættir upplýsinga sem tengjast kortinu*

Heiti reits	Sérnúmer korts
Lýsing	Sérnúmer, sem útgefandi úthlutar hverju korti, í þeim tilgangi að auðkenna það. Það samanstendur af tveimur hlutum, kenninúmeri útgefanda og raðnúmeri kortsins.
Staðsetning	Reitur 8
Gildi	Fyrstu 10 stafirnir gefa til kynna útgefanda kortsins í samræmi við staðalinn EN 1867 frá 1997. Síðustu 10 stafirnir mynda einstakt raðnúmer.
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.
Lengd	20 stafir (með núllum á undan eftir þörfum fyrir þá 10 stafi sem mynda einstakt raðnúmer kortsins).
Athugasemd	Í þeim aðildarríkjum, sem gefa út evrópskt sjúkratryggingakort, sem eru ekki rafræn, má beita sérstakri skráningaraðferð við úthlutun kenninúmers til útgefanda í stað hinnar opinberu sem skilgreind er í staðlinum EN 1867. Hægt á að vera að bera saman, út frá sérnúmeri korts, upplýsingarnar á kortinu og upplýsingarnar sem útgáfustofnunin hefur um þetta sama númer, t.d. til að draga úr hættunni á svikum eða finna hugsanlegar villur í skráningu gagna þegar gögn á kortinu eru notuð í tengslum við endurgreiðslukröfur.

Heiti reits	Lokadagsetning
Lýsing	Síðasti dagur sem korthafi á rétt á heilbrigðisþjónustu meðan á tímabundinni dvöl hans stendur í aðildarríki, öðru en aðildarríkinu sem veitir sjúkratrygginguna.
Staðsetning	Reitur 9
Gildi	DD/MM/ÁÁÁÁ, þar sem D er dagur, M er mánuður og Á er ár.
Snið	Leturgerðin er „Verdana True Type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90% af venjulegri stærð og staðsetning og bil á milli stafa „venjuleg“. Stillt að hægri brún. Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar.

Heiti reits	Lokadagsetning
Lengd	10 stafir, þ.m.t. skástrik milli stafaruna.
Athugasemd	Aðildarríki er heimilt að krefjast endurgreiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu sem er veitt á gildistíma kortsins, þótt réttindatímabilið kunni að vera annað en gildistími kortsins.

3.6. **Öryggiskröfur**

Útgefandi kortsins ber fulla ábyrgð á öllum öryggisráðstöfunum þar eð hann hefur mestu möguleikana á að meta áhættu og gera viðeigandi gagnráðstafanir.

Þegar evrópska kortið er haft á bakhlið innlends korts ná allar öryggisráðstafanir, sem gilda um innlenda kortið, til þess. Þó er lagt til, sem viðbótaröryggisráðstöfun, að sumar upplýsingar séu á báðum hliðum kortsins.

Ef önnur atriði en þau, sem eru tilgreind hér að framan, eru talin til nauðsynlegra öryggisráðstafana (t.d.andlitsmynd af korthafa) verða þau sett á hina hlið kortsins.

II. VIÐAUKI

Fyrirmynd að bráðabirgðavottorði í stað evrópska sjúkratryggingarkortsins

1. INNGANGUR

Bráðabirgðavottorð (hér á eftir kallað „vottorðið“) má einungis afhenda hinum tryggða samkvæmt beiðni og sem bráðabirgðavottorð í stað evrópska kortsins.

Vottorðið er með sama sniði í öllum aðildarríkjunum og á því eru, í sömu röð, sömu upplýsingar og á evrópska kortinu (reitir 1 til 9), auk upplýsinga sem votta uppruna og gildi vottorðsins (reitir a til d).

2. FYRIRMYND AÐ VOTTORÐINU

Sjá næstu bls.

BRÁÐABIRGÐAVOTTORÐ

Í STAÐ

EVRÓPSKA SJÚKRATRYGGINGAKORTSINS

eins og það er skilgreint í 2. viðauka við ákvörðun nr. S2
um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið

Útgáfuaðildarríki

1.	2. …

Upplýsingar sem varða korthafa

3. Nafn: .....
4. Eiginnöfn: .....
5. Fæðingardagur og -ár: …/…/…..
6. Kennitala: .....

Upplýsingar sem varða þar til bæra stofnun

7. Kennitala stofnunarinnar:Nafn: .....
.....

Upplýsingar sem varða kortið

8. Númer korts: .....
9. Lokadagsetning: …/…/…..

Gildistími vottorðs

a) Frá: …/…/…..
b) Til: …/…/…..

Útgáfudagur vottorðs

c) …/…/…..

Undirskrift og stimpill stofnunarinnar

d)

Athugasemdir og upplýsingar
Allar reglur um gögn á evrópska sjúkratryggingakortinu sem unnt er að lesa berum augum að því er varðar lýsingu, gildi, lengd og upplýsingar í gagnareitum, gilda einnig um vottorðið.

ÁKVÖRÐUN nr. S3 **2012/EES/12/14**

frá 12. júní 2009

um skilgreiningu þeirrar aðstoðar sem fellur undir 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 og 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (*)

(2010/C 106/10)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 19. og 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um aðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki,

með hliðsjón af 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 á tryggður einstaklingur rétt á að fá aðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en búseturíki sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum sé tekið mið af eðli aðstoðarinnar og lengd dvalar.

2) Samkvæmt 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skal aðstoð, sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, vísa til þeirrar aðstoðar sem veitt er í dvalaraðildarríkinu í samræmi við löggjöf þess og sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, með það að markmiði að koma í veg fyrir að hinn tryggði neyðist til að snúa til baka áður en áætlaðri dvöl hans lýkur til lögbæra aðildarríkisins til að fá nauðsynlega meðferð.

3) Túlka ber 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þannig að öll aðstoð, sem veitt er í tengslum við langvinnan eða fyrirliggjandi sjúkdóm, falli undir þetta ákvæði. Dómstóllinn úrskurðaði ([3]) að hugtakið „nauðsynleg meðferð“ megi ekki túlka svo „að aðstoðin sé takmörkuð einungis við þau tilvik þegar veitt er nauðsynleg meðferð vegna skyndilegra veikinda. Þannig má ekki líta svo á að skilyrðum fyrir beitingu þessara ákvæða hafi ekki verið fullnægt þegar upp koma þær aðstæður að meðferð verður nauðsynleg vegna breytinga á heilsufari tryggða einstaklingsins meðan hann dvelur tímabundið í öðru aðildarríki, sem tengja má sjúkdómsástandi sem honum er kunnugt um, t.d. langvinnum sjúkdómi.“

4) Túlka ber 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þannig að aðstoð sem veitt eru í tengslum við þungun og barnsfæðingu falli undir þetta ákvæði. Þó tekur þetta ákvæði ekki til þess þegar tilgangur tímabundinnar dvalar er sá að fæða barn.

5) Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 hefur framkvæmdaráðinu verið falið að taka saman skrá yfir þá aðstoð sem er bundin, til hagræðingar, áður gerðu samkomulagi milli hlutaðeigandi einstaklings og stofnunarinnar sem lætur aðstoðina í té eigi að veita hana á meðan á dvöl stendur í öðru aðildarríki.

6) Markmiðið með því fyrirframgerða samkomulagi, sem kveðið er á um í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, er að tryggja framhald meðferðar sem tryggður einstaklingur þarf á að halda á meðan hann dvelst í öðru aðildarríki.

7) Í ljósi þessa markmiðs eru grundvallarviðmiðanir vegna skilgreiningar á aðstoð, sem gera þarf samkomulag um fyrir fram milli sjúklings og þeirrar einingar í öðru aðildarríki sem veitir umönnun, þær að um ræði lífsnauðsynlega læknismeðferð og að aðeins sé hægt að fá þessa meðferð hjá sérhæfðum lækningaeiningum og/eða sérhæfðu starfsfólki og/eða með sérhæfðum tækjum. Í viðaukanum við þessa ákvörðun er að finna skrá sem ekki er tæmandi og byggist á þessum viðmiðunum.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 883/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([3]) Mál C-326/00, Ioannidis, dómur dags. 25. febrúar 2003.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Aðstoðin, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 3. mgr. A-hluta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, skal taka til aðstoðar sem er veitt í tengslum við langvinnan eða fyrirliggjandi sjúkdóm, svo og í tengslum við þungun og barnsfæðingu.

2. Aðstoð, þ.m.t. í tengslum við langvinnan eða fyrirliggjandi sjúkdóm, eða í tengslum við barnsfæðingu, fellur ekki undir þessi ákvæði þegar tilgangur dvalar í öðru aðildarríki er sá að njóta slíkrar meðferðar.

3. Öll lífsnauðsynleg meðferð, sem einungis getur farið fram hjá sérhæfðum lækningaeiningum og/eða sérhæfðu starfsfólki og/eða með sérhæfðum tækjum, skal að jafnaði vera bundin áður gerðu samkomulagi milli hins tryggða og þeirrar einingar þar sem meðferð fer fram til að tryggja að hægt sé að veita meðferðina meðan á tímabundinni dvöl tryggða einstaklingsins í öðru aðildarríki en lögbæru aðildarríki eða búseturíki stendur.

   Í viðaukanum við þessa ákvörðun er að finna skrá, sem ekki er tæmandi, yfir meðferð sem uppfyllir þessar viðmiðanir.

4. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

VIÐAUKI

— skilunarmeðferð

— súrefnismeðferð

— sérstök meðferð við asma

— hjartaómun vegna langvinns sjálfsofnæmissjúkdóms

— lyfjameðferð

ÁKVÖRÐUN nr. U1 **2012/EES/12/15**

frá 12. júní 2009

um 3. mgr. 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 að því er varðar hækkun atvinnuleysisbóta vegna aðstandenda (*)

(2010/C 106/11)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 2. og 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að fjárhæð atvinnuleysisbóta fari eftir fjölda aðstandenda skal þar til bær stofnun, í samræmi við 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, einnig taka tillit til fjölda aðstandenda við útreikning bóta sem hafa búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem þar til bær stofnun hefur aðsetur.

2) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. fyrrnefndrar reglugerðar skulu stofnanir án tafar leggja fram eða skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til að koma á og ákvarða réttindi og skyldur einstaklinga sem reglugerð (EB) nr. 883/2004 tekur til.

3) Þau skjöl og skipulega uppsettu rafrænu skjöl, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) 987/2009, eru leið til að færa sönnur á þau réttindi sem viðkomandi einstaklingur nýtur en útgáfa þeirra eru ekki forsenda slíkra réttinda.

4) Skjöl, sem varða aðstandendur sem hafa búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem þar til bær stofnun hefur aðsetur, má aðeins senda eftir að atvinnuleysistímabil, sem veitir rétt til bóta, er hafið.

5) Greiðslur á eftirstöðvum hækkunar atvinnuleysisbóta vegna aðstandenda ber að inna af hendi fyrir það tímabil, sem kemur næst á undan þeim degi þegar upplýsingar eru veittar um aðstandendur með búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem þar til bær stofnun hefur aðsetur, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar hafi þegar verið á framfæri hins atvinnulausa einstaklings við upphaf þess atvinnuleysistímabils sem veitir rétt til bóta.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ef skjal sem varðar aðstandendur er sent eftir að atvinnuleysistímabil, sem veitir rétt til bóta, er hafið skal það ekki verða til þess að frestað verði þeirri upphafsdagsetningu á öflun réttinda til hækkaðra atvinnuleysisbóta vegna aðstandenda á framfæri viðkomandi sem er ákvörðuð í samræmi við löggjöf lögbærs ríkis.

2. Ef stofnun, sem sendir það skjal sem um getur í 1. mgr., er ekki í aðstöðu til að votta að ekki hafi verið tekið tillit til aðstandenda við útreikning atvinnuleysisbóta, sem greiða ber til annars einstaklings samkvæmt löggjöf aðildarríkisins þar sem þeir hafa búsetu, skal viðkomandi einstaklingi heimilt að láta yfirlýsingu þess efnis fylgja fyrrnefndu skjali.

3. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN nr. U2 frá 12. júní 2009 **2012/EES/12/16**

um gildissvið 2. mgr. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um rétt einstaklinga, sem eru atvinnulausir með öllu, til atvinnuleysisbóta, annarra en þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri og voru búsettir í öðru aðildarríki en lögbæru aðildarríki þegar þeir störfuðu síðast sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar (*)

(2010/C 106/12)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 2. og 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 65. gr. reglugerðar (EB) 883/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um veitingu og greiðslu atvinnuleysisbóta til atvinnulausra einstaklinga, sem voru, þegar þeir störfuðu síðast sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra aðildarríki.

2) Beiting 65. gr. þessarar reglugerðar í heild ræðst af því hvort viðkomandi einstaklingar voru, þegar þeir störfuðu síðast sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, búsettir í öðru aðildarríki en því þar sem þeir falla undir löggjöf sem er ekki endilega það ríki þar sem þeir voru launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.

3) Samkvæmt skilgreiningunni sem kveðið er á um í j-lið 1. gr. þessarar reglugerðar er merking hugtaksins „búseta“: sá staður þar sem einstaklingurinn býr að jafnaði, og hugtakið „dvöl“: tímabundin búseta í k-lið sömu greinar.

4) Í 11. gr. reglugerðar (EB) 987/2009 eru settar fram viðmiðanir sem ákvarða búsetu þegar ágreiningur er um það milli stofnana tveggja eða fleiri aðildarríkja.

5) Af f-lið 1. gr. reglugerðar (EB) 883/2004 leiðir að þeir sem sækja vinnu yfir landamæri eru búsettir í öðru landi en því þar sem þeir starfa eða atvinnustarfsemi þeirra fer fram sem er, skv. a-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, lögbært ríki og því leikur enginn vafi á að 65. gr. sömu reglugerðar gildir um þá sem sækja vinnu yfir landamæri.

6) Hópar einstaklinga, sem um getur í 4. mgr. 11. gr. og 13. gr. sömu reglugerðar, og einstaklingar, sem samningur sem um getur í 16. gr. sömu reglugerðar á við um, eru í sumum tilvikum líklegir til þess að dvelja í aðildarríki sem ekki er skilgreint sem lögbært aðildarríki samkvæmt þessum greinum.

7) Ákvarða skal í hverju tilviki fyrir sig í hvaða aðildarríki einstaklingar, sem tilheyra þessum hópum, eru búsettir og að því er varðar einstaklinga, sem um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. og b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) 883/2004, skal það gert á grundvelli aðildar að tryggingakerfum.

8) Samkvæmt 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 færist ábyrgð á greiðslu bóta frá lögbæru ríki til búseturíkis þegar viðkomandi einstaklingur gefur sig fram við vinnumiðlun síðarnefnda ríkisins.

9) Þótt þetta sé viðurkennt fyrir þá sem sækja vinnu yfir landamæri og einstaklinga í tilteknum öðrum hópum, sem halda á sama hátt nánum tengslum við upprunalandsitt, er ekki ásættanlegt að túlka hugtakið „búseta“ of vítt þannig að gildissvið 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 nái til allra þeirra sem hafa nokkuð stöðuga vinnu eða atvinnustarfsemi í aðildarríki en skilja fjölskyldu sína eftir í upprunalandi sínu.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EBE) nr. 883/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) 883/2004 skal einkum gilda um:

   a) einstaklinga sem um getur í 4. mgr. 11. greinar þeirrar reglugerðar,

   b) einstaklinga sem um getur í 13. gr. þeirrar reglugerðar sem stunda starfsemi sína að jafnaði á yfirráðavæði tveggja aðildarríkja eða fleiri,

   c) einstaklinga sem samningur, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar, gildir um,

   sem voru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki þegar þeir voru síðast í starfi eða stunduðu síðast atvinnustarfsemi.

2. Þeir einstaklingar, sem um getur í 1. mgr. og féllu í síðasta starfi sínu eða atvinnustarfsemi undir löggjöf annars aðildarríkis en þess þar sem þeir starfa sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, skulu eiga rétt til bóta í samræmi við ákvæði löggjafar búseturíkisins eins og þeir hefðu áður heyrt undir þá löggjöf.

3. Við beitingu þessarar ákvörðunar skal ákvarða búseturíkið í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

4. Ákvörðun þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

Ákvörðun nr. U3 **2012/EES/12/17**

frá 12. júní 2009

um gildissvið hugtaksins „atvinnuleysi að hluta til“ sem á við um atvinnulausa einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (*)

(2010/C 106/13)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 er að finna ákvæði sem veitir einstaklingum, sem eru atvinnulausir með öllu, undanþágu frá meginreglu vinnulandslöggjafarinnar, lex loci laboris, sem sett er fram í a-lið 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Beita skal samræmdum viðmiðunum Bandalagsins til að ákvarða hvort einstaklingur skuli teljast atvinnulaus með öllu eða að hluta til í skilningi 1. og 2. mgr. 65. gr. sömu reglugerðar. Slíkt mat má ekki fara fram á grundvelli viðmiðana í landslögum.

3) Þar eð starfsvenjur opinberra almannatryggingastofnana í hinum ýmsu aðildarríkjum endurspegla mismunandi túlkun þegar ákvarða skal tegund atvinnuleysis er mikilvægt að tilgreina gildissvið áðurnefndrar greinar með það fyrir augum að stofnanirnar geti samþykkt samræmdar og jafnvægar viðmiðanir að því er varðar beitingu þessara stofnana á þeirri grein.

4) Samkvæmt 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 fær einstaklingur, sem er atvinnulaus með öllu og hefur ekki lengur nein tengsl við lögbært aðildarríki, atvinnuleysisbætur hjá stofnun á búsetustað.

5) Mat á því hvort ráðningartengsl eru fyrir hendi eða þeim er viðhaldið byggt eingöngu á landslögum í ráðningarríkinu.

6) Ekki yrði unnt að ná því markmiði að vernda atvinnulausa einstaklinga skv. 65. gr. reglugerðarinnar ef einstaklingur, sem er áfram starfsmaður hjá sama fyrirtæki í aðildarríki öðru en því þar sem hann hefur búsetu, einnig þegar honum er sagt upp starfi tímabundið, er engu að síður talinn vera atvinnulaus með öllu og verður því að snúa sér til stofnunar á búsetustað til þess að fá atvinnuleysisbætur,

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Að því er varðar beitingu a-liðar 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 fer ákvörðun um tegund atvinnuleysis (þ.e.a.s. atvinnuleysi að hluta til eða að öllu leyti) eftir því hvort samningsbundin ráðningartengsl eru fyrir hendi eða þeim viðhaldið milli aðila en ekki eftir því hversu lengi tímabundið hlé á starfi viðkomandi varir.

2. Ef einstaklingur er áfram starfsmaður hjá fyrirtæki í öðru aðildarríki en því þar sem hann hefur búsetu, en starf hans er lagt niður tímabundið þó hann geti horfið aftur til vinnu hvenær sem er, skal fyrrnefndur launþegi talinn vera atvinnulaus að hluta til, og samsvarandi bætur skulu veittar af þar til bærri stofnun í ráðningarríkinu í samræmi við 1. mgr. 65. gr. reglugerðarinnar.

3. Ef einstaklingur er án samningsbundinna ráðningartengsla og hefur ekki lengur tengsl við ráðningarríkið (t.d. vegna þess að ráðningarsamningi hefur verið sagt upp eða er útrunninn) skal hann talinn atvinnulaus með öllu í samræmi við 2. mgr. 65. gr. reglugerðarinnar og skal stofnun á búsetustað veita bætur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

4. Ef sjálfstætt starfandi einstaklingur stundar ekki atvinnu- eða fagstarfsemi í aðildarríkinu þar sem atvinnustarfsemin fer fram telst hann atvinnulaus með öllu í samræmi við 2. mgr. 65. gr. reglugerðarinnar og stofnun á búsetustað skal veita bætur.

5. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Gabriela Pikorová

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/12/ESB **2012/EES/12/18**

frá 8. febrúar 2011

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu fenoxýkarbi við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir fenoxýkarb.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur fenoxýkarb verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

3) Þýskaland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 12. september 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbærs yfirvalds. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfiefni 24. september 2010.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem viðarvarnarefni og innihalda fenoxýkarb, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa fenoxýkarb á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þessa notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þau hólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfa fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

7) Í ljósi þeirra ályktana sem dregnar voru í tengslum við áhættumatið er rétt að krefjast þess að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógagndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni, sem notað er sem viðarvarnarefni og inniheldur fenoxýkarb, sem fer til spillis.

8) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir vatnsræn umhverfishólf skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda þessi hólf. Í ljós kom óviðunandi áhætta við notkun á meðhöndluðum við sem er óvarinn og ekki í snertingu við jörðu, sem er annað hvort alltaf óvarinn fyrir veðrun eða varinn gegn veðrun en blotnar oft (notkunarflokkur 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni ([3])), við þær sérstöku aðstæður þegar brú er yfir tjörn. Því er rétt að krefjast þess að ekki skuli leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem ætlaður er í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

9) Það er mikilvægt að ákvæðum þessarar tilskipunar verði beitt samtímis í öllum aðildarríkjunum til að tryggja jafna meðferð á sæfiefnum sem eru á markaði og innihalda virka efnið fenoxýkarb og einnig til að greiða fyrir því að sæfiefnamarkaðurinn starfi rétt.

10) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

11) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við *EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 1.12.2011, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998 bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007 bls. 3.

([3]) OECD series on emission scenario documents, Number 2, Emission Scenario Document for Wood Preservatives, part 2, bls. 64.

12) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2012.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
forseti.
José Manuel Barroso

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna flokkur	Sértæk ákvæði ([1])
„40	Fenoxýkarb	IUPAC-heiti: Etýl-[2-(4-fenoxýfenoxý)etýl]karbamatEB-nr.: 276-696-7CAS-nr.: 72490-01-8	960 g/kg	1. febrúar 2013	31. janúar 2015	31. janúar 2023	8	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir þau umhverfishólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum: — Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda jarðveg og vatnsræn umhverfishólf. Á merkimiðum og öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar, ef þau eru í boði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi undir þaki, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis. — Ekki skal leyfa sæfiefni til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfiefnið uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.“

(*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/13/ESB **2012/EES/12/19**

frá 8. febrúar 2011

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu nónansýru við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir nónansýru.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur nónansýra verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í sæfiefnaflokki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 10. október 2008 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbærs yfirvalds. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfiefni 24. september 2010.

5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem fæliefni og innihalda nónansýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa nónansýru á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þessa notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þau hólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfa fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

7) Það er mikilvægt að ákvæðum þessarar tilskipunar verði beitt samtímis í öllum aðildarríkjunum til að tryggja jafna meðferð á sæfiefnum sem eru á markaði og innihalda virka efnið nónansýru og einnig til að greiða fyrir því að sæfiefnamarkaðurinn starfi rétt.

8) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

9) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

10) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2012.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 1.12.2011, bls. 5.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennisnúmer	Lágmarkshreinleiki virks efnis í sæfiefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sæfiefni sem innihalda fleiri en eitt virkt efni en þá er lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sæfiefna-flokkur	Sértæk ákvæði ([1])
„41	Nónansýra, pelargónsýra	IUPAC-heiti: NónansýraEB-nr.: 203-931-2CAS-nr.: 112-05-0	896 g/kg	1. febrúar 2013	31. janúar 2015	31. janúar 2023	19	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfiefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sæfiefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir þau umhverfishólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.“

((*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/67/EB

2012/EES/12/20

frá 13. júlí 2009

um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/92/EBE frá 29. október 1993 um ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja ([3]) sem eru á tveimur eða þremur hjólum hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 93/92/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um allar gerðir ökutækja. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum eiga við um þessa tilskipun.

3) Í hverju aðildarríki skal ljósa- og ljósmerkjabúnaður ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum hafa ákveðna tæknilega eiginleika sem mælt er fyrir um í lögboðnum ákvæðum. Nauðsynlegt er að gera samræmdar kröfur hvað varðar áfestingu þessa búnaðar til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um öll slík ökutæki.

4) Taka skal fram að einnig má setja í ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, ljósabúnað sem hefur fengið gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í flokkum M1 og M2 í samræmi við viðeigandi tilskipanir. Enn fremur ber að setja ákvæði sem heimila valfrjálsa uppsetningu þokuljóskera að framan, þokuljóskera að aftan, bakkljóskera og viðvörunarbúnaðar á létt bifhjól sem eru á þremur hjólum og á létt fjórhjól.

5) Í því skyni að auðvelda aðgang að mörkuðum landa sem ekki eru innan Bandalagsins skulu kröfur þessarar tilskipunar og þær sem koma fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu ([6]) (UNECE) nr. 53 teljast jafngildar, hvað varðar bifhjól á tveimur hjólum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 222, 25.8.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB C 151, 17.6.2008, bls. 12.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta VII. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

([6]) E/ECE/TRANS/505/52. viðb. /1. breyt.

6) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta VII. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á öllum gerðum ökutækja sem um getur í 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

2. gr.

Aðferðin við að veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar í gerð vélknúins ökutækis á tveimur eða þremur hjólum og skilyrði fyrir frjálsum flutningi slíkra ökutækja skal vera eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB.

3. gr.

1. Í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2002/24/EB er jafngildi krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun vegna bifhjóla á tveimur hjólum og þeirra sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 hér með viðurkennt.

2. Yfirvöld í aðildarríkjunum sem veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skulu samþykkja viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, svo og gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem valkost við samsvarandi viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. – VI. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

5. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt, af ástæðum er varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, eða

– að banna að vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar er í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar ef kröfunum í þessari tilskipun er ekki fullnægt.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun 93/92/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem tilgreind er í A-hluta VII. viðauka, er hér með felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að lögleiða og beita tilskipununum sem eru tilgreindar í B-hluta VII. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Skilgreiningar og almennar kröfur

1. viðbætir: Yfirborð ljóskers, viðmiðunarás og viðmiðunarmiðja og dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna

2. viðbætir: Skilgreining á litum ljóskeranna

II. VIÐAUKI: Kröfur varðandi létt bifhjól á tveimur hjólum

1. viðbætir: Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

2. viðbætir: Yfirlitsteikning

3. viðbætir: Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á tveimur hjólum

4. viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á tveimur hjólum

III. VIÐAUKI: Kröfur varðandi létt bifhjól á þremur hjólum og létt fjórhjól

1. viðbætir: Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

2. viðbætir: Yfirlitsteikning

3. viðbætir: Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á þremur hjólum

4. viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á þremur hjólum

IV. VIÐAUKI: Kröfur varðandi bifhjól á tveimur hjólum

1. viðbætir: Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

2. viðbætir: Yfirlitsteikning

3. viðbætir: Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls á tveimur hjólum

4. viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls á tveimur hjólum

V. VIÐAUKI: Kröfur varðandi bifhjól með hliðarvagni

1. viðbætir: Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

2. viðbætir: Yfirlitsteikning

3. viðbætir: Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með hliðarvagni

4.viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með hliðarvagni

VI. VIÐAUKI: Kröfur varðandi bifhjól með þremur hjólum

1. viðbætir: Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

2. viðbætir: Yfirlitsteikning

3. viðbætir: Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með þremur hjólum

4. viðbætir: EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með þremur hjólum

VII. VIÐAUKI: A-hluti: Niðurfelld tilskipun með breytingum B-hluti: Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

VIII. VIÐAUKI: Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR OG ALMENNAR KRÖFUR

A. **SKILGREININGAR**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *gerð ökutækis*

með tilliti til uppsetningar ljósa- og ljósmerkjabúnaðar: ökutæki sem eru ekki frábrugðin hvert öðru hvað eftirtalin grundvallaratriði varðar:

1.1. mál og ytri lögun ökutækis,

1.2. fjölda og staðsetningu búnaðar,

1.3. eftirtalin ökutæki teljast ekki heldur „ökutæki mismunandi gerðar“:

1.3.1. ökutæki sem eru ekki eins í skilningi liða 1.1 og 1.2, þó ekki þannig að það kalli á breytingu á gerð, fjölda, staðsetningu og dreifingu ljósa sem eru hönnuð fyrir umrædda gerð ökutækis,

1.3.2. ökutæki með eða án ljóskera sem eru valfrjáls og fengið hafa gerðarviðurkenningu íhlutar í krafti tilskipunar,

2. *þverplan*

lóðrétt plan sem er hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins,

3. *ökutæki án hleðslu*

ökutæki án ökumanns, farþega eða hleðslu, en með fullum eldsneytistanki og þeim verkfærum sem eðlilegt er að fylgi,

4. *búnaður*

eining eða einhver samsetning eininga sem ætlað er að sinna einu eða fleiri hlutverkum,

5. *ljósker*

búnaður til að lýsa upp veg eða gefa öðrum vegfarendum ljósmerki. Ljósker við skráningarmerki að aftan og glitaugu teljast einnig til ljóskera,

5.1. *eitt ljósker*

búnaður eða hluti búnaðar sem gegnir einu hlutverki og hefur einn ljósflöt og einn eða fleiri ljósgjafa. Að því er varðar uppsetningu á ökutæki, merkir „eitt ljósker“ einnig samsetningu tveggja ósamtengdra eða sambyggðra ljóskera, sem geta verið eins, er starfa á sama hátt ef uppsetning þeirra er þannig að vörpun lýsandi flata á tiltekið þverplan nær yfir 60% eða meira af svæði minnsta rétthyrnings sem getur umlukið vörpunina á téðan ljósflöt.

Þegar svo háttar til skal hvert þessara ljóskera hljóta viðurkenningu sem „D“-ljós sé viðurkenningar krafist,

5.2. *sams konar ljósker*

ljósker með sömu virkni er hafa fengið heimild í skráningarlandi ökutækisins; slík ljósker mega hafa aðra eiginleika en þau ljósker sem voru sett í ökutækið þegar það var viðurkennt, að því tilskildu að þau fullnægi kröfum þessa viðauka,

5.3. *ósamtengd ljósker*

ljósker með aðgreinda ljósfleti, aðgreinda ljósgjafa og aðgreind ljósastæði,

5.4. *sambyggð ljósker*

ljósker með aðgreinda ljósfleti og aðgreinda ljósgjafa en sameiginlegt ljósastæði,

5.5. *samtengd ljósker*

ljósker með aðgreinda ljósfleti en sameiginlegan ljósgjafa og sameiginlegt ljósastæði,

5.6. *sameinuð ljósker*

búnaður sem hefur aðgreinda ljósgjafa eða einn ljósgjafa sem vinnur með mismunandi hætti (t.d. ljósfræðilegur, vélrænn eða raffræðilegur mismunur), sameiginlega ljósfleti að öllu leyti eða að hluta til og sameiginlegt ljósastæði,

5.7. *háljósker*

ljósker sem lýsa langt fram á veginn framan við ökutækið,

5.8. *lágljósker*

ljósker sem lýsa upp veginn framan við ökutækið án þess að valda ökumönnum eða öðrum vegfarendum sem koma á móti óþarfa glýju eða óþægindum,

5.9. *stefnuljósker*

ljósker sem gefa öðrum vegfarendum merki um að ökumaður hyggist breyta um stefnu til hægri eða vinstri,

5.10. *hemlaljósker*

ljósker sem gefa öðrum vegfarendum fyrir aftan ökutækið merki um að ökumaður þess stígi á akstursheimil,

5.11. *stöðuljósker að framan*

ljósker sem gefa til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það framan frá,

5.12. *stöðuljósker að aftan*

ljósker sem gefa til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það aftan frá,

5.13. *þokuljósker að framan*

ljósker sem eru notuð til að bæta lýsingu vegarins í þoku, snjókomu, slagviðri eða rykskýi,

5.14. *þokuljósker að aftan*

ljósker sem eru notuð til að auðveldara sé að greina ökutækið aftan frá í dimmri þoku,

5.15. *bakkljósker*

ljósker sem lýsa upp veginn fyrir aftan ökutækið og vara aðra vegfarendur við að verið sé að bakka ökutækinu eða að ætlunin sé að bakka því,

5.16. *hættuljósker*

búnaður sem veldur því að öll stefnuljósker ökutækisins blikka samtímis til þess að vekja athygli á því að öðrum vegfarendum stafi hætta af ökutækinu um stundarsakir,

5.17. *ljósker við skráningarmerki að aftan*

búnaður til að lýsa upp flötinn sem ætlaður er fyrir skráningarmerkið að aftan: heimilt er að nota nokkrar ljóseiningar,

5.18. *glitauga*

búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækisins með endurskini ljóss frá ljósgjafa sem er ekki tengdur ökutækinu, sá sem horfir verður að vera staðsettur nálægt ljósgjafanum: í þessum viðauka teljast skráningarmerki með endurskinsfleti ekki til glitaugna,

6. ljósflötur (sjá 1. viðbæti)

6.1. *lýsandi flötur ljósbúnaðar eða glitauga*

allur eða hluti ytri flatar gegnlýsanlegs efnis eins og lýst er á teikningunni í beiðni framleiðanda búnaðarins um viðurkenningu (sjá 1. viðbæti),

6.2. *ljósflötur ljósbúnaðar (sjá liði 5.7, 5.8, 5.13 og 5.15)*

hornrétt vörpun frá fullopnum endurkastara, á þverplan ef um er að ræða aðalljósker þar sem glerið er með sporbaugslaga endurkastara. Ef ljósabúnaðurinn hefur engan endurkastara skal notuð skilgreiningin í lið 6.3. Ef lýsandi flötur ljóskersins nær einungis yfir hluta af heildarendurskinsfletinum telst einungis vörpun þess hluta vera ljósflötur. Ef um er að ræða lágljósker takmarkast ljósflöturinn við rammann utan um glerið. Ef hægt er að stilla endurskinsflötinn og glerið skal nota miðjustillingu,

6.3. *ljósflötur ljósmerkjabúnaðar annars en glitaugna (sjá liði 5.9—5.12, 5.14, 5.16 og 5.17)*

hornrétt vörpun ljóss á plan sem er hornrétt á viðmiðunarás þess og í snertingu við ytri lýsandi fleti ljóskersins; þessi vörpun takmarkast við brúnir hlífa sem liggja í þessu plani þar sem hver brún veldur því að einungis 98% af heildar ljósmagni kemst í gegn í stefnu á viðmiðunarásinn; til þess að ákveða takmarkanir ljósflatar að ofan, neðan og til hliðanna skal einungis nota hlífar með láréttum og lóðréttum brúnum,

6.4. *ljósflötur glitaugna (sjá lið 5.18)*

hornrétt vörpun endurskinsflatar glitauga í plani sem liggur hornrétt á viðmiðunarás þess og takmarkast af plönum er snerta ytri brúnir endurvarpsflatar glitaugans og liggja samsíða þessum ási. Til þess að ákveða takmarkanir ljósflatar að ofan, neðan og til hliðanna skal einungis miða við lóðrétt og lárétt plön,

7. *sýnilegt yfirborð*

er, að beiðni framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans, miðað við ákveðna skoðunarstefnu, hornrétt vörpun sem takmarkast annaðhvort:

– af brúnum ljósflatarins sem varpast á ytri flöt glersins (a-b) eða

– af lýsandi fleti (c-d),

á plan sem er hornrétt á skoðunarstefnuna og í snertilínu við ysta punkt glersins (sjá teikningu í 1. viðbæti),

8. *viðmiðunarás*

er sérstakur ás ljóskers sem framleiðandi ljóskersins ákveður að nota skuli sem viðmiðunarstefnu (H = 0°, V = 0°) fyrir sjónarhorn við ljósmælingar og þegar ljóskerið er sett á ökutækið,

9. *viðmiðunarmiðja*

er skurðpunktur viðmiðunaráss og ljósflatarins og tilgreinir framleiðandi ljóskersins þessa viðmiðunarmiðju,

10. *dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna*

horn þau sem ákvarða lágmarksstærð rúmhorns þar sem sýnilegt yfirborð ljóskersins skal vera sýnilegt. Stærðin afmarkast af kúlusneiðum sem eru þannig að miðja þeirra fellur saman við viðmiðunarmiðju ljóskersins og miðbaugurinn er samsíða akbrautinni. Þessar sneiðar eru ákvarðaðar með hliðsjón af viðmiðunarásnum. Lárétt horn β samsvara lengd og lóðrétt horn α breidd. Innan horns rúmfræðilegrar ljósdreifingar má ekki vera neitt sem hindrar ljósvarp frá neinum hluta hins sýnilega yfirborðs, séð úr fjarska.

Séu mælingar gerðar nær ljóskerinu verður að hliðra skoðunarstefnunni svo að sama nákvæmni náist í mælingunni. Ekki skal tekið neitt tillit til hindrana innan horns rúmfræðilegrar ljósdreifingar ef þær voru þar þegar ljóskerið hlaut gerðarviðurkenningu.

Ef einhver hluti hins sýnilega yfirborðs ljóskersins er falinn bak við einhvern hluta ökutækisins við uppsetningu skal leggja fram sönnun þess að sá hluti ljóskersins sem ekki er falinn bak við hindranir uppfylli ennþá þær ljósfræðilegu kröfur sem gerðar eru vegna viðurkenningar á búnaðinum sem ljóseiningu (sjá 1. viðbæti),

11. *ystu brúnir*

á hvorri hlið ökutækisins er plan samsíða lengdarmiðjuplani ökutækisins sem fellur saman við ytri breiddarbrúnir án tillits til eftirfarandi útstæðra hluta:

11.1. *baksýnisspegla*,

11.2. *stefnuljóskera*,

12. *heildarbreidd*

er fjarlægðin milli tveggja lóðréttra plana sem skilgreind eru í 11. lið,

13. *fjarlægð milli tveggja ljóskera sem snúa í sömu átt*

fjarlægð milli hornrétts varps útlína tveggja ljósflata, eins og skilgreint er í því tilviki sem fram kemur í 6. lið, á plan hornrétt á viðmiðunarásinn,

14. *virknibundið gaumljós*

gaumljós sem sýnir hvort búnaður sem hefur verið kveikt á starfar rétt,

15. *tengingarbundið gaumljós*

gaumljós sem sýnir að kveikt hefur verið á búnaði en ekki hvort hann starfar rétt.

B. **ALMENNAR FORSKRIFTIR**

1. Miða verður uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar við eðlilegar notkunaraðstæður og skal hann, þrátt fyrir titring sem hann getur orðið fyrir, halda eiginleikum sínum sem mælt er fyrir um er gera það að verkum að ökutækið fullnægir kröfum þessarar tilskipunar. Einkum verður að gæta þess að ekki sé unnt að breyta stillingu ljóskeranna fyrir slysni.

2. Ljóskerin skulu þannig sett upp að auðvelt sé að stilla þau á réttan hátt.

3. Viðmiðunarás alls ljósmerkjabúnaðar sem er festur á ökutæki skal vera hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins þegar um er að ræða glitaugu á hliðum en samsíða því plani hvað snertir allan annan merkjabúnað. Vikmörk mega vera 3° í hverja átt.

   Að auki verður að fara eftir sérstökum leiðbeiningum framleiðanda varðandi áfestingu.

4. Ef sérstakar leiðbeiningar eru ekki fyrir hendi skal miða hæð og legu ljóskeranna við ökutæki án hleðslu á jafnsléttu, og skal lengdarmiðjuplan þess vera lóðrétt og stýri í beinni stöðu. Hjólbarðar skulu vera með þeim þrýstingi sem framleiðandi ökutækis tilgreinir fyrir þau hleðsluskilyrði sem mælt er fyrir um.

5. Ef engin sérákvæði hafa verið sett skulu ljósker sem mynda ljósapar:

5.1. fest þannig að þau verði samhverf á ökutækinu miðað við lengdarmiðjuplan,

5.2. vera samhverf hvert öðru miðað við lengdarmiðjuplan,

5.3. hafa sömu litamælieiginleika,

5.4. hafa nánast sömu ljósmælieiginleika.

6. Ef sérstakar leiðbeiningar eru ekki fyrir hendi eiga ljósker sem starfa á ólíkan hátt að geta verið ósamtengd eða sambyggð, samtengd eða sameinuð í einn búnað að því tilskildu að hvert ljósker fullnægi þeim kröfum sem gilda um það.

7. Mesta hæð frá jörðu er mæld frá efsta hluta og minnsta hæð frá lægsta hluta ljósflatarins. Minnsta hæð frá jörðu á lágljóskerum er mæld frá neðstu brún glersins eða endurkastaranum ef hann liggur hærra.

8. Ef engin sérákvæði hafa verið sett mega ekki önnur ljós en stefnuljósker og hættuljósker blikka.

9. Óheimilt er að láta sjást í rautt ljós að framanverðu og hvítt ljós, annað en bakkljós, að aftanverðu. Þessu skilyrði telst fullnægt: (sjá teikningar fyrir ökutæki á tveimur og þremur hjólum í 1. viðbæti við II.—VI. viðauka):

9.1. að því er varðar dreifingu rauðs ljóss að framanverðu: ef ekki sést beint í rautt ljós þegar skoðunarmaður færir sig um svæði 1 í þverplani 25 m framan við fremsta hluta ökutækisins,

9.2. að því er varðar dreifingu hvíts ljóss að aftanverðu: ef ekki sést beint í hvítt ljós þegar skoðunarmaður færir sig um svæði 2 í þverplani 25 m aftan við aftasta hluta ökutækisins,

9.3. svæði 1 og 2, séð frá sjónarhóli skoðunarmanns, takmarkast af eftirtöldum plönum:

9.3.1. hvað hæð varðar, af tveimur láréttum plönum sem eru 1 m og 2,2 m frá jörðu,

9.3.2. hvað breidd varðar, af tveimur lóðréttum plönum sem mynda 15° horn að framan og aftan, eftir því sem við á, og til hliðar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækis. Í þessum plönum, hvoru um sig, eru lóðréttir skurðpunktar lóðréttu plananna samsíða lengdarmiðjuplani ökutækis sem afmarka heildarbreidd þess og þverplananna sem afmarka heildarlengd ökutækisins.

10. Raftengingar fyrir stöðuljósker að framan eða lágljósker, ef stöðuljósker að framan eru ekki fyrir hendi, stöðuljósker að aftan og ljósker við skráningarmerki að aftan skulu þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja og slökkva á þessum ljóskerum samtímis.

11. Ef engin sérákvæði hafa verið sett skulu raftengingar fyrir háljósker, lágljósker og þokuljósker að framan þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja á þessum ljóskerum ef einnig kveikt er á ljóskerunum sem um getur í 10. lið. Þessi krafa á þó ekki við um háljóskerin eða lágljóskerin þegar þau eru notuð sem viðvörunarljós með þeim hætti að lágljóskerin eða háljóskerin blikka með jöfnu millibili eða lágljóskerin og háljóskerin blikka til skiptis með jöfnu millibili.

12. **Gaumljós**

12.1. Ökumaður verður að geta séð öll gaumljós greinilega úr eðlilegri ökumannsstellingu.

12.2. Heimilt er að setja virknibundið gaumljós í stað tengingarbundins gaumljóss ef ákvæði hefur verið sett um tengingarbundið gaumljós.

13. **Litir ljóskeranna**

Litirnir sem ljóskerin gefa frá sér eru:


Háljósker:	hvítur,
glitauga að framan, ekki þríhyrnt:	hvítur,
Lágljósker:	hvítur,
Stefnuljósker:	rauðgulur,
Hemlaljósker:	rauður,
Stöðuljósker að framan:	hvítur,
Stöðuljósker að aftan:	rauður,
Þokuljósker að framan:	hvítur/gulur,
Þokuljósker að aftan:	rauður,
Bakkljósker:	hvítur,
Hættuljósker:	rauðgulur,
Ljósker við skráningarmerki að aftan:	hvítur,
Glitauga á hliðum, ekki þríhyrnt:	rauðgulur,
Glitauga að aftan, ekki þríhyrnt:	rauður,
Glitauga á fetlum:	rauðgulur.

Skilgreiningar á litum ljóskeranna skulu vera eins og mælt er fyrir um í 2. viðbæti.

14. Allur ljósa- og ljósmerkjabúnaður verður að hljóta gerðarviðurkenningu íhluta. Þar til sett verða samræmd ákvæði um ljósa- og ljósmerkjabúnað á létt bifhjól með minna afl en 0,5 kW sem nær ekki meiri hámarkshraða en 25 km/klst. er þó heimilt að setja á þau lágljósker og/eða stöðuljósker að aftan sem ekki er búið að gerðarviðurkenna. Í slíkum tilvikum verður framleiðandi að lýsa því yfir að viðkomandi búnaður sé í samræmi við ISO-staðal 6742/1. Sérstakar viðbótarkröfur verða gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem getið er í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

1. viðbætir

Yfirborð ljóskers, viðmiðunarás og viðmiðunarmiðja og dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna



Ath.: Þrátt fyrir teikninguna telst sýnilegt yfirborð vera í snertilínu við lýsandi flötinn.

2. viðbætir

Skilgreining á litum ljóskeranna

ÞRÍLITAKERFI

Rauður	Takmörk gagnvart gulu	$y \leq 0{,}335$
	Takmörk gagnvart fjólubláu	$z \leq 0{,}008$
Hvítur	Takmörk gagnvart bláu	$x \geq 0{,}310$
	Takmörk gagnvart gulu	$x \leq 0{,}500$
	Takmörk gagnvart grænu	$y \leq 0{,}150 + 0{,}640x$
	Takmörk gagnvart grænu	$y \leq 0{,}440$
	Takmörk gagnvart fjólubláu	$y \geq 0{,}050 + 0{,}750x$
	Takmörk gagnvart rauðu	$y \geq 0{,}382$
Gulur	Takmörk gagnvart rauðu	$y \geq 0{,}138 + 0{,}580x$
	Takmörk gagnvart grænu	$y \leq 1{,}29x — 0{,}100$
	Takmörk gagnvart hvítu	$y \geq — x + 0{,}940$
		$y \geq 0{,}440$
	Takmörk gagnvart litrófsgildi	$y \leq — x + 0{,}992$
Rauðgulur	Takmörk gagnvart gulu	$y \leq 0{,}429$
	Takmörk gagnvart rauðu	$y \geq 0{,}398$
	Takmörk gagnvart hvítu	$z \leq 0{,}007$

Til þess að athuga þessi mörk skal nota ljósgjafa með litarhitastigi 2856 K (Alþjóðaljósráðið (ICI) staðall A).

II. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI LÉTT BIFHJÓL Á TVEIMUR HJÓLUM

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. liðar í B-þætti í I. viðauka skal eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnaðar vera á öllum léttum bifhjólum á tveimur hjólum:

1.1. lágljósker,

1.2. stöðuljósker að aftan,

1.3. hemlaljósker. Þessi krafa á ekki við ef léttu bifhjólin falla undir undanþágu sem kveðið er á um í 14. lið í B-þætti í I. viðauka,

1.4. glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd,

1.5. glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd,

1.6. glitaugu á fetlum, þó aðeins ef létt bifhjól á tveimur hjólum er með fetlum sem ekki er hægt að leggja að.

2. Auk þess er heimilt að festa á létt bifhjól á tveimur hjólum eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnað:

2.1. háljósker,

2.2. stefnuljósker,

2.3. ljósker við skráningarmerki að aftan,

2.4. stöðuljósker að framan,

2.5. glitaugu að framan, ekki þríhyrnd.

3. Ljósa- og ljósmerkjabúnaðurinn sem um getur í 1. og 2. lið skal festur á í samræmi við viðeigandi ákvæði í 6. lið.

4. Ekki er heimilt að festa á annan ljósa- og ljósmerkjabúnað en þann sem um getur í 1. og 2. lið.

5. Ljósa- og ljósmerkjabúnaður, sem um getur í 1. og 2. lið og er gerðarviðurkenndur fyrir bifhjól í samræmi við tilskipun 97/24/EB eða fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 í samræmi við viðeigandi tilskipanir 76/757/EBE, 76/758/EBE, 76/759/EBE, 76/760/EBE, 76/761/EBE, 76/762/EBE, 77/538/EBE eða 77/539/EBE, skal einnig heimilaður á léttum bifhjólum.

6. SÉRSTAKAR KRÖFUR UM UPPSETNINGU

6.1. **Háljósker:**

6.1.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.1.2. *Yfirlitsteikning:* engar sérstakar forskriftir.

6.1.3. *Staðsetning*

6.1.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt háljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja háljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal háljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef á ökutækinu er einnig ósamtengt lágljósker við hlið háljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö háljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.1.3.2. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.1.3.3. Bilið milli brúna ljósflatar ósamtengds háljóskers og ljósflatar lágljóskers má aldrei vera meira en 200 mm.

6.1.3.4. Bilið milli ljósflata tveggja háljóskera má ekki vera meira en 200 mm.

6.1.4. *Dreifing ljóss*

Tryggja skal dreifingu ljóss frá ljósfleti, þ.m.t. dreifing ljóss á svæðum sem virðast ekki lýst upp í viðkomandi skoðunarstefnu, innan keilulaga svæðis sem markast af línum er byggjast á ummáli ljósflatar og mynda a.m.k. 5° horn á viðmiðunarás ljóskersins. Byrjunarpunktur fyrir dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna er jaðarinn á vörpun ljósflatarins að þverplani sem snertir fremsta hluta glersins í háljóskerinu.

6.1.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.1.6. Heimilt er að sambyggja þau með lágljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.1.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.1.8. Heimilt er að sameina þau:

6.1.8.1. lágljóskerum,

6.1.8.2. stöðuljóskerum að framan.

6.1.9. *Raftengingar*

Kvikna skal samtímis á háljóskerunum. Kvikna skal á öllum háljóskerum þegar skipt er yfir úr lágljósum yfir í háljós. Þegar skipt er frá háljósunum yfir í lágljósin skal slokkna á öllum háljóskerunum samtímis. Lágljóskerin mega loga á sama tíma og háljóskerin.

6.1.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Blátt, stöðugt viðvörunarljós.

6.2. **Lágljósker**

6.2.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.2.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.2.3. *Staðsetning*

6.2.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt lágljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja lágljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal lágljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er einnig ósamtengt háljósker við hlið lágljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö lágljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.2.3.2. Hæð: lágmark 500 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.2.3.3. Lengd: við framenda ökutækisins; þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.2.3.4. Bilið milli ljósflata tveggja lágljóskera má ekki vera meira en 200 mm.

6.2.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 15° upp og 10° niður,

β = 45° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt lágljósker,

45° út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö lágljósker.

Plötur eða annar búnaður nálægt ljósinu mega ekki verða til að endurkast myndist sem veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

6.2.5. *Lega:* að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.2.6. Heimilt er að sambyggja þau með háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.2.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljós.

6.2.8. Heimilt er að sameina þau háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.2.9. *Raftengingar*

Stjórnbúnaður sem skiptir yfir í lágljós skal slökkva á öllum háljóskerum samtímis, en lágljósin mega loga á sama tíma og háljósin.

6.2.10. *Tengingarbundið gaumljós:* valfrjálst.

Grænt, stöðugt gaumljós.

6.2.11. *Aðrar kröfur:* engar.

6.3. **Stefnuljósker**

6.3.1. *Fjöldi*: Tvö á hvorri hlið.

6.3.2. *Yfirlitsteikning*: tvö stefnuljósker að framan og tvö að aftan.

6.3.3. *Staðsetning*

6.3.3.1. Breidd:

6.3.3.1.1. Eftirfarandi gildir um stefnuljóskerin að framan:

6.3.3.1.1.1. bilið milli ljósflatanna skal vera a.m.k. 240 mm,

6.3.3.1.1.2. þau skulu vera utan lóðréttra lengdarplana sem eru í snertilínu við ytri brúnir ljósflata aðalljóskersins (ljóskeranna).

6.3.3.1.1.3. Bilið milli ljósflata stefnuljóskeranna og næsta lágljóskers skal vera:

– 75 mm miðað við 90 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

– 40 mm miðað við 175 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

– 20 mm miðað við 250 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

– ≤ 20 mm miðað við 400 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins.

6.3.3.1.2. Bilið milli innri brúna á ljósflötum stefnuljóskera að aftan skal ekki vera minna en 180 mm.

6.3.3.2. Hæð: lágmark 350 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.3.3.3. Lengd: fjarlægð fram á við milli þverplans er samsvarar aftasta hluta ökutækisins og viðmiðunarmiðju stefnuljóskera að aftan má ekki vera meiri en 300 mm.

6.3.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: sjá 2. viðbæti.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerin eru ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.3.5. *Lega*

Heimilt er að láta stefnuljósker að framan snúast með stýrinu.

6.3.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri ljósker.

6.3.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.3.8. Óheimilt er að sameina þau öðrum ljóskerum.

6.3.9. *Raftengingar*

Kveikt skal á stefnuljóskerum óháð öðrum ljósum. Kveikt skal og slökkt á öllum stefnuljóskerum á annarri hlið ökutækisins með einum stjórnrofa.

6.3.10. *Virknibundinn gaumbúnaður*: valfrjáls

Hann má vera gerður fyrir sjón eða heyrn eða hvort tveggja. Ef hann er gerður fyrir sjón skal hann vera grænt blikkljós sem sést vel við eðlilegar aðstæður. Ljósið skal slokkna, eða lýsa stöðugt án þess að blikka eða breyta blikktíðni sinni ef um bilun í stefnuljóskeri er að ræða. Ef búnaðurinn er einungis gerður fyrir heyrn skal heyrast greinilega í honum og skal hann starfa á sambærilegan hátt og gaumljós.

6.3.11. *Aðrar kröfur*

Mæla skal þau atriði sem hér verða talin upp með rafal sem gefur aðeins þeim rásum straum sem nauðsynlegar eru til vinnslu hreyfils og ljósabúnaðar.

6.3.11.1. Ljósið verður að byrja að blikka eigi síðar en einni sekúndu eftir að kveikt er á ljósmerkjabúnaðinum og skal slokkna á fyrsta ljósinu aftur eigi síðar en einni og hálfri sekúndu eftir að það var fyrst kveikt.

6.3.11.2. Á öllum ökutækjum með stefnuljóskerum sem fá jafnstraum:

6.3.11.2.1. skal leifturljós blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

6.3.11.2.2. skulu stefnuljósker á sömu hlið ökutækisins blikka með sömu tíðni og í takt.

6.3.11.3. Ef á ökutæki eru stefnuljósker sem fá riðstraum þegar snúningshraði hreyfilsins er á milli 50% og 100% af því sem samsvarar hámarkshraða ökutækisins:

6.3.11.3.1. ljósin verða að blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

6.3.11.3.2. stefnuljósker á sömu hlið ökutækis mega blikka annaðhvort samtímis eða til skiptis. Ljóskerin að framan mega ekki sjást aftan frá eða afturljóskerin framan frá á þeim svæðum sem skilgreind eru í 1. viðbæti.

6.3.11.4. Ef á ökutæki eru stefnuljósker sem fá riðstraum þegar snúningshraði hreyfilsins er á bilinu frá því að vera í lausagangi, eins og skilgreint er frá framleiðanda, og upp í 50% af hámarkshraða ökutækisins:

6.3.11.4.1. blikktíðnin verður að vera á milli 90 + 30 og 90 - 45 sinnum á mínútu,

6.3.11.4.2. stefnuljósker á sömu hlið ökutækis mega blikka annaðhvort samtímis eða til skiptis. Ljóskerin að framan mega ekki sjást aftan frá eða afturljóskerin framan frá á þeim svæðum sem skilgreind eru í 1. viðbæti.

6.3.11.5. Komi til bilun, önnur en skammhlaup, í einu stefnuljósi verða hin ljósin að blikka áfram eða lýsa stöðugt en blikktíðni þeirra þegar svo stendur á getur verið önnur en sú sem mælt er fyrir um.

6.4. **Hemlaljósker**

6.4.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.4.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.4.3. *Staðsetning*

6.4.3.1. Breidd: ef aðeins eitt hemlaljósker er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef hemlaljóskerin eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins.

6.4.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.4.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.4.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 45° til vinstri og hægri.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.4.5. *Lega*: á aftanverðu ökutækinu.

6.4.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri afturljósker.

6.4.7. Óheimilt er að samtengja þau við annað ljósker

6.4.8. Heimilt er að sameina þau stöðuljóskeri að aftan.

6.4.9. *Raftengingar*: kvikna skal á þeim þegar a.m.k. einum akstursheimli er beitt.

6.4.10. *Tengingarbundið* gaumljós: bannað.

6.5. **Stöðuljósker að framan**

6.5.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.5.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.5.3. *Staðsetning*

6.5.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt stöðuljósker að framan ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja stöðuljóskersins að framan vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal stöðuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins,

– festa skal tvö stöðuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.5.3.2. Hæð: lágmark 350 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.5.3.3. Lengd: framan á ökutækinu.

6.5.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 80°til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker og 80° út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.5.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta stefnuljósker snúast með stýrinu.

6.5.6. Heimilt er að sambyggja þau við önnur ljósker að framan.

6.5.7. Heimilt er að sameina þau öðrum ljóskerum að framan.

6.5.8. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.5.9. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Stöðugt, grænt gaumljós.

6.5.10. *Aðrar kröfur: engar*.

6.6. **Stöðuljósker að aftan**

6.6.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.6.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.6.3. *Staðsetning*

6.6.3.1. Breidd: ef aðeins eitt stöðuljósker er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef stöðuljóskerin eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins.

6.6.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.6.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.6.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 80°til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker og 80° út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.6.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.6.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur afturljósker.

6.6.7. Heimilt er að sameina það hemlaljóskeri eða glitauga sem ekki er þríhyrnt að aftan, eða báðum.

6.6.8. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.6.9. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Fyrir þetta ljós er heimilt að nota búnað fyrir stöðuljósker að framan, eftir því sem við á.

6.6.10. *Aðrar kröfur*: engar.

6.7. **Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd**

6.7.1. *Fjöldi á hlið*: eitt eða tvö, flokkur IA ([1]).

6.7.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.7.3. *Staðsetning*

6.7.3.1. Breidd: engar sérstakar forskriftir.

6.7.3.2. Hæð: lágmark 300 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.7.3.3. Lengd: þannig að við eðlilegar aðstæður hylji ökumaður eða farþegi, eða fatnaður þeirra, ekki búnaðinn.

6.7.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° fram á við og aftur á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

([1]) Í samræmi við flokkun sem sett er fram í tilskipun 76/757/EBE.

6.7.5. *Lega*: viðmiðunarás glitaugnanna verður að vera hornréttur á lengdarmiðjuplan ökutækisins og vísa út á við.

Glitaugu að framan mega snúast með stýrinu.

6.7.6. Heimilt er að sambyggja þau við annan merkjabúnað.

6.8. Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd

6.8.1. *Fjöldi*: eitt, flokkur IA ([1]).

6.8.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.8.3. *Staðsetning*

6.8.3.1. Breidd: viðmiðunarmiðja verður að vera innan lengdarmiðjuplans ökutækisins.

6.8.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.8.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.8.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° til vinstri og hægri.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.8.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.8.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur ljósker.

6.8.7. *Aðrar kröfur:*

ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur með öðru rauðu ljóskeri að aftan.

6.9. **Glitaugu á fetlum**

6.9.1. Hver fetill á léttu bifhjóli á tveimur hjólum skal vera með tveimur glitaugum.

6.9.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.9.3. *Aðrar kröfur*

Ljósflöturinn skal vera innbyggður í glitaugað. Glitaugun skulu fest þannig í fetilinn að þau sjáist vel bæði framan og aftan við ökutækið. Viðmiðunarás glitaugnanna, en lögun þeirra skal vera í samræmi við fetilinn, skal vera hornréttur á ás fetilsins. Aðeins skal setja fetilglitaugu á fetla ökutækis ef þeir eru með sveifarbúnaði til gangsetningar, í stað hreyfils, eða álíka búnaði. Ekki þarf að nota glitaugu á fetla ef þeir eru notaðir sem stjórnbúnaður ökutækisins eða sem fóthvílur fyrir ökumann eða farþega.

6.10. **Glitauga að framan, ekki þríhyrnt:**

6.10.1. *Fjöldi*: eitt, flokkur IA ([1]).

6.10.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

([1]) Í samræmi við flokkun sem sett er fram í tilskipun 76/757/EBE.

6.10.3. *Staðsetning*

6.10.3.1. Breidd: viðmiðunarmiðja verður að vera innan lengdarmiðjuplans ökutækisins.

6.10.3.2. Hæð: lágmark 400 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.10.3.3. Lengd: framan á ökutækinu.

6.10.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° til vinstri og hægri

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.10.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta þau snúast með stýrinu.

6.10.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri ljósker.

6.10.7. *Aðrar forskriftir:* engar.

6.11. **Ljósker við skráningarmerki að aftan:**

6.11.1. *Fjöldi*: eitt.

Í ljóskerinu geta verið nokkrar ljóseiningar sem eiga að lýsa upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.11.2. *Yfirlitsteikning*

6.11.3. *Staðsetning*

6.11.3.1. Breidd:

6.11.3.2. Hæð:

6.11.3.3. Lengd:

6.11.4. *Dreifing ljóss*

6.11.5. *Lega*

} Þannig að ljósið lýsi upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.11.6. Heimilt er að sambyggja það við eitt eða fleiri afturljósker.

6.11.7. Heimilt er að sameina það við stöðuljósker að aftan.

6.11.8. Óheimilt er að sameina það öðru ljóskeri.

6.11.9. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.11.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.


Virkni þess skal tryggð með sama gaumljósi og fyrir stöðuljósker.

6.11.11. Aðrar kröfur: engar.


1. viðbætir

Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

(Sjá 9. lið í B-þætti I. viðauka og lið 6.3.11.4.2 í þessum viðauka)



Mynd 1




Mynd 2

2. viðbætir

Yfirlitsteikning

Stefnuljósker — dreifing ljóss



3. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á tveimur hjólum

(Skjalið skal fest við umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar þegar hún er ekki lögð fram með umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis)

Tilvísunarnúmer (ákveðið af umsækjanda): .....

Á umsókn um gerðarviðurkenningu íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á tveimur hjólum skulu koma fram þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi liðum í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB:

0.1,

0.2,

0.4 til 0.6,

8 til 8.4.

4. viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð létts bifhjóls á tveimur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... gefin út af tækniþjónustu ..... hinn ..... (dags.)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar ..... Rýmkun nr. .....

1. Tegund (viðskiptaheiti) ökutækis .....

.....

2. Gerð ökutækis .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

.....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á) .....

.....

5. Lögboðinn ljósabúnaður sem er festur á ökutæki sem er afhent til athugunar: .....

5.1. Lágljósker

5.2. Stöðuljósker að aftan

5.3. Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd

5.4. Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd

5.5. Glitaugu á fetlum ([2])

5.6. Hemlaljósker ([3])

6. Valfrjáls ljósabúnaður á ökutæki sem er afhent til athugunar ([1]):

6.1. Háljósker: já/nei ([*])

6.2. Stefnuljósker: já/nei ([*])

6.3. ljósker við skráningarmerki að aftan: já/nei ([*])

6.4. Stöðuljósker að framan: já/nei ([*])

6.5. Glitauga að framan, ekki þríhyrnt: já/nei ([*])

7. Afbrigði .....

.....

8. Ökutæki lagt fram til EB gerðarviðurkenningar íhlutar þann ..... (dags.)

9. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar (*)

10. Staður .....

11. Dagsetning .....

12. Undirskrift .....

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.
(1) Tilgreina skal á sérstöku blaði fyrir hverja tegund búnaðar þær gerðir búnaðar sem uppfylla kröfur þessa viðauka um uppsetningu.
(2) Aðeins á léttum bifhjólum á tveimur hjólum sem hafa fetla.
(3) Á ekki við um létt bifhjól sem falla undir undanþágu sem kveðið er á um í 14. lið í B-þætti í I. viðauka.

III. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI LÉTT BIFHJÓL Á ÞREMUR HJÓLUM OG LÉTT FJÓRHJÓL

1. Eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður skal vera á öllum léttum bifhjólum á þremur hjólum:

1.1. lágljósker,

1.2. stöðuljósker að framan,

1.3. stöðuljósker að aftan,

1.4. glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd,

1.5. glitaugu á fetlum, þó aðeins ef létt bifhjól á þremur hjólum er með fetlum,

1.6. hemlaljósker,

1.7. stefnuljósker fyrir létt bifhjól á þremur hjólum með lokaðri yfirbyggingu.

2. Auk þess er heimilt að setja á létt bifhjól á þremur hjólum eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnað:

2.1. háljósker,

2.2. stefnuljósker fyrir létt bifhjól á þremur hjólum án lokaðrar yfirbyggingar,

2.3. ljósker við skráningarmerki að aftan,

2.4. glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd,

2.5. þokuljósker að framan,

2.6. þokuljósker að aftan,

2.7. bakkljósker,

2.8. viðvörunarbúnaður.

3. Ljósa- og ljósmerkjabúnaðurinn sem um getur í 1. og 2. lið skal festur á í samræmi við viðeigandi ákvæði í 6. lið hér á eftir.

4. Ekki er heimilt að festa á annan ljósa- og ljósmerkjabúnað en þann sem um getur í 1. og 2. lið.

5. Ljósa- og ljósmerkjabúnaður, sem um getur í 1. og 2. lið og er gerðarviðurkenndur fyrir bifhjól í samræmi við tilskipun 97/24/EB eða fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 í samræmi við tilskipanir 76/757/EBE, 76/758/EBE, 76/759/EBE, 76/760/EBE, 76/761/EBE, 76/762/EBE, 77/538/EBE eða 77/539/EBE, skal einnig heimilaður á léttum bifhjólum sem eru á þremur hjólum og á léttum fjórhjólum.

6. SÉRSTAKAR KRÖFUR UM UPPSETNINGU

6.1. **Háljósker**

6.1.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja háljóskera á létt bifhjól á þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.1.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.1.3. *Staðsetning*

6.1.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt háljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja háljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal háljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef á ökutækinu er einnig ósamtengt lágljósker við hlið háljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö háljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.1.3.2. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.1.3.3. Bilið milli brúna ljósflatar ósamtengds háljóskers og ljósflatar lágljóskers má aldrei vera meira en 200 mm.

6.1.4. *Dreifing ljóss*

Tryggja skal dreifingu ljóss frá ljósfleti, þ.m.t. dreifing ljóss á svæðum sem virðast ekki lýst upp í viðkomandi skoðunarstefnu, innan keilulaga svæðis sem markast af línum er byggjast á ummáli ljósflatar og mynda a.m.k. 5° horn á viðmiðunarás ljóskersins. Byrjunarpunktur fyrir dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna er jaðarinn á vörpun ljósflatarins að þverplani sem snertir fremsta hluta glersins í háljóskerinu.

6.1.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.1.6. Heimilt er að sambyggja þau með lágljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.1.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.1.8. Heimilt er að sameina þau:

6.1.8.1. lágljóskerum,

6.1.8.2. stöðuljóskerum að framan.

6.1.9. *Raftengingar*

Kvikna skal samtímis á háljóskerunum. Kvikna skal á öllum háljóskerum þegar skipt er yfir úr lágljósum yfir í háljós. Þegar skipt er frá háljósunum yfir í lágljósin skal slokkna á öllum háljóskerunum samtímis. Lágljóskerin mega loga á sama tíma og háljóskerin.

6.1.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Blátt, stöðugt viðvörunarljós.

6.2. **Lágljósker**

6.2.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja lágljóskera á létt bifhjól á þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.2.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.2.3. *Staðsetning*

6.2.3.1. *Breidd*:

– festa má ósamtengt lágljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja lágljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal lágljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er einnig ósamtengt háljósker við hlið lágljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö lágljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

Ef um er að ræða ökutæki með tvö lágljósker:

– brún ljósflatar sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins má ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.2.3.2. Hæð: lágmark 500 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.2.3.3. Lengd: við framenda ökutækisins; þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint, vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.2.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 15° upp og 10° niður,

β = 45° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt lágljósker,

45° út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö lágljósker.

6.2.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.2.6. Heimilt er að sambyggja þau með háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.2.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.2.8. Heimilt er að sameina þau háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.2.9. *Raftengingar*

Stjórnbúnaður sem skiptir yfir í lágljós skal slökkva á öllum háljóskerum samtímis, en lágljósin mega loga á sama tíma og háljósin.

6.2.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Grænt, stöðugt gaumljós.

6.2.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.3. **Stefnuljósker**

6.3.1. *Fjöldi*: Tvö á hvorri hlið.

6.3.2. *Yfirlitsteikning*: tvö stefnuljósker að framan og tvö að aftan.

6.3.3. *Staðsetning*

6.3.3.1. Breidd:

– brún ljósflatar sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins má heldur ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm fjarlægð hvor frá annarri,

– bilið milli ljósflata stefnuljóskers og næsta lágljóskers skal vera að lágmarki:

  – 75 mm miðað við 90 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 40 mm miðað við 175 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 250 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – ≤ 20 mm miðað við 400 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins

6.3.3.2. Hæð: lágmark 350 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.3.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: sjá 2. viðbæti.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerin eru ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.3.5. *Lega*

Heimilt er að láta stefnuljósker að framan snúast með stýrinu.

6.3.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri ljósker.

6.3.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.3.8. Óheimilt er að sameina þau öðrum ljóskerum.

6.3.9. *Raftengingar*

Kveikt skal á stefnuljóskerum óháð öðrum ljósum. Kveikt skal og slökkt á öllum stefnuljóskerum á annarri hlið ökutækisins með einum stjórnrofa.

6.3.10. *Virknibundinn gaumbúnaður*: valfrjáls

Hann má vera gerður fyrir sjón eða heyrn eða hvort tveggja. Ef hann er gerður fyrir sjón skal hann vera grænt blikkljós sem sést vel við eðlilegar aðstæður. Ljósið skal slokkna, eða lýsa stöðugt án þess að blikka eða breyta blikktíðni sinni ef um bilun í stefnuljósi er að ræða. Ef búnaðurinn er einungis gerður fyrir heyrn skal heyrast greinilega í honum og skal hann starfa á sambærilegan hátt og gaumljós.

6.3.11. *Aðrar kröfur*

Mæla skal þau atriði sem hér verða talin upp með rafal sem gefur aðeins þeim rásum straum sem nauðsynlegar eru til vinnslu hreyfils og ljósabúnaðar.

6.3.11.1. Ljósið verður að byrja að blikka eigi síðar en einni sekúndu eftir að kveikt er á ljósmerkjabúnaðinum og skal slokkna á fyrsta ljósinu aftur eigi síðar en einni og hálfri sekúndu eftir að það var fyrst kveikt.

6.3.11.2. Á öllum ökutækjum með stefnuljóskerum sem fá jafnstraum:

6.6.8. Heimilt er að sameina það hemlaljóskeri eða glitauga sem ekki er þríhyrnt að aftan, eða báðum, eða þokuljóskeri að aftan.

6.6.9. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.6.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Fyrir þetta ljós er heimilt að nota búnað fyrir stöðuljósker að framan, eftir því sem við á.

6.6.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.7. Þokuljósker að framan

6.7.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.7.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.7.3. *Staðsetning*

6.7.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt þokuljósker að framan ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja þokuljóskers að framan vera innan lengdarmiðjuplans ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal þokuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins,

– festa skal tvö þokuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.7.3.2. Hæð: lágmark 250 mm frá jörðu. Enginn punktur ljósflatar má vera hærri en hæsti punktur ljósflatar lágljóskeranna.

6.7.3.3. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.7.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 5° upp og niður,

β = 45° út á við og 10° inn á við.

6.7.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.7.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur ljósker að framan.

6.7.7. Óheimilt er að samtengja við önnur ljósker að framan.

6.7.8. Heimilt er að sameina þau háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.7.9. *Raftengingar*

Það skal vera mögulegt að kveikja og slökkva á þokuljóskerum að framan óháð háljóskerunum og lágljóskerunum.

6.7.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Grænt, stöðugt gaumljós.

6.7.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.8. **Þokuljósker að aftan**

6.8.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.8.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.8.3. *Staðsetning*

6.8.3.1. Breidd: ef stakt þokuljósker er fest á skal staðsetning þess miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins vera á þeirri hlið sem er fjær gagnstæðri umferðarstefnu í skráningarríkinu.

6.8.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.8.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.8.3.4. Í öllum tilvikum skal bilið milli þokuljóskers að aftan og hemlaljóskers vera a.m.k. 100 mm.

6.8.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 5° upp og 5° niður,

β = 25° til vinstri og hægri.

6.8.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.8.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur afturljósker.

6.8.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.8.8. Heimilt er að sameina þau stöðuljóskerum að aftan.

6.8.9. *Raftengingar*

Ekki skal kveikja á ljóskerinu nema kveikt sé á einu af eftirtöldum ljósum: háljóskerum, lágljóskerum eða þokuljóskerum að framan.

Ef fyrir hendi er þokuljósker að framan skal vera mögulegt að kveikja og slökkva á þokuljóskerum að aftan óháð þokuljóskerunum að framan.

6.8.10. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Stöðugt, rauðgult gaumljós.

6.8.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.9. **Hættuljósker:**

6.9.1. Sömu kröfur og settar eru fram í liðum 6.3.1 til 6.3.8.

6.9.2. *Raftengingar*

Merkjaljósið skal kveikt með sérstökum stjórnbúnaði sem gerir það að verkum að öll stefnuljósin blikka í takt.

6.9.3. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Rautt, blikkandi ljós eða, ef ekki er um sérstakt gaumljós að ræða, sem getur unnið með gaumljósunum sem tilgreind eru í lið 6.3.10.

6.9.4. *Aðrar kröfur*

Ljósið skal blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu. Ljósið verður að byrja að blikka eigi síðar en einni sekúndu eftir að kveikt er á ljósmerkjabúnaðinum og skal slokkna á fyrsta ljósinu aftur eigi síðar en einni og hálfri sekúndu eftir að það var fyrst kveikt.

Stjórnbúnaður skal virka fyrir hættuljóskerin þótt búnaður sem ræsir og stöðvar hreyfilinn sé þannig stilltur að hreyfillinn getur ekki verið í gangi.

6.10. **Ljósker við skráningarmerki að aftan:**

6.10.1. *Fjöldi*: eitt.

Í ljóskerinu geta verið nokkrar ljóseiningar sem eiga að lýsa upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.10.2.	*Yfirlitsteikning*	Þannig að ljósið lýsi upp svæðið fyrir skráningarmerkið.
6.10.3.	*Staðsetning*	
6.10.3.1.	Breidd:	
6.10.3.2.	Hæð:	
6.10.3.3.	Lengd:	
6.10.4.	*Dreifing ljóss*	
6.10.5.	*Lega*	

6.10.6. Heimilt er að sambyggja það við eitt eða fleiri afturljósker.

6.10.7. Heimilt er að sameina það við stöðuljósker að aftan.

6.10.8. Óheimilt er að sameina það öðru ljóskeri.

6.10.9. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.10.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Virkni þess skal tryggð með sama gaumljósi og fyrir stöðuljósker.

6.10.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.11. **Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd**

6.11.1. *Fjöldi á hlið*: eitt eða tvö, flokkur IA .

6.11.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.11.3. *Staðsetning*

6.11.3.1. Breidd: engar sérstakar forskriftir.

6.11.3.2. Hæð: lágmark 300 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.11.3.3. Lengd: þannig að við eðlilegar aðstæður hylji ökumaður eða farþegi, eða fatnaður þeirra, ekki búnaðinn.

6.11.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° fram á við og aftur á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.11.5. *Lega*: viðmiðunarás glitaugnanna verður að vera hornréttur á lengdarmiðjuplan ökutækisins og vísa út á við. Glitaugu að framan mega snúast með stýrinu.

6.11.6. Heimilt er að sambyggja þau við annan merkjabúnað.

6.12. **Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd**

6.12.1. *Fjöldi*: eitt, flokkur IA ([1]).

6.12.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.12.3. *Staðsetning*

6.12.3.1. Breidd:

– brúnir ljósflata sem eru lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins mega ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.12.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.12.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

([1]) Í samræmi við flokkun sem sett er fram í tilskipun 76/757/EBE.

6.12.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° út á við og 10° inn á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.12.5. *Lega*: að aftanverðu.


6.12.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur ljósker.

6.12.7. Ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur með öðru rauðu afturljóskeri.


1. viðbætir

Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

(Sjá 9. lið í B-þætti I. viðauka og lið 6.3.11.4.2 í þessum viðauka)



Mynd 1




Mynd 2

2. viðbætir

Yfirlitsteikning

Tvö stefnuljósker að framan og aftan



3. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með hliðarvagni

(Skjalið skal fest við umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar þegar hún er ekki lögð fram með umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis)

Tilvísunarnúmer (ákveðið af umsækjanda):.....

Á umsókn um gerðarviðurkenningu íhlutar varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með hliðarvagni skulu koma fram þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi liðum í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB:

0.1,

0.2,

0.4 til 0.6

8 til 8.4.

4.viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með hliðarvagni

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... gefin út af tækniþjónustu ..... hinn ..... (dags.)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar ..... Rýmkun nr. .....

1. Tegund (viðskiptaheiti) ökutækis .....

.....

2. Gerð ökutækis .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

.....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á) .....

.....

5. Lögboðinn ljósabúnaður sem er festur á ökutæki sem er afhent til athugunar ([1]): .....

5.1. Háljósker:

5.2. Lágljósker

5.3. Stefnuljósker

5.4. Hemlaljósker

5.5. Stöðuljósker að framan

5.6. Stöðuljósker að aftan

5.7. Ljósker við skráningarmerki að aftan

5.8. Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd

6. Valfrjáls ljósabúnaður á ökutæki sem er afhent til athugunar ([1]):

6.1. Þokuljósker að framan: já/nei ([*])

6.2. Þokuljósker að aftan: já/nei ([*])

6.3. Hættuljósker: já/nei ([*])

6.4. Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd: já/nei ([*])

7. Afbrigði .....

.....

8. Ökutæki lagt fram til EB gerðarviðurkenningar íhlutar þann ..... (dags.)

9. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar (*)

10. Staður .....

11. Dagsetning .....

12. Undirskrift .....

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.
(1) Tilgreina skal á sérstöku blaði fyrir hverja tegund búnaðar þær gerðir búnaðar sem uppfylla kröfur þessa viðauka um uppsetningu.

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI BIFHJÓL MEÐ ÞREMUR HJÓLUM

1. Eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður skal vera á öllum bifhjólum með þremur hjólum:

1.1. háljósker,

1.2. lágljósker,

1.3. stefnuljósker,

1.4. hemlaljósker,

1.5. stöðuljósker að framan,

1.6. stöðuljósker að aftan,

1.7. ljósker við skráningarmerki að aftan,

1.8. glitauga að aftan, ekki þríhyrnt,

1.9. hættuljósker.

2. Auk þess er heimilt að festa á bifhjól með þremur hjólum eftirtalinn ljósa- og ljósmerkjabúnað:

2.1. þokuljósker að framan,

2.2. þokuljósker að aftan,

2.3. bakkljósker,

2.4. glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd.

3. Ljósa- og ljósmerkjabúnaðurinn sem um getur í 1. og 2. lið skal festur á í samræmi við viðeigandi ákvæði í 6. lið hér á eftir.

4. Ekki er heimilt að festa á annan ljósa- og ljósmerkjabúnað en þann sem um getur í 1. og 2. lið.

5. Ljósa- og ljósmerkjabúnaður, sem um getur í 1. og 2. lið og er gerðarviðurkenndur fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 í samræmi við tilskipanir 76/757/EBE, 76/758/EBE, 76/759/EBE, 76/760/EBE, 76/761/EBE, 76/762/EBE, 77/538/EBE eða 77/539/EBE, skal einnig heimilaður á bifhjólum með þremur hjólum.

6. SÉRSTAKAR KRÖFUR UM UPPSETNINGU

6.1. **Háljósker:**

6.1.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja háljóskera á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.1.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir

6.1.3. *Staðsetning*

6.1.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt háljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja háljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal háljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er einnig ósamtengt lágljósker við hlið háljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö háljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

6.1.3.2. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.1.3.3. Bilið milli brúna ljósflatar ósamtengds háljóskers og ljósflatar lágljóskers má aldrei vera meira en 200 mm.

6.1.4. *Dreifing ljóss*

Tryggja skal dreifingu ljóss frá ljósfleti, þ.m.t. dreifing ljóss á svæðum sem virðast ekki lýst upp í viðkomandi skoðunarstefnu, innan keilulaga svæðis sem markast af línum er byggjast á ummáli ljósflatar og mynda a.m.k. 5° horn á viðmiðunarás ljóskersins. Byrjunarpunktur fyrir dreifingu ljóss innan rúmfræðilegra horna er jaðarinn á vörpun ljósflatarins að þverplani sem snertir fremsta hluta glersins í háljóskerinu.

6.1.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.1.6. Heimilt er að sambyggja þau með lágljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.1.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.1.8. Heimilt er að sameina þau:

6.1.8.1. lágljóskerum,

6.1.8.2. stöðuljóskerum að framan,

6.1.8.3. þokuljóskerum að framan.

6.1.9. *Raftengingar*

Kvikna skal samtímis á háljóskerunum. Kvikna skal á öllum háljóskerunum þegar skipt er yfir úr lágljósum yfir í háljós. Þegar skipt er frá háljósunum yfir í lágljósin skal slokkna á öllum háljóskerunum samtímis. Lágljóskerin mega loga á sama tíma og háljóskerin.

6.1.10. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Blátt, stöðugt viðvörunarljós.

6.1.11. *Aðrar kröfur*: hámarksstyrkleiki háljóskera sem hægt er að kveikja á samtímis má ekki vera meiri en 225 000 cd (gildi sem er notað við EB-gerðarviðurkenningu íhluta).

6.2. **Lágljósker**

6.2.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja háljóskera á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.2.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.2.3. *Staðsetning*

6.2.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt lágljósker ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja lágljóskersins vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal lágljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani bifhjólsins; ef á bifhjólinu er einnig ósamtengt háljósker við hlið lágljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan bifhjólsins,

– festa skal tvö lágljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan bifhjólsins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

Ef um er að ræða ökutæki með tvö lágljósker:

– brún ljósflatar sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins má ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.2.3.2. Hæð: lágmark 500 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.2.3.3. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.2.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 15° upp og 10° niður,

β = 45° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt lágljósker,

45° út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö lágljósker.

Plötur eða annar búnaður nálægt ljósinu mega ekki verða til að endurkast myndist sem veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

6.2.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

Lóðréttur halli lágljósageislans verður að vera á milli –0,5 og –2.5%, nema fyrir hendi sé ytri stillingarbúnaður.

6.2.6. Heimilt er að sambyggja þau með háljóskerum og öðrum ljóskerum að framan.

6.2.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.2.8. Heimilt er að sameina þau háljóskerum og öðrum ljóskerum að framan.

6.2.9. *Raftengingar*

Stjórnbúnaður sem skiptir yfir í lágljós skal slökkva á öllum háljóskerum samtímis, en lágljósin mega loga á sama tíma og háljósin.

6.2.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Grænt, stöðugt gaumljós.

6.2.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.3. **Stefnuljósker**

6.3.1. *Fjöldi*: Tvö á hvorri hlið.

Eitt stefnuljós er einnig heimilað á hvorri hlið.

6.3.2. *Yfirlitsteikning*: tvö stefnuljósker að framan og tvö að aftan.

6.3.3. *Staðsetning*

6.3.3.1. Breidd:

– brúnir ljósflata sem eru lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins mega ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri.

– bilið milli ljósflata stefnuljóskeranna og næsta lágljóskers skal vera að lágmarki:

  – 75 mm miðað við 90 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 40 mm miðað við 175 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 250 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – ≤ 20 mm miðað við 400 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins

6.3.3.2. Hæð: lágmark 350 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.3.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: sjá 2. viðbæti.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerin eru ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.3.5. *Lega*

Heimilt er að láta stefnuljósker að framan snúast með stýrinu.

6.3.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri ljósker.

6.3.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.3.8. Óheimilt er að sameina það öðru ljóskeri.

6.3.9. *Raftengingar*

Kveikt skal á stefnuljóskerum óháð öðrum ljósum. Kveikt skal og slökkt á öllum stefnuljóskerum á annarri hlið ökutækisins með einum stjórnrofa.

6.3.10. *Virknibundinn gaumbúnaður*: lögboðinn.

Hann má vera gerður fyrir sjón eða heyrn eða hvort tveggja. Ef hann er gerður fyrir sjón skal hann vera grænt blikkljós sem sést vel við eðlilegar aðstæður. Ljósið skal slokkna, eða lýsa stöðugt án þess að blikka eða breyta blikktíðni sinni ef um bilun í stefnuljósi er að ræða. Ef búnaðurinn er einungis gerður fyrir heyrn skal heyrast greinilega í honum og skal hann greinilega breyta tíðni sinni ef bilun kemur upp.

6.3.11. *Aðrar kröfur*

Mæla skal þau atriði sem hér verða talin upp með rafal sem gefur aðeins þeim rásum straum sem nauðsynlegar eru til vinnslu hreyfils og ljósabúnaðar.

6.3.11.1. Ljósið verður að byrja að blikka eigi síðar en einni sekúndu eftir að kveikt er á ljósmerkjabúnaðinum og skal slokkna á fyrsta ljósinu aftur eigi síðar en einni og hálfri sekúndu eftir að það var fyrst kveikt.

6.3.11.2. Á öllum ökutækjum með stefnuljóskerum sem fá jafnstraum:

6.3.11.2.1. skal leifturljós blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

6.3.11.2.2. skulu stefnuljósker á sömu hlið ökutækisins blikka með sömu tíðni og í takt.

6.3.11.3. Ef á ökutæki eru stefnuljósker sem fá riðstraum þegar snúningshraði hreyfilsins er á milli 50% og 100% af því sem samsvarar hámarkshraða ökutækisins:

6.3.11.3.1. verða ljósin að blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

6.3.11.3.2. mega stefnuljósker á sömu hlið ökutækis blikka annaðhvort samtímis eða til skiptis. Ljóskerin að framan mega ekki sjást aftan frá eða afturljóskerin framan frá á þeim svæðum sem skilgreind eru í 1. viðbæti.

6.3.11.4. Ef á ökutæki eru stefnuljósker sem fá riðstraum þegar snúningshraði hreyfilsins er á bilinu frá því að vera í lausagangi, eins og skilgreint er frá framleiðanda, og upp í 50% af hámarkshraða ökutækisins:

6.3.11.4.1. blikktíðnin verður að vera á milli 90 + 30 og 90 - 45 sinnum á mínútu,

6.3.11.4.2. stefnuljósker á sömu hlið ökutækis mega blikka annaðhvort samtímis eða til skiptis. Ljóskerin að framan mega ekki sjást aftan frá eða afturljóskerin framan frá á þeim svæðum sem skilgreind eru í 1. viðbæti.

6.3.11.5. Komi til bilun, önnur en skammhlaup, í einu stefnuljóskeri verða hin ljóskerin að blikka áfram eða lýsa stöðugt en blikktíðni þeirra þegar svo stendur á getur verið önnur en sú sem mælt er fyrir um, nema ökutækið sé búið gaumljósi.

6.4. **Hemlaljósker**

6.4.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja hemlaljóskera á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.4.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.4.3. *Staðsetning*

6.4.3.1. Breidd: ef aðeins eitt hemlaljósker er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef hemlaljóskerin eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins.

Ef tvö afturhjól eru á ökutækinu skulu a.m.k. 600 mm vera milli ljóskeranna. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.4.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.4.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.4.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 45° til vinstri og hægri.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.4.5. *Lega*: á aftanverðu ökutækinu.

6.4.6. Heimilt er að sambyggja þau við eitt eða fleiri afturljósker.

6.4.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.4.8. Heimilt er að sameina þau stöðuljóskeri að aftan.

6.4.9. *Raftengingar*: kvikna skal á þeim þegar a.m.k. einum akstursheml er beitt.

6.4.10. *Tengingarbundið gaumljós*: bannað.

6.5. **Stöðuljósker að framan**

6.5.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja stöðuljóskera að framan á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.5.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.5.3. *Staðsetning*

6.5.3.1. Breidd:

– festa má ósamtengt stöðuljósker að framan ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja stöðuljóskersins að framan vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal stöðuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins,

– festa skal tvö stöðuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

Ef um er að ræða ökutæki með tvö stöðuljósker að framan:

– brúnir ljósflata sem eru lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins mega ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins.

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.5.3.2. Hæð: lágmark 350 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.5.3.3. Lengd: framan á ökutækinu.

6.5.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 80° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker og 80° út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.5.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.5.6. Heimilt er að sambyggja þau við önnur ljósker að framan.

6.5.7. Heimilt er að sameina þau öðrum ljóskerum að framan.

6.5.8. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.5.9. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Stöðugt, grænt gaumljós; þessa gaumljóss er ekki krafist ef aðeins er hægt að kveikja og slökkva á ljósum í mælaborðinu með stöðuljóskerum.

6.5.10. *Aðrar kröfur*: engar.

6.6. **Stöðuljósker að aftan**

6.6.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

Þó er krafist tveggja stöðuljóskera að aftan á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1300 mm.

6.6.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.6.3. *Staðsetning*

6.6.3.1. Breidd: ef aðeins eitt stöðuljósker er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef stöðuljóskerin eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins. Ef tvö afturhjól eru á ökutækinu skulu a.m.k. 600 mm vera milli ljóskeranna. Bilið skal minnkað í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.6.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

6.6.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.6.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 80° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker og 80° út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef ljóskerið er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.6.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.6.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur afturljósker.

6.6.7. Heimilt er að samtengja það ljóskeri við skráningarmerki að aftan.

6.6.8. Heimilt er að sameina það hemlaljóskeri eða glitauga sem ekki er þríhyrnt að aftan, eða báðum, eða þokuljóskeri að aftan.

6.6.9. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.6.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Fyrir þetta ljós er heimilt að nota búnað fyrir stöðuljósker að framan, eftir því sem við á.

6.6.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.7. Þokuljósker að framan

6.7.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.7.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.7.3. *Staðsetning*

6.7.3.1. Breidd:

– festa má þokuljósker að framan ofan eða neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan: ef ljóskerin eru staðsett hvort yfir öðru skal viðmiðunarmiðja þokuljóskers að framan vera innan lengdarmiðjuplans ökutækisins; ef ljóskerin eru hlið við hlið skulu viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal þokuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins,

– festa skal tvö þokuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

– brúnir ljósflatar sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins mega ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins.

6.7.3.2. Hæð: lágmark 250 mm frá jörðu. Enginn punktur ljósflatar má vera hærri en hæsti punktur ljósflatar lágljóskeranna.

6.7.3.3. Lengd: við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

6.7.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 5° upp og niður,

β = 45° til vinstri og hægri ef ljóskerið er ekki fyrir miðju, í því tilviki skal innra hornið vera β = 10°.

6.7.5. *Lega*: að framanverðu.

Heimilt er að láta ljóskerin snúast með stýrinu.

6.7.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur ljósker að framan.

6.7.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker að framan.

6.7.8. Heimilt er að sameina þau háljóskerum og stöðuljóskerum að framan.

6.7.9. *Raftengingar*

Það skal vera mögulegt að kveikja og slökkva á þokuljóskerum að framan óháð háljóskerunum og lágljóskerunum.

6.7.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Grænt, stöðugt gaumljós.

6.7.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.8. **Þokuljósker að aftan**

6.8.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.8.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.8.3. *Staðsetning*

6.8.3.1. Breidd: ef aðeins eitt þokuljósker er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef þokuljóskerin eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins. Ef tvö afturhjól eru á ökutækinu skulu a.m.k. 600 mm vera milli ljóskeranna. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.8.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1000 mm frá jörðu.

6.8.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu. Ef um er að ræða stakt þokuljósker skal það vera þeim megin við lengdarmiðjuplan ökutækisins sem er fjær gagnstæðri umferðarstefnu og má viðmiðunarmiðja einnig vera á samhverfulengdarplani ökutækisins.

6.8.3.4. Í öllum tilvikum skal bilið milli þokuljóskers að aftan og hemlaljóskers vera a.m.k. 100 mm.

6.8.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β samkvæmt skilgreiningu í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 5° upp og 5° niður,

β = 25° til vinstri og hægri.

6.8.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.8.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur afturljósker.

6.8.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.8.8. Heimilt er að sameina þau stöðuljóskerum að aftan.

6.8.9. *Raftengingar*

Ekki skal kveikja á ljóskerinu nema kveikt sé á einu af eftirtöldum ljósum: háljóskerum, lágljóskerum eða þokuljóskerum að framan.

6.8.10. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Stöðugt, rauðgult gaumljós.

6.8.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.9. **Bakkljósker**

6.9.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö.

6.9.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.9.3. *Staðsetning*

6.9.3.1. Breidd: engar sérstakar forskriftir.

6.9.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

6.9.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

6.9.4. *Dreifing ljóss*

Markast af hornum α og β eins og tilgreint er í 10. lið í A-þætti í I. viðauka:

α = 15° upp og 5° niður,

β = 45° til hægri og vinstri ef um er að ræða eitt bakkljósker,

β = 45° út á við og 30° inn á við ef um er að ræða tvö bakkljósker.

6.9.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.9.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur afturljósker.

6.9.7. Óheimilt er að samtengja þau við önnur ljósker.

6.9.8. Óheimilt er að sameina þau öðrum ljóskerum.

6.9.9. *Raftengingar*

Einungis kviknar á bakkljóskeri ef ökutækið er í bakkgír og ef búnaður sem notaður er til að ræsa eða stöðva hreyfilinn er þannig stilltur að hann getur verið í gangi. Ekki má kvikna eða loga á því ef einhverjum af þessum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt.

6.9.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

6.10. **Hættuljósker:**

6.10.1. Sömu kröfur og settar eru fram í liðum 6.3.1 til 6.3.8.

6.10.2. *Raftengingar*

Merkjaljósið skal kveikt með sérstökum stjórnbúnaði sem gerir það að verkum að öll stefnuljósin blikka í takt.

6.10.3. *Tengingarbundið gaumljós*: lögboðið.

Rautt, blikkandi ljós eða, ef ekki er um sérstakt gaumljós að ræða, sem getur unnið með gaumljósunum sem tilgreind eru í lið 6.3.10.

6.10.4. *Aðrar kröfur*

Ljósið skal blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu. Ljósið verður að byrja að blikka eigi síðar en einni sekúndu eftir að kveikt er á ljósmerkjabúnaðinum og skal slokkna á fyrsta ljósinu aftur eigi síðar en einni og hálfri sekúndu eftir að það var fyrst kveikt.

Stjórnbúnaður skal virka fyrir hættuljóskerin þótt búnaður sem ræsir og stöðvar hreyfilinn sé þannig stilltur að hreyfillinn getur ekki verið í gangi.

6.11. **Ljósker við skráningarmerki að aftan**

6.11.1. *Fjöldi*: eitt.

Í ljóskerinu geta verið nokkrar ljóseiningar sem eiga að lýsa upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.11.2. *Yfirlitsteikning*

6.11.3. *Staðsetning*

6.11.3.1. Breidd:

6.11.3.2. Hæð:

6.11.3.3. Lengd:

6.11.4. *Dreifing ljóss*

6.11.5. *Lega*

Þannig að ljósið lýsi upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.11.2. *Yfirlitsteikning* Þannig að ljósið lýsi upp svæðið fyrir skráningarmerkið.

6.11.3. *Staðsetning*

6.11.3.1. Breidd

6.11.3.2. Hæð

6.11.3.3. Lengd

6.11.4. *Dreifing ljóss*

6.11.5. *Lega*

6.11.6. Heimilt er að sambyggja það við eitt eða fleiri afturljósker.

6.11.7. Heimilt er að sameina það við stöðuljósker að aftan.

6.11.8. Óheimilt er að sameina það öðru ljóskeri.

6.11.9. *Raftengingar*: engar sérstakar forskriftir.

6.11.10. *Tengingarbundið gaumljós*: valfrjálst.

Virkni þess skal tryggð með sama gaumljósi og fyrir stöðuljósker.

6.11.11. *Aðrar kröfur*: engar.

6.12. **Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd**

6.12.1. *Fjöldi*: eitt eða tvö, flokkur IA ([1]).

Þó er krafist tveggja glitaugna að aftan, ekki þríhyrndra, á bifhjól með þremur hjólum með hámarksbreidd yfir 1000 mm.

6.12.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.12.3. *Staðsetning*

6.12.3.1. Breidd: ef aðeins eitt glitauga er á ökutækinu skal viðmiðunarmiðja þess vera í lengdarmiðjuplani ökutækisins, eða ef glitaugun eru tvö skulu þau vera samhverf miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins. Ef um er að ræða ökutæki með tvö glitaugu skulu brúnir ljósflatarins sem er lengst frá lengdarmiðjuplani ökutækisins ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún ökutækisins. Innri brúnir glitaugnanna skulu vera a.m.k. 500 mm hvor frá annarri. Bilið má minnka í 400 mm ef full breidd ökutækisins er innan við 1300 mm.

6.12.3.2. Hæð: lágmark 250 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.12.3.3. Lengd: aftan á ökutækinu.

([1]) Í samræmi við flokkun sem sett er fram í tilskipun 76/757/EBE.

6.12.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° til vinstri og hægri.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.12.5. *Lega*: að aftanverðu.

6.12.6. Heimilt er að sambyggja það við önnur ljósker.

6.12.7. *Aðrar kröfur:*

Ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur með öðru rauðu afturljóskeri.

6.13. **Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd**

6.13.1. *Fjöldi á hlið*: eitt eða tvö, flokkur IA ([1]).

6.13.2. *Yfirlitsteikning*: engar sérstakar forskriftir.

6.13.3. *Staðsetning*

6.13.3.1. Breidd: engar sérstakar forskriftir.

6.13.3.2. Hæð: lágmark 300 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

6.13.3.3. Lengd: þannig að við eðlilegar aðstæður geti ökumaður eða farþegi eða fatnaður þeirra ekki falið búnaðinn eða ökumaður eða farþegi, eða fatnaður þeirra hylji ekki búnaðinn.

6.13.4. *Dreifing ljóss*

Lárétt horn: 30° fram á við og aftur á við.

Lóðrétt horn: 15° yfir og undir láréttu plani.

Minnka má lóðrétta hornið undir láréttu plani í 5° ef um er að ræða glitauga sem er ekki ofar en 750 mm frá jörðu.

6.13.5. *Lega*: viðmiðunarás glitaugnanna verður að vera hornréttur á lengdarmiðjuplan ökutækisins og vísa út á við. Glitaugu að framan mega snúast með stýrinu.


6.13.6. Heimilt er að sambyggja þau við annan merkjabúnað.

([1]) Í samræmi við flokkun sem sett er fram í tilskipun 76/757/EBE.


1. viðbætir

Dreifing rauða ljóssins að framan og hvíta ljóssins að aftan

(Sjá 9. lið í B-þætti í I. viðauka og liði 6.3.11.3.2 og 6.3.11.4.2 í þessum viðauka)



Mynd 1




Mynd 2

2. viðbætir

Yfirlitsteikning

Stefnuljósker — dreifing ljóssins



3. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með þremur hjólum

(Skjalið skal fest við umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar þegar hún er ekki lögð fram með umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis)

Tilvísunarnúmer (ákveðið af umsækjanda):.....

Á umsókn um gerðarviðurkenningu íhlutar varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með þremur hjólum skulu koma fram þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í eftirfarandi liðum í A-þætti í II. viðauka við tilskipun 2002/24/EB:

0.1,

0.2,

0.4 til 0.6,

8 til 8.4.

4. viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á gerð bifhjóls með þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... gefin út af tækniþjónustu ..... hinn ..... (dags.)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar ..... Rýmkun nr. .....

1. Tegund (viðskiptaheiti) ökutækis .....

.....

2. Gerð ökutækis .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

.....

4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á) .....

.....

5. Lögboðinn ljósabúnaður sem er festur á ökutæki sem er afhent til athugunar ([1]): .....

5.1. Háljósker:

5.2. Lágljósker

5.3. Stefnuljósker

5.4. Hemlaljósker

5.5. Stöðuljósker að framan

5.6. Stöðuljósker að aftan

5.7. Ljósker við skráningarmerki að aftan

5.8. Glitaugu að aftan, ekki þríhyrnd

6. Valfrjáls ljósabúnaður á ökutæki sem er afhent til athugunar ([1]):

6.1. Þokuljósker að framan: já/nei ([*])

6.2. Þokuljósker að aftan: já/nei ([*])

6.3. Bakkljósker: já/nei ([*])

6.4. Hættuljósker: já/nei ([*])

6.5. Glitaugu á hliðum, ekki þríhyrnd: já/nei ([*])

7. Afbrigði .....

.....

8. Ökutæki lagt fram til EB gerðarviðurkenningar íhlutar þann ..... (dags.)

9. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar (*)

10. Staður .....

11. Dagsetning .....

12. Undirskrift .....

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.
(1) Tilgreina skal á sérstöku blaði fyrir hverja tegund búnaðar þær gerðir búnaðar sem uppfylla kröfur þessa viðauka um uppsetningu.

VII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum
(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/92/EBE	(Stjtíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 1)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/73/EB	(Stjtíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 20)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
93/92/EBE	1. maí 1995	1. nóvember 1995
2000/73/EB	31. desember 2001	1. janúar 2002

([1]) Í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/92/EBE:
„Frá þeim degi sem um getur í fyrstu undirgrein mega aðildarríkin ekki, af ástæðum er varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, banna að ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun séu tekin í notkun í fyrsta sinn.“

([2]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 2000/73/EB:
‘1. Frá og með 1. janúar 2002 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar:
— að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, eða
— að banna að vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum verði skráð, seld eða tekin í notkun,
ef uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðarins er í samræmi við kröfur samkvæmt tilskipun 93/92/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
2. Frá og með 1. júlí 2002 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar ef kröfunum í tilskipun 93/92/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.“

VIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 93/92/EBE	Tilskipun 2000/73/EB	Þessi tilskipun
1. og 2. gr.		1. og 2. gr.
Fyrsta málsgrein 3. gr.		1. mgr. 3. gr.
Önnur málsgrein 3. gr.		2. mgr. 3. gr.
4. gr.		4. gr.
5. gr.		—
1. mgr. 6. gr.		—
	1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 5. gr.
	2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 5. gr.
2. mgr. 6. gr.		3. mgr. 5. Gr.
—		6. og 7. gr.
7. gr.		8. gr.
Viðaukar I-VI		Viðaukar I-VI
—		VII. viðauki
—		VIII. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1025/2009 **2012/EES/12/21**

frá 29. október 2009

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Elvir SAS, sem lögð var fram 30. júlí 2008 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif mjólkurafurðar, sem auðguð hefur verið með mjólkurpeptíði og magnesíumi, til þess að minnka kvíða (spurning nr. EFSA-Q-2008-476) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Þessi vara stuðlar að því að milda kvíðaeinkenni hjá fullorðnum einstaklingum sem eru hóflega næmir fyrir streitu, fyrir tilstuðlan mjólkurpeptíða og magnesíums sem hún inniheldur.“

6) Hinn 19. desember 2008 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu innihaldsefnanna, sem sögð voru hafa fullyrt áhrif, og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

7) Í kjölfar umsóknar frá Unilever PLC (Breska konungsríkinu) og Unilever NV (Hollandi), sem lögð var fram 7. júlí 2008 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif svarts tes af Camellia sinensis í þá átt að skerpa athyglisgáfuna (spurning nr. EFSA-Q-2008-434) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Svart te stuðlar að skarpari athyglisgáfu.“

8) Hinn 22. desember 2008 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu svarts tes af Camellia sinensis og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

9) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

10) Heilsufullyrðingarnar „Þessi vara stuðlar að því að milda kvíðaeinkenni hjá fullorðnum einstaklingum sem eru hóflega næmir fyrir streitu, fyrir tilstuðlan mjólkurpeptíða og magnesíums sem hún inniheldur“ og „Svart te stuðlar að skarpari athyglisgáfu“ eru heilsufullyrðingar sem um getur í b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Því falla þær báðar undir aðlögunarráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Þar eð umsóknirnar voru ekki lagðar fram fyrir 19. janúar 2008 er krafan, sem kveðið er á um í b-lið 6. mgr. 28. gr., því ekki uppfyllt og aðlögunartímabilið, sem mælt er fyrir um í þeirri grein, á ekki við. Til samræmis við það skal veita sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 9.

([1]) Stjtíð. EB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 905, bls. 1–10.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 906, bls. 1–10.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1.gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu ekki færðar á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingarnar sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2.gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

Framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐINGAR SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlega fram komnum rannsóknaniðurstöðum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Mjólkurafurð, sem auðguð hefur verið með mjólkurpeptíði og magnesíumi	Þessi vara stuðlar að því að milda kvíðaeinkenni hjá fullorðnum einstaklingum sem eru hóflega næmir fyrir streitu, fyrir tilstuðlan mjólkurpeptíða og magnesíums sem hún inniheldur	Q-2008-476
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlega fram komnum rannsóknaniðurstöðum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Svart te af Camellia Sinensis	Svart te stuðlar að skarpari athyglisgáfu	Q-2008-434

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1167/2009 **2012/EES/12/22**

frá 30. nóvember 2009

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli , einkum 3. mgr. 17.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]) bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Hinn 13. febrúar 2009 bárust framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fimm álit á umsóknum um leyfi fyrir heilsufullyrðingum frá Matvælaöryggisstofnuninni. Hinn 16. mars 2009 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum eitt álit frá Matvælaöryggisstofnuninni á umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingu.

6) Tvö álit tengdust umsóknum um fullyrðingar um minnkun á sjúkdómsáhættu eins og um getur í a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og þrjú álit tengdust umsóknum um heilsufullyrðingar sem vísuðu til þroskunar og heilbrigðis barna eins og um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Þá verður ákvörðun um eina umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingu tekin síðar.

7) Í kjölfar umsóknar frá UNICER Bebidas de Portugal SGPS, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Melgaço® ölkelduvatns til að minnka blóðsykur (spurning nr. EFSA-Q-2008-219) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Regluleg neysla Melgaço ölkelduvatns minnkar styrk blóðsykurs í líkamanum.“

8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu Melgaço® ölkelduvatns og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

9) Í kjölfar umsóknar frá Ocean Spray International Services (UK) Ltd, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Ocean Spray Cranberry Products® á þvagrásarsýkingu hjá konum (spurning nr. EFSA-Q-2008-117) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Regluleg neysla tveggja skammta á dag af vöru frá Ocean Spray, sem hvor um sig inniheldur að jafnaði 80 mg af próantósýanídínum úr trönuberjum, stuðlar að því að minnka hættu á þvagrásarsýkingu hjá konum með því að hindra getu tiltekinna baktería til að festa sig í þvagrásinni.“

10) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Ocean Spray Cranberry Products® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 9.

([1]) Stjtíð. EB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 944, bls. 1–9.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 943, bls. 1–16.

11) Í kjölfar umsóknar frá Sorematec Italia SRL, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Kinder Chocolate® á vöxt (spurning nr. EFSA-Q-2008-283) ([1]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Kinder Chocolate, súkkulaðið sem stuðlar að vexti.“

12) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Kinder Chocolate® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

13) Í kjölfar umsóknar frá Plada Industriale SRL, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif stoðblandna með lífvirkum innihaldsefnum á meltingarkvilla (spurning nr. EFSA-Q-2008-270) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Slær á væga meltingarkvilla (iðrakveisu, hægðatregðu, meltingartengd einkenni).“

14) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu stoðblandna með fastri samsetningu keðjustuttra galaktófásykra, sýrðrar mjólkur, núkleótíða og beta-palmítats og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

15) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

16) Í samræmi við 6. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, sem ekki eru leyfilegar samkvæmt ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2005, í sex mánuði eftir samþykkt þessarar reglugerðar. Hins vegar voru umsóknirnar ekki voru lagðar fram fyrir 19. janúar 2008 og er krafan sem lögð er fram í b-lið 6. mgr. 28. gr. því ekki uppfyllt og aðlögunartímabilið sem mælt er fyrir um í þeirri grein á ekki við. Til samræmis við það skal veita sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðauka við þessa reglugerð, skulu ekki færðar á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og eru tilgreindar í viðauka við þessa reglugerð, í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 940, bls. 1–8.
([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 939, bls. 1–10.

VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐINGAR SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	Melgaço® ölkelduvatn	Regluleg neysla Melgaço ölkelduvatns minnkar styrk blóðsykurs í líkamanum	Q-2008-219
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	Ocean Spray Cranberry Products®	Regluleg neysla tveggja skammta á dag af vöru frá Ocean Spray, sem hvor inniheldur að jafnaði 80 mg af próantósýanídínum úr trönuberjum, stuðlar að því að minnka áhættu á sýkingu í þvagrás kvenna með því að hindra getu tiltekinna baktería til að festast í þvagrásinni.	Q-2008-117
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Kinder Chocolate®	Kinder Chocolate, súkkulaði sem stuðlar að vexti	Q-2008-283
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Stoðblöndur með fastri samsetningu keðjustuttra galaktósufásykra, sýrðrar mjólkur, núkleótíða og beta-palmitats.	Slær á væga meltingarkvilla (ristilkrampa, hægðatregðu, meltingartengd einkenni)	Q-2008-270

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1168/2009 **2012/EES/12/23**

frá 30. nóvember 2009

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti um viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Brudy Techonology SL, sem lögð var fram 9. október 2008 skv. b-lið 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Algatrium® á andoxandi svörun (spurning nr. EFSA-Q-2008-705) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Algatrium® stuðlar að andoxandi svörun líkamans: einstakt næringarefni sem staðfest hefur verið vísindalega að örvar eigin andoxunarvarnir frumna líkamans.“

6) Hinn 16. mars 2009 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Algatrium® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

7) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við samningu ráðstafana þessarar reglugerðar.

8) Aðlögunarráðstafanirnar, sem settar eru fram í 5. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, gilda um heilsufullyrðingar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar. Að því er varðar heilsufullyrðinguna „Algatrium® stuðlar að andoxandi svörun líkamans: einstakt næringarefni sem staðfest hefur verið vísindalega að örvar eigin andoxunarvarnir frumna líkamans“ ályktaði Matvælaöryggisstofnunin hins vegar að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Algatrium® og fullyrtu áhrifanna. Því er fullyrðingin ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og þ.a.l. á aðlögunartímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ekki við. Veita skal sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 942, bls. 1–9.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota hana í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐINGAR SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Algatrium®	Algatrium® stuðlar að andoxandi svörun líkamans: einstakt næringarefni sem staðfest hefur verið vísindalega að örvar eigin andoxunarvarnir frumna líkamans.	Q-2008-705

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 143/2011 **2012/EES/12/24**

frá 17. febrúar 2011

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 58. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að það geti þurft leyfi fyrir efnum sem uppfylla viðmiðun fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi efni (1. eða 2. undirflokki), stökkbreytandi efni (1. eða 2. undirflokki) og sem efni sem hafi eituráhrif á æxlun (1. eða 2. undirflokki) í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EES frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([2]), efnum sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð, efnum sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, og/eða efnum þar sem niðurstöður rannsókna liggja fyrir sem benda til að þessi efni hafi alvarleg áhrif á heilbrigði manna og á umhverfið sem gefa tilefni til sömu áhyggna og áhrif hinna efnanna.

2) Samkvæmt 4. mgr. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([3]) skulu a-, b- og c-liðir 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 vísa, frá og með 1. desember 2010, til flokkunarviðmiðana sem mælt er fyrir um í liðum 3.6, 3.5 og 3.7, í þeirri röð, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Vísanir í þessari reglugerð til flokkunarviðmiðanna, sem vísað er til í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu því vera í samræmi við það ákvæði.

3) 5-tert-bútýl-2,4,6-trínítró-m-xýlen (moskusxýlen) er mjög þrávirkt efni og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. e-lið 57. gr. og sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

4) 4,4'-díamínódífenýlmetan (MDA) uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 samkvæmt a-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

5) Alkön, C10–C13, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín (SCCP)) eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð, og einnig mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli samkvæmt viðmiðunum fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. d- og e-lið 57. gr., í þeirri röð, og sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð. Efnin hafa verið tilgreind og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 44, 18.2.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 15.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

6) Hexabrómsýklódódekan (HBCDD) og fjölhverfurnar alfa-, beta- og gammahexabrómsýklódódekan eru þrávirkar, safnast fyrir í lífverum og eru eitraðar samkvæmt viðmiðunum fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. d-lið 57. gr. og sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð. Efnin hafa verið tilgreind og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

7) Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Bensýlbútýlþalat (BBP) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

9) Díbútýlþalat (DBP) uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Efnið hefur verið tilgreint og sett á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. þeirrar reglugerðar.

10) Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu frá 1. júní 2009 ([1]) hafa framangreind efni verið sett í forgang að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 58. gr. þeirrar reglugerðar.

11) Í desember 2009 var keðjustuttum, klóruðum paraffínum bætt á skrána yfir þrávirk, lífræn mengunarefni samkvæmt bókuninni um þrávirk, lífræn mengunarefni frá 1998 við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979. Það að bæta keðjustuttum, klóruðum paraffínum við bókunina hefur í för með sér auknar skuldbindingar fyrir Evrópusambandið samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([2]) sem gætu haft áhrif á færslu efnanna á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 á þessu stigi.

12) Ef umsækjandi vill halda áfram að nota eitthvert efnanna, sem er skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eða setja efnið á markað, er rétt að setja síðasta skiladag fyrir umsóknir sem berast skulu Efnastofnun Evrópu, í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Rétt er að setja lokadag fyrir hvert efni sem er skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 en eftir þann dag er notkun efnisins eða setning þess á markað bönnuð, í samræmi við i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Í tilmælum Efnastofnunar Evrópu frá 1. júní 2009 eru tilgreindir síðustu skiladagar fyrir umsóknir vegna efnanna sem skráð eru í viðaukanum við þessa reglugerð. Þær dagsetningar skulu grundvallast á áætluðum, nauðsynlegum undirbúningstíma fyrir umsókn um leyfi, með tilliti til þess hvaða upplýsingar eru tiltækar um hvert efni og sérstaklega til þeirra upplýsinga sem bárust meðan á samráði við almenning stóð í samræmi við 4. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Taka skal tillit til þátta á borð við fjölda aðila í aðfangakeðjunni, einsleitni þeirra eða misleitni, þess hvort tilraunir til útskiptingar standa yfir og upplýsinga um aðra mögulega kosti auk þess hve flókinn undirbúningurinn á greiningu annarra kosta væntanlega verður.

15) Síðasti skiladagur fyrir umsóknir skal vera a.m.k. 18 mánuðum fyrir lokadag, í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

16) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Bandalagsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd.

17) Bis(2-etýlhexýl)þalat, bensýlbútýlþalat og díbútýlþalat eru notuð í innri umbúðir lyfja. Öryggisþættir vegna innri umbúða lyfja falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um dýralyf ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([4]). Í þeirri löggjöf Sambandsins er kveðið á um

([1]) http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/annex_xiv_rec_en.asp
([2]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.
([3]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

ramma um tilhlýðilegt eftirlit með áhættu vegna slíkra innri umbúða með því að setja kröfur um gæði, stöðugleika og öryggi innri umbúða. Því er rétt að veita undanþágu frá leyfisveitingu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna notkunar bis(2-etýlhexýl)þalats, bensýlbútýlþalats og díbútýlþalats í innri umbúðir lyfja.

18) Við leyfisveitingar sínar skal framkvæmdastjórnin ekki taka tillit til áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og stafar af notkun efna í lækningatækjum, sem reglur eru settar um í tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([1]), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([3]), í samræmi við 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Í 6. mgr. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2007 er auk þess kveðið á um að í umsóknum um leyfi skuli ekki tilgreind sú áhætta sem steðjar að heilbrigði manna og stafar af notkun efnis í lækningatæki, sem reglur eru settar um í þessum tilskipunum. Þar af leiðandi þarf ekki að sækja um leyfi fyrir efni sem notað er í lækningatæki, sem reglur eru settar um í tilskipunum 90/385/EBE, 93/42/EBE eða 98/79/EB, svo framarlega sem efnið er einungis tilgreint í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 vegna heilbrigðis manna. Mat á því hvort skilyrði fyrir undanþágu skv. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 séu uppfyllt er því ekki nauðsynlegt.

19) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að veita undanþágur fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi vegna vöru og vinnslu.

20) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki rétt að ákveða endurskoðunartímabil vegna tiltekinnar notkunar.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

JOSÉ MANUEL BARROSO

forseti.

([1]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.
([2]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi tafla bætist við XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006:

„Færslu-númer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endur skoðunar-tímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ([1])	Lokadagur ([2])		
1.	5-tert-bútýl-2,4,6-trínítró-m-xýlen (**moskusxýlen**) EB-nr. 201-329-4 CAS-nr. 81-15-2	vPvB (mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli)	21. febrúar 2013	21. ágúst 2014	—	—
2.	4,4'-díamínódífenýlmetan (**MDA**) EB-nr. 202-974-4 CAS-nr. 101-77-9	Krabbameinsvald-andi (undirflokkur 1B)	21. febrúar 2013	21. ágúst 2014	—	—
3.	Hexabrómsýklódódekan (**HBCDD**) EB-nr. 221-695-9 247-148-4 CAS-nr. 3194-55-6 25637-99-4 alfa-hexabrómsýkló-dódekan CAS-nr. 134237-50-6, beta-hexabrómsýklódó-dekan CAS-nr. 134237–51–7 gamma-hexabrómsýkló-dódekan CAS nr. 134237–52–8	PBT (þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð)	21. febrúar 2014	21. ágúst 2015	—	—
4.	bis(2-etýlhexýl)þalat (**DEHP**) EB-nr. 204-211-0 CAS-nr. 117-81-7	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	21. ágúst 2013	21. febrúar 2015	Notað í innri umbúðir lyfja sem falla undir reglugerð (EB) nr. 726/2004, tilskipun 2001/82/ EB og/eða tilskipun 2001/83/EB.	
5.	Bensýlbútýlþalat (**BBP**) EB-nr. 201-622-7 CAS-nr. 85-68-7	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	21. ágúst 2013	21. febrúar 2015	Notað í innri umbúðir lyfja sem falla undir reglugerð (EB) nr. 726/2004, tilskipun 2001/82/ EB og/eða tilskipun 2001/83/EB.	

„Færslu-númer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Umbreytingarfyrirkomulag		Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endur skoðunar-tímabil
			Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ([1])	Lokadagur ([2])		
6.	Díbútýlþalat (**DBP**) EB-nr. 201-557-4 CAS-nr. 84-74-2	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	21. ágúst 2013	21. febrúar 2015	Notað í innri umbúðir lyfja sem falla undir reglugerð (EB) nr. 726/2004, tilskipun 2001/82/ EB og/eða tilskipun 2001/83/EB.	

([1]) Dagsetning sem vísað er til í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.
([2]) Dagsetning sem vísað er til í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 207/2011 **2012/EES/12/25**

frá 2. mars 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabrómafleiða af dífenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með færslum 44 og 53 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eru innleiddar takmarkanir að því er varðar setningu á markað og notkun dífenýleters, pentabrómafleiðna og perflúoroktansúlfónata.

2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([2]) eru skuldbindingarnar, sem settar voru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk, lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmsssamningurinn“) og samþykktar með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB ([3]), og í bókuninni frá 1998 um þrávirk, lífræn efni sem gerð var við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (hér á eftir nefnd „bókunin“) og samþykkt var með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB ([4]), teknar upp í lög Sambandsins.

3) Í kjölfar tillagna um efni frá Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess, auk Noregs og Mexíkó, lauk nefnd um endurskoðun þrávirkra, lífrænna mengunarefna, sem var komið á fót með Stokkhólmssamningnum, vinnu sinni vegna efnahópa sem reyndust uppfylla viðmiðanir Stokkhólmssamningsins. Á fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna 4.–8. maí 2009 var samþykkt að bæta níu efnum í viðaukana við Stokkhólmssamninginn, þ.m.t. pentabrómdífenýleter og perflúoroktansúlfónöt.

4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr 757/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka ([5]) er hrint í framkvæmd ákvörðunum fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna með því að bæta efnunum, sem skráð eru í Stokkhólmssamningnum eða bókuninni eða hvoru tveggja, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Meðal þeirra efna er pentabrómdífenýleter og perflúoroktansúlfónöt. Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er komið á banni við framleiðslu og setningu efnanna, sem skráð eru í I. viðauka, á markað og reglur settar um stjórnun úrgangs sem inniheldur þessi efni. Undanþágur vegna perflúoroktansúlfónata, sem gilda samkvæmt efnareglunum (REACH) í XVII. viðauka, flytjast yfir í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 og eru skráðar þar með nokkrum breytingum sem endurspegla ákvörðun fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna.

5) Þar af leiðandi eru takmarkanir vegna dífenýleters, pentabrómafleiðna og perflúoroktansúlfónata í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 óþarfar og fella skal brott færslur 44 og 53.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 falla færslur 44 og 53 brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 15.

([1]) Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([3]) Stjtíð ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35.

([5]) Stjtíð ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 390/2011 **2012/EES/12/26**

frá 19. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) Nr. 2111/2005.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Framkvæmdastjórnin og, í sérstökum tilvikum, nokkur aðildarríki höfðu samráð við yfirvöldin sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum.

6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og framkvæmdastjórnarinnar um tækniaðstoðarverkefni sem unnin eru í löndum sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.

7) Flugöryggisnefndin hefur einnig verið upplýst um aðgerðir til framfylgdar sem Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og viðhald loftfara sem skráð eru í Sambandinu og starfrækt eru af flugrekendum sem hafa fengið vottun flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs í þriðju löndum.

8) Flugöryggisnefndin hefur einnig hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu um flokkun ágalla við skoðun á hlaði innan ramma áætlunar Evrópusambandsins um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðun) og hefur stutt tillögur Flugöryggisstofnunarinnar um nýja flokkun þegar ekki er farið að kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um enskukunnáttu (e. English Language Proficiency -ELP) flugmanna til að tryggja, án frekari tafa, að farið sé að fullu að stöðlunum varðandi enskukunnáttu. Þegar ríkið, sem gefur út skírteini, hefur lagt aðgerðaáætlun fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, til að uppfylla kröfurnar, skal, í samræmi við slíka tillögu, skrá annmarka í flokk 2. Enn fremur skal skrá ágalla í flokk 3 ef ekki er farið að kröfum um enskukunnáttu og ríkið, sem gefur út skírteini, hefur hvorki lagt aðgerðaáætlun fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina né tilkynnt að kröfunum hafi verið fullnægt í einu og öllu án þess að uppfylla þessa kröfu í reynd. Að lokum skal skrá almenna athugasemd (í flokk G) ef unnt er að staðfesta að kröfunum um enskukunnáttu sé formlega fullnægt þrátt fyrir að raunveruleg tjáskipti við skoðun á hlaði hafi gengið mjög erfiðlega vegna greinilegs skorts á enskukunnáttu flugmanna. Flugöryggisnefndin samþykkti að leitast við að tillögunum yrði beitt á samræmdan hátt. Flugöryggisstofnun Evrópu skuldbatt sig til að birta viðeigandi leiðbeiningar innan tíðar.

9) Flugöryggisnefndin studdi einnig tillögu Flugöryggisstofnunarinnar um að aðildarríkin kæmu á formlegu sambandi við hlutaðeigandi veitendur flugleiðsöguþjónustu í því skyni að tilkynna samskiptaerfiðleika við áhafnir loftfara vegna ófullnægjandi enskukunnáttu flugmannanna. Að lokum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 21.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

óskaði flugöryggisnefndin eftir því við Flugöryggisstofnun Evrópu að hún gæfi skýrslu á næsta fundi nefndarinnar um niðurstöður úr SAFA-skoðunum varðandi framkvæmd á kröfum um enskukunnáttu flugmanna ásamt framkvæmd fyrirhugaðrar flokkunar.

10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

11) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust við skoðun á hlaði í tengslum við SAFA-skoðanir sem fóru fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Evrópusambandinu, sem og skoðanir og úttektir á sérstökum sviðum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa sum aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Kýpur ákvað, 26. nóvember 2010, að fella flugrekandaskírteini (AOC) flugrekandans Eurocypria Airlines tímabundið úr gildi í kjölfar þess að flugrekandinn hætti starfrækslu og skorti fjármagn til þess að geta stundað flugrekstur við örugg skilyrði. Ítalía ákvað, 24. október 2010, að fella flugrekstrarleyfi flugrekandans Livingston til flutninga í lofti tímabundið úr gildi og flugrekstrarleyfi flugrekandans ItaliAirlines, 11. mars 2011. Litháen ákvað, 11. nóvember 2010, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Star 1 Airlines. Þegar flugrekandinn Blue Line varð gjaldþrota og flugrekstrarleyfi hans var tímabundið fellt úr gildi í kjölfar þess, ákvað Frakkland, 6. október 2010, að fella flugrekandaskírteini þessa flugrekanda tímabundið úr gildi. Frakkland ákvað enn fremur, 16. september 2010, að endurnýja ekki flugrekandaskírteini flugrekandans Strategic Airlines. Grikkland ákvað, í nóvember 2010, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Hellas Jet, felldi flugrekandaskírteini flugrekandans Athens Airways tímabundið úr gildi í janúar 2011 og jók eftirlit með flugrekandanum Hellenic Imperial Airways. Svíþjóð ákvað, 31. desember 2010, að endurnýja ekki flugrekandaskírteini flugrekandans Viking Airlines AB og Bretland jók eftirlit með flugrekendunum Jet2.com, Oasis og Titan Airways.

Portúgal

12) Til að fylgja eftir endurskoðun á stöðu tiltekinna flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Portúgal, greindu lögbær yfirvöld í Portúgal (Flugmálastjórn Portúgals - NAC), á fundi flugöryggisnefndarinnar í nóvember 2010 ([1]), frá niðurstöðum úr auknu öryggiseftirliti með flugrekendunum Luzair og White. Að því er varðar flugrekandann Luzair tilkynnti Flugmálastjórn Portúgals að flugrekandaskírteini hans hefði verið fellt tímabundið úr gildi, 11. febrúar 2011, í kjölfar breytingar á flugflota hans. Að því er varðar flugrekandann White tilkynnti Flugmálastjórn Portúgals að hún hefði annast 29 skoðanir á sviði flugrekstrar og 5 skoðanir á sviði lofthæfi sem leiddu ekki í ljós verulega annmarka. Til viðbótar greindi Flugöryggisstofnun Evrópu frá því að skoðun hefði farið framkvæmd hjá flugrekendunum í nóvember 2010 og að hvorug skoðunin hefði leitt í ljós verulega annmarka. Í tengslum við almennar breytingar á stefnu félagsins voru tvö loftför af tegundinni A320 með skrásetningarmerkin CS-TQO og CS-TQK tekin úr notkun í áföngum 12. nóvember 2010 og 22. febrúar 2011.

Þýskaland

13) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á gögnum í tengslum við SAFA-skoðun og greinanlegrar fjölgunar tiltekinna þýskra flugrekenda þar sem niðurstöður úr SAFA-skoðunum sýna fleiri en einn stórvægilegan ágalla við hverja skoðun, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Þýskalandi (Flugmálastjórn Þýskalands - LBA) og hélt fund 10. mars 2011.

14) Greining á upprunalegri orsök vandans varðandi frammistöðu þessara flugrekenda leiddi í ljós tiltekna veikleika í eftirliti með þeim, eins og kom einnig berlega í ljós við staðlaða skoðun sem Flugöryggisstofnun Evrópu framkvæmdi á bilinu 26.-29. maí 2009 á sviði flugrekstrar þar sem einnig var bent á að ekki væri nóg að hæfu starfsfólki innan Flugmálastjórnar Þýskalands sem hefði áhrif á getu Þýskalands til að tryggja stöðugt eftirlit og takmarki getu Flugmálastjórnar Þýskalands til að auka eftirlitið ef nauðsyn krefur.

15) Hinar sérstöku aðstæður flugrekandans Bin Air, sem hefur fengið vottun í Þýskalandi, voru ræddar á fundinum 10. mars sem flugrekandinn sótti og þar sem hann kom athugasemdum sínum á framfæri og kynnti þær aðgerðir sem hann hafði gripið til í því skyni að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem sönnur höfðu verið færðar á og sem komu í ljós við SAFA-skoðanir. Enn fremur upplýstu lögbær yfirvöld í Þýskalandi framkvæmdastjórnina um að flugrekandaskírteini flugrekandans ACH Hamburg GmbH hefði verið fellt tímabundið úr gildi.

16) Þýskaland staðfesti við flugöryggisnefndina að tímabundin niðurfelling flugrekandaskírteinis flugrekandans ACH Hamburg GmbH væri enn fyrir hendi, að staðan yrði endurskoðuð í maí 2011 og ef flugrekandinn hefði ekki sýnt neina framför þá yrði flugrekandaskírteini hans afturkallað. Þýskaland upplýsti einnig að eftirlit með flugrekandanum Bin Air hefði verið hert, að loftfar af tegundinni Cessna C550 með skrásetningarmerkið D-IJJJ hefði verið fellt brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans Advance Air Luftfahrtgesellschaft og að Flugmálastjórn Þýskalands hefði hert eftirlit sitt með öðrum flugrekendum þar sem slæmar niðurstöður úr skoðunum á hlaði hafði leitt í ljós annmarka í öryggismálum. Flugmálastjórn Þýskalands lýsti því yfir að hún hefði gert viðkomandi flugrekendum ljóst að ef þeir gerðu engar úrbætur gæti það orðið til þess að flugrekandaskírteini þeirra yrðu felld úr gildi tímabundið.

17) Að því er varðar skort á hæfu starfsfólki upplýsti Þýskaland flugöryggisnefndina um að engar úrbætur yrðu gerðar á því sviði á árinu 2011. Samt sem áður yrði bráðlega lagt mat á starfsmannaúrræði

([1]) Forsenda 13 í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1071/2010, Stjtíð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 45.

Flugmálastjórnar Þýskalands, áætlað væri að því yrði lokið vorið 2011 og þar af leiðandi yrðu úrbætur á stöðu starfsmannamála fyrirhugaðar frá og með árinu 2012.

18) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin tóku tillit til viðleitni lögbærra yfirvalda í Þýskalandi til að ráða bót á öryggisannmörkum, sem greindust hjá tilteknum flugrekendum, og þess starfs sem er í gangi til að bregðast við skorti á starfsfólki innan Flugmálastjórnar Þýskalands. Framkvæmdastjórnin lagði þó einnig áherslu á, með fyrirvara um framkvæmdarvaldið sem henni er falið samkvæmt sáttmálanum, að ef slíkar aðgerðir bera ekki árangur, að því er varðar bætta frammistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Þýskalandi, yrði nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að tryggja að fullnægjandi eftirlit yrði með auðkenndri öryggisáhættu.

Spánn

19) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á gögnum í tengslum við SAFA-skoðun og greinanlegrar fjölgunar tiltekinna spænskra flugrekenda, þar sem niðurstöður úr SAFA-skoðunum sýna fleiri en einn stórvægilegan ágalla við hverja skoðun, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld á Spáni (Flugmálastjórn Spánar - AESA) og hélt fund 14. mars 2011.

20) Tilteknar aðstæður flugrekandans Flightline, sem hefur fengið vottun á Spáni, voru ræddar á fundinum. Flugrekandinn sótti fundinn og kom athugasemdum sínum á framfæri um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem í ljós komu við SAFA-skoðanir. Auk þess tilgreindi flugrekandinn þær aðgerðir sem gripið var til í kjölfar slyss sem loftfar af tegundinni Fairchild Metro 3, með skrásetningarmerkið EC-ITP, átti hlut að máli. Flugrekandinn Flightline skýrði frá því að hann hefði gert viðskiptasamkomulag við flugrekandann Air Lada, sem hefur ekki fengið vottun, um að starfrækja tvö loftför af tegundinni Fairchild Metro 3 með skrásetningarmerkin EC-GPS og EC-ITP með því að nota flugmenn frá flugrekandanum Air Lada. Framkvæmdastjórnin benti flugrekandanum Flightline á að sömu loftför hefðu áður verið starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini flugrekandans Eurocontinental, öðrum flugrekanda sem hefur fengið vottun á Spáni, og að Flugmálastjórn Spánar hefði fellt flugrekandaskírteini flugrekandans Eurocontinental tímabundið úr gildi í kjölfar niðurstaðna úr SAFA-skoðunum og alvarlegra flugatvika, sem snertu öryggi, í tengslum við starfrækslu þessara loftfara.

21) Flugrekandinn Flightline lýsti því yfir að flugmennirnir hefðu fengið tilskilda þjálfun vegna flugvélaskipta og að gæðaeftirlit með starfrækslu loftfara á Mön hefði verið framkvæmt. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir frekari upplýsingum um áætlun flugrekanda um aðgerðir til úrbóta og eintökum af skýrslum um innri úttekt á starfrækslu loftfarsins Fairchild Metro 3. Eftir að framkvæmdastjórnin tók við upplýsingunum, 22. mars, hvatti hún flugrekandann Flightline til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina.

22) Á fundinum, 14. mars 2011, skýrði Flugmálastjórn Spánar framkvæmdastjórninni frá því að hún hefði ákveðið að takmarka flugrekandaskírteini flugrekandans Flightline til að koma í veg fyrir starfrækslu loftfara af tegundinni Fairchild Metro 3 og að ferli væri þegar hafið til að fella flugrekandaskírteinið tímabundið úr gildi.

23) Framkvæmdastjórnin hvatti Flugmálastjórn Spánar til að skýra nánar frá aðgerðum til framfylgdar varðandi fjóra aðra flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Spáni, en Flugöryggisstofnun Evrópu hefur greint frá því að niðurstöður úr SAFA-skoðunum hjá þeim hafi verið slæmar. Flugmálastjórn Spánar upplýsti síðan framkvæmdastjórnina, 28. mars 2011, um að í kjölfarið á nýlegri úttekt á flugrekendunum Air Taxi and Charter International og Zorex hefði verið bent á alvarlegt ósamræmi í öryggismálum og því hefði hún hafið ferli til að fella flugrekandaskírteini beggja flugrekendanna tímabundið úr gildi. Að því er varðar flugrekandann Jetnova beið Flugmálastjórn Spánar eftir viðbrögðum flugrekandans við tilteknum ágöllum sem Flugmálastjórn Spánar vakti máls á og ef niðurstaðan reynist ófullnægjandi mun hún hefja ferli til að fella flugrekandaskírteini hans tímabundið úr gildi. Að því er varðar flugrekendurna Aeronova, Tag Aviation og Alba Star hélt Flugmálastjórn Spánar eftirliti sínu áfram en taldi ekki þörf á að grípa til tiltekinnar eftirlitsaðgerð á þessu stigi. Flugrekandinn Flightline fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 5. apríl 2011. Hann greindi frá því að hann hefði innleitt endurskoðaðar verklagsreglur til að bæta rekstrareftirlit með flugum flugrekandans Flightlines, einkum flugum sem starfrækt eru fjarri höfuðstöðvum hans, breytt flugrekstrarhandbók sinni með því að bæta við hana leiðbeiningum um notkun varaflugvalla, breytt þjálfunaráætlun sinni til að auka þekkingu flugmanna á verklagsreglum auk þess að endurskoða málsmeðferð sína við ráðningu flugmanna.

24) Spánn upplýsti flugöryggisnefndina um að eftir að ósamræmi hefði komið í ljós við skoðanir á flugrekandanum Flightline, hefði Flugmálastjórn Spánar, 14. mars 2011, hafið ferli til að fella flugrekandaskírteini flugrekandans Flightline tímabundið úr gildi og innleitt varúðarráðstafanir til að taka á aðkallandi öryggisvanda. Flugmálastjórn Spánar staðfesti að flugrekandinn Flightline hefði í kjölfarið gripið til aðgerða til að ráða bót á aðkallandi öryggisvanda og lagt fram áætlun um aðgerðir til úrbóta sem verið væri að meta hjá Flugmálastjórninni.

25) Í ljósi aðgerða af hálfu lögbærra yfirvalda á Spáni í því skyni að bæta úr þeim annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós hjá flugrekandanum Flightline og öðrum spænskum flugrekendum er það metið svo að ekki sé þörf á frekari aðgerðum á þessari stundu. Framkvæmdastjórnin lagði þó áherslu á að ef slíkar aðgerðir reyndust ekki fullnægjandi til að bæta frammistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Spáni, yrði nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að tryggja að fullnægjandi eftirlit væri með öryggisáhættu sem greinst hefði. Á sama tíma mun framkvæmdastjórnin, í samvinnu við Flugöryggisstofnun Evrópu, halda áfram að fylgjast með öryggisframmistöðu spænskra flugrekenda.

Flugrekendur frá Angóla

26) Flugmálastjórn Angóla (INAVIC) tilkynnti um frekari árangur við úrbætur á eftirstandandi annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í vettvangsheimsókn sinni til landsins í janúar 2010. Flugmálastjórn Angóla heldur m.a. áfram að uppfæra reglur sínar um

flugöryggi til að endurspegla síðustu breytingar á stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að auka afkastagetu sína enn frekar, að bæta frammistöðu sína að því er varðar endurvottun flugrekenda í samræmi við þessar reglur ásamt því að herða eftirlitsáætlun sína enn frekar.

27) Að því er varðar eftirlit með flugrekandanum TAAG Angolan Airlines staðfesti Flugmálastjórn Angóla upplýsingarnar sem lagðar voru fyrir framkvæmdastjórnina 3. mars 2011: að tvö loftför af tegundinni B777, starfrækt af hálfu flugrekandans TAAG, hefðu átt hlut að máli í tveimur alvarlegum flugatvikum í desember 2010 í Portúgal og Angóla þar sem skemmdir takmörkuðust ekki við hreyfla. Í kjölfar bráðabirgðaniðurstaðna úr rannsókninni, sem framkvæmd var af hálfu lögbærra yfirvalda í Portúgal, virtist, á þessu stigi, sem bæði flugrekandinn og lögbær yfirvöld hefðu gert nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á orsakavöldum flugatviksins, sem greindust í tengslum við framleiðandann, og koma í veg fyrir endurtekningu þeirra. Starfræksla flugs hefur hafist á ný, þ.m.t. til Evrópusambandsins, samkvæmt bættri eftirlitsáætlun í samráði við framleiðandann.

28) Flugmálastjórn Angóla tilkynnti að við endurvottunarferlið hefði eftirlit með tilteknum flugrekendum leitt í ljós öryggisvanda og brot á öryggisreglum sem í gildi væru, sem hefði leitt til þess að Flugmálastjórn Angóla hefði gripið til viðeigandi framfylgdaraðgerða. Í ljós kom að sex flugrekendur fóru ekki að angólskum flugöryggisreglum: AIR GEMINI, SERVISAIR, ALADA, RUI & CONCEICAO, PHA og SAL. Flugmálastjórn Angóla lagði m.a. fram sönnunargögn um að flugrekandaskírteinin þeirra væru útrunnin, að þau hefðu ekki verið endurnýjuð eða þau hefðu verið afturkölluð. Þar af leiðandi skal, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, fella þessa flugrekendur brott úr viðauka A.

29) Flugmálastjórn Angóla greindi einnig frá því að flugrekandaskírteini flugrekendanna ANGOLA AIR SERVICES og GIRA GLOBO hefðu verið felld tímabundið úr gildi. Á meðan beðið er staðfestingar á tæknilegri getu þessara flugrekenda til að unnt sé að ljúka vottunarferlinu á fullnægjandi hátt, eigi síðar en 15. apríl 2011, og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að þessir flugrekendur skulu áfram vera skráðir í viðauka A

30) Flugmálastjórn Angóla greindi frá því að fimm flugrekendur hefðu fengið endurvottun í samræmi við angólskar flugöryggisreglur: SONAIR Air Services í desember 2010, Air26 31. janúar 2011, HELI-MALONGO Aviation Services of Angola, AEROJET, AIRJET og HELIANG 15. febrúar 2011. Hingað til hafa þó hvorki verið færðar sönnur á að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram áður en þessi nýju flugrekendaskírteini voru gefin út né að sá alvarlegi öryggisvandi sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í tengslum við vottun flugrekenda í Angóla hafi verið leystur með skilvirkum hætti. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

31) Flugmálastjórn Angóla greindi enn fremur frá því að hún hefði vottað einn nýjan flugrekanda: FLY540, 31. janúar 2011. Þó hafa hvorki verið færðar sönnur á að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram áður en þessi nýju flugrekendaskírteina voru gefin út né að sá alvarlegi öryggisvandi sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á í tengslum við vottun flugrekenda í Angóla hafi verið leystur með skilvirkum hætti. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

32) Flugmálastjórn Angóla tilkynnti að lokum að endurvottunarferlið fyrir eftirfarandi fjóra flugrekendur stæði enn yfir: DIEXIM, AIRNAVE, GUICANGO og MAVEWA. Endurvottunarferlinu, sem búist var við að yrði lokið eigi síðar en við lok ársins 2010, hefur verið seinkað til 15. apríl 2011 sem er sú dagsetning sem Flugmálastjórn Angóla hefur ákveðið að þeir flugrekendur, sem hafa ekki fengið endurvottun í samræmi við angólskar flugöryggisreglur, skuli hætta starfrækslu sinni. Þar til ferlinu er lokið og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að þessir flugrekendur, sem og aðrir flugrekendur sem lúta eftirliti Flugmálastjórnar Angóla, skuli áfram vera skráðir í viðauka A.

33) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Angóla til að ljúka endurvottunarferlinu af festu og taka tilhlýðilegt tillit til mögulegs öryggisvanda sem tilgreindur er innan þessa ferlis. Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Angóla einnig til að hafa fullt samstarf við Alþjóðaflugmálastofnunina til þess að staðfesta þann árangur sem hefur náðst við framkvæmd áætlunar hennar um aðgerðir til úrbóta, þ.m.t., ef mögulegt er og eftir því sem við á, með vettvangsheimsókn (samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICVM)).

Flugrekendur frá Kambódíu

34) Í framhaldi af síðustu skýrslu sinni um ástandið í Konungsríkinu Kambódíu ([1]) upplýstu lögbær yfirvöld í Kambódíu (Flugmálastjórn Kambódíu - SSCA) að þær framfylgdaraðgerðir sem gripið var til í því skyni að ráða bót á annmörkunum, sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, hafa leitt til þess að öll flugrekandaskírteini, sem gefin voru út til handa flugrekendum sem fengu flugrekstrarleyfi í Konungsríkinu Kambódíu á sama tíma og úttektin var gerð, hafa verið afturkölluð.

35) Þau staðfestu m.a. að flugrekandaskírteini flugrekandans Siem Reap International Airways hefði verið afturkallað 10. október 2010. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn skuli felldur brott úr viðauka A.

36) Flugöryggisstofnun Evrópu skýrði frá ferðinni sem farin var í janúar 2011 til að láta lögbærum yfirvöldum í Konungsríkinu Kambódíu í té tækniaðstoð til að styðja við uppbyggingu færni þeirra. Flugöryggisstofnun Evrópu staðfesti að lögbær yfirvöld í Konungsríkinu Kambódíu hefðu náð mjög þýðingarmiklum árangri við að ráða bóta á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin benti á. Þau hafa m.a. endurskipulagt algerlega öll lög um loftferðir og innlenda málsmeðferð um viðurkenningu fyrirtækja og reglubundið eftirlit með þeim, sem leggur grunninn að eftirliti í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla. Framkvæmdastjórnin viðurkennir verulegt átak sem Flugmálastjórn Kambódíu hefur gert til að fara að alþjóðlegum öryggisstöðlum og viðurkennir mikilvægi aðgerða til framfylgdar hvað það varðar.

([1]) Reglugerð (ESB) nr. 590/2010 frá 5. júlí 2010 (Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 12).

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

37) Öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og eru þeir skráðir í viðauka A. Færðar hafa verið sönnur á að lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó hafi gefið út flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum Korongo Airlines 7. janúar 2011.

38) Framkvæmdastjórnin hóf samráð við lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó til að fá skýringu á stöðu þessa flugrekanda og nánari útlistun á skilyrðum sem gilda við eftirlit með honum. Lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó svöruðu ekki fyrirspurninni.

39) Þar sem ekkert bendir til þess að breytingar hafi orðið á getu lögbærra yfirvalda í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó til að tryggja eftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið flugrekstarleyfi í því ríki í samræmi við gildandi öryggisstaðla, er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandanum Korongo Airlines skuli bætt í viðauka A.

Flugrekendur frá Georgíu

40) Færðar hafa verið sönnur á að ýmsir stórvægilegir ágallar hafi komið í ljós við SAFA-skoðun á hlaði ([1]) á loftförum tiltekinna flugrekenda sem eru skráðir í Georgíu. Lögbær yfirvöld í Georgíu (sameinuð samgönguyfirvöld í Georgíu - UTA) lögðu fram upplýsingar um framfylgdaraðgerðir sem gripið hefur verið til vegna flugrekandaskírteina þessara flugrekenda sem og annarra flugrekenda. Samkvæmt þessum upplýsingum voru flugrekandaskírteini eftirfarandi flugrekenda afturkölluð: LTD Eurex Airline og JSC Tam Air 24. nóvember 2010, LTD Sky Way og LTD Sakaviaservice 29. nóvember 2010, LTD Jav Avia 18. janúar 2011, LTD Carre Aviation Georgia 8. febrúar 2011, LTD Air Batumi 17. mars 2011 og LTD Air Iberia 4. apríl 2011. Flugrekandaskírteini flugrekandans LTD Sun Way rann út 3. febrúar 2011 og var ekki endurnýjað.

41) Færðar hafa verið sönnur á slys og flugatvik þar sem nokkrir flugrekendum frá Georgíu áttu hlut að máli. Þar á meðal er slys þar sem loftfar af tegundinni Ilyushin 76TD með skrásetningarmerkið 4L-GNI, sem er starfrækt af flugrekandanum Sun Way, átti hlut að máli í Karachi í Pakistan 28. nóvember 2010 og nýlegt slys þar sem loftfar af tegundinni Canadair CL 600 með skrásetningarmerkið 4L-GAE, sem starfrækt er af flugrekandanum Georgian Airways, átti hlut að máli í Kinshasa í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó 4. apríl 2011. Einnig hafa verið færðar sönnur á annmarka í öryggismálum í tengslum við loftför sem eru skráð í Georgíu og flutt inn frá löndum þar sem flugrekendur hafa sætt flugrekstrarbanni innan Evrópusambandsins.

42) Með hliðsjón af framangreindum sönnunargögnum fundaði framkvæmdastjórnin með lögbærum yfirvöldum í Georgíu 22. mars 2011. Sameinuð samgönguyfirvöld í Georgíu lögðu fram viðbótarskjöl 22., 25., 28. og 29. mars 2011. Í þessum skjölum kom fram að koma eigi á fót nýrri, sjálfstæðri stofnun á sviði almenningsflugs, 15. apríl 2011, og að fjöldi loftfara hafi verið afskráður ([2]) vegna endurskoðunar á reglum um ríkisskráningu og útgáfu lofthæfivottorða til handa georgískum almenningsloftförum sem gengu í gildi 1. janúar 2011.

43) Sameinuð samgönguyfirvöld í Georgíu komu munnlegum athugasemdum á framfæri við flugöryggisnefndina 5. apríl 2011. Þau staðfestu við það tækifæri að fjöldi flugrekandaskírteina hefði verið afturkallaður og að 29 af 79 loftförum á loftfaraskrá ríksins hefðu verið felld brott úr skránni. Sameinuð samgönguyfirvöld í Georgíu upplýstu enn fremur um aðgerðir til úrbóta sem framkvæmdar höfðu verið í kjölfar úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (ICAO USOAP), sem fór fram árið 2007 og kynntu umbótaáætlun sem tekur til samræmingar á löggjöf um flugmál og réttarreglum Evrópusambandsins vegna samningsins um sameiginlegt flugsvæði. Viðleitnin er studd með ýmsum framtaksverkefnum, t.d. tengslanetaáætlun og tækniaðstoð sem sameinuðu samgönguyfirvöldunum í Georgíu er veitt innan ramma TRACECA-áætlunarinnar (e. Transport Corridor Europe-Caucasus-Asia).

44) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin tóku tillit til framfara af hálfu sameinuðu samgönguyfirvaldanna í Georgíu, vilja þeirra til að veita gagnsæjar upplýsingar og hafa náið samstarf sín á milli til að fylla upp í eyðurnar ásamt því að sjá til þess að frekari umbætur verði gerðar í náinni framtíð. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að vinna náið með lögbærum yfirvöldum í Georgíu í viðleitni þeirra til að nútímavæða öryggiskerfi sitt í almenningsflugi.

([1]) SAFA-skoðunarnúmer: AESA-E-2010-255, nr. AESA-E-2010-328, nr. BCAA-2010-134, nr CAA-NL-2010-20, nr. DGAC/F-2010-1024, nr. DGAC/F-2010-1708 og nr. MOTLUX-2010-19.

([2]) Eftirfarandi loftför voru afskráð á tímabilinu 13.8.2010 – 23.3.2011: tvö AN-12 með skrásetningarmerkin 4L-GLU og 4L-FFD og fjögur IL-76 með skrásetningarmerkin 4L-FFG, 4L-GLP, 4L-GLX, 4L-FFE sem flugrekandinn Sky Way starfrækir, tvö IL-76 með skrásetningarmerkin 4L-GLR og 4L-GLK og tvö AN-12 með skrásetningarmerkin 4L-GLT og 4L-GLN, sem flugrekandinn Saqaviaservice starfrækir, þrjú IL-76 með skrásetningarmerkin 4L-GLM, 4L-MGC og 4L-MGM sem flugrekandinn Sun Way starfrækir, eitt IL-76 með skrásetningarmerkið 4L-AWA, sem flugrekandinn Air West starfrækir, þrjú AN-12 með skrásetningarmerkin 4L-IRA, 4L-HUS, 4L-VAL, sem flugrekandinn Air Victor Georgia starfrækir, eitt AN-12 með skrásetningarmerkið 4L-PAS sem flugrekandinn Transaviaservice starfrækir, eitt AS-350B3 með skrásetningarmerkið 4L-GGG sem flugrekandinn Aviaservice starfrækir, eitt AN-28 með skrásetningarmerkið 4L-28001 sem flugrekandinn Georgian Aviation University starfrækir, eitt YAK-40 með skrásetningarmerkið 4L-AAK sem flugrekandinn Tam Air starfrækir, eitt B-737 með skrásetningarmerkið 4L-TGM, sem flugrekandinn Georgia Airways starfrækir, eitt AN-26 með skrásetningarmerkið 4L-JAV sem flugrekandinn Jav Avia starfrækir, eitt AN-12 með skrásetningarmerkið 4L-BKN, sem flugrekandinn Fly Adjara starfrækir, tvö AN-26 með skrásetningarmerkin 4L-GST og 4L-GSS, sem flugrekandinn Carre Aviation Georgia starfrækir, eitt B-747 með skrásetningarmerkið 4L-KMK sem flugrekandinn Eurex Airlines starfrækir, eitt SAAB 340 með skrásetningarmerkið 4L-EUI sem flugrekandinn Georgian International Airlines starfrækir og eitt MI-8T með skrásetningarmerkið 4L-BGA sem flugrekandinn Tisheti starfrækir.

45) Aðildarríki skulu tryggja að skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda, sem eru skráðir í Georgíu, verði fjölgað í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 ([1]) í því skyni að sannprófa að þeir fari að viðkomandi öryggisstöðlum með skilvirkum hætti til að skapa grundvöll fyrir endurmat þessa máls á næsta fundi hjá flugöryggisnefndinni.

Flugrekendur frá Indónesíu

46) Í framhaldi af reglugerð (ESB) nr. 590/2010 ([2]) hélt framkvæmdastjórnin áfram virku samráði við lögbær yfirvöld í Indónesíu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta flugöryggi í Indónesíu og tryggja að farið sé að gildandi öryggisstöðlum.

47) Lögbær yfirvöld í Indónesíu (Flugmálastjórn Indónesíu - DGCA) sátu myndfund með framkvæmdastjórninni, 11. mars 2011, og upplýstu að allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, að undanskildum flugrekandanum Wing Air, hefðu fengið endurvottun. Flugmálastjórn Indónesíu upplýsti einnig að einungis ætti eftir að setja upp búnað, sem Alþjóðaflugmálastofnuninn gerir kröfu um, í 9% flugflotans sem starfræktur er í Indónesíu, að Flugmálastjórn Indónesíu hafi veitt undanþágu sem heimilar starfrækslu loftfara fram til ársloka 2011 og að loftför, sem viðkomandi búnaður hefur ekki verið settur upp í fyrir þann tíma, verði kyrrsett.

48) Flugöryggisnefndin tekur tillit til þessarar þróunar og hvetur lögbær yfirvöld í Indónesíu til að halda áfram viðleitni sinni til að bæta eftirlit með flugrekendum sem heyra undir eftirlitsskyldu þeirra.

49) Flugmálastjórn Indónesíu fór fram á útstrikun flugrekendanna Cardig Air, Republic Express, Asia Link og Air Maleo, sem annast eingöngu farmflutninga, og lét í té skjalfest sönnunargögn sem sýndu að rekstur þessara flugrekenda takmarkaðist við farmflutninga og útilokaði farþegaflutninga, og að yfirvöldin hefðu gripið til viðeigandi framfylgdaraðgerða til að takmarka flugrekandaskírteini þeirra og koma í veg fyrir að þeir gætu starfrækt flug til Evrópusambandsins og frá því.

50) Þar af leiðandi er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að indónesísku flugrekendurnir Cardig Air, Republic Express, Asia Link og Air Maleo skuli felldir brott úr viðauka A.

Flugrekendur frá Ísrael

Flugrekandinn Sun D'Or

51) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á niðurstöðum úr skoðunum á hlaði á loftförum, sem flugrekandinn Sun D'Or, sem hefur fengið vottun í Ísrael, hefur starfrækt til Evrópusambandsins frá 2008, sem leiddu í ljós að ítrekað var vikið verulega frá alþjóðlegum öryggisstöðlum, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Ísrael og veitti flugrekandanum áheyrn 16. mars 2010. Samráðið leiddi í ljós að flugrekandinn hafði ekki fengið viðeigandi vottun hjá lögbærum yfirvöldum í Ísrael þar sem hann hafði fengið flugrekandaskírteini þrátt fyrir að geta ekki sýnt fram á að geta tryggt örugga starfrækslu loftfara með lofthæfi sem starfrækt eru á ábyrgð hans (eftirlit með viðhaldi og flugrekstri fór ekki fram innan félagsins). Félagið gat enn fremur ekki sýnt fram á að það hefði gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta í því skyni að láta í té varanlegar úrbætur á hinum ýmsu ágöllum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir á hlaði. Á samráðsfundunum var því ekki hægt að staðfesta að flugrekandinn færi að viðeigandi öryggisstöðlum.

52) Að loknum samráðsfundi með framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópu og samráðsfundum með flugrekandanum ákváðu lögbær yfirvöld í Ísrael að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Sun D'Or sem öðlaðist gildi 1. apríl 2011. Í kjölfar þessarar ákvörðunar voru öll loftför skráð á flugrekandaskírteini annars ísraelsks flugrekanda og starfsemi flugrekandans Sun D'Or var eingöngu takmörkuð við farmiðasölu.

53) Lögbær yfirvöld í Ísrael voru hvött til að koma athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina, að því er varðar eftirlit með þessum flugrekanda, og gerðu það 6. apríl 2011. Þau upplýstu við það tækifæri að flugrekandinn Sun D'Or fengi ekki (endur-)vottun. Þegar lögbær yfirvöld í Ísrael komu athugasemdum sínum á framfæri upplýstu þau einnig að þau hefðu almennt leitast við að auka eftirlitsgetu sína og nútímavæða öryggiskerfi Ísraels.

54) Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að ekki sé þörf á frekari aðgerðum.

Flugrekandinn Israir

55) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á niðurstöðum úr skoðunum á hlaði á loftförum, sem flugrekandinn Israir, sem hefur fengið vottun í Ísrael, hefur starfrækt til Evrópusambandsins frá 2008, sem leiddu í ljós að ítrekað var vikið verulega frá alþjóðlegum öryggisstöðlum, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Ísrael og veitti flugrekandanum áheyrn 16. mars 2010. Samráðsfundirnir leiddu í ljós að flugrekandinn hefur gert ýmsar skipulagsráðstafanir í því skyni að tryggja að hann fari að viðeigandi öryggisstöðlum með varanlegum hætti. Flugrekandinn skipti um stjórnendur (yfirmenn) í því skyni að koma á skilvirkri stefnumótun í öryggismálum á grundvelli öryggisstjórnunarkerfis. Hann fjarlægði úr flugflota sínum þrjú loftför af tegundinni Airbus A-320 (skrásetningarmerkið 4X-ABH, 4X-ABD og 4X-ABF) þar sem meirihluti alvarlegu ágallanna fundust við SAFA-skoðun á hlaði. Að lokum efldi hann þjálfun hæfs starfsfólks til að tryggja að fyrirflugsskoðanir væru framkvæmdar á viðeigandi hátt. Hann endurskoðaði innri

([1]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.
([2]) Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 9.

verklagsreglur sínar og innleiddi nýtt gæðatryggingarkerfi og úttektarkerfi fyrir gæðatryggingu. Hann endurskoðaði í heild sinni flugrekstrarhandbók sína og viðhaldshandbók ásamt því að kynna nútímalega handbók fyrir flugumsjón.

56) Í ljósi þessara breytinga og í ljósi athugasemda, sem lögbær yfirvöld í Ísrael komu á framfæri við flugöryggisnefndina 6. apríl 2011, er það metið svo að flugrekandinn geti stöðugt bætt frammistöðu sína. Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Israir fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Flugrekendur frá Kasakstan

57) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu framkvæmdastjórnina um að þeim miði vel áfram með metnaðarfullar umbætur á fluggeiranum sem hófust árið 2009 í því skyni að bæta flugöryggi. Eftir að nýjar reglur um almenningsflug voru samþykktar í júlí 2010 er unnið að því að útfæra yfir 100 sértækar flugreglugerðir og meirihluti þeirra hefur þegar verið samþykktur. Lögbærum yfirvöldum miðar einnig vel áfram við að byggja upp færni með því að ráða fleiri viðurkennda skoðunarmenn og mun þessari uppbyggingu haldið áfram á næstu mánuðum.

58) Lögbær yfirvöld í Kasakstan upplýstu að þau héldu áfram að grípa til framfylgdaraðgerða. Nánar tiltekið upplýstu þau að þau hefðu afturkallað flugrekandaskírteini eftirtalinna flugrekenda: Air Flamingo, Almaty Aviation, Atyrau Aye Zholy, Arkhabay, Asia Continental Avialines, Centr Pankh, Kazavia National Airlines, Kokhshetau Airlines, Orlan 2000 og Zherzu Avia.

59) Lögbær yfirvöld í Kasakstan lýstu því yfir og lögðu fram gögn sem sýndu að þessir flugrekendur stundi ekki lengur flutningaflug og hafi ekki lengur gilt flugrekstrarleyfi þar að lútandi. Þeir teljast því ekki lengur vera flugrekendur í skilningi a-liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Í ljósi þessa, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það því metið svo að tíu framangreindir flugrekendur skuli felldir brott úr viðauka A.

60) Lögbær yfirvöld í Kasakstan tilkynntu einnig að þau hefðu endurmetið mál flugrekandans KazAirWest, en flugrekandaskírteini hans hafði áður verið afturkallað, og gefið út nýtt flugrekandaskírteini til handa honum. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að flugrekandinn skuli vera áfram í viðauka A.

61) Framkvæmdastjórnin styður metnaðarfullar umbætur yfirvalda í Kasakstan á almenningsflugkerfinu og hvetur þessi yfirvöld til að halda ótrauð áfram þeirri viðleitni sinni að framkvæma áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti, einkum með áherslu á þau alvarlegu öryggisvandamál sem eru enn óleyst og endurvottun allra flugrekenda á þeirra ábyrgð. Framkvæmdastjórnin er reiðubúin til að skipuleggja mat á vettvangi, innan tilskilins tíma og með aðstoð frá Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum, til að sannprófa þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Flugrekendur frá Kirgistan

62) Lögbær yfirvöld í Kirgistan upplýstu að flugrekandaskírteini fjögurra eftirtalinna flugrekenda: Golden Rules Airlines (GRS), Max Avia (MAI), Tenir Airlines (TEB) og Sky Gate International (SGD) hefðu verið afturkölluð 2009 og 2010 og að Alþjóðaflugmálastofnunin hefði afturkallað ICAO-kennimerki þeirra. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að fella skuli þessa flugrekendur brott úr viðauka A.

63) Lögbær yfirvöld í Kirgistan upplýstu einnig að flugrekandaskírteini þriggja annarra flugrekenda: Itek Air, Trast Aero og Asian Air, væru útrunnin en færði ekki sönnur á það. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

64) Sökum þess að framkvæmdastjórninni hefur ekki enn borist sannanir frá flugrekendunum, sem hafa fengið vottun í Kirgistan, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkunum og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.

65) Framkvæmdastjórnin hvetur lögbær yfirvöld í Kirgistan til að halda áfram þeirri viðleitni að ráða bót á öllum vanefndaratriðunum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í apríl 2009 sem hluti af úttektaráætlun hennar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, er reiðubúin til að framkvæma mat á vettvangi þegar framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem lögð var fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, er nægilega langt á veg komin. Markmið heimsóknarinnar myndi vera að sannprófa framkvæmd gildandi öryggiskrafna af hálfu lögbærra yfirvalda og fyrirtækja sem sæta eftirliti þeirra.

Flugrekandinn Air Madagascar

66) Færðar hafa verið sönnur á marga annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Air Madagascar sem fengið hefur vottun á Madagaskar. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem lögbær yfirvöld í Frakklandi sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætluninni). Niðurstöðurnar fyrir loftför af tegundinni B-767 eru merkjanlega verri en fyrir önnur loftför flugrekandans. Fjöldi ágalla, sem koma í ljós við hverja SAFA-skoðun, endurteknir annmarkar í öryggismálum og sú staðreynd að staðan hefur versnað frá árinu 2010 bendir til alvarlegs öryggisvanda.

67) Alþjóðaflugmálastofnunin gerði úttekt í febrúar 2008, sem var unnin í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP), og hefur greint frá fjölmörgum, alvarlegum annmörkum að því er varðar getu flugmálayfirvalda á Madagaskar til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með flugöryggi.

68) Að teknu tilliti til SAFA-skoðana og niðurstaðna úr úttektarskýrslu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld á Madagaskar, 28. febrúar 2011, þar sem hún lét í ljós þungar áhyggjur sínar af rekstraröryggi flugrekandans Air Madagascar og hvatti flugrekandann og lögbær yfirvöld hans, skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005, til að gera ráðstafanir til að bregðast við þeim ágöllum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og til að ráða, með fullnægjandi hætti, bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við SAFA-skoðanirnar.

69) Framkvæmdastjórnin fundaði með flugmálayfirvöldum Madagaskar og fulltrúum frá flugrekandanum Air Madagascar, 16. mars 2011, til þess að tryggja að báðir aðilar hafi gripið til aðgerða til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir eða a.m.k. til að tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr öryggisáhættu sem hefur verið auðkennd. Því miður sýndu upplýsingarnar, sem komu fram á fundinum, hvorki fram á að félagið hefði látið fara fram yfirgripsmikla greiningu á frumorsök annmarkanna í öryggismálum né að það hefði hrint í framkvæmd traustri áætlun um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir né heldur að yfirvöldin hefðu nýtt sér viðeigandi áætlun um öryggiseftirlit. Af þeim sökum voru flugmálayfirvöld Madagaskar og flugrekandinn Air Madagascar hvött til að skýra stöðuna á fundi flugöryggisnefndarinnar í apríl 2011.

70) Flugrekandinn Air Madagascar og lögbær yfirvöld á Madagaskar fengu áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 5. apríl 2011. Flugrekandinn Air Madagascar lagði fram endurbætta áætlun um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir sem byggist á traustri greiningu á frumorsök en lagði ekki fram gögn sem sýndu fram á að þessar aðgerðir hefðu borið árangur hingað til.

71) Nefndin lítur þetta framtak flugrekandans jákvæðum augum en lýsti jafnframt yfir áhyggjum sínum varðandi það að ítrekað koma í ljós alvarlegir veikleikar á sviði áframhaldandi lofthæfis hjá öllum þeim loftförum sem flugrekandinn Air Madagascar starfrækir. Flugrekandinn viðurkenndi annmarkana varðandi loftfar sitt af tegundinni Boeing B-767. Hann lýsti því yfir að hann teldi að þær ráðstafanir sem væru þegar fyrir hendi gætu dregið úr öryggisáhættu fyrir önnur loftför í flugflota hans vegna fækkunar ferða og/eða aldurs þessara loftfara.

72) Nefndin viðurkenndi þá viðleitni sem flugrekandinn hefur sýnt til að ráða viðvarandi bót á annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við SAFA-skoðun og hvatti lögbær yfirvöld á Madagaskar til að efla eftirlitsstarfsemi sína í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd áætlunar flugrekandans um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir án óþarfa tafa.

73) Að teknu tilliti til fjölmargra og endurtekinna annmarka í öryggismálum, sem hafa komið í ljós við skoðanir á hlaði á loftförum af tegundinni Boeing B-767, sem eru starfrækt af hálfu flugrekandans Air Madagascar, og vanmáttar félagsins fram að þessu til að hrinda í framkvæmd viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir ásamt ófullnægjandi öryggiseftirliti af hálfu lögbærra yfirvalda á Madagaskar með starfsemi þessa flugrekanda telur framkvæmdastjórnin, að fengnu áliti flugöryggisnefndarinnar, að flugrekandanum skuli ekki vera heimilt að starfrækja loftför sín af tegundinni Boeing B-767 til Sambandsins. Því er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Air Madagascar skuli skráður í viðauka B og að starfræksla hans skuli takmarkast við það að öll loftför hans af tegundinni Boeing B-767 séu undanskilin. Flugrekandanum skal leyft að starfrækja flug til Sambandsins með því að nota önnur loftför sem skráð eru í flugrekandaskírteini hans samkvæmt viðauka B.

74) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Air Madagascar fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Flugrekendur frá Mósambík

75) Færðar hafa verið sönnur á vangetu yfirvalda, sem bera ábyrgð á öryggiseftirliti með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Mósambík, til að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum, eins og sýnt er fram á með niðurstöðum úttektarinnar sem Alþjóðaflugmálastofnunin annaðist samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum í janúar 2010. Í þessari úttekt var greint frá fjölmörgum, alvarlegum annmörkum að því er varðar getu flugmálayfirvalda í Mósambík til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með flugöryggi. Þegar lokaskýrsla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar kom út höfðu yfir 77% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Meðal mikilvægra þátta, eins og ákvæða um hæft tæknimenntað starfsfólk, höfðu yfir 98% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Að því er varðar úrlausn á öryggisvanda, höfðu yfir 93% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti.

76) Í kjölfar úttektar í Mósambík, samkvæmt úttektaráætluninni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, tilkynnti Alþjóðaflugmálastofnunin öllum ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-samningnum, áhyggjur sínar af alvarlegum öryggisvanda sem hefur áhrif á öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Mósambík ([1]), en samkvæmt úttektinni tekur vottunarferlið, sem notað er í Mósambík til að gefa út flugrekandaskírteini, ekki til gildandi ákvæða 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í Mósambík starfa m.a. 15 flugrekendur, þ.m.t.

([1]) Niðurstaða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar OPS/01.

alþjóðlegir flugrekendur, enn með flugrekandaskírteini sem gefin voru út í samræmi við fyrri reglugerðir sem hafa verið felldar niður. Lögbær yfirvöld í Mósambík (Flugmálastjórn Mósambík - IACM) höfðu ekki lagt mat á öll tiltekin atriði er varða vottunarferlið áður en flugrekandaskírteini var gefið út og Flugmálastjórn Mósambík getur ekki tryggt að allir þessir 15 handhafar flugrekandaskírteina fari að ákvæðum 6. viðauka og innlendum reglugerðum áður en þeir hefja millilandaflug. Flugmálastjórn Mósambík hefur enn fremur ekki framkvæmt eftirlitsskoðanir hjá flugrekendum í meira en tvö ár.

77) Færðar hafa verið sönnur á vanmátt lögbærra yfirvalda í Mósambík til að ráða með árangursríkum hætti bót á þeim vanefndaratriðum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á, eins og skýrist með þeirri staðreynd að Alþjóðaflugmálastofnunin taldi að verulega stór hluti af áætlunum um aðgerðir til úrbóta, sem þessi yfirvöld lögðu til, væri óviðunandi. Þetta á einkum við um þann alvarlega öryggisvanda sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og eru enn óleyst. Lögbær yfirvöld í Mósambík upplýstu enn fremur að framkvæmd áætlana um aðgerðir til úrbóta hefði tafist.

78) Framkvæmdastjórnin hóf samráð við Flugmálastjórn Mósambík í mars 2010, með hliðsjón af niðurstöðum úr úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, þar sem hún lét í ljós þungar áhyggjur sínar af rekstraröryggi flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í þessu ríki, og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til í því skyni að ráða bót á þeim ágöllum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á.

79) Flugmálastjórn Mósambík lagði fram gögn á bilinu apríl 2010 til apríl 2011 og kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 6. apríl 2011. Flugmálastjórn Mósambík tilgreindi að eftir að hún lagði fram framangreinda áætlun um aðgerðir til úrbóta hefðu fyrstu stigum hennar þegar verið hrint í framkvæmd. Hún upplýsti m.a. að unnið væri að endurbótum á Flugmálastjórn Mósambík, með það í huga að styrkja verulega sjálfstæði hennar og eftirlitsgetu, og að Flugmálastjórn Mósambík hefði gert samninga við utanaðkomandi ráðgjafa til að aðstoða sig við eftirlitsstarfsemina uns unnt verður að ráða nægilegan fjölda af hæfum skoðunarmönnum. Að áliti flugöryggisnefndarinnar færði Flugmálastjórn Mósambík þó ekki sönnur á að hún hefði, ein og sér og eins og sakir standa, nægileg úrræði til að tryggja eftirlit með öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Mósambík. Hún upplýsti að 13 flugrekendur hafa fengið vottun í Mósambík og að tekist hefði, með aðstoð þessara ráðgjafa, að endurvotta 8 þeirra árið 2010, í samræmi við reglur um almenningsflug í Mósambík, þ.m.t. þrír flugrekendur sem annast millilandaflug, flugrekendurnir Mozambique Airlines, Mozambique Express og Trans Airways. Að áliti flugöryggisnefndarinnar færði hún þó ekki sönnur á að þessir flugrekendur væru látnir sæta stöðugu eftirliti í samræmi við gildandi öryggisstaðla. Að lokum staðfestu þau að fimm flugrekendur, sem eingöngu eru skráðir til starfrækslu innanlands, halda áfram að starfa með flugrekandaskírteini sem voru gefin út í samræmi við fyrri reglugerðir sem hafa verið felldar niður. Flugmálastjórn Mósambík lagði þó ekki fram þessi skírteini. Auk þess er sá alvarlegi öryggisvandi sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á í því sambandi enn óleystur.

80) Flugrekandinn Mozambique Airlines (LAM) lagði fram skriflegar greinargerðir og kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 6. apríl 2011. Flugrekandinn Mozambique Airlines staðfesti að hann hefði fengið endurvottun, 6. apríl 2010, í samræmi við reglur um almenningsflug í Mósambík. Flugmálastjórn Mósambík endurnýjaði, 6. apríl 2011, flugrekandaskírteini þessa flugrekanda, sem rann út 5. apríl, með takmörkun þar sem aðflug í lélegu skyggni skv. III. flokki (Cat III) var undanskilið því staðfest var að flugrekandinn hefði ekki leyfi til að framkvæma slíkt aðflug. Flugrekandinn Mozambique Express (MEX) lagði fram skriflegar greinargerðir og kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 6. apríl 2011. Flugrekandinn Mozambique Express staðfesti að hann hefði fengið endurvottun í apríl 2010 í samræmi við reglur um almenningsflug í Mósambík jafnvel þótt fjögur loftför af tegundinni Embraer 120 séu starfrækt án þess að vera með endurbætt jarðvarakerfi (E-GPWS) eða landslagsgreiningarkerfi (TAWS).

81) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenna viðleitnina við að gera endurbætur á almenningsflugkerfinu í Mósambík og fyrstu skrefin, sem tekin hafa verið, til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin greindi frá. Það er þó metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna og meðan beðið er eftir skilvirkri framkvæmd á fullnægjandi aðgerðum til úrbóta til að ráða bót á þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin vakti máls á og þá sérstaklega hinum alvarlega öryggisvanda, að lögbær yfirvöld í Mósambik séu, á þessu stigi, ekki fær um að framkvæma og framfylgja viðeigandi öryggisstöðlum hjá öllum flugrekendum sem eru undir lögbundnu eftirliti þeirra. Þar af leiðandi skulu allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Mósambík, sæta flugrekstrarbanni og því skráðir í viðauka A.

82) Lögbær yfirvöld í Portúgal skýrðu frá því að þau hefðu samþykkt að veita lögbærum yfirvöldum í Mósambík tækniaðstoð og að þau hefðu þegar hafið þá aðstoð. Tækniaðstoðin mun m.a. taka til þjálfunar á hæfu starfsfólki og verklagsreglna á sviði eftirlitsstarfsemi.

83) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin hvetja Mósambík til að halda áfram fullri samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina til þess að fullgilda viðeigandi áætlun um aðgerð til úrbóta og ráða þannig bót á annmörkunum sem stofnunin vakti máls á ásamt því að staðfesta, innan hæfilegs tíma, þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd áætlunarinnar með samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna, er, í því sambandi, reiðubúin að taka það til athugunar að veita tækniaðstoð ef nauðsyn krefur.

84) Að fengnu áliti flugöryggisnefndarinnar mun framkvæmdastjórnin vera reiðubúin að endurmeta stöðuna á grundvelli þess að færðar hafa verið sönnur á að framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, sem lögð var fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina, sé nægilega langt á veg komin.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

85) Í kjölfar heimsóknar framkvæmdastjórnarinnar til Rússneska sambandsríkisins, í desember 2010, lögðu lögbær yfirvöld þar fram upplýsingar varðandi flugrekandaskírteini tiltekinna rússneskra flugrekenda þar sem niðurstöður úr sérhverri SAFA-skoðun á hlaði sýndu ýmsa stórvægilega ágalla. Á samráðsfundi með þessum yfirvöldum, 8. mars, skuldbundu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu sig til að láta framkvæmdastjórninni í té eftirfarandi upplýsingar: a) upplýsingar um niðurstöður úr eftirlitsstarfsemi yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu með tilgreindum rússneskum flugrekendum, b) upplýsingar um framkvæmd flugrekendanna á aðgerðum til úrbóta til að leysa þau vandamál sem komu ljós við SAFA-skoðun á hlaði og c) skrá yfir flugrekandaskírteini tiltekinna rússneskra flugrekenda sem fljúga til Evrópusambandsins.

86) Á grundvelli upplýsinga, sem lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu lögðu fram, uppfylla eftirfarandi loftför, sem eru tilgreind á flugrekandaskírteinum tiltekinna flugrekenda, ekki, eins og sakir standa, staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugöryggisnefndin ásamt lögbærum yfirvöldum í Rússlandi, hvetja framkvæmdastjórnina til að leita skýringa á því hvers vegna eftirfarandi loftför séu starfrækt til millilandaflugs:

a) Flugrekandinn Aircompany Yakutia: loftför af tegundinni Antonov AN-140 með skrásetningarmerkið RA-41250, AN-24RV með skrásetningarmerkin RA-46496, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360 og RA-47363, AN-26 með skrásetningarmerkið RA-26660, loftför af tegundinni Tupolev TU-154M með skrásetningarmerkin RA-85007, RA-85707 og 85794.

b) Flugrekandinn Atlant Soyuz: loftför af tegundinni Tupolev TU-154M með skrásetningarmerkin RA-85672 og RA-85682, þar sem bæði loftförin voru áður starfrækt af hálfu flugrekandans Atlant Soyuz, eru, eins og sakir standa, starfrækt af öðrum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

c) Flugrekandinn Gazpromavia: loftför af tegundinni Tupolev TU-154M með skrásetningarmerkin RA-85625 og RA-85774, Yakovlev Yak-40 með skrásetningarmerkin RA-87511, RA- 88300 og RA-88186, Yak-40K með skrásetningarmerkin RA-21505, RA-98109 og RA-8830, Yak-42D með skrásetningarmerkið RA-42437, allar (22) þyrlur Kamov Ka-26 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (49) þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (11) þyrlur Mi-171 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (8) þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar (1) þyrlur EC-120B: RA-04116.

d) Flugrekandinn Kavminvodyavia: loftför af tegundinni Tupolev TU-154B með skrásetningarmerkin RA-85494 og RA-85457.

e) Flugrekandinn Krasnoyarsky Airlines: loftför af tegundinni TU-154M með skrásetningarmerkið RA-85672 sem var áður skráð í flugrekandaskírteini flugrekandans Krasnoyarsky Airlines, sem var afturkallað árið 2009, er, eins og sakir standa, starfrækt af flugrekandanum Atlant Soyuz og loftfar af sömu tegund með skrásetningarmerkið RA-85682 er starfrækt af öðrum flugrekanda, sem hefur fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

f) Flugrekandinn Kuban Airlines: loftför af tegundinni Yakovlev Yak-42 með skrásetningarmerkin RA-42331, RA-42350, RA-42538 og RA-42541.

g) Flugrekandinn Orenburg Airlines: loftfar af tegundinni Tupolev TU-154B með skrásetningarmerkið RA-85602, öll loftför af tegundinni TU-134 (óþekkt skrásetningarmerki), öll loftför af tegundinni Antonov An-24 (óþekkt skrásetningarmerki), öll loftför af tegundinni An-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmerki).

h) Flugrekandinn Moscovia Airlines: loftför af tegundinni Antonov AN-12 RA-12193 og RA-12194.

i) Flugrekandinn Tatarstan Airlines: loftför af tegundinni Yakovlev Yak-42D með skrásetningarmerkin RA-42374 og RA-42433.

j) Flugrekandinn Ural Airlines: loftför af tegundinni Tupolev TU-154B með skrásetningarmerkin RA-85508 (loftförin RA-85319, RA-85337, RA-85357, RA-85375, RA-85374 og RA-85432 eru, eins og sakir standa, ekki starfrækt af fjárhagsástæðum).

k) Flugrekandinn UTAir: öll loftför af tegundinni Tupolev TU-154M með skrásetningarmerkin RA-85733, RA-85755, RA-85806, RA-85820, öll (24) TU-134: RA-65024, RA-65033, RA-65127, RA-65148, RA-65560, RA-65572, RA-65575, RA-65607, RA-65608, RA-65609, RA-65611, RA-65613, RA-65616, RA-65620, RA-65622, RA-65728, RA-65755, RA-65777, RA-65780, RA-65793, RA-65901, RA-65902 og RA-65977, loftförin RA-65143 og RA-65916 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, öll (1) TU-134B: RA-65726, öll loftför (10) af tegundinni Yakovlev Yak-40: RA-87348 (eru eins og sakir standa ekki starfrækt af fjárhagsástæðum), RA-87907, RA-87941, RA-87997, RA-88209, RA-88227 og RA-88280, loftför af sömu tegund með skrásetningarmerkin RA-87292 og RA-88244 hafa verið tekin úr notkun, allar þyrlur Mil-26: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-10: (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur Mil-8 (óþekkt skrásetningarmerki); allar þyrlur AS-355 (óþekkt skrásetningarmerki), allar þyrlur BO-105 (óþekkt skrásetningarmerki), loftför af tegundinni AN-24B með skrásetningarmerkin RA-46388 og RA-87348 eru ekki starfrækt af fjárhagsástæðum, RA-46267 og RA-47289 og loftför af tegundinni AN-24RV með skrásetningarmerkin RA-46509, RA-46519 og RA-47800 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

l) Flugrekandinn Rossija (STC Russia): loftfarið af tegundinni Tupolev TU-134 með skrásetningarmerkið RA-65979, loftförin RA-65904, RA-65905, RA-65911, RA-65921 og RA-65555 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, Ilyushin IL-18 með skrásetningarmerkið RA-75454 er starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, loftfarið Yakovlev Yak-40 með skrásetningarmerkin RA-87203, RA-87968, RA-87971, RA-87972 og RA-88200 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

m) Flugrekandinn Russair: loftför af tegundinni Tupolev TU-134A með skrásetningarmerkin RA-65124, RA-65908, RA-65087, RA-65790, RA-65576, RA-65102, RA-65550 og RA-65691.

n) Flugrekandinn Kosmos: loftför af tegundinni Tupolev TU-134-A3 með skrásetningarmerkin RA-65805, RA-65010, RA-65097, RA-65557 og RA-65566, TU-134-B með skrásetningarmerkið RA-65574.

o) Flugrekandinn 224th-Flight Unit State Airlines: loftför af tegundinni Ilyushin IL-76MD með skrásetningarmerkin RA-76638 og RA-78750.

p) Flugrekandinn Daghestan Airlines: loftfarið af tegundinni Tupolev TU-134B með skrásetningarmerkið RA-65569.

q) Flugrekandinn Kogalymavia: loftför af tegundinni Tupolev TU-134A3 með skrásetningarmerkin RA-65943, RA-65045, RA-65943, RA-65944 og RA-65944, Tupolev TU-154B2 með skrásetningarmerkið RA-85522.

87) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin taka tillit til greinargerða lögbærra yfirvalda í Rússneska sambandsríkinu og munu reyna að að ráða varanlega bót á vanefndaratriðum í tengslum við öryggismál sem í ljós komu í kjölfar frekara samráðs um tæknimál við lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu.

88) Í millitíðinni munu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort rússneskir flugrekendur fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem þeir grípa til.

Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines

89) Flugrekandinn Ukrainian Mediterranean Airlines (UMAir) óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og lagði fram skriflegar greinargerðir fyrir fram. Hann upplýsti að hann starfrækti ekki lengur loftför af tegundinni DC-9 51 sem væri liður í áætlun hans um að endurnýja flugflotann. Hann upplýsti einni að hann hefði fengið endurvottun hjá flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í Úkraínu (UKR SAA), í janúar 2011, og að hann hefði fengið flugrekandaskírteini sem gildir í tvö ár.

90) Flugrekandinn UMAir lagði einnig fram gögn, sem var ætlað að sýna fram á að öllum aðgerðum til úrbóta, í tengslum við heimsóknir á vegum Evrópusambandsins í maí og október 2009, væri lokið. Flugrekandinn lagði enn fremur fram gögn um staðfestingu á stöðu framkvæmdar á aðgerðum til úrbóta á þeim ágöllum sem flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í Úkraínu vöktu máls á við eftirlitsstörf sín. Hann lagði einnig fram rannsóknarskýrslu um alvarlegt flugatvik sem átti sér stað í Beirút 21. september 2010. Samkvæmt þessari skýrslu nauðlenti loftfarið DC-9-51 með skráningarnúmerið UR-CBY skömmu eftir flugtak sökum þess að hreyflarnir stöðvuðust sem var sennilega af völdum árekstrar við fugl. Skýrslan leiddi þó einnig í ljós að í flugrekstrarhandbók flugrekandans UMAir voru engar verklagsreglur um hvernig eigi að bregðast við þegar einn markhreyfill verður óstarfhæfur.

91) Þar sem skýrslan leiddi í ljós alvarlega annmarka við skoðun á hlaði, sem fór fram í ESB ([1]) 28. febrúar 2011, á loftfarinu UR-CHN, sem flugrekandinn starfrækir, fór framkvæmdastjórnin fram á það við flugrekandann að hann legði fram viðbótarupplýsingar. Sem svar við þessari beiðni lagði flugrekandinn fram gögn um rekstrarforskriftir og lofthæfivottorð fyrir loftfarið MD83 með skrásetningarmerkið UR-CHN sem sýndu fram á að í loftfarinu er búnaður sem er skyldubundinn samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni.

92) Flugrekandinn var boðaður á tæknifund, 25. mars 2011, til að útskýra óútkljáð álitamál. Hann veitti upplýsingar á fundinum og í kjölfar hans um niðurstöður úr innri úttektum, skoðunum og skoðunum á hlaði ásamt upplýsingum um viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, sem gerðar hafa verið, og tilgreindi að í núverandi flugrekstrarhandbók hans séu allar nauðsynlegar verklagsreglur við eðlilegar, og óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum og að þar sé kveðið á um reglubundna þjálfun í hermi.

93) Flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í Úkraínu óskuðu eftir því að koma athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina og gerðu það 6. apríl 2011 þar sem þau kynntu skoðunar- og sannprófunarferlið og gáfu skýrslu um framkvæmd ráðstafana til úrbóta af hálfu flugrekandanna sem eru undir öryggiseftirliti þeirra, þ.m.t. flugrekandinn UMAir. Flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í Úkraínu staðfestu að flugrekandinn UMAir hefði ráðið bót á öllum ágöllunum sem komu í ljós við heimsóknir á vegum ESB í maí og október 2009.Flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs í Úkraínu lýstu því einnig yfir að þau héldu áfram að sinna skyldum sínum sem skráningarríki og ríki flugrekanda að því er varðar starfrækslu flugrekandans UMAir með loftför í þjónustuleigu.

94) Flugöryggisnefndin fagnaði framförum flugrekandans UMAir við framkvæmd alþjóðlegra öryggisstaðla og að hann hefði ákveðið að hætta starfrækslu loftfara af tegundinni DC-9-51 ásamt yfirlýsingum frá flugmálayfirvöldum á sviði almenningsflugs í Úkraínu og taldi að starfræksla þessa flugrekanda skyldi ekki lengur háð neinum takmörkunum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að flugrekandinn Ukranian Mediterranean Airlines skuli felldur brott úr viðauka B.

95) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn UMAir fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

([1]) SCAA-2011-30.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

96) Þrátt fyrir bein tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hafa henni ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 22. nóvember 2010, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

97) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B komi textinn sem settur er fram í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Siim Kallas

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
MERIDIAN AIRWAYS LTD	AOC 023	MAG	Lýðveldið Gana
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Lýðveldið Rúanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.	|		**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.	|		**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO 008-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.	|		**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/MDCTTTATP-PR/DEA/SCS	Á ekki við	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ANAC/DEA/SCS	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/MDCTTP-PR/DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	RAC 06-004	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	Óskráður	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/051/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TVC/036/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/031/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/029/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/028/08	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	BRV	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/048/09	ABB	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/052/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TVC/026/08	CER	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO EXPRESS	409/CAB/MIN/TVC/083/2009	EXY	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/035/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0032/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ENTREPRISE WORLD AIRWAYS (EWA)	409/CAB/MIN/TVC/003/08	EWS	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FILAIR	409/CAB/MIN/TVC/037/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/TVC/027/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/TVC/053/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/045/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TVC/038/08	ALX	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/TVC/033/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/042/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/04008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/034/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TVC/025/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TVC/030/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/050/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/044/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/046/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANS AIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/024/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/039/08	WDA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TVC/049/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			**Djíbútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EGAMS	Óskráð	EGM	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA — GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
STAR EQUATORIAL AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
UTAGE — UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia og Metro Batavia, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MEGANTARA	121-025	MKE	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	SAE	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskyldum flugrekandanum Air Astana, þ.m.t.			**Kasakstan**
AERO AIR COMPANY	AK-0429-10	ILK	Kasakstan
AIR ALMATY	AK-0409-09	LMY	Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	AK-0412-10	RTR	Kasakstan
AK SUNKAR AIRCOMPANY	AK-0396-09	AKS	Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AIRLINES	AK-0345-08	CID	Kasakstan
ASIA WINGS	AK-0390-09	AWA	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0437-10	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-0435-10	SAP	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0383-09	BBS	Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0428-10	BEK	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0415-10	BRY	Kasakstan
COMLUX	AK-0399-09	KAZ	Kasakstan
DETA AIR	AK-0417-10	DET	Kasakstan
EAST WING	AK-0411-09	EWZ	Kasakstan
EASTERN EXPRESS	AK-0427-10	LIS	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0384-09	EAK	Kasakstan
EURO-ASIA AIR INTERNATIONAL	AK-0389-09	KZE	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0391-09	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0342-08	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0439-11	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0419-10	SOZ	Kasakstan
JET ONE	AK-0433-10	JKZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0387-09	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0349-09	KUY	Kasakstan
KAZAIRWEST	AK-0404-09	KAW	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0405-09	KZS	Kasakstan
MEGA AIRLINES	AK-0424-10	MGK	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
MIRAS	AK-0402-09	MIF	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0393-09	PKZ	Kasakstan
SAMAL AIR	AK-0407-09	SAV	Kasakstan
SAYAKHAT AIRLINES	AK-0426-10	SAH	Kasakstan
SEMEYAVIA	AK-400-09	SMK	Kasakstan
SCAT	AK-0420-10	VSV	Kasakstan
SKYBUS	AK-0432-10	BYK	Kasakstan
SKYJET	AK-0398-09	SEK	Kasakstan
UST-KAMENOGORSK/AIR DIVISION OF EKA	AK-0440-11	UCK	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0438-11	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
ASIAN AIR	36	AZZ	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
AEROSTAN (EX BISTAIR-FEZ BISHKEK)	08	BSC	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgiska lýðveldið
DAMES	20	DAM	Kirgiska lýðveldið
EASTOK AVIA	15	EEA	Kirgiska lýðveldið
ITEK AIR	04	IKA	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN AIRLINE	Óskráð	KGA	Kirgiska lýðveldið
S GROUP AVIATION	6	SGL	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgiska lýðveldið
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem skráðir eru í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Máritaníu, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Máritanía**
MAURITANIA AIRWAYS	MTW		Íslamska lýðveldið Máritanía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			**Lýðveldið Mósambík**
MOZAMBIQUE AIRLINES - LINHAS AEREAS DE MOÇAMBIQUE	MOZ-01/2010	LAM	Lýðveldið Mósambík
MOZAMBIQUE EXPRESS/MEX	02-2010	MXE	Lýðveldið Mósambík
TRNAS AIRWAYS/KAYA AIRLINES	03-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HELICOPTEROS CAPITAL	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFA MOZAMBIQUE	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
UNIQUE AIR CHARTER	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AEROVISAO DE MOZAMBIQUE	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAFARI AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA AIR CHARTER LDA	04-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EMILIO AIR CHARTER LDA	05-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM-TTA SA	07-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AERO-SERVICOS SARL	08-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
VR CROPSPRAYERS LDA	06-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, þ.m.t.			**Lýðveldið Filippseyjar**
AEROWURKS AERIAL SPRAYING SERVICES	2010030	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	GAP	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
AIR WOLF AVIATION INC.	200911	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIRTRACK AGRICULTURAL CORPORATION	2010027	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	4AN9800036	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATION TECHNOLOGY INNOVATORS, INC.	4AN2007005	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATOUR'S FLY'N INC.	200910	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BEACON	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BENDICE TRANSPORT MANAGEMENT INC.	4AN2008006	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	4AN9800025	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CEBU PACIFIC AIR	2009002	CEB	Lýðveldið Filippseyjar
CHEMTRAD AVIATION CORPORATION	2009018	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CM AERO	4AN2000001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CORPORATE AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	4AN9900008	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
F.F. CRUZ AND COMPANY, INC.	2009017	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
HUMA CORPORATION	2009014	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	4AN2002004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
LION AIR, INCORPORATED	2009019	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	2010029	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MINDANAO RAINBOW AGRICULTURAL DEVELOPMENT SERVICES	2009016	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP.	2010020	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	2010033	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC EAST ASIA CARGO AIRLINES, INC.	4AS9800006	PEC	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC AIRWAYS CORPORATION	4AN9700007	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC ALLIANCE CORPORATION	4AN2006001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AIRLINES	2009001	PAL	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AGRICULTURAL AVIATION CORP.	4AN9800015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	2010024	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	2010021	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
SOUTH EAST ASIA INC.	2009004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHSTAR AVIATION COMPANY, INC.	4AN9800037	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SPIRIT OF MANILA AIRLINES CORPORATION	2009008	MNP	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC INTERNATIONAL AIR CHARTER	4AN9900010	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC SEAPLANE, INC.	4AN2000002	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TOPFLITE AIRWAYS, INC.	4AN9900012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TRANSGLOBAL AIRWAYS CORPORATION	2009007	TCU	Lýðveldið Filippseyjar
WORLD AVIATION, CORP.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
YOKOTA AVIATION, INC.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZENITH AIR, INC.	2009012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	RIT	Lýðveldið Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TMS	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
SUDAN AIRWAYS	Óskráð	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	051	SNR	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	040	MSL	Lýðveldið Súdan
ATTICO AIRLINES	023	ETC	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	054	WHB	Lýðveldið Súdan
SUDANESE STATES AVIATION COMPANY	010	SNV	Lýðveldið Súdan
ALMAJARA AVIATION	Óskráð	MJA	Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	035	BDR	Lýðveldið Súdan
ALFA AIRLINES	054	AAJ	Lýðveldið Súdan
AZZA TRANSPORT COMPANY	012	AZZ	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	017	Óskráður	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	015	MGG	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	001	NOV	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	056	Óskráður	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.			**Svasíland**
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			**Sambía**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Norður-Kórea (DPRK)	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Tu-204	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633	Norður-Kórea (DPRK)
AFRIJET ([1])	002/MTAC/ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50 og tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900.	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR	Lýðveldið Gabon
AIR ASTANA ([2])	AK-0388-09	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni B-767, fjórum loftförum af tegundinni B-757, tíu loftförum af tegundinni A319/320/321 og fimm loftförum af tegundinni Fokker 50	Öll loftför, að undanskildum: P4-KCA, P4-KCB, P4-EAS, P4-FAS, P4-GAS, P4-MAS, P4-NAS, P4-OAS, P4-PAS, P4-SAS, P4-TAS, P4-UAS, P4-VAS, P4-WAS, P4-YAS, P4-XAS, P4-HAS, P4-IAS, P4-JAS, P4-KAS, P4-LAS	Arúba (Konungsríkið Holland)
AIRLIFT INTERNATIONAL (GH) LTD	AOC 017	ALE	Lýðveldið Gana	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni DC8-63F	Öll loftför, að undanskildum: 9G-TOP og 9G-RAC	Lýðveldið Gana
AIR MADAGASCAR	5R-M01/2009	MDG	Madagaskar	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Boeing B-737-300, tveimur loftförum af tegundinni ATR 72-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-320 og þremur loftförum af tegundinni DHC 6-300	Öll loftför, að undanskildum: 5R-MFH, 5R-MFI, 5R-MJE, 5R-MJF, 5R-MJG, 5R-MVT, 5R-MGC, 5R-MGD, 5R-MGF	Lýðveldið Madagaskar
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336)	Kómoreyjar
GABON AIRLINES ([3])	001/MTAC/ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu: TR-LHP	Lýðveldið Gabon

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekanda-skírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki flugrekanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
IRAN AIR ([4])	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undanskildum: fjórtán loftförum af tegundinni A-300, átta loftförum af tegundinni A-310 og einu loftfari af tegundinni B-737,	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA, EP-IBB, EP-IBC, EP-IBD, EP-IBG, EP-IBH, EP-IBI, EP-IBJ, EP-IBM, EP-IBN, EP-IBO, EP-IBS, EP-IBT, EP-IBV, EP-IBX, EP-IBZ, EP-ICE, EP-ICF, EP-IBK, EP-IBL, EP-IBP, EP-IBQ, EP-AGA	Íslamska lýðveldið Íran
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601 og einu loftfari af tegundinni HS-125-800	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum: þremur loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700	Öll loftför, að undanskildum: D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TBF, D2, TBG, D2-TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([2]) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([3]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.
([4]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með því loftfari sem tilgreint er samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010, Stjtíð. L 170, 6.7.2010, bls. 15.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 16/2011 **2012/EES/12/27**

frá 10. janúar 2011

um framkvæmdarráðstafanir vegna hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]), einkum 51. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 178/2002 var komið á hraðviðvörunarkerfi fyrir matvæli og fóður (hér á eftir nefnt „hraðviðvörunarkerfið“) undir stjórn framkvæmdastjórnarinnar og með aðkomu aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu til að veita eftirlitsyfirvöldum hagkvæmt tæki til að tilkynna um áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af matvælum eða fóðri. Gildissvið og kröfur vegna starfrækslu hraðviðvörunarkerfisins eru settar fram í 50. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Samkvæmt 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 ber framkvæmdastjórninni að koma á framkvæmdarráðstöfunum vegna 50. gr. sömu reglugerðar, einkum að því er varðar sérstök skilyrði og málsmeðferð við sendingu tilkynninga og frekari upplýsinga.

3) Það eru fyrst og fremst aðildarríkin sem bera ábyrgð á framkvæmd löggjafar ESB. Þau framkvæma opinbert eftirlit samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([2]). Hraðviðvörunarkerfið styður við aðgerðir aðildarríkjanna með því að greiða fyrir hröðum upplýsingaskiptum um áhættu sem stafar af matvælum eða fóðri og um ráðstafanir sem gerðar eru eða sem gera skal til að bregðast við slíkri áhættu.

4) Með 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður ([3]) er gildissvið hraðviðvörunarkerfisins víkkað til að ná til alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði dýra og umhverfið. Því skal skilja hugtakið „áhætta“, eins og það er notað í þessari reglugerð, sem beina eða óbeina áhættu fyrir heilbrigði manna í tengslum við matvæli, efni sem komast í snertingu við matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002 eða sem alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið í tengslum við fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005.

5) Setja skal reglur til að hraðviðvörunarkerfið geti starfað rétt, bæði í tengslum við tilvik þegar alvarleg áhætta, í skilningi 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, kemur í ljós og í tengslum við önnur tilvik þegar nauðsynlegt er að upplýsingaskipti á milli og meðal aðila að hraðviðvörunarkerfinu séu skilvirk, jafnvel þó að áhættan, sem kemur í ljós, sé minna alvarleg eða aðkallandi. Tilkynningar eru flokkaðar niður í tilkynningar um viðvaranir, um upplýsingar og um höfnun við landamæri til að auðvelda aðilum að kerfinu að meðhöndla þær.

6) Til að hraðviðvörunarkerfið geti starfað á skilvirkan hátt skal móta kröfur vegna málsmeðferðar við sendingar hinna mismunandi gerða tilkynninga. Viðvörunartilkynningar skulu sendar út og þær meðhöndlaðar sem forgangsmál. Tilkynningar um höfnun við landamæri eru sérstaklega mikilvægar fyrir það eftirlit sem fer fram á skoðunarstöðvum á landamærum og tilnefndum komustöðum meðfram landamærum Evrópska efnahagssvæðisins. Sniðmát og gagnalýsingasöfn auka læsileika tilkynninganna og skilning á þeim. Með því að merkja þá aðila að kerfinu, sem þurfa að sjá tilteknar tilkynningar, má beina athygli þeirra að ákveðnum tilkynningum sem tryggir að þær séu meðhöndlaðar með hraði.

7) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002 hafa framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin tilnefnt tengiliði, sem eru fulltrúar aðilanna að kerfinu, til að samskipti verði nákvæm og hröð. Við beitingu á 50. gr. þeirrar reglugerðar og til að forðast hugsanleg mistök í miðlun tilkynninganna skal hver aðili að kerfinu einungis vera í sambandi við einn tengilið. Sá tengiliður skal greiða fyrir hraðri miðlun til lögbærs yfirvalds innan aðildarlands.

8) Til að tryggja nákvæman og skilvirkan rekstur kerfisins á milli aðila þess skal setja sameiginlegar reglur um skyldur tengiliðanna. Einnig skal setja fram ákvæði um samræmingarhlutverk framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. sannprófun tilkynninganna. Að því er þetta varðar skal framkvæmdastjórnin einnig aðstoða aðila að kerfinu við að gera viðeigandi ráðstafanir með því að bera kennsl á þær hættur og þá rekstraraðila sem ítrekað er sagt frá í tilkynningunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

9) Ef útsend tilkynning reynist vera röng eða tilefnislaus þrátt fyrir eftirlit aðilans, sem sendir tilkynninguna, og framkvæmdastjórnarinnar skal mæla fyrir um málsmeðferð þar sem annaðhvort er kveðið á um breytingu á tilkynningunni eða afturköllun hennar úr kerfinu.

10) Samkvæmt 3. og 4 mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 verður framkvæmdastjórnin að upplýsa þriðju lönd um tilteknar tilkynningar í hraðviðvörunarkerfinu. Því skal framkvæmdastjórnin, með fyrirvara um sértæk ákvæði í samningum sem gerðir hafa verið skv. 6. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, tryggja að bein tengsl séu við matvælaöryggisyfirvöld í þriðju löndum til að senda megi tilkynningar til þessara þriðju landa og á sama tíma tryggja að skipst sé á viðeigandi upplýsingum að því er varðar þessar tilkynningar og alla beina eða óbeina áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af matvælum eða fóðri.

11) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 ber opinberum yfirvöldum m.a. að upplýsa almenning um áhættu fyrir heilbrigði manna. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram samantekt á upplýsingum um tilkynningar, sem sendar eru um hraðviðvörunarkerfið, og ársskýrslur með upplýsingum um helstu leitni að því er varðar þau matvælaöryggismál sem tilkynnt er um í gegnum hraðviðvörunarkerfið og um þróun kerfisins sjálfs, til upplýsingar fyrir aðila þess, hagsmunaaðila og almenning.

12) Þessi reglugerð hefur verið rædd við Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra sem settar eru fram í reglugerðum (EB) nr. 178/2002 og (EB) nr. 882/2004:

1. „kerfi“: hraðviðvörunarkerfi til að tilkynna um beina eða óbeina áhættu sem matvæli eða fóður hafa í för með sér fyrir heilbrigði manna, sem komið var á fót með 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

2. „aðili að kerfinu“: aðildarríki, framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og öll umsóknarlönd, þriðju lönd eða alþjóðastofnanir sem hafa gert samning við Evrópusambandið í samræmi við 6. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

3. „tengiliður“: tilnefndur tengiliður sem er fulltrúi aðila að kerfinu,

4. „viðvörunartilkynning“: tilkynning um áhættu sem útheimtir eða gæti útheimt hraðar aðgerðir í öðru aðildarlandi,

5. „upplýsingatilkynning“: tilkynning um áhættu sem útheimtir ekki hraðar aðgerðir í öðru aðildarlandi,

   a) „upplýsingatilkynning sem fylgja ber eftir“: upplýsingatilkynning sem tengist vöru sem er á markaði eða kann að verða sett á markað í öðru aðildarlandi,

   b) „upplýsingatilkynning sem veita skal athygli“: upplýsingatilkynning tengd vöru sem:

      i. er einungis til í aðildarlandinu sem sendir tilkynninguna eða

      ii. hefur ekki verið sett á markað eða

      iii. er ekki lengur á markaði,

6. „tilkynning um höfnun við landamæri“: tilkynning um að framleiðslulotu, gámi eða farmi af matvælum eða fóðri hafi verið hafnað, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

7. „upprunaleg tilkynning“: viðvörunartilkynning, upplýsingatilkynning eða tilkynning um höfnun við landamæri,

8. „eftirfylgnitilkynning“: tilkynning sem inniheldur viðbótarupplýsingar í tengslum við upprunalega tilkynningu,

9. „atvinnurekendur í greininni“: stjórnendur matvælafyrirtækja og fóðurfyrirtækja eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 178/2002 eða rekstraraðilar eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([1]).

2. gr.

Skyldur aðila að kerfinu

1. Aðilar að kerfinu skulu tryggja að rekstur kerfisins sé skilvirkur innan lögsögu þeirra.

2. Aðilar að kerfinu skulu hver fyrir sig tilnefna einn tengilið og tilkynna tengilið framkvæmdastjórnarinnar um tilnefninguna ásamt nákvæmum upplýsingum um þá einstaklinga sem stjórna tengiliðnum og samskiptaupplýsingar um þá. Til þess skulu þeir nota upplýsingasniðmát vegna tengiliða sem tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fram.

3. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal viðhalda og uppfæra skrána yfir tengiliði og gera hana aðgengilega fyrir alla aðila að kerfinu. Aðilar að kerfinu skulu tafarlaust tilkynna tengilið framkvæmdastjórnarinnar um allar breytingar á tengiliðum sínum og samskiptaupplýsingum þeirra.

4. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal afhenda aðilum að kerfinu sniðmát sem nota skal fyrir tilkynningar.

5. Aðilar að kerfinu skulu tryggja að samskipti á milli tengiliða þeirra og lögbærra yfirvalda séu skilvirk, annars vegar innan lögsögu þeirra og hins vegar á milli tengiliða þeirra og tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar, að því er varðar kerfið. Einkum og sér í lagi skulu þeir:

a) koma upp og viðhalda, í varanlegu góðu ástandi, skilvirku samskiptaneti á milli tengiliða sinna og allra viðkomandi

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

lögbærra yfirvalda innan lögsögu sinnar til að gera kleift að senda tafarlaust tilkynningu til lögbæru yfirvaldanna svo að hægt sé að grípa til viðeigandi aðgerða,

b) skilgreina hlutverk og skyldur tengiliða sinna og viðeigandi lögbærra yfirvalda innan lögsögu sinnar að því er varðar undirbúning og miðlun tilkynninga, sem sendar eru tengilið framkvæmdastjórnarinnar, og að meta og dreifa tilkynningum sem berast frá tengilið framkvæmdastjórnarinnar.

6. Allir tengiliðir skulu tryggja að til staðar sé vakthafandi starfsmaður, sem hægt er að ná í utan skrifstofutíma allan sólarhringinn og alla daga vikunnar, vegna neyðartilvika.

3. gr.

Viðvörunartilkynningar

1. Aðilar að kerfinu skulu senda viðvörunartilkynningar til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar án ástæðulausrar tafar og í öllum tilvikum innan 48 klukkustunda frá því að þeim var tilkynnt um áhættuna. Viðvörunartilkynningar skulu innihalda allar fáanlegar upplýsingar, einkum um áhættuna og vöruna sem áhættan stafar af. Þó að ekki sé búið að safna saman öllum viðeigandi upplýsingum skal það ekki valda óþarfa töfum á sendingu viðvörunartilkynninga.

2. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal senda viðvörunartilkynningar til allra aðila að kerfinu innan 24 klukkustunda eftir að þær berast, um leið og þær hafa verið sannprófaðar eins og um getur í 8. gr.

3. Utan skrifstofutíma skulu aðilar að kerfinu tilkynna um miðlun viðvörunartilkynningar eða eftirfylgni við viðvörunartilkynningu með símtali í neyðarsímanúmer tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal láta þá aðila að kerfinu, sem hafa verið merktir vegna eftirfylgni, vita með símtali í neyðarsímanúmer þeirra.

4. gr.

Upplýsingatilkynningar

1. Aðilar að kerfinu skulu senda upplýsingatilkynningar til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar án ástæðulausrar tafar. Tilkynningin skal innihalda allar fáanlegar upplýsingar, einkum um áhættuna og vöruna sem áhættan stafar af.

2. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal senda upplýsingatilkynningar til allra aðila að kerfinu án ástæðulausrar tafar og um leið og þær hafa verið sannprófaðar, eins og um getur í 8. gr.

5. gr.

Tilkynningar um höfnun við landamæri

1. Aðilar að kerfinu skulu senda tilkynningar um höfnun við landamæri til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar án ástæðulausrar tafar. Tilkynningin skal innihalda allar fáanlegar upplýsingar, einkum um áhættuna og vöruna sem áhættan stafar af.

2. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal senda tilkynningar um höfnun við landamæri til skoðunarstöðva á landamærum eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([1]) og til tilnefndra komustaða eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 882/2004.

6. gr.

Eftirfylgnitilkynningar

1. Hvenær sem aðili að kerfinu býr yfir viðbótarupplýsingum, sem tengjast áhættu eða vöru sem um getur í upprunalegri tilkynningu, skal hann tafarlaust senda eftirfylgnitilkynningu til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar með milligöngu tengiliðar síns.

2. Þegar aðili að kerfinu hefur óskað eftir eftirfylgniupplýsingum sem tengjast upprunalegri tilkynningu skal leggja fram slíkar upplýsingar að því marki sem mögulegt er og án ástæðulausrar tafar.

3. Þegar gripið er til aðgerða eftir viðtöku upprunalegrar tilkynningar, eins og um getur í 5. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal sá aðili að kerfinu sem greip til aðgerðanna tafarlaust senda tengilið framkvæmdastjórnarinnar nákvæmar upplýsingar um þær með eftirfylgnitilkynningu.

4. Ef aðgerðirnar, sem um getur í 3. mgr., felast í að hald sé lagt á vöru og hún send til baka til sendanda sem er með aðsetur í öðru aðildarlandi:

a) skal aðilinn að kerfinu, sem grípur til aðgerðanna, leggja fram viðeigandi upplýsingar um endursendu vöruna með eftirfylgnitilkynningu nema þessar upplýsingar sé þegar að finna í upprunalegu tilkynningunni,

b) skal aðildarlandið, þangað sem vörunum var skilað, veita upplýsingar um aðgerðirnar, sem gripið var til varðandi vörurnar sem var skilað, með eftirfylgnitilkynningu.

5. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal senda eftirfylgnitilkynningar til allra aðila að kerfinu án ástæðulausrar tafar og innan 24 klukkustunda ef um er að ræða eftirfylgnitilkynningar vegna viðvarana.

7. gr.

Framlagning tilkynninga

1. Tilkynningar skulu lagðar fram með því að nota sniðmátin sem tengiliður framkvæmdastjórnarinnar leggur til.

2. Fylla skal út alla viðkomandi reiti á sniðmátunum til að auðvelda auðkenningu vörunnar eða varanna og áhættunnar sem um ræðir og til að veita upplýsingar um rekjanleika. Nota skal, að svo miklu leyti sem unnt er, gagnalýsingasöfn sem tengiliður framkvæmdastjórnarinnar leggur til.

3. Tilkynningar skulu flokkaðar í einn af eftirfarandi flokkum samkvæmt skilgreiningunum sem kveðið er á um í 1. gr.:

a) upprunaleg tilkynning

   i. viðvörunartilkynning,

   ii. upplýsingatilkynning sem fylgja ber eftir,

([1]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

iii. upplýsingatilkynning sem veita skal athygli,

iv. tilkynningar um höfnun við landamæri,

b) eftirfylgnitilkynning

4. Í tilkynningum skal auðkenna þá aðila að kerfinu sem eru beðnir um að fylgja tilkynningunni eftir.

5. Bæta skal öllum viðeigandi skjölum við tilkynninguna og senda til tengiliðar framkvæmdastjórnarinnar án ástæðulausrar tafar.

8. gr.

Sannprófun tilkynningarinnar

Áður en tengiliður framkvæmdastjórnarinnar sendir tilkynningu til allra aðila að kerfinu skal hann:

a) sannprófa heilleika og læsileika tilkynningarinnar, þ.m.t. hvort valdar hafi verið viðeigandi upplýsingar úr gagnalýsingasöfnunum sem um getur í 2. mgr. 7. gr.,

b) sannprófa hvort lagagrundvöllurinn, sem gefinn er upp í þeim tilvikum sem ekki er farið að ákvæðum, sé réttur; þó skal rangur lagagrundvöllur ekki koma í veg fyrir að tilkynningin sé send ef áhætta hefur komið í ljós,

c) sannprófa að viðfang tilkynningarinnar falli innan gildissviðs kerfisins eins og mælt er fyrir um í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

d) tryggja að nauðsynlegar upplýsingar í tilkynningunni séu á tungumáli sem allir aðilar að kerfinu skilja auðveldlega,

e) sannprófa að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

f) auðkenna faglegan rekstraraðila og/eða hættu og/eða upprunaland sem endurtekið kemur fyrir í tilkynningum.

Í því skyni að virða frestinn, sem gefinn er til sendingar, getur framkvæmdastjórnin gert smávægilegar breytingar á tilkynningunni að því tilskildu að fyrir sendingu náist samkomulag um breytingarnar við þann aðila sem sendir tilkynninguna.

9. gr.

Afturköllun og breytingar á tilkynningu

1. Allir aðilar að kerfinu geta, með samþykki þess aðila sem sendir tilkynninguna, óskað eftir að tengiliður framkvæmda stjórnarinnar afturkalli tilkynningu sem send hefur verið um kerfið ef upplýsingarnar, sem aðgerðirnar sem grípa á til byggjast á, virðast ekki á rökum reistar eða ef tilkynningin var send fyrir mistök.

2. Allir aðilar að kerfinu geta, með samþykki þess aðila sem sendir tilkynninguna, óskað eftir að tilkynningu sé breytt. Ekki skal líta á eftirfylgnitilkynningu sem breytingu á tilkynningu og því má senda hana án samþykkis nokkurs annars aðila að kerfinu.

10. gr.

Upplýsingaskipti við þriðju lönd

1. Ef varan. sem tilkynnt er um. er upprunnin í eða er dreift til þriðja lands skal framkvæmdastjórnin tilkynna þriðja landinu um það án ástæðulausrar tafar.

2. Með fyrirvara um sértæk ákvæði í samningum sem gerðir hafa verið skv. 6. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 skal tengiliður framkvæmdastjórnarinnar koma á tengslum við einn tilnefndan tengilið í þriðja landinu, ef hann er til staðar, með það fyrir augum að styrkja samskipti, þ.m.t. með notkun upplýsingatækni. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal senda tilkynningar til tengiliðarins í þriðja landinu til að vekja athygli hans eða til eftirfylgni, allt eftir alvarleika áhættunnar.

11. gr.

Útgefið efni

Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta:

a) samantekt á öllum viðvörunartilkynningum, upplýsingatilkynningum og tilkynningum um höfnun við landamæri ásamt upplýsingum um flokkun og stöðu tilkynningar, vörur og áhættu sem komið hefur í ljós, upprunaland, lönd þar sem vörunum var dreift, hvaða aðili að kerfinu sendi tilkynninguna, grundvöll tilkynningarinnar og til hvaða aðgerða var gripið,

b) ársskýrslu um þær tilkynningar sem sendar voru um kerfið.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1070/2010 **2012/EES/12/28**

frá 22. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun 2008/38/EB með því að bæta í skrána yfir fyrirhugaða notkun því sérstaka næringarmarkmiði að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt hjá hundum og köttum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn um að bæta því sérstaka næringarmarkmiði „að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt“ hjá hundum og köttum í skrána yfir fyrirhugaða notkun fóðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota í B-hluta I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB frá 5. maí 2008 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga ([2]). Framkvæmdastjórnin kom umsókninni, þ.m.t. málsskjöl, á framfæri við aðildarríkin.

2) Í málsskjölunum, sem eru með umsókninni, er sýnt fram á að hin tiltekna samsetning fóðursins þjóni því sérstaka næringarmarkmiði sem stefnt er að og að fóðrið hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, á umhverfið eða velferð dýra. Umsóknin er því gild og hinu sérstaka næringarmarkmiði „að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt“ hjá hundum og köttum skal bætt í skrána um fyrirhugaða notkun.

3) Því ber að breyta tilskipun 2008/38/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 23.1.2010, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 9.

VIÐAUKI

Í B-hluta I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB bætist eftirfarandi lína við á milli línunnar með sérstöku næringarmarkmiðunum „Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóms og mikils hármissis“ og línunnar með sérstöku næringarmarkmiðunum „Að draga úr hættu á doða“:

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
„Að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt	Hundar: Þurrefni skal innihalda a.m.k. 3,3% af omega-3 fitusýrum samanlagt og a.m.k. 0,38% af eikósapentensýru (EPA) samanlagt. Fullnægjandi innihald E-vítamíns. Kettir: Þurrefni skal innihalda a.m.k. 1,2% af omega-3 fitusýrum samanlagt og a.m.k. 0,28% af dókósahexensýru (EPA) samanlagt. Aukið innihald meþíóníns og mangans. Fullnægjandi innihald E-vítamíns.	Hundar og kettir	Hundar: —Heildar omega-3 fitusýrur —Heildar EPA —Heildar E-vítamín Kettir: —Heildar omega-3 fitusýrur —Heildar DHA —Heildar meþíónín —Heildar mangan —Heildar E-vítamín	Allt að 3 mánuðir til að byrja með	Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1117/2010 **2012/EES/12/29**

frá 2. desember 2010

um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Vetagro SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. maí 2010 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blandan, sem kemur fram í viðaukanum, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega aukið vaxtarhraða og bætt hlutfallið milli þyngdaraukingar og fóðurmagns hjá marktegundinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(6), 1633.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á dýraræktarbreytum)									
4d 3	Vetagro SpA	Blanda úr varinni sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni	*Samsetning aukefnis* Blanda úr vörðum örperlum, sem innihalda sítrónusýru, sorbínsýru, þýmól og vanillín, sem inniheldur að lágmarki: Sítrónusýra: 25 g/100 g Þýmól: 1,7 g/100 g Sorbínsýra: 16,7 g/100 g Vanillín: 1 g/100 g *Lýsing á eiginleikum virkra efna* Sítrónusýra $C_6H_8O_7$ (hreinleiki ≥ 99,5%) 2-hýdroxý-1,2,3-própantríkarboxýlsýra, CAS-nr. 77-92-9 vatnsfrí Sorbínsýra $C_6H_8O_2$ (hreinleiki ≥ 99,5%) 2,4-hexadíensýra, CAS-nr. 110-44-1 Þýmól (hreinleiki ≥ 98%) 5-metýl-2-(1-metýletýl)fenól, CAS-nr. 89-83-8) Vanillín (hreinleiki ≥ 99,5%) 4-hýdroxý-3-metoxýbensaldehýð, CAS-nr. 121-33-5) *Greiningaraðferðir* ([1]) Ákvörðun á sorbínsýru og þýmóli í fóðri: háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólubláu sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV/DAD). Ákvörðun á sítrónusýru í aukefninu og forblöndunni: (RP-HPLC-UV/DAD). Ákvörðun á sítrónusýru í fóðri: ensímákvörðun á innihaldi sítrónusýru – litrófsgreining með NADH (sem afoxað form af nikótínamíðdínúkleótíði)	Smágrísir (fráfæru-)	—	1000	—	1 Fyrir smágrísi (fráfæru–) allt að 35 kg. 2 Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	23. desember 2020

([1]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1118/2010 **2012/EES/12/30**

frá 2. desember 2010

um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica NV) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Díklasúríl, CAS nr. 101831-37-2, var leyft til 10 ára, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga að 16 vikna aldri, sem eru aldir til að verða varphænur, og til notkunar fyrir kalkúna að 12 vikna aldri með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ([3]). Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „hnislalyf og vefsvipungalyf“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. júní 2010 að við tillögð notkunarskilyrði hafi díklasúríl ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt til að verjast hnislasótt í eldiskjúklingum ([4]). Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á díklasúríli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella skal ákvæðin um díklasúríl fyrir eldiskjúklinga brott úr reglugerð (EB) nr. 2430/1999.

7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fóðurblöndum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hnislalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2430/1999 fellur færslan við skráningarnúmerið fyrir aukefnið E 771, sem varðar díklasúríl fyrir eldiskjúklinga, brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(7), 1663.

3. gr.

Forblöndur og fóðurblöndur, sem innihalda díklasúríl og eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi				
Hníslalyf og vefsvipungalyf										
5 1 771	Janssen Pharmaceutica NV	Díklasúríl 0,5 g/ 100 g (Clinacox 0,5%)	*Samsetning aukefnis* Díklasúríl: 0,50 g/100 g Sojabaunamjöl með lágu prótíninnihaldi 99,25 g/100 g Fjölvídón K 30: 0,20 g/100 g Natríumhýdroxíð: 0,05 g/100 g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Díklasúríl, $C_{17}H_9Cl_3N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 Skyld óhreinindi: Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,1% Önnur skyld óhreinindi (T001434, R066891, R068610, R070156, R070016): ≤ 0,5% hvert um sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %	Eldis-kjúklingar	—	1	1	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda díklasúríli við önnur hníslalyf. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Leyfishafinn skal skipuleggja og framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn bakteríum og *Eimeria* spp. að lokinni setningu á markað.	23. desember 2020	1500 µg díklasúríls/kg af ferskri lifur 1000 µg díklasúríls/kg af ferskum nýrum 500 µg díklasúríls/kg af ferskum vöðvum 500 µg díklasúríls/kg af ferskri húð/fitu

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskipta-heiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi				
			Greiningaraðferð ([1]) Ákvörðun á díklasúríli í fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og ljósgleypnigreining á útfjólublá sviði við 280nm (reglugerð (EB) nr. 152/2009) Ákvörðun á díklasúríli í vef alifugla: Háþrýstivökvaskiljun í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini þar sem notuð er ein móðurjón og tvær dótturjónir.							

([1]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1119/2010 **2012/EES/12/31**

frá 2. desember 2010

um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni til notkunar fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 896/2009 ([3]). Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var blandan leyfð án tímamarka fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ([4]), fyrir eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006 ([5]) og fyrir mjólkurkýr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 ([6]). Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, til nýrrar notkunar fyrir hesta og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. júní 2010 ([7]) varðandi notkun *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefnis fyrir mjólkurkýr að við tillögð notkunarskilyrði hafi fóðuraukefnið ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að það auki hugsanlega mjólkurframleiðslu í mjólkurkúm. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. júní 2010 ([8]) varðandi notkun blöndunnar sem fóðuraukefnis fyrir hesta að notkun hennar geti bætt sýnilega getu marktegundarinnar til að melta trefjar.

6) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella skal ákvæðin um *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 brott úr reglugerð (EB) nr. 1520/2007.

8) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fóðurblöndum.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6.

([4]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

([5]) Stjtíð. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6.

([6]) Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(7), 1662.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(7), 1659.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 1520/2007 falla 1. gr. og I. viðauki brott.

3. gr.

Forblöndur og fóðurblöndu, sem innihalda *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 og eru merkt í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1710	Prosol SpA	*Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 *Greiningaraðferðir* ([1]) Talning: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Mjólkurkýr Hestar	—	2×10^9 3×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota gleraugu og hlífðarhanska.	23. desember 2020

([1]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1120/2010 **2012/EES/12/32**

frá 2. desember 2010

um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Notkun á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. `1200/2005 ([2]) og fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 ([3]), og til 10 ára fyrir laxfiska og rækjur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 ([4]).

5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir blöndunni fyrir fráfærugrísi. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. júní 2010 ([5]) að *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar sýni umtalsverða aukningu, annað hvort á vaxtareiginleikum eða fóðurgildi marktegundarinnar. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13.

([4]) Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(7), 1660.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4d1712	Lallemand SAS	*Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M *Greiningaraðferðir* ([1]) Ákvörðun fjölda: yfirborðsræktun á MRS-agar (EN15786:2009). Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Smágrísir (fráfæru-)	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Fyrir smágrísi (fráfæru-) allt að 35 kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska	23. desember 2020

([1]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/105/EB **2012/EES/12/33**

frá 16. september 2009

varðandi einföld þrýstihylki (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 87/404/EBE frá 25. júní 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi einföld þrýstihylki ([3]), hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Aðildarríkjunum ber að sjá til þess á eigin yfirráðasvæði að öryggi manna og húsdýra sé tryggt og eignir séu ekki í hættu ef einföld þrýstihylki leka eða springa.

3) Í hverju aðildarríki eru lögboðin ákvæði um öryggisstig einfaldra þrýstihylkja, einkum um hönnun þeirra og virkni, uppsetningar- og notkunarskilyrði og verklagsreglur um skoðun fyrir og eftir setningu á markað. Þessi lögboðnu ákvæði hafa ekki nauðsynlega í för með sér mismunandi öryggisstig frá einu aðildarríki til annars en vegna ósamræmis milli þeirra hindra þau viðskipti innan Bandalagsins.

4) Tilskipun þessi fjallar því eingöngu um lögboðnar kröfur og grunnkröfur. Til að auðveldara sé að færa sönnur á samræmi við þessar grunnkröfur er nauðsynlegt að til séu samhæfðir staðlar á vettvangi Bandalagsins, einkum að því er varðar hönnun, virkni og uppsetningu einfaldra þrýstihylkja, svo að framleiðsluvörur sem eru í samræmi við þá geti talist uppfylla öryggiskröfurnar. Þessir staðlar, samhæfðir á vettvangi Bandalagsins, eru samdir af einkaaðilum og eru því ekki bindandi. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) viðurkennd sem þar til bærar stofnanir að samþykkja samhæfða staðla, í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar ([5]) um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og þessara þriggja stofnana, sem voru undirritaðar 28. mars 2003.

5) Ráðið hefur samþykkt röð tilskipana sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum í samræmi við meginreglurnar sem settar voru með ályktun þess frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla ([6]). Í öllum þessum tilskipunum er kveðið á um að CE-merkið sé fest á vörur. Í tilkynningu sinni frá 15. júní 1989 um heildaraðferð við vottun og prófanir ([7]) lagði framkvæmdastjórnin til að settar yrðu sameiginlegar reglur um CE-merkið sem hannað skyldi á einn hátt. Í ályktun sinni frá 21. desember 1989 um heildaraðferð við samræmismat ([8]) samþykkti ráðið, sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 27, 3.2.2009, bls. 41.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 48.

([4]) Sjá A-hluta í IV. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB C 91, 16.4.2003, bls. 7.

([6]) Stjtíð. EB C 136, 4.6.1985, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB C 267, 19.10.1989, bls. 3.

([8]) Stjtíð. EB C 10, 16.1.1990, bls. 1.

leiðbeinandi meginreglu, að taka upp samræmda aðferð eins og þessa við notkun CE-merkisins. Tveir grundvallarþættir hinnar nýju aðferðar, sem beita á, eru grunnkröfurnar og samræmismatsaðferðirnar.

6) Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því að farið sé að viðeigandi tæknilegum kröfum til að sjá til þess að notendur og þriðju aðilar fái áhrifaríka vernd. Núverandi verklagsreglur um skoðun eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Til að komast hjá endurteknum skoðunum, sem eru í reynd hindrun á frjálsum flutningi á hylkjum, er rétt að aðildarríkin taki upp gagnkvæma viðurkenningu á verklagsreglum um skoðun. Til að auðvelda þessa gagnkvæmu viðurkenningu á verklagsreglum um skoðun er æskilegt að taka upp málsmeðferð á vettvangi Bandalagsins ásamt því að samræma viðmiðanir fyrir tilnefningu aðila sem bera ábyrgð á því að annast prófanir, eftirlit og sannprófun.

7) Ef einfalt þrýstihylki ber CE-merkið má gera ráð fyrir að það uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar og því er óþarft, við innflutning og þegar hylkið er tekið í notkun, að endurtaka skoðun sem þegar hefur farið fram. Engu að síður getur hætta stafað af einföldum hylkjum. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um málsmeðferð til að draga úr þeirri hættu.

8) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum og beitingu tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta IV. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, SETNING Á MARKAÐ OG FRJÁLS FLUTNINGUR

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um einföld, raðframleidd þrýstihylki.

2. Eftirfarandi hylki falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar:

a) hylki sem eru sérhönnuð til notkunar á sviði kjarnorkuvinnslu þar sem bilun gæti valdið geislamengun,

b) hylki sem eru sérstaklega ætluð til uppsetningar í skipum og loftförum eða til að knýja þau áfram,

c) slökkvitæki.

3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „einfalt þrýstihylki“ eða „hylki“: öll soðin hylki sem þola innri mæliþrýsting sem er meiri en 0,5 bör, eru ætluð undir loft eða köfnunarefni en ekki er ætlast til að séu hituð með beinum loga.

Þeir hlutar og samsetningar sem stuðla að styrk þrýstihylkisins skulu annaðhvort gerðir úr óblendnu gæðastáli, óblendnu áli eða álblendi sem ekki er hægt að herða með öldrunarherðingu.

Hylkið skal annaðhvort búið til úr:

i. sívölum hluta með hringlaga þversniði, sem er lokað með kúptum og/eða flötum endum sem hverfast um sama ás og sívalningshlutinn, eða

ii. tveimur kúptum endum sem hverfast um sama ás.

Hámarksvinnuþrýstingur hylkisins skal ekki fara yfir 30 bör og margfeldi þess þrýstings og rúmtaks hylkisins (PS x V) má ekki fara yfir 10 000 bör á lítra.

Lágmarksvinnuhitastig má ekki vera undir –50 °C og hámarksvinnuhitastig ekki vera hærra en 300 °C fyrir stál og 100 °C fyrir hylki úr áli eða álblendi.

b) „samhæfður staðall“: tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu, Rafstaðlasamtökum Evrópu eða Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu, eða af tveimur eða þremur af þessum stofnunum samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]), og almennar viðmiðunarreglur um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu og þessara þriggja stofnana, sem voru undirritaðar 28. mars 2003.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hylkin verði því aðeins sett á markað og tekin í notkun að af þeim stafi ekki hætta fyrir menn, húsdýr eða eignir þegar þau eru sett upp og haldið við á réttan hátt og notuð í þeim tilgangi sem ráð er fyrir gert

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að setja fram, innan ramma sáttmálans, kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja öryggi starfsmanna við notkun hylkjanna, að því tilskildu að þar sé ekki krafist breytinga á hylkjunum sem ekki er gert ráð fyrir í þessari tilskipun.

3. gr.

1. Hylki þar sem margfeldið PS x V fer yfir 50 bör á lítra verða að uppfylla þær grunnkröfur um öryggi sem eru settar fram í I. viðauka.

2. Hylki þar sem margfeldið PS x V er 50 bör á lítra eða minna skulu framleidd í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í einhverju aðildarríkjanna og bera merkingar sem mælt er fyrir um í 1. lið II. viðauka, að undanskildu CE-merkinu sem um getur í 16. gr.

4. gr.

Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir að hylki sem standast kröfur þessarar tilskipunar séu sett á markað og tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu ganga út frá því að hylki sem bera CE-merkið uppfylli öll ákvæði þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu ganga út frá því að grunnkröfum um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, sé fullnægt ef hylki eru í samræmi við landsstaðla til framkvæmdar samhæfðum stöðlum sem vísað hefur verið til í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* með birtingu tilvísunarnúmera þeirra.

Aðildarríkin skulu birta tilvísunarnúmer slíkra landsstaðla.

2. Aðildarríkin skulu ganga út frá því að hylki, þar sem framleiðandinn hefur ekki beitt stöðlunum sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. eða aðeins beitt þeim að hluta, eða hylki sem engir slíkir staðlar eru til um, séu í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi, sem um getur í I. viðauka, þegar EB-gerðarprófunarvottorð hefur verið veitt og samræmi við samþykkt eintak hefur verið staðfest með áfestingu CE-merkisins.

3. Ef hylkin falla undir ákvæði annarra tilskipana, sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að festa skuli CE-merki á vörur, gefur þetta merki til kynna að viðkomandi hylki teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara annarra tilskipana. Heimili ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á umbreytingartímabili skal CE-merkið gefa til kynna að samræmi sé aðeins við þær tilskipanir sem framleiðandinn beitir. Í þessu tilviki skulu upplýsingar um þær tilskipanir sem beitt er, eins og þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, koma fram í þeim skjölum, leiðbeiningum eða fyrirmælum sem krafist er í tilskipununum og fylgja slíkum hylkjum.

6. gr.

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin lítur svo á að samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., uppfylli ekki að fullu grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka, skal framkvæmdastjórnin, eða hlutaðeigandi aðildarríki, leggja málið ásamt rökstuðningi fyrir fastanefndina sem komið er á fót skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, hér á eftir kölluð „nefndin“.

Nefndin skal skila áliti án tafar.

Að teknu tilliti til álits nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella niður þessa staðla í útgáfunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu að hylki, sem bera CE-merki og eru höfð til þeirra nota sem ráð er fyrir gert, geti skapað hættu fyrir menn, húsdýr eða eignir skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessar framleiðsluvörur af markaðinum eða banna eða takmarka að þær séu settar á markað.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) vegna þess að hylkið stenst ekki grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, þegar það uppfyllir ekki samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

b) vegna rangrar beitingar staðlanna sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

c) vegna annmarka á sjálfum stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5.gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og auðið er. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að höfðu slíku samráði, að einhverjar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. eigi rétt á sér skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem hafði frumkvæðið, svo og hinum aðildarríkjunum.

Ef ákvörðunin, sem um getur í 1. mgr., á rætur að rekja til annmarka á stöðlunum og aðildarríkið, sem gert hefur viðkomandi ráðstafanir, hyggst viðhalda þeim skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, leggja málið fyrir nefndina innan tveggja mánaða og hefja þá málsmeðferð sem um getur í 6. gr.

3. Ef hylki, sem stenst ekki kröfur, ber CE-merkið skal lögbært aðildarríki grípa til viðeigandi ráðstafana gegn þeim sem hefur fest merkið á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að aðildarríkin fái upplýsingar um framvindu og niðurstöður málsmeðferðarinnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.

II. KAFLI

VOTTUN

1. ÞÁTTUR

Vottunarreglur

8. gr.

1. Áður en framleiðsla er hafin á þrýstihylkjum, þar sem margfeldið PS x V fer yfir 50 bör á lítra og sem eru framleidd í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins, að eigin vali:

a) tilkynna það samþykktum skoðunaraðila, skv. 9. gr., sem að lokinni athugun á hönnunar- og framleiðsluáætluninni, sem um getur í 3. lið II. viðauka, gefur út vottorð um að þessi gögn séu fullnægjandi, eða

b) leggja fram frumgerð hylkis til EB-gerðarprófunarinnar sem um getur í 10. gr.

2. Áður en framleiðsla er hafin á þrýstihylkjum, þar sem margfeldið PS x V fer yfir 50 bör á lítra og sem eru ekki eða aðeins að hluta til í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, með staðfestu innan Bandalagsins, leggja fram frumgerð hylkis til EB-gerðarprófunarinnar sem um getur í 10. gr.

3. Hylki sem eru framleidd samkvæmt samhæfðu stöðlunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., eða í samræmi við samþykkta frumgerð skulu fá eftirfarandi meðferð áður en þau eru sett á markað:

a) EB-sannprófun sem um getur í 11. gr. þegar margfeldið PS x V fer yfir 3000 bör á lítra,

b) að vali framleiðanda, þegar margfeldið PS x V fer ekki yfir 3000 bör á lítra en er meira en 50 bör á lítra

:

i. EB-samræmisyfirlýsingu sem um getur í 12. gr., eða

ii. EB-sannprófun sem um getur í 11. gr.

4. Skýrslur og bréfaskipti varðandi vottunarreglurnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu fara fram á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem samþykkti skoðunaraðilinn hefur staðfestu eða á tungumáli sem þessi aðili hefur samþykkt.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þá samþykktu skoðunaraðila sem þau hafa skipað til að framfylgja reglunum, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr., ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi og hvaða kenninúmerum framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir tilkynnta aðila ásamt kenninúmerum þeirra og verkefnum sem þeim hafa verið falin. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Í III. viðauka eru settar þær lágmarksviðmiðanir sem aðildarríki verða að uppfylla að því er varðar samþykkt þeirra aðila sem um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríki sem hefur samþykkt skoðunaraðila skal draga samþykkið til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla þær lágmarksviðmiðanir sem settar eru fram í III. viðauka.

Það skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin þar um.

2. ÞÁTTUR

EB-gerðarprófun

10. gr.

1. EB-gerðarprófun er aðferð sem samþykktur skoðunaraðili notar til að ákvarða og votta að frumgerð hylkis uppfylli þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um það.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans leggur fram umsókn til eins samþykkts skoðunaraðila um EB-gerðarprófun á frumgerð hylkis eða á frumgerð sem er dæmigerð fyrir eina tegund hylkja. Viðurkenndi fulltrúinn skal hafa staðfestu innan Bandalagsins.

Í umsókninni skal koma fram:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans og framleiðslustaður hylkjanna,

b) hönnunar- og framleiðsluáætlunin sem um getur í 3. lið II. viðauka.

Umsókninni skal fylgja hylki sem er dæmigert fyrir fyrirhugaða framleiðslu.

3. Samþykkti skoðunaraðilinn skal framkvæma EB-gerðarprófunina á þann hátt sem um getur í annarri og þriðju undirgrein.

Hann athugar hönnunar- og framleiðsluáætlunina með tilliti til þess að samræmis sé gætt og rannsakar einnig hylkið sem lagt er fram.

Við athugun á hylkinu skal skoðunaraðilinn:

a) sannprófa að hylkið hafi verið framleitt í samræmi við hönnunar- og framleiðsluáætlunina og að hættulaust sé að nota það við þau vinnuskilyrði sem ráð er fyrir gert,

b) framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að hylkið sé í samræmi við þær grunnkröfur sem það á að uppfylla.

4. Ef frumgerðin uppfyllir ákvæðin sem gilda um hana skal samþykkti skoðunaraðilinn gefa út EB-gerðarprófunarvottorð sem skal framsent til umsækjanda. Í vottorðinu skulu koma fram niðurstöður prófunarinnar og tilgreind skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, ásamt þeim lýsingum og teikningum sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á samþykktu frumgerðina.

Framkvæmdastjórnin, hinir samþykktu skoðunaraðilarnir og hin aðildarríkin geta fengið afrit af vottorðinu og, samkvæmt rökstuddri beiðni, afrit af hönnunar- og framleiðsluáætluninni og skýrslum um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

5. Samþykktur skoðunaraðili, sem neitar að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð, skal tilkynna hinum samþykktu skoðunaraðilunum það.

Samþykktur skoðunaraðili, sem afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð, skal tilkynna það aðildarríkinu sem samþykkti aðilann. Aðildarríkið tilkynnir það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og tilgreinir rökin fyrir ákvörðuninni.

3. ÞÁTTUR

EB-sannprófun

11. gr.

1. EB-sannprófun er málsmeðferð sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, með staðfestu innan Bandalagsins, beitir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að hylkin, sem hafa verið prófuð skv. 3. mgr., séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða við hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. lið II. viðauka og gefið hefur verið út vottorð um að fullnægi kröfum.

2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að hylkin séu í samræmi við gerð þá sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða við hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. lið II. viðauka. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins skal festa CE-merkið á hvert hylki og gefa út samræmisyfirlýsingu.

3. Samþykktur skoðunaraðili skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að hylkin séu í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar með því að rannsaka og prófa þau í samræmi við aðra til tíundu undirgrein.

Framleiðandinn skal afhenda hylki sín í einsleitum framleiðslulotum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hver lota í framleiðsluferlinu sé einsleit.

Framleiðslulotunum skal fylgja EB-gerðarprófunarvottorðið sem um getur í 10. gr. eða, ef hylkin eru ekki framleidd í samræmi við samþykkta frumgerð, hönnunar- og framleiðsluáætlunin sem um getur í 3. lið II. viðauka. Í síðara tilvikinu rannsakar samþykkti skoðunaraðilinn áætlunina áður en EB-sannprófunin fer fram til að votta að hún sé í samræmi við reglur.

Þegar framleiðslulota er rannsökuð skal samþykkti skoðunaraðilinn ganga úr skugga um að hylkin hafi verið framleidd og prófuð í samræmi við hönnunar- og framleiðsluáætlunina og til að prófa styrkleika þeirra skal hann framkvæma vatnsþrýstingsprófun eða jafngilda loftþrýstingsprófun á öllum hylkjum í lotunni við þrýsting þar sem Ph er jafnt og 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur. Loftþrýstingsprófunin er háð því að aðildarríkið, þar sem hún er framkvæmd, samþykki öryggisreglurnar sem farið er eftir við prófunina.

Enn fremur skal samþykkti skoðunaraðilinn prófa gæði málmsuðu á prófunarhlutum sem að vali framleiðanda eru teknir úr sýni sem er dæmigert fyrir framleiðsluna eða úr hylki. Prófunin skal gerð á langsuðu. Þar sem notaðar eru mismunandi aðferðir við að sjóða langsuður og hringsuður skal þó endurtaka prófunina á hringsuðum.

Hylkin sem um getur í lið 2.1.2 í I. viðauka skulu prófuð með vatnsþrýstingsprófun, í stað prófunar á prófunarhlutum, og er hún framkvæmd á fimm hylkjum sem eru tekin af handahófi úr hverri framleiðslulotu til að ganga úr skugga um að þau séu í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í lið 2.1.2 í I. viðauka.

Samþykktur skoðunaraðili festir eða lætur festa kenninúmer sitt á sérhvert hylki í samþykktum framleiðslulotum og gefur út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem fram hafa farið. Öll hylkin í framleiðslulotunni má setja á markað að undanskildum þeim sem ekki hafa staðist vatnsþrýstingsprófun eða loftþrýstingsprófun.

Ef framleiðslulotu er hafnað skal samþykktur skoðunaraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú lota verði sett á markað. Ef framleiðslulotum er oft hafnað getur samþykktur skoðunaraðili frestað tölfræðilegri sannprófun.

Framleiðandi má, á ábyrgð samþykkta skoðunaraðilans, festa kenninúmer hins síðarnefnda á vöruna meðan á framleiðslu stendur.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geta lagt fram þau samræmisvottorð samþykkts skoðunaraðila sem um getur í sjöundu undirgrein, sé þess óskað.

4. ÞÁTTUR

EB-samræmisyfirlýsing

12. gr.

1. Framleiðandi sem innir af hendi skyldur skv. 13. gr. skal festa CE-merkið, sem kveðið er á um í 16. gr., á hylki sem samkvæmt yfirlýsingu hans eru í samræmi við:

a) hönnunar- og framleiðsluáætlunina, sem um getur í 3. lið II. viðauka, og gefið hefur verið út vottorð um að fullnægi kröfum, eða

b) samþykkta frumgerð.

2. Með þessari EB-samræmisyfirlýsingu gengst framleiðandinn undir EB-eftirlit þegar margfeldið PS x V fer yfir 200 bör á lítra.

Tilgangur EB-eftirlits er, skv. 2. mgr. 14. gr., að sjá til þess að framleiðandinn inni af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr. Eftirlitið er á hendi samþykkta skoðunaraðilans sem hefur gefið út EB-gerðarprófunarvottorðið sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 10. gr., þegar hylkið er framleitt í samræmi við samþykkta frumgerð, eða að öðrum kosti á hendi samþykkta aðilans sem hönnunar- og framleiðsluáætlunin var send til í samræmi við a-lið 1. mgr. 8. gr.

13. gr.

1. Þegar framleiðandi beitir aðferðinni sem um getur í 12. gr. skal hann, áður en framleiðsla hefst, senda samþykkta skoðunaraðilanum, sem gaf út EB-gerðarprófunarvottorðið eða vottorðið um að kröfum hafi verið fullnægt, skjalfesta lýsingu á framleiðsluferlinu og öllum kerfisbundnum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið fyrirfram til að tryggja að þrýstihylkin séu í samræmi við staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr. eða samþykkta frumgerð.

2. Skjalið sem um getur í 1. mgr. skal innihalda:

a) lýsingu á viðeigandi framleiðslu- og prófunaraðferðum í samræmi við gerð hylkjanna,

b) skoðunarskjal þar sem lýst er viðeigandi rannsóknum og prófunum sem ber að framkvæma meðan á framleiðslunni stendur svo og hvernig og hve oft þær skulu framkvæmdar,

c) skuldbindingu um að framkvæma rannsóknirnar og prófanirnar í samræmi við skoðunarskjalið sem um getur í b-lið, svo og vatnsþrýstingsprófun, eða, með samþykki aðildarríkisins, loftþrýstingsprófun við prófunarþrýsting sem er 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur, á öllum framleiddum hylkjum.

Sérmenntað starfsfólk, sem er óháð starfsfólki sem vinnur við framleiðsluna, skal vera ábyrgt fyrir þessum rannsóknum og prófunum og skal taka þær saman í skýrslu,

d) heimilisföng á framleiðslu- og geymslustöðum og dagsetninguna þegar framleiðsla á að hefjast.

3. Þegar margfeldið PS x V er meira en 200 bör á lítra skulu framleiðendur veita aðilanum sem annast EB-eftirlit aðgang að áðurnefndum framleiðslu- og geymslustöðum þar sem eftirlitið fer fram, heimila sama aðila að velja hylki sem sýnishorn og veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum varðandi:

a) hönnunar- og framleiðsluáætlunina,

b) skoðunarskýrsluna,

c) EB-gerðarprófunarvottorðið eða vottorðið um að kröfum hafi verið fullnægt, eftir því sem við á,

d) skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

14. gr.

Þegar hylki eru ekki framleidd í samræmi við samþykkta frumgerð skal samþykkti skoðunaraðilinn, sem hefur gefið út EB-gerðarprófunarvottorðið eða vottorðið um að kröfum hafi verið fullnægt, áður en framleiðslan hefst, athuga skjalið sem um getur í 1. mgr. 13. gr. og einnig hönnunar- og framleiðsluáætlunina sem um getur í 3. lið II. viðauka til að votta að hylkið samrýmist kröfum.

Á framleiðslutímanum, þegar margfeldið PS x V er meira en 200 bör á lítra, skal sami aðili þar að auki:

a) ganga úr skugga um að framleiðandinn hafi eftirlit með raðframleiddum hylkjum í samræmi við c-lið 2. mgr. 13. gr.,

b) taka slembisýni til skoðunar úr hylkjum á framleiðslustaðnum eða geymslustaðnum.

Samþykkti skoðunaraðilinn skal láta aðildarríkinu sem samþykkti hann í té afrit af skoðunarskýrslunni, sem samkvæmt beiðni er einnig send til hinna samþykktu skoðunaraðilanna, hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

III. KAFLI

CE-MERKI OG ÁLETRANIR

15. gr.

Með fyrirvara um 7. gr.:

a) komist aðildarríki að því að CE-merki hafi verið fest ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans, með staðfestu innan Bandalagsins, skylda til að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum um CE-merkið og til að binda enda á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur,

b) ef ósamræmið heldur áfram skulu aðildarríkin grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna að viðkomandi vara sé sett á markað eða tryggja að hún verði tekin af markaði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

16. gr.

1. CE-merkið og áritanirnar, sem um getur í 1. lið II. viðauka, skal festa á hylkið eða á merkiplötu, sem er fest við hylkið á þann hátt að ekki sé hægt að taka hana af, þannig að þau séu sýnileg, læsileg og óafmáanleg.

CE-merkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í lið 1.1 í II. viðauka. Á eftir CE-merkinu skal koma kenninúmerið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. og táknar samþykkta skoðunaraðilann sem ber ábyrgð á CE-sannprófunum eða CE-eftirliti.

2. Bannað er að festa á hylki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar merkingu og form CE-merkisins. Festa má hvers konar aðrar merkingar á hylkin eða merkiplötuna, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Færa skal nákvæm rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og hafa í för með sér takmarkanir á að hylki sé sett á markað eða það tekið í notkun. Ákvörðunin skal án tafar tilkynnt hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

18. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

19. gr.

Tilskipun 87/404/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar er í A-hluta IV. viðauka, er felld úr gildi án þess að það hafi áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar í aðildarríkjunum og beitingu tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta IV. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

20. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

21. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI

(sem um getur í 1. mgr. 3. gr.)

1. EFNI

Efni skal velja með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar hylkjanna og í samræmi við lið 1.1 til 1.4.

1.1. **Hlutar undir þrýstingi**

Efnin sem um getur í 1. gr. og notuð eru í framleiðslu á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi skulu:

a) henta til suðu,

b) vera sveigjanleg og seig þannig að brot við lágmarksvinnuhitastig valdi því ekki að þau sundrist eða brotni í stökku broti.

c) vera öldrunarþolin.

Að auki verða efni í stálhylki að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 1.1.1 og efni í hylki úr áli eða álblendi að uppfylla kröfurnar í lið 1.1.2.

Þessum efnum skal fylgja skoðunarskjal frá framleiðanda efnisins eins og lýst er í II. viðauka.

1.1.1. *Stálhylki*

Óblendið gæðastál skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) það skal vera róað og afhent að lokinni normalglóðun eða í tilsvarandi ástandi,

b) kolefnisinnihald efnisins skal vera innan við 0,25% og brennisteins- og fosfórmagn innan við 0,05% af hvoru um sig,

c) aflfræðilegir eiginleikar efnisins skulu vera sem hér segir:

— hámarkstogþol $R_{m,\,max}$ skal vera innan við 580 N/mm^2,

— brotlenging skal vera:

— ef prófunarhlutarnir eru teknir samsíða völsunarstefnu efnisins:

$A \geq 22\%$ þegar þykkt efnisins er ≥ 3 mm,

$A_{80\,mm} \geq 17\%$ þegar þykkt efnisins er < 3 mm,

— ef prófunarhlutarnir eru teknir hornrétt á völsunarstefnu efnisins:

$A \geq 20\ \%$ þegar þykkt efnisins er ≥ 3 mm,

$A_{80\,mm} \geq 15\%$ þegar þykkt efnisins er < 3 mm,

— meðalgildi brotorku KCV þriggja prófunarhluta sem teknir eru samsíða völsunarstefnu efnisins má ekki vera undir 35 J/cm^2 við lágmarksvinnuhitastig. Aðeins eitt gildi af þessum þremur má vera minna en 35 J/cm^2 og undir engum kringumstæðum minna en 25 J/cm^2.

Þessir eiginleikar skulu kannaðir þegar um er að ræða stál sem notað er til framleiðslu á hylkjum sem eru ætluð fyrir lægra vinnuhitastig en –10 °C og eru með meira en 5 mm veggjarþykkt.

1.1.2. *Álhylki*

Óblendið ál verður að hafa a.m.k. 99,5% álinnihald og álblendið, sem um getur í a-lið 3. mgr. 1. gr., skal hafa nægilegt þol gegn kornamarkatæringu við hámarksvinnuhitastig.

Þessi efni skulu enn fremur uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þau skulu afhent í glóðuðu ástandi, og b) þau skulu hafa eftirfarandi aflfræðilega eiginleika:

— hámarkstogþol $R_{m, max}$ má ekki vera meiri en 350 N/mm^2,

— brotlenging skal vera:

— A ≥ 16% ef prófunarhlutinn er tekinn samsíða völsunarstefnu efnisins,

— A ≥ 14% ef prófunarhlutinn er tekinn hornrétt á völsunarstefnu efnisins,

1.2. **Suðuefni**

Efnin sem notuð eru við suðu einfaldra þrýstihylkja, eða til að sjóða á þau, skulu vera af réttri gerð og hafa eiginleika sambærilega við efnin sem á að sjóða saman.

1.3. **Fylgihlutir sem stuðla að styrk hylkis**

Þessir fylgihlutir (t.d. boltar og rær) skulu gerðir úr efni sem er tilgreint í lið 1.1 eða öðrum tegundum stáls, áls eða álblendis, sem er af réttri gerð og sambærilegt við efnin sem notuð eru til framleiðslu á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi.

Síðarnefndu efnin skulu vera hæfilega seig og hafa hæfilega brotlengingu við lágmarksvinnuhitastig.

1.4. **Hlutar sem eru ekki undir þrýstingi**

Allir hlutar hylkis sem eru ekki undir þrýstingi skulu gerðir úr efnum sem hafa eiginleika sambærilega við efnin sem þeir eru soðnir við.

2. HÖNNUN HYLKIS

Við hönnun hylkis þarf framleiðandinn að ákveða notkun þess með því að velja:

a) lágmarksvinnuhitastig T_{min},

b) hámarksvinnuhitastig T_{max},

c) hámarksvinnuþrýsting PS.

Ef valið er lágmarksvinnuhitastig, sem er yfir –10 °C, skulu eiginleikar efnanna, sem krafa er gerð um, koma fram við –10 °C.

Framleiðandinn verður enn fremur að taka tillit til eftirfarandi:

— hægt á að vera að skoða hylkin að innanverðu,

— hægt á að vera að tæma hylkin,

— aflfræðilegir eiginleikar hylkjanna skulu haldast óbreyttir í þann tíma sem hylkið er í notkun eins og til er ætlast,

— hylkin skulu hafa fullnægjandi vörn gegn tæringu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar,

og til þess að við fyrirhuguð notkunarskilyrði sé tryggt:

— að hylkin verði ekki fyrir álagi sem getur dregið úr öryggi við notkun þeirra,

— að innri þrýstingur sé ekki að jafnaði yfir hámarksvinnuþrýstingi PS. Hann má þó vera hærri í stuttan tíma eða 10% mest.

Hringsuður og langsuður skulu soðnar með fullri gegnumsuðu eða öðrum suðuaðferðum sem hafa sömu virkni. Kúptir endar aðrir en hálfkúluendar verða að vera með kanti hringinn í kring.

2.1. **Þykkt hylkisveggja**

Ef margfeldið PS × V er minna en eða jafnt og 3000 bör á lítra skal framleiðandinn velja eina af aðferðunum sem lýst er í liðum 2.1.1 og 2.1.2 til að ákvarða þykkt hylkisveggjanna. Ef margfeldið PS × V er meira en 3000 bör á lítra eða ef hámarksvinnuhitastig er yfir 100 °C verður að reikna þessa þykkt samkvæmt aðferðinni sem er lýst í 2.1.1.

Þykkt veggja og enda hylkis má þó ekki vera minni en 2 mm í stálhylkjum og ekki minni en 3 mm í hylkjum úr áli eða álblendi.

2.1.1. *Reikniaðferð*

Lágmarksþykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi skal reikna með tilliti til álagsþátta og eftirfarandi ákvæða:

a) þrýstingurinn sem er lagður til grundvallar í útreikningum skal vera meiri en eða jafn hámarksvinnuþrýstingnum sem hefur verið valinn,

b) leyfilegt álag á hylkisskelina skal vera minna en eða jafnt því sem hefur lægra gildi, 0,6 R_{ET} eða 0,3 R_m. Við ákvörðun leyfilegs álags skal framleiðandinn nota lægstu gildi sem framleiðandi efnisins gefur upp fyrir R_{ET} og R_m.

Þegar ein eða fleiri samskeyti eru soðin eftir endilöngum sívalningshluta hylkisins með öðrum suðuaðferðum en sjálfvirkum skal þykktin, sem er reiknuð eins og um getur í fyrsta undirlið, þó margfölduð með stuðlinum 1,15.

2.1.2. *Tilraunaaðferð*

Þykkt hylkisveggjanna skal ákveðin með tilliti til þess að hylkið geti við stofuhita staðist þrýsting sem er a.m.k. fimmfaldur hámarksvinnuþrýstingur, með stuðulinn 1% eða þar undir fyrir varanlega aflögun á hringferli.

3. FRAMLEIÐSLUFERLI

Framleiðsla og eftirlit með framleiðslu hylkja skal vera í samræmi við hönnunar- og framleiðsluáætlanirnar sem um getur í 3. lið II. viðauka.

3.1. **Undirbúningur einstakra hluta hylkisins**

Undirbúningur einstakra hluta hylkisins (t.d. mótun og snið) má ekki hafa í för með sér skemmdir á yfirborði, sprungur eða breytingu á aflfræðilegum eiginleikum, sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

3.2. **Suða á hlutum undir þrýstingi**

Eiginleikar suðunnar og aðliggjandi svæða skulu vera hliðstæðir því efni sem soðið er og ekki mega vera í þeim neinir yfirborðsgallar eða innri gallar sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

Suða skal framkvæmd í samræmi við viðurkenndar suðuaðferðir af suðumönnum með réttindi og hæfi eða fagmönnum með tilskilda hæfni. Samþykktir skoðunaraðilar skulu sjá um slíka viðurkenningu og hæfnispróf.

Framleiðandinn verður einnig að tryggja jöfn gæði suðunnar með því að framkvæma viðeigandi prófanir með réttum aðferðum meðan á framleiðslunni stendur. Gefa skal skýrslu um þessar prófanir.

4. HYLKIN TEKIN Í NOTKUN

Hverju hylki skulu fylgja notkunarleiðbeiningar frá framleiðanda eins og um getur í 2. lið II. viðauka.


II. VIÐAUKI

CE-MERKI, ÁLETRANIR, NOTKUNARLEIÐBEININGAR, HÖNNUNAR- OG FRAMLEIÐSLUÁÆTLANIR, SKILGREININGAR OG TÁKN

1. CE-MERKI OG ÁLETRANIR

1.1. CE-merki

CE-merkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í kvörðuðu teikningunni, sem sett er fram í þessum lið, vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

1.2. Áletranir

Á hylkinu eða merkiplötunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) hámarksvinnuþrýstingur (PS í börum),

b) hámarksvinnuhitastig (T_{max} í °C),

c) lágmarksvinnuhitastig (T_{min} í °C),

d) rúmtak hylkisins (V í lítrum),

e) nafn eða merki framleiðanda,

f) gerð og rað- eða lotunúmer hylkis,

g) tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var fest á.

Ef merkiplata er notuð skal hún vera þannig gerð að ekki sé hægt að nota hana oftar en einu sinni og á henni skal vera autt svæði fyrir aðrar upplýsingar.

2. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Í notkunarleiðbeiningunum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) upplýsingarnar í 1. lið, að frátöldu raðnúmeri hylkisins,

b) fyrirhuguð notkun hylkisins,

c) upplýsingar um viðhald og uppsetningu sem eru nauðsynlegar fyrir örugga notkun hylkisins.

Leiðbeiningarnar skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem hylkin verða sett á markað.

3. HÖNNUNAR- OG FRAMLEIÐSLUÁÆTLANIR

Í hönnunar- og framleiðsluáætlununum skal koma fram lýsing á þeirri tækni og þeim aðgerðum sem beitt er til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka eða samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr., einkum:

a) nákvæm framleiðsluteikning af gerð hylkisins,

b) notkunarleiðbeiningar,

c) skjal með lýsingu á:

— efnunum sem eru notuð,

— suðuaðferðinni sem er beitt,

— eftirlitinu sem er viðhaft,

— öllu því sem máli skiptir varðandi hönnun hylkisins.

Þegar aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 11. til 14. gr. eru notaðar skal áætlunin einnig ná til:

a) vottorða um að viðeigandi suðuaðferð sé beitt og um réttindi og hæfi suðumanna eða annarra fagmanna,

b) skoðunarskjalsins fyrir efnin sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og samsetningum sem stuðla að því að styrkja þrýstihylkið,

c) skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið gerðar eða lýsingar á fyrirhuguðu eftirliti.

4. SKILGREININGAR OG TÁKN

4.1. Skilgreiningar

a) Hönnunarþrýstingur „P“ er mæliþrýstingur sem framleiðandinn velur og notaður er til að ákvarða þykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi.

b) Hámarksvinnuþrýstingur „PS“ er mesti mæliþrýstingur sem er leyfður við venjuleg notkunarskilyrði.

c) Lágmarksvinnuhitastig T_{min} er lægsta stöðuga hitastig sem má vera í veggjum hylkisins í notkun við venjuleg notkunarskilyrði.

d) Hámarksvinnuhitastig T_{max} er hæsta stöðuga hitastig sem má vera í veggjum hylkisins við venjuleg notkunarskilyrði.

e) Flotstyrkurinn „R_{ET}“ er gildið við hæsta vinnuhitastig T_{max}

— við efri flotmörk R_{eH} þegar um er að ræða efni með bæði efri og neðri flotmörk,

— eða við spennuna $R_p0{,}2$,

— eða við spennuna $R_p1{,}0$ þegar um er að ræða óblendið ál.

f) Tegundir hylkja:

Hylki teljast sömu tegundar ef eingöngu þvermál þeirra er frábrugðið frumgerðinni, að því tilskildu að leyfileg mörk sem um getur í lið 2.1.1 og 2.1.2 í I. viðauka séu virt, og/eða lengd sívalningshluta þeirra er innan eftirfarandi marka:

— þegar frumgerðin hefur einn eða fleiri hringi á endum sívalningshlutans skal a.m.k. einn hringur vera á öðrum afbrigðum,

— þegar frumgerðin hefur aðeins tvo kúpta enda skulu engir hringir vera á sívalningshluta annarra afbrigða.

Lengdarafbrigði sem hafa í för með sér breytingar á opum og/eða gatasetningu skulu tilgreind á teikningum fyrir hvert afbrigði.

g) Í hverri framleiðslulotu skulu vera í mesta lagi 3000 hylki af sömu gerð.

h) Í skilningi þessarar tilskipunar er um raðframleiðslu að ræða ef fleiri en eitt hylki af sömu gerð er framleitt á tilteknu tímabili í samfelldu framleiðsluferli eftir sömu hönnun og með sömu framleiðsluaðferðum.

i) Skoðunarskjal: skjal þar sem framleiðandi vottar að vörurnar, sem hann hefur afhent, uppfylli skilmála pöntunarinnar og gerir grein fyrir niðurstöðum, einkum hvað varðar efnasamsetningu og aflfræðilega eiginleika vörunnar, úr venjubundnum eftirlitsprófunum í verksmiðjunni sem gerðar eru á vöru sem er framleidd með sömu aðferð og varan sem afhent er, en ekki nauðsynlega á henni sjálfri.

4.2. **Tákn**

A	brotlenging (L_o = 5,65 KVAÐRATRÓT S_o	%
A 80 mm	brotlenging (L_o = 80 mm)	%
KCV	brotorka	J/cm^2
P	hönnunarþrýstingur	bör
PS	hámarksvinnuþrýstingur	bör
P_h	prófunarþrýstingur í vökva eða lofti	bör
$R_p0,2$	0,2% spenna	N/mm^2
R_{ET}	flotstyrkur við hámarksvinnuhitastig	N/mm^2
R_eH	efri flotmörk	N/mm^2
R_m	togþol	N/mm^2
$R_{m, max}$	mesta togþol	N/mm^2
$R_p1,0$	1,0% spenna	N/mm^2
T_{max}	hámarksvinnuhitastig	°C
T_{min}	lágmarksvinnuhitastig	°C
V	rúmtak hylkisins	l

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSVIÐMIÐANIR SEM AÐILDARRÍKIN SKULU UPPFYLLA ÞEGAR ÞAU SAMÞYKKJA SKOÐUNARAÐILA

(sem um getur í 2. mgr. 9. gr.)

1. Samþykkti skoðunaraðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem bera ábyrgð á því að annast sannprófanir, mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur eða birgjar og ekki vinna við uppsetningu hylkjanna sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu, eða viðhaldi hylkjanna. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á að framleiðandi og samþykkti skoðunaraðilinn skiptist á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði.

2. Samþykkti skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af faglegri ráðvendni og tæknilegri færni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af fjárhagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.

3. Samþykkti skoðunaraðilinn verður að hafa á að skipa starfsliði og aðstöðu sem nauðsynleg er til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun og hann verður einnig að hafa aðgang að þeim búnaði sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.

4. Starfsfólk, sem ber ábyrgð á skoðun, skal hafa:

   a) trausta tæknilega þjálfun og starfsþjálfun,

   b) viðunandi þekkingu á kröfum varðandi prófanir sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,

   c) kunnáttu í að gefa út vottorð, greinargerðir og skýrslur sem krafist er til að unnt sé að staðfesta niðurstöður prófananna.

5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.

6. Samþykkti skoðunaraðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.

7. Starfsfólk samþykkta skoðunaraðilans er bundið þagnarskyldu um allt sem það fær vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum til að framfylgja henni.

IV. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun ráðsins 87/404/EBE
(Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 48)

Tilskipun ráðsins 90/488/EBE
(Stjtíð. EB L 270, 2.10.1990, bls. 25)

Tilskipun ráðsins 93/68/EBE — aðeins 1. liður 1. gr. og 2. gr.
(Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 19. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
87/404/EBE	31. desember 1989	1. júlí 1990 ([1])
90/488/EBE	1. júlí 1991	—
93/68/EBE	30. júní 1994	1. janúar 1995 ([2])

([1]) Á tímabilinu fram til 1. júlí 1992 skulu aðildarríkin, í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 18. gr., heimila að hylki, sem eru í samræmi við reglur sem gilda á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 1990, séu sett á markað og/eða tekin í notkun.

([2]) Fram til 1. janúar 1997 skulu aðildarríkin, í samræmi við 2. mgr. 14. gr., heimila að vörur, sem eru í samræmi við reglur um merkingu sem voru í gildi fyrir 1. janúar 1995, séu settar á markað og teknar í notkun.

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 87/404/EBE	Þessi tilskipun
Fimmti málsliður 5. forsendu	b-liður 3. mgr. 1. gr.
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 1. gr.	Fyrsta undirgrein a-liðar 3. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Önnur undirgrein a-liðar 3. mgr. 1. gr.
Fyrsti og annar undirliður annars undirliðar annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	i. og ii. töluliður þriðju undirgreinar a-liðar 3. mgr. 1. gr.
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Fjórða undirgrein a-liðar 3. mgr. 1. gr.
Fjórði undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr.	Fimmta undirgrein a-liðar 3. mgr. 1. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður 3. mgr. 1. gr.	a-, b- og c-liður 2. mgr. 1. gr.
2., 3. og 4. gr.	2., 3. og 4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
a- og b-liður 3. mgr. 5. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
Fyrsti og annar málsliður 2. mgr. 7. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 7. gr.
Þriðji málsliður 2. mgr. 7. gr.	Önnur undirgrein 7. mgr. 2. gr.
3. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
4. mgr. 7. gr.	4. mgr. 7. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 8. gr. og inngangsorð a-liðar 1. mgr. 8. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 8. gr.
Fyrsti og annar undirliður a-liðar 1. mgr. 8. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 8. gr.
b-liður 1. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
a-liður 2. mgr. 8. gr.	a-liður 3. mgr. 8. gr.
Fyrsti og annar undirliður b-liðar 2. mgr. 8. gr.	i. og ii. liður b-liðar 3. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
9. gr.	9. gr.
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 10. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.

Tilskipun 87/404/EBE	Þessi tilskipun
Fyrsti og annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr.	a- og b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 10. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 10. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 10. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.
a- og b-liður þriðju undirgreinar 3. mgr. 10. gr.	a- og b-liður þriðju undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 10. gr.	4. mgr. 10. gr.
Fyrsti málsliður 5. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 10. gr.
Annar og þriðji málsliður 5. mgr. 10. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 10. gr.
1. og 2. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 11. gr.
Inngangsorð 3. mgr. 11. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Liður 3.1 í 3. mgr. 11. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Liður 3.2 í 3. mgr. 11. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Fyrsta undirgrein í lið 3.3 í 3. mgr. 11. gr.	Fjórða undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Önnur undirgrein í lið 3.3 í 3. mgr. 11. gr.	Fimmta undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Þriðja undirgrein í lið 3.3 í 3. mgr. 11. gr.	Sjötta undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Fyrsta undirgrein í lið 3.4 í 3. mgr. 11. gr.	Sjöunda undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Önnur undirgrein í lið 3.4 í 3. mgr. 11. gr.	Áttunda undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Þriðja undirgrein í lið 3.4 í 3. mgr. 11. gr.	Níunda undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Liður 3.5 í 3. mgr. 11. gr.	Tíunda undirgrein 3. mgr. 11. gr.
Fyrsti og annar undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 12. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 12. gr.
2. mgr. 12. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 12. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr.	2. mgr. 13. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður 2. mgr. 13. gr.	a- til d-liður. 3. mgr. 13. gr.
1. mgr. 14. gr.	Fyrsta málsgrein 14. gr.
Fyrsti og annar undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 14. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 14. gr.

Tilskipun 87/404/EBE	Þessi tilskipun
Önnur undirgrein 2. mgr. 14. gr.	3. mgr. 14. gr.
15., 16. og 17. gr.	15., 16. og 17. gr.
1. mgr. 18. gr.	—
2. mgr. 18. gr.	18. gr.
—	19. gr.
—	20. gr.
19. gr.	21. gr.
Liður 1 í I. viðauka	Liður 1 í I. viðauka
Fyrsti, annar og þriðji undirliður fyrsta liðar í lið 1.1 í I. viðauka	a-, b- og c-liður fyrsta liðar í lið 1.1 í I. viðauka
Annar og þriðji liður í lið 1.1 í I. viðauka	Annar og þriðji liður í lið 1.1 í I. viðauka
Liður 1.1.1 og 1.1.2 í I. viðauka	Liður 1.1.1 og 1.1.2 í I. viðauka
Liður 1.2, 1.3 og 1.4 í I. viðauka	Liður 1.2, 1.3 og 1.4 í I. viðauka
Fyrsti, annar og þriðji undirliður fyrsta liðar í 2. lið í I. viðauka	a-, b- og c-liður fyrsta liðar í 2. lið I. viðauka
Annar, þriðji og fjórði liður í 2. lið I. viðauka	Annar, þriðji og fjórði liður í 2. lið I. viðauka
Liður 2.1, 3 og 4 í I. viðauka	Liður 2.1, 3 og 4 í I. viðauka
Liður 1 í II. viðauka	Liður 1 í II. viðauka
Fyrsti, annar og þriðji undirliður í a-lið 1. liðar í II. viðauka	Fyrsti, annar og þriðji undirliður í lið 1.1 í II. viðauka
1.–7. undirliður fyrsta liðar í b-lið 1. liðar í II. viðauka	a- til g-liður fyrsta liðar í lið 1.2 í II. viðauka
Annar liður í lið 1.b í II. viðauka	Annar liður í lið 1.2 í II. viðauka
Fyrsti, annar og þriðji undirliður fyrsta liðar í 2. lið II. viðauka	a-, b- og c-liður fyrsta liðar í 2. lið II. viðauka
Annar liður í 2. lið II. viðauka	Annar liður í 2. lið II. viðauka
Fyrsti liður í 3. lið II. viðauka	Fyrsti liður í 3. lið II. viðauka
i., ii. og iii. töluliður annars liðar í 3. lið II. viðauka	a-, b- og c-liður annars liðar í 3. lið II. viðauka
Liður 4 í II. viðauka	Liður 4 í II. viðauka
Liður 1, 2 og 3 í III. viðauka	Liður 1, 2 og 3 í III. viðauka
Fyrsti, annar og þriðji undirliður í 4. lið III. viðauka	a-, b- og c-liður í 4. lið III. viðauka
Liður 5, 6 og 7 í III. viðauka	Liður 5, 6 og 7 í III. viðauka
—	IV. viðauki
—	V. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/35/ESB **2012/EES/12/34**

frá 16. júní 2010

um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 1999/36/EB frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað ([3]) var samþykkt sem fyrsta skrefið í þá átt að auka öryggi í flutningum á færanlegum þrýstibúnaði og tryggja um leið frjálsan flutning á færanlegum þrýstibúnaði á innri markaði í flutningum.

2) Í ljósi þróunar á öryggi í flutningum er nauðsynlegt að uppfæra tiltekin tæknileg ákvæði í tilskipun 1999/36/EB.

3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ([4]) var gildissvið ákvæða tiltekinna alþjóðasamninga rýmkað til að þeir tækju til umferðar innan aðilarríkja í því skyni að samræma skilyrðin fyrir flutning á hættulegum farmi á vegum, með járnbrautum og á skipgengum vatnaleiðum alls staðar í Sambandinu.

4) Því er nauðsynlegt að uppfæra ákvæði tilskipunar 1999/36/EB því til samræmis til að koma í veg fyrir að reglur stangist á, einkum að því er varðar kröfur um samræmi, samræmismat og samræmismatsaðferðir í tengslum við færanlegan þrýstibúnað.

5) Í því skyni að auka öryggi að því er varðar færanlegan þrýstibúnað sem er viðurkenndur til flutninga á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum og til að tryggja frjálsan flutning, þ.m.t. að setja á markað, að bjóða fram á markaði og að nota slíkan færanlegan þrýstibúnað í Sambandinu, er nauðsynlegt að mæla fyrir um nákvæmar reglur varðandi skyldur mismunandi notenda og þær kröfur sem viðkomandi búnaður þarf að uppfylla.

6) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum ([5]), myndar almennan ramma, sem hefur lárétt áhrif, um framtíðarlöggjöf þar sem skilyrðin fyrir markaðssetningu á vörum eru samræmd. Þessi rammi gildir, eftir því sem við á, um færanlegan þrýstibúnað í samræmi við það markmið að samræma reglurnar um frjálsan flutning á vörum.

7) Til að hindra ekki flutningastarfsemi milli aðildarríkis og þriðju landa gildir þessi tilskipun ekki um færanlegan þrýstibúnað sem eingöngu er notaður til að flytja hættulegan farm milli yfirráðasvæðis Sambandsins og yfirráðasvæðis þriðju landa.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Álit frá 17. febrúar 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. maí 2010 (hefur enn ekki verið birt *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 31. maí 2010.

([3]) Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

([4]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

([5]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

8) Skyldur mismunandi rekstraraðila, þ.m.t. eigendur og notendur færanlegs þrýstibúnaðar, skulu skýrt skilgreindar í þágu öryggis í flutningum og frjáls flutnings á færanlegum þrýstibúnaði.

9) Rekstraraðilar skulu, með tilliti til hlutverks þeirra í aðfangakeðjunni, bera ábyrgð á því að færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við reglur um öryggi og markaðsaðgang.

10) Sýna skal fram á með samræmismati að nýr færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við tæknilegu kröfurnar í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og þessa tilskipun til að færa sönnur á að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé öruggur.

11) Reglubundnar skoðanir, milliskoðanir og skoðanir sem heyra til undantekninga skulu fara fram í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB og við þessa tilskipun til að tryggja áframhaldandi samræmi við öryggiskröfurnar í þeim.

12) Á færanlegum þrýstibúnaði skal vera merki sem gefur til kynna að hann sé í samræmi við tilskipun 2008/68/EB og þessa tilskipun til að tryggja frjálsan flutning og frjálsa notkun á honum.

13) Þessi tilskipun gildir ekki um færanlegan þrýstibúnað sem var settur á markað áður en viðeigandi hluti tilskipunar 1999/36/EB kom til framkvæmda og sem hefur ekki gengist undir endurmat á samræmi.

14) Ef færanlegur þrýstibúnaður, sem fyrir er, á að njóta góðs af frjálsum flutningi og frjálsri notkun, en hefur ekki áður verið metinn með tilliti til samræmis við tilskipun 1999/36/EB, skal endurmat á samræmi fara fram.

15) Til að tryggja samræmt gæðastig á frammistöðu tilkynntra aðila er nauðsynlegt að setja fram kröfur sem yfirvöld, sem bera ábyrgð á því að meta, tilkynna og hafa eftirlit með tilkynntum aðilum, þurfa að uppfylla.

16) Í samræmismatsaðferðunum, sem kveðið er á um í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun, er krafist afskipta skoðunaraðila og settar eru fram nákvæmar kröfur um starfsemi þeirra til að tryggja samræmi í frammistöðu alls staðar í Sambandinu. Aðildarríkin skulu því næst tilkynna framkvæmdastjórninni um þessa skoðunaraðila.

17) Til að tryggja að ábyrgðin á stöðugu eftirliti sé skýr skal tilkynningaryfirvaldið áfram bera ábyrgð á eftirliti með tilkynnta aðilanum án tillits til þess hvar starfsemi tilkynnta aðilans fer fram.

18) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sameiginlegar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á tilkynntum aðilum, sem tryggja að farið sé að tilskipun 2008/68/EB og þessari tilskipun. Með þessum sameiginlegu reglum verður hægt að losna við óþarfan kostnað og stjórnsýslumeðferð í tengslum við viðurkenningu búnaðarins og afnema tæknilegar viðskiptahindranir.

19) Rétt er að aðildarríki geti gert ráðstafanir til þess að takmarka eða banna að búnaður sé settur á markað og notaður þegar slíkur búnaður getur stofnað öryggi í hættu við sérstakar, tilteknar aðstæður, þ.m.t. þegar slíkur búnaður er í samræmi við tilskipun 2008/68/EB og þessa tilskipun.

20) Framkvæmdastjórnin skal semja sértækar viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd tæknilegra ákvæða þessarar tilskipunar í reynd með tilliti til árangurs af miðlun reynslu eins og mælt er fyrir um í 28. og 29. gr.

21) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar tilteknar aðlaganir á viðaukunum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

22) Tilskipun ráðsins 76/767/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um þrýstihylki og aðferðir við eftirlit með þeim ([1]), tilskipun ráðsins 84/525/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi saumlausa gashólka úr stáli ([2]), tilskipun ráðsins 84/526/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi saumlausa gashólka úr hreinu áli og álblöndu ([3]), tilskipun ráðsins 84/527/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi soðna gashólka úr hreinu stáli ([4]) og tilskipun 1999/36/EB eru orðnar úreltar og því ber að fella þær úr gildi.

23) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([5]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 153.
([2]) Stjtíð. EB L 300, 19.11.1984, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 300, 19.11.1984, bls. 20.
([4]) Stjtíð. EB L 300, 19.11.1984, bls. 48.
([5]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar fram nákvæmar reglur varðandi færanlegan þrýstibúnað til að auka öryggi og tryggja frjálsan flutning á slíkum búnaði í Sambandinu.

2. Þessi tilskipun gildir um:

a) nýjan færanlegan þrýstibúnað, eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr., sem ber ekki samræmismerkin sem kveðið er á um í tilskipunum 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE eða 1999/36/EB, að því er varðar að bjóða hann fram á markaði,

b) færanlegan þrýstibúnað, eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr., sem ber samræmismerkin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða í tilskipunum 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE eða 1999/36/EB, að því er varðar reglubundnar skoðanir, milliskoðanir, skoðanir sem heyra til undantekninga og notkun hans,

c) færanlegan þrýstibúnað, eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 2. gr., sem ber ekki samræmismerkin, sem kveðið er á um í tilskipun 1999/36/EB, að því er varðar endurmat á samræmi.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um færanlegan þrýstibúnað sem var settur á markað áður en tilskipun 1999/36/EB kom til framkvæmda og sem hefur ekki gengist undir endurmat á samræmi.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um færanlegan þrýstibúnað sem eingöngu er notaður við flutning á hættulegum farmi milli aðildarríkja og þriðju landa sem fer fram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2008/68/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „færanlegur þrýstibúnaður“:

   a) allir þrýstigeymar, lokar á þeim og annar aukabúnaður þegar við á, eins og fjallað er um í kafla 6.2 í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

   b) tankar, ökutæki/vagnar með geymaklasa, geyma-samstæður (MEGC), lokar á þeim og annar auka-búnaður þegar við á, eins og fjallað er um í kafla 6.8 í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

   þegar búnaðurinn sem um getur í a- og b-lið er notaður í samræmi við þessa viðauka við flutning á lofttegundum í 2. flokki, að undanskildum lofttegundum eða hlutum þar sem tölustafirnir 6 eða 7 koma fyrir í flokkunarkóðanum, og við flutning á hættulegum efnum í öðrum flokkum sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa tilskipun.

   Litið skal svo á að til færanlegs þrýstibúnaðar teljist gashylki (UN-nr. 2037) en ekki úðabrúsar (UN-nr. 1950), opin lághitahylki, gashylki fyrir öndunarbúnað, slökkvitæki (UN-nr. 1044), færanlegur þrýstibúnaður sem er undanþeginn samkvæmt lið 1.1.3.2 í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og færanlegur þrýstibúnaður sem er undanþeginn reglunum um gerð umbúða og prófana á þeim samkvæmt sérákvæðum í lið 3.3 í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

2. „viðaukar við tilskipun 2008/68/EB“: þáttur I.1 í I. viðauka, þáttur II.1 í II. viðauka og þáttur III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB,

3. „setning á markað“: að bjóða fram færanlegan þrýstibúnað í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

4. „boðið fram á markaði“: afhending færanlegs þrýstibúnaðar til dreifingar eða notkunar á markaði Sambandsins í tengslum við viðskiptastarfsemi eða opinbera þjónustu, gegn greiðslu eða án endurgjalds,

5. „notkun“: áfylling, geymsla til bráðabirgða í tengslum við flutning, tæmingu og enduráfyllingu færanlegs þrýstibúnaðar,

6. „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að færanlegur þrýstibúnaður sé boðinn fram á markaði eða notaður,

7. „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að færanlegum þrýstibúnaði, sem þegar er aðgengilegur endanlegum notanda, sé skilað til baka,

8. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir færanlegan þrýstibúnað, eða hluta til hans, eða lætur hanna eða framleiða slíkan búnað og markaðssetur hann undir eigin nafni eða eigin vörumerki,

9. „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

10. „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur færanlegan þrýstibúnað, eða hluta til hans, sem koma frá þriðja landi á markað Sambandsins,

11. „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður færanlegan þrýstibúnað, eða hluta til hans, fram á markaði,

12. „eigandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem á færanlegan þrýstibúnað,

13. „notandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem notar færanlegan þrýstibúnað,

14. „rekstraraðili“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi, dreifingaraðili, eigandi eða notandi, sem kemur að viðskiptastarfsemi eða opinberri þjónustu, gegn greiðslu eða án endurgjalds.

15. „samræmismat“: mat á samræmi og aðferðin sem notuð er við þetta mat sem sett er fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

16. „pí-merki“: merking sem gefur til kynna að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við gildandi kröfur um samræmismat sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun,

17. „endurmat á samræmi“: aðferðin sem, að beiðni eiganda eða notanda, er notuð er til að meta eftir á samræmi færanlega þrýstibúnaðarins sem er framleiddur og settur á markað áður en tilskipun 1999/36/EB kom til framkvæmda.

18. „reglubundin skoðun“: reglubundin skoðun og aðferðirnar sem notaðar eru við þessa skoðun eins og sett er fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

19. „milliskoðun“: milliskoðun og aðferðirnar sem notaðar eru við þessa skoðun eins og sett er fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

20. „skoðun sem heyrir til undantekninga“: skoðun sem heyrir til undantekninga og aðferðirnar sem notaðar eru við þessa skoðun eins og sett er fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

21. „faggildingarstofnun í aðildarríki“: eina stofnunin í aðildarríki sem annast faggildingu með leyfi frá ríkinu,

22. „faggilding“: staðfesting frá faggildingarstofnun í aðildarríki um að tilkynntur aðili uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. liðar 1.8.6.8 í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB,

23. „tilkynningaryfirvald“: yfirvald sem aðildarríki hefur tilnefnt skv. 17. gr.,

24. „tilkynntur aðili“: skoðunaraðili sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og skilyrðin sem sett eru fram í 20. og 26. gr. þessarar tilskipunar og sem tilkynntur er í samræmi við 22. gr. þessarar tilskipunar,

25. „tilkynning“: ferlið við að úthluta skoðunaraðila stöðu tilkynnts aðila og sem felur í sér að senda orðsendingu þess efnis til framkvæmdastjórnarinnar og til aðildarríkjanna,

26. „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem opinber yfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að færanlegur þrýstibúnaður sé, á vistferli sínum, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 2008/68/EB og þessari tilskipun og stofni ekki í hættu heilbrigði, öryggi eða öðrum þáttum er varða hagsmuni almennings.

3. gr.

Kröfur á athafnasvæðum

Aðildarríkjum er heimilt, á yfirráðasvæði sínu, að setja kröfur, sem gilda á athafnasvæðum, um geymslu á færanlegum þrýstibúnaði til meðallangs eða langs tíma eða um notkun hans á athafnasvæðum. Aðildarríki skulu þó ekki setja viðbótarkröfur um færanlega þrýstibúnaðinn sjálfan.

2. KAFLI

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

4. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Þegar færanlegur þrýstibúnaður er settur á markað skulu framleiðendur tryggja að búnaðurinn hafi verið hannaður, framleiddur og skjalfestur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

2. Þegar sýnt hefur verið fram á, með samræmismatsferlinu sem sett er fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun, að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við viðeigandi kröfur skulu framleiðendur festa pí-merkið á í samræmi við 15. gr. þessarar tilskipunar.

3. Framleiðendur skulu varðveita tækniskjölin sem tilgreind eru í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB. Skjölin skal varðveita í þann tíma sem þar er tilgreint.

4. Framleiðendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn sem þeir hafa sett á markað sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB eða við þessa tilskipun skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færanlegi þrýstibúnaðurinn verði í samræmi við kröfur, til að taka hann af markaði eða til að innkalla hann ef við á. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbært landsyfirvald aðildarríkisins þar sem færanlegi þrýstibúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Framleiðendur skulu skjalfesta öll slík tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

6. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda því allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi færanlega þrýstibúnaðarins, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

7. Framleiðendur skulu eingöngu veita notendum upplýsingar sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

5. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðendum er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 4. gr., og gerð tækniskjalanna skal ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. veita viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita tækniskjöl og hafa þau tiltæk fyrir eftirlitsyfirvöld í aðildarríki a.m.k. í þann tíma sem tilgreindur er í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB að því er varðar framleiðendur,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæra landsyfirvaldinu, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi færanlega þrýstibúnaðarins, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu,

c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, um allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem fellur undir umboðið, hefur í för með sér.

3. Nafn og heimilisfang viðurkennda fulltrúans skal koma fram á samræmisvottorðinu sem tilgreint er í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

4. Viðurkenndir fulltrúar skulu eingöngu veita notendum upplýsingar sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

6. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu eingöngu setja á markað Sambandsins færanlegan þrýstibúnað sem er í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB og við þessa tilskipun.

2. Áður en færanlegur þrýstibúnaður er settur á markað skulu innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð. Þeir skulu tryggja að framleiðandinn hafi annast gerð tækniskjalanna, að færanlegi þrýstibúnaðurinn beri pí-merkið og að honum fylgi samræmisvottorðið sem tilgreint er í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB eða við þessa tilskipun skal hann ekki setja færanlega þrýstibúnaðinn á markað fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld þar um.

3. Innflytjendur skulu láta nafn sitt og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, koma fram í eða fylgja með samræmisvottorðinu sem tilgreint er í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

4. Innflytjendur skulu tryggja að á meðan færanlegur þrýstibúnaður er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- og flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

5. Innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB eða við þessa tilskipun, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færanlegi þrýstibúnaðurinn verði í samræmi við kröfur, til að taka hann af markaði eða til að innkalla hann ef við á. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa framleiðandann og lögbært landsyfirvald aðildarríkisins þar sem færanlegi þrýstibúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

Innflytjendur skulu skjalfesta öll slík tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og ráðstafanir eru gerðar til úrbóta.

6. Innflytjendur skulu, a.m.k.í þann tíma sem tilgreindur er í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB fyrir framleiðendur, varðveita afrit af tækniskjölunum og hafa þau tiltæk fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tækniskjölunum, sé þess óskað.

7. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda því allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi færanlega þrýstibúnaðarins, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

8. Innflytjendur skulu eingöngu veita notendum upplýsingar sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

7. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Dreifingaraðilar skulu eingöngu bjóða fram á markaði Sambandsins færanlegan þrýstibúnað sem er í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB og við þessa tilskipun. Áður en færanlegur þrýstibúnaður er boðinn fram á markaði skulu dreifingaraðilar ganga úr skugga um að færanlegi þrýstibúnaðurinn beri pí-merkið og að honum fylgi samræmisvottorðið og heimilisfangið sem um getur í 3. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB eða við þessa tilskipun skal hann ekki bjóða færanlega þrýstibúnaðinn fram á markaði fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

2. Dreifingaraðilar skulu tryggja að á meðan færanlegur þrýstibúnaður er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- og flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

3. Dreifingaraðilar, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB eða við þessa tilskipun, skulu tryggja að þær ráðstafanir séu gerðar til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færanlegi þrýstibúnaðurinn verði í samræmi við kröfur, til að taka hann af markaði eða til að innkalla hann ef við á. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust upplýsa framleiðandann, innflytjandann, ef við á, og lögbært landsyfirvald aðildarríkisins þar sem færanlegi þrýstibúnaðurinn var boðinn fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

Dreifingaraðilar skulu skjalfesta öll slík tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og ráðstafanir eru gerðar til úrbóta.

4. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda því allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi færanlega þrýstibúnaðarins, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem þeir hafa boðið fram á markaði, hefur í för með sér.

5. Dreifingaraðilar skulu eingöngu veita notendum upplýsingar sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

8. gr.

Skyldur eigenda

1. Ef eigandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé ekki í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB, þ.m.t. kröfurnar um reglubundna skoðun, eða við þessa tilskipun skal hann bjóða búnaðinn fram eða nota fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við kröfur. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skal eigandinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann eða dreifingaraðilann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

Eigendur skulu skjalfesta öll slík tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og ráðstafanir eru gerðar til úrbóta.

2. Eigendur skulu tryggja að á meðan færanlegur þrýstibúnaður er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- og flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi hans við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

3. Eigendur skulu eingöngu veita notendum upplýsingar sem eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun

4. Þessi grein gildir ekki um einstaklinga sem hyggjast nota eða nota þegar færanlegan þrýstibúnað til einka- eða heimilisnota eða við íþrótta- og tómstundaiðju.

9. gr.

Skyldur notenda

1. Notendur skulu eingöngu nota færanlegan þrýstibúnað sem er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og við þessa tilskipun.

2. Ef hætta stafar af færanlega þrýstibúnaðinum skal notandinn upplýsa eigandann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

10. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í þessari tilskipun telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi, skv. 4. gr., þegar hann setur færanlegan þrýstibúnað á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á færanlegum þrýstibúnaði, sem þegar hefur verið settur á markað, með þeim hætti að þær kunni að hafa áhrif á samræmi hans við viðeigandi kröfur

11. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Að ósk markaðseftirlitsyfirvalds skulu rekstraraðilar, í 10 ár hið minnsta, greina því frá:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim færanlegan þrýstibúnað,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent færanlegan þrýstibúnað.

3. KAFLI

SAMRÆMI FÆRANLEGS ÞRÝSTIBÚNAÐAR

12. gr.

Samræmi færanlegs þrýstibúnaðar og samræmismat

1. Færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., skal uppfylla kröfurnar um viðeigandi samræmismat, reglubundna skoðun, milliskoðun og skoðanir sem heyra til undantekninga sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í 3. og 4. kafla þessarar tilskipunar.

2. Færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., skal uppfylla forskriftirnar í skjölunum sem var farið eftir við framleiðslu hans. Búnaðurinn skal sæta reglubundnum skoðunum, milliskoðunum og skoðunum sem heyra til undantekninga í samræmi við viðaukana við tilskipun 2008/68/EB og kröfurnar í 3. og 4. kafla þessarar tilskipunar.

3. Vottorð um samræmismat og vottorð um endurmat á samræmi og skýrslur um reglubundnar skoðanir, milliskoðanir og skoðanir sem heyra til undantekninga, sem tilkynntur aðili gefur út, skulu gilda í öllum aðildarríkjum.

Sérstakt samræmismat má framkvæma á hlutum sem hægt er að losa af enduráfyllanlegum færanlegum þrýstibúnaði.

13. gr.

Endurmat á samræmi

Framkvæma skal endurmat á samræmi færanlegs þrýstibúnaðar, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., sem var framleiddur og tekinn í notkun áður en tilskipun 1999/36/EB kom til framkvæmda, í samræmi við aðferðina við endurmat á samræmi sem sett er fram í III. viðauka við þessa tilskipun.

Festa skal pí-merkið á í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

14. gr.

Almennar meginreglur um pí-merkið

1. Einungis framleiðandi skal festa pí-merkið á en þegar um er að ræða endurmat á samræmi skal það gert eins og sett er fram í III. viðauka. Að því er varðar gashylki sem hafa hingað til verið í samræmi við tilskipun 84/525/EBE, 84/526/EBE eða 84/527/EBE skal tilkynntur aðili, eða aðili undir hans eftirliti, festa pí-merkið á.

2. Pí-merkið skal einungis festa á færanlegan þrýstibúnað:

a) sem uppfyllir kröfurnar um samræmismat í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun eða

b) sem uppfyllir kröfurnar um endurmat á samræmi sem um getur í 13. gr.

Það skal ekki fest á neinn annan færanlegan þrýstibúnað.

3. Með því að festa eða hafa fest pí-merkið á gefur framleiðandinn til kynna að hann beri ábyrgð á því að færanlegi þrýstibúnaðurinn samrýmist öllum gildandi kröfum sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

4. Að því er varðar þessa tilskipun skal pí-merkið vera eina merkið sem staðfestir að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

5. Bannað er að festa á færanlegan þrýstibúnað merki, tákn og áletranir sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila að því er varðar merkingu og útlit pí-merkisins. Festa skal hvers kyns önnur merki á færanlega þrýstibúnaðinn þannig að þau dragi ekki úr sýnileika, læsileika og merkingu pí-merkisins.


6. Festa skal pí-merkið á hluti sem hægt er að losa af enduráfyllanlegum færanlegum þrýstibúnaði og hafa bein áhrif á öryggi.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að reglunum um notkun pí-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða. Aðildarríki skulu einnig kveða á um viðurlög við brotum, sem geta falið í sér viðurlög á sviði refsiréttar við alvarlegum brotum. Þessi viðurlög skulu vera í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins og hafa fyrirbyggjandi áhrif gegn óviðeigandi notkun.

15. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu pí-merkisins

1. Pí-merkið skal samanstanda af eftirfarandi tákni með eftirfarandi útliti:



2. Lágmarkshæð pí-merkisins skal vera 5 mm. Að því er varðar færanlegan þrýstibúnað með þvermál sem er 140 mm eða minna skal lágmarkshæð vera 2,5 mm.

3. Hlutföllin sem gefin eru í kvörðuðu teikningunni í 1. mgr. skulu haldast óbreytt. Rúðunetið er ekki hluti af merkinu.

4. Festa skal pí-merkið þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt, á færanlega þrýstibúnaðinn eða á merkiplötu hans sem og á hluta sem hægt er að losa af enduráfyllanlegum færanlegum þrýstibúnaði og hafa bein áhrif á öryggi.

5. Festa skal pí-merkið á nýjan færanlegan þrýstibúnað eða á hluta sem hægt er að losa af enduráfyllanlegum færanlegum þrýstibúnaði og hafa bein áhrif á öryggi, fyrir setningu á markað.

6. Á eftir pí-merkinu skal koma kenninúmer tilkynnta aðilans sem tók þátt í upphafsskoðunum og -prófunum.

Tilkynnti aðilinn skal sjálfur sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn sjá um það samkvæmt fyrirmælum aðilans.

7. Kenninúmer tilkynnta aðilans, sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni, skal koma á eftir dagsetningu reglubundinnar skoðunar eða, eftir því sem við á, milliskoðunar.

8. Þegar fyrsta reglubundna skoðunin fer fram í samræmi við þessa tilskipun á gashylkjum sem hafa hingað til verið í samræmi við tilskipun 84/525/EBE, 84/526/EBE eða 84/527/EBE en bera ekki pí-merki skal kenninúmer tilkynnta aðilans koma á undan pí-merkinu.

16. gr.

Frjáls flutningur á færanlegum þrýstibúnaði

Aðildarríkjum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra á yfirráðasvæði sínu frjálsan flutning á færanlegum þrýstibúnaði, sem er í samræmi við þessa tilskipun, að bjóða hann fram á markaði og notkun hans, sbr. þó verndarráðstafanameðferðina í 30. og 31. gr. þessarar tilskipunar og rammann um markaðseftirlit sem settur er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008 ([1]).

4. KAFLI

TILKYNNINGARYFIRVÖLD OG TILKYNNTIR AÐILAR

17. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald sem ber ábyrgð á því að koma á fót og fylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta, tilkynna og hafa eftirlit í kjölfarið með tilkynntum aðilum.

2. Aðilarríki geta ákveðið að faggildingarstofnun í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og eftirlitið sem um getur i 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar eftirlitinu, sem um getur í 1. mgr., til annars aðila, sem er ekki stofnun á vegum stjórnvalda, eða felur fyrrnefndum aðila eftirlitið með öðrum hætti skal þessi aðili vera lögaðili og skal að breyttu breytanda fara að kröfunum sem settar eru fram í 1.—6. mgr. 18. gr. Að auki skal þessi aðili gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hans

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem aðilinn, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

18. gr.

Kröfur viðvíkjandi tilkynningaryfirvöldum

1. Tilkynningaryfirvaldinu skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við tilkynnta aðila eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvaldið skal skipulagt og starfrækt þannig að það standi vörð um hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar.

3. Tilkynningaryfirvaldið skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir sem tengjast tilkynningu um tilkynnta aðila séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem framkvæmdu matið.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

4. Tilkynningaryfirvaldið skal ekki bjóða eða veita á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli neina starfsemi eða ráðgjafarþjónustu sem tilkynntir aðilar annast.

5. Tilkynningaryfirvaldið skal tryggja að upplýsingar sem það fær séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

19. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem hvert ríki fyrir sig beitir til að meta, tilkynna og hafa eftirlit með tilkynntum aðilum, og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.

20. gr.

Kröfur viðvíkjandi tilkynntum aðilum

1. Að því er varðar tilkynningu skal tilkynntur aðili uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun.

2. Lögbært yfirvald, í skilningi viðaukanna við tilskipun 2008/68/EB, getur verið tilkynntur aðili að því tilskildu að það uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun og að það gegni ekki einnig hlutverki tilkynningaryfirvalds.

3. Tilkynnta aðilanum skal komið á fót samkvæmt landslögum og skal hafa réttarstöðu lögaðila.

4. Tilkynnti aðilinn skal taka þátt í, eða tryggja að það starfsfólk, sem annast matið, sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynnta aðilans, sem komið er á fót skv. 29. gr., og skal nota sem almennar leiðbeiningar þær stjórnsýsluákvarðanir og -skjöl sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps.

21. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Skoðunaraðili skal leggja fram umsókn um tilkynningu til tilkynningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu.

2. Umsókninni skal fylgja lýsing:

a) á þeirri starfsemi sem tengist samræmismati, reglubundinni skoðun, milliskoðun, skoðun sem heyrir til undantekninga og endurmati á samræmi,

b) á aðferðunum fyrir starfsemina í a-lið,

c) á færanlega þrýstibúnaðinum sem aðilinn fullyrðir að hæfi hans nái til,

d) á faggildingarvottorði, sem gefið er út af faggildingarstofnun í hverju aðildarríki í skilningi reglugerðar (EB) 765/2008, þar sem staðfest er að skoðunaraðilinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 20. gr. þessarar tilskipunar.

22. gr.

Málsmeðferð um tilkynningar

1. Tilkynningaryfirvöld skulu einungis tilkynna þá aðila sem hafa uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 20. gr.

2. Þau skulu tilkynna þá til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 2. mgr. 21. gr.

4. Hlutaðeigandi aðila er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynnts aðila hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu.

Aðeins slíkur aðili skal teljast tilkynntur aðili að því er þessa tilskipun varðar.

5. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

6. Ekki skal tilkynna innri skoðunarþjónustu umsækjandans, eins og hún er skilgreind í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

23. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynnta aðila

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntum aðila kenninúmeri.

Hún skal úthluta einu slíku núməri þó svo að aðilinn sé tilkynntur samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir aðilana, sem tilkynntir eru samkvæmt þessari tilskipun, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

24. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynntur aðili uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem settar eru fram í 20. gr., eða skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, með hliðsjón af því hve alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin þar um.

2. Ef tilkynning er afturkölluð, takmörkuð eða felld tímabundið úr gildi eða ef tilkynnti aðilinn hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni annar tilkynntur aðili úr skjölum þess aðila eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bærum tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

25. gr.

Hæfi tilkynntra aðila vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynnts aðila eða um að tilkynntur aðili uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á honum hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi aðila.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynntur aðili uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hans, skal hún upplýsa tilkynningaraðildarríkið um það og óska eftir því að það geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Skyldur er varða starfsemi tilkynntra aðila

1. Tilkynntir aðilar skulu framkvæma samræmismat, reglubundnar skoðanir, milliskoðanir og skoðanir sem heyra til undantekninga í samræmi við skilyrðin í tilkynningu þeirra og aðferðirnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

2. Tilkynntir aðilar skulu framkvæma endurmat á samræmi í samræmi við III. viðauka.

3. Aðilum þeim sem aðildarríki tilkynna skal leyft að vinna í öllum aðildarríkjunum. Tilkynningaryfirvaldið, sem annaðist frummatið og upphaflegu tilkynninguna, ber áfram ábyrgð á eftirliti með áframhaldandi starfsemi tilkynnta aðilans.

27. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra aðila

1. Tilkynntir aðilar skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

a) tilvik þar sem vottorði er synjað, það takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar og skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar um starfsemi sem hefur farið fram,

d) sé óskað eftir því, starfsemi sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntir aðilar skulu veita öðrum aðilum sem tilkynntir eru samkvæmt þessari tilskipun og annast sambærilegt samræmismat, reglubundnar skoðanir, milliskoðanir og skoðanir sem heyra til undantekninga á sama færanlega þrýstibúnaðinum, viðeigandi upplýsingar er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

28. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu á milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem, samkvæmt þessari tilskipun, bera ábyrgð á:

a) viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar,

b) markaðseftirliti.

29. gr.

Samræming tilkynntra aðila

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli aðila, sem tilkynntir eru samkvæmt þessari tilskipun, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshópa tilkynntra aðila.

Aðildarríkin skulu tryggja að aðilarnir sem þau tilkynna taki þátt í vinnu þessa hóps, annaðhvort með beinum hætti eða í gegnum tilnefnda fulltrúa.

5. KAFLI

VERNDARRÁÐSTAFANAMEÐFERÐ

30. gr.

Málsmeðferð sem á við um færanlegan þrýstibúnað sem hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa gripið til aðgerða skv. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða þau hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem fellur undir þessa tilskipun, stofni í hættu heilbrigði eða öryggi manna eða öðrum þáttum er varða hagsmuni almennings, sem falla undir þessa tilskipun, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi færanlegum þrýstibúnaði sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur, þ.m.t. að veita aðgang að athafnasvæðinu og leggja fram sýnishorn eins og við á.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu, á meðan þetta mat fer fram, að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að færanlegi þrýstibúnaðurinn verði í samræmi við þessar kröfur, til að taka færanlega þrýstibúnaðinn af markaði eða til að innkalla hann innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvaldið skal upplýsa viðkomandi, tilkynntan aðila um það.

Ákvæði 21. gr. í reglugerð (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær aðgerðir til úrbóta sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn grípi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar færanlegan þrýstibúnað sem hann hefur boðið fram á markaði Sambandsins.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annari undirgrein 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé boðinn fram á markaði í hverju aðildarríki, taka búnaðinn af þeim markaði eða innkalla hann.

Þau skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í 4. mgr., skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina færanlega þrýstibúnaðinn sem stenst ekki kröfur, uppruna búnaðarins, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættuna sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu markaðseftirlitsyfirvöld geta þess hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) vegna þess að færanlegi þrýstibúnaðurinn uppfyllir ekki kröfur um heilbrigði eða öryggi fólks eða aðra þætti er varða hagsmuni almennings sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun, eða

b) vegna annmarka á stöðlunum eða tæknilegu kóðunum sem um getur í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB eða í öðrum ákvæðum þeirrar tilskipunar.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi færanlegan þrýstibúnað sem stenst ekki kröfur og, komi upp ágreiningur um tilkynnta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli þeirra.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir séu gerðar vegna færanlega þrýstibúnaðarins sem um er að ræða, t.d. að taka færanlega þrýstibúnaðinn án tafar af sínum markaði.

31. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef, við lok málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 30. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn lagalega bindandi gerð Sambandsins, skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að færanlegi þrýstibúnaðurinn sem stenst ekki kröfur sé tekinn af mörkuðum þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla hana.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætanleg og færanlegi þrýstibúnaðurinn telst ekki standast kröfur sökum annmarka í stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 30. gr., skal framkvæmdastjórnin upplýsa viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -stofnanir þar um og er henni heimilt að leggja málið fyrir nefndina, sem komið var á fót skv. 5. gr. í tilskipun 98/34/EB ([1]). Nefndin getur haft samráð við viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -stofnanir áður en hún skilar áliti sínu.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

32. gr.

Færanlegur þrýstibúnaður sem stenst kröfur en stofnar heilbrigði og öryggi í hættu

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 30. gr., að enda þótt færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við ákvæði tilskipunar 2008/68/EB og þessarar tilskipunar stofni hann í hættu heilbrigði eða öryggi manna eða öðrum þáttum er varða hagsmuni almennings, skal það krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til að tryggja að þessi hætta stafi ekki lengur af viðkomandi færanlegum þrýstibúnað þegar hann er settur á markað, taka búnaðinn af markaði eða innkalla hann innan hæfilegs frests, sem aðildarríki mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allan viðkomandi færanlegan þrýstibúnað sem hann hefur boðið fram á markaði eða notar alls staðar innan Sambandsins.

3. Aðildarríkið skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi færanlegan þrýstibúnað, uppruna og aðfangakeðju búnaðarins, eðli áhættunnar sem honum fylgir og eðli og gildistíma ráðstafana sem gerðar hafa verið í aðildarríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkið og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir sem gerðar hafa verið í aðildarríki. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfunin er réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað upplýsa þau og viðkomandi rekstraraðila þar um.

33. gr.

Kröfur formlega ekki uppfylltar

1. Með fyrirvara um 30. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili ráði bót á ósamræmi við eftirfarandi kröfur:

a) að pí-merkið hafi verið fest á með þeim hætti að það brjóti gegn 12., 13., 14. eða 15. gr.

b) að pí-merkið hafi ekki verið fest á,

c) að tækniskjölin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,

d) að ekki hafi verið farið að kröfunum í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun,

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. mgr., þar sem ekki er farið að ákvæðum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé boðinn fram á markaði eða tryggja að hann sé afturkallaður eða tekinn af markaði.

6. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda ákvæðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka, á yfirráðasvæði sínu.

Aðildarríki sem viðhalda slíkum ákvæðum skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

35. gr.

Aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar aðlögun viðaukanna við þessa tilskipun að framförum í vísindum og tækni, einkum með tilliti til breytinga á viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB.

Sú málsmeðferð sem sett er er fram í 36., 37. og 38. gr., gildir fyrir afleiddu gerðirnar sem um getur í þessari grein.

36. gr.

Framkvæmd framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild um óákveðinn tíma til að samþykkja afleiddu gerðirnar sem um getur í 35. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir afleidda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu á sama tíma.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja afleiddar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 37. og 38. gr.

37. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 35. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni og skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi afleiddra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

38. gr.

Andmæli við afleiddar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt afleiddri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt afleiddri gerð þegar þetta tímabil rennur út, skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta afleiddu gerðina í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og hún öðlast gildi ef Evrópuþingið og ráðið hafa bæði upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla afleiddri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir afleiddu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.

39. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. júlí 2011.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina 1999/36/EB sem tilvísanir í þessa tilskipun.

40. gr.

Viðurkenning á jafngildi

1. EBE-gerðarviðurkenningarvottorð [áður mynstur-viðurkenning] fyrir færanlegan þrýstibúnað, sem gefin eru út samkvæmt tilskipunum 84/525/EBE, 84/526/EBE og 84/527/EBE, og EB-hönnunarprófunarvottorð, sem gefin eru út samkvæmt tilskipun 1999/36/EB, skulu viðurkennd sem jafngild gerðarviðurkenningarvottorðunum, sem um getur í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og skulu falla undir ákvæðin um tímabundna viðurkenningu á gerðar-viðurkenningum sem sett eru fram í þeim viðaukum.

2. Áfram má nota loka og aukabúnað sem um getur í 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/36/EB og merktur er með merkinu sem um getur í tilskipun 97/23/EB ([1]) skv. 4. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/36/EB.

41. gr.

Skyldur aðildarríkja

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi rekstraraðilar fari að ákvæðunum sem sett eru fram í 2. og 5. kafla. Aðildarríkin skulu jafnframt tryggja að nauðsynlegar framkvæmdarráðstafanir séu gerðar að því er varðar 12. til 15. gr.

42. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að d-liður, 2. mgr. 21. gr. gildi eigi síðar en frá og með 1. janúar 2012.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem um getur í 1. mgr. gildi um þrýstigeyma, loka á þeim og annan aukabúnað sem notaður er við flutning á UN-nr. 1745, UN-nr. 1746 og UN-nr. 2495 eigi síðar en frá og með 1. júlí 2013.

43. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

44. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. júní 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	D. LÓPEZ GARRIDO
forseti.	*forseti.*

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað (Stjtíð. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Skrá yfir hættulegan farm annan en þann sem er í 2. flokki

UN-númer	Flokkur	Hættulegt efni
1051	6.1	VETNISSÝANÍÐ, STÖÐGAÐ, sem inniheldur minna en 3% vatn
1052	8	VETNISFLÚORÍÐ, VATNSFRÍTT
1745	5.1	BRÓMPENTAFLÚORÍÐ Flutningur í tönkum er undanskilinn
1746	5.1	BRÓMTRÍFLÚORÍÐ Flutningur í tönkum er undanskilinn
1790	8	FLÚSSÝRA, með meira en 85% vetnisflúoríð
2495	5.1	JOÐPENTAFLÚORÍÐ Flutningur í tönkum er undanskilinn

II. VIÐAUKI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Aðildarríkin geta haldið ákvæðum landslaga varðandi tæki, sem fyrirhugað er að tengja við annan búnað, og litakóða fyrir færanlegan þrýstibúnað þar til viðeigandi stöðlum um notkun verður bætt inn í viðaukana við 2008/68/EB.

2. Aðildarríki, þar sem umhverfishitastigið fer reglulega niður fyrir –20 °C, geta sett strangari staðla hvað varðar hita við notkun efnis, sem ætlað fyrir færanlegan þrýstibúnað sem fyrirhugað er að nota í innanlandsflutningum á hættulegum efnum innan yfirráðasvæðis þeirra, þar til ákvæði um heppilegt viðmiðunarhitastig á tilteknum loftslagssvæðum hafa verið felld inn í viðaukana við tilskipun 2008/68/EB.

   Í því tilviki skal áletrunin "–40 °C", eða önnur viðeigandi áletrun sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi, koma á eftir kenninúmeri tilkynnta aðilans í pí-merkingunni á færanlega þrýstibúnaðinum, þ.m.t. á hlutum sem hægt er að losa af og hafa bein áhrif á öryggi.

III. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ ENDURMAT Á SAMRÆMI

1. Í þessum viðauka er sett fram aðferð til að tryggja að færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. og sem er framleiddur og tekinn í notkun áður en ákvæði tilskipunar 1999/36/EB koma til framkvæmda, sé í samræmi við viðkomandi ákvæði í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun, og eru í gildi á þeim tíma sem endurmat fer fram.

2. Eigandinn eða rekstraraðilinn skal veita tilkynntum aðila, sem uppfyllir staðalinn EN ISO/IEC 17020:2004, tegund A, og tilkynntur er fyrir endurmat á samræmi, þær upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem gera honum kleift að sanngreina búnaðinn nákvæmlega (uppruna, reglur sem fylgt hefur verið við hönnun og, þegar um er að ræða asetýlenhylki, einnig nákvæmar upplýsingar um gropna efnið). Í upplýsingunum skulu, eftir því sem við á, koma fram öll fyrirmæli um takmarkanir á notkun og allar athugasemdir um mögulegar skemmdir eða viðgerðir sem hafa farið fram.

3. Tilkynnti aðilinn af tegund A, sem tilkynntur er fyrir endurmat á samræmi, skal meta hvort færanlegi þrýstibúnaðurinn sé a.m.k. jafn öruggur og færanlegi þrýstibúnaðurinn sem um getur í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB. Matið skal fara fram á grundvelli upplýsinganna sem eru útbúnar í samræmi við 2. lið og, eftir því sem við á, á grundvelli frekari skoðunar.

4. Ef niðurstöður matsins í 3. lið eru fullnægjandi skal færanlegi þrýstibúnaðurinn falla undir reglubundnu skoðunina sem kveðið er á um í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB. Ef kröfur þessarar reglubundnu skoðunar eru uppfylltar skal tilkynnti aðilinn, sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni í samræmi við 1.–5. mgr. 14. gr., sjálfur festa pí-merkið á eða það gert undir eftirliti hans. Á eftir pí-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni. Tilkynnti aðilinn sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni skal gefa út vottorð um endurmat í samræmi við 6. lið.

5. Ef þrýstigeymar eru raðframleiddir geta aðildarríkin heimilað að endurmat á samræmi einstakra þrýstigeyma, þ.m.t. lokar á þeim og annar aukabúnaður sem notaður er við flutning, sé framkvæmt af tilkynntum aðila sem er tilkynntur fyrir reglubundna skoðun á viðkomandi færanlegum þrýstigeymum, að því tilskildu að tilkynntur aðili af tegund A, sem ber ábyrgð á endurmati á samræmi, hafi, í samræmi við 3. lið, metið gerðarsamræmi og að vottorð um gerðarendurmat sé gefið út. Á eftir pí-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni.

6. Í öllum tilvikum skal tilkynnti aðilinn, sem ber ábyrgð á reglubundnu skoðuninni, gefa út vottorð um endurmat sem inniheldur a.m.k.:

   a) kenninúmer tilkynnta aðilans sem gefur út vottorðið og, ef ekki er um sama aðila að ræða, kenninúmer tilkynnta aðilans af tegund A sem ber ábyrgð á endurmati á samræmi í samræmi við 3. lið,

   b) nafn og heimilisfang eiganda eða rekstraraðila sem tilgreindur er í 2. lið,

   c) gögn þar sem vottorð um gerðarendurmat er tilgreint, sé málsmeðferðinni í 5. lið beitt,

   d) gögn til að sanngreina færanlega þrýstibúnaðinn sem pí-merkið er fest á, þ.m.t. að minnsta kosti raðnúmerið eða -númerin, og e) útgáfudag.

7. Gefa skal út vottorð um gerðarendurmat.

   Sé málsmeðferðinni í 5. lið beitt skal aðilinn af tegund A, sem ber ábyrgð á endurmati á samræmi, gefa út vottorð um gerðarendurmat sem inniheldur a.m.k.:

   a) kenninúmer tilkynnta aðilans sem gefur út vottorðið,

   b) nafn og heimilisfang framleiðanda og handhafa upphaflegrar gerðarviðurkenningar færanlega þrýstibúnaðarins sem endurmetinn er, ef handhafinn er ekki framleiðandi,

c) gögn þar sem færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem tilheyrir framleiðsluröðinni, er tilgreindur,

d) útgáfudag, og e) orðin: „þetta vottorð veitir ekki leyfi fyrir framleiðslu á færanlegum þrýstibúnaði eða hlutum til hans“.

8. Með því að festa eða hafa fest pí-merkið á gefur eigandi eða rekstraraðili til kynna að hann beri ábyrgð á því að færanlegi þrýstibúnaðurinn samrýmist öllum gildandi kröfum, sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB og í þessari tilskipun, og eru í gildi þegar endurmat fer fram.

9. Eftir því sem við á skal tillit tekið til ákvæðanna í 2. lið í II. viðauka og kuldamerkingin, sem kveðið er á um í þeim viðauka, skal einnig fest á.

Yfirlýsing Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

„Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin lýsa því yfir að ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á framtíðarafstöðu sem stofnanirnar gætu haft í framtíðinni að því er varðar framkvæmd 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða einstakra lagagerða sem innihalda slík ákvæði.“

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi tilkynningu um afleiddar gerðir

„Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur mið af því, nema þegar kveðið er á um flýtimeðferð í lagagerðinni, að Evrópuþingið og ráðið líti svo á að þegar tilkynnt er um afleiddar gerðar skuli tillit tekið til starfshléa hjá stofnunum (vetur, sumar og kosningar til Evrópuþingsins) til að tryggja að Evrópuþinginu og ráðinu sé kleift að beita heimildum sínum innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í viðkomandi lagagerðum, og framkvæmdastjórnin er reiðubúin til að aðhafast í samræmi við það.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/3/ESB **2012/EES/12/35**

frá 17. janúar 2011

um breytingu á tilskipun 2008/128/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 5. mgr. 30. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB ([2]) eru sett fram sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvæli en þau litarefni eru talin upp í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ([3]).

2) Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir matvælaaukefni sem falla undir 1.–3. mgr. þeirrar greinar, þ.m.t. aukefni sem leyfð eru samkvæmt tilskipun 94/36/EB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([4]), um leið og þessi matvælaaukefni eru skráð í viðaukana í samræmi við þessar málsgreinar.

3) Þar eð enn er ekki búið að semja skrárnar og til að tryggja að breytingin á viðaukunum við tilskipun 94/36/EB skv. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 sé skilvirk og til að tryggja að aukefni, sem þannig eru leyfð, samræmist skilyrðum um örugga notkun skal breyta tilskipun 2008/128/EB.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) mat upplýsingar um öryggi við notkun lýkópens, sem matvælalitarefnis, frá öllum gjöfum í áliti sínu frá 30. janúar 2008 ([5]). Eftirfarandi gjafar voru teknir til athugunar: a) E160d Lýkópen fengið með leysisútdrætti úr náttúrulegum stofnum rauðra tómata (*Lycopersicon esculentum L.*) þar sem leysiefnið er fjarlægt að útdrætti loknum, b) tilbúið lýkópen og c) lýkópen úr *Blakeslea trispora*.

5) Í núgildandi löggjöf er einungis mælt fyrir um nákvæma skilgreiningu á lýkópeni úr rauðum tómötum og henni þarf að breyta, eftir því sem við á, svo hún taki til hinna gjafanna tveggja. Einnig þarf að uppfæra nákvæmar skilgreiningar á lýkópeni sem dregið er úr rauðum tómötum. Ekki þarf að hafa díklórmetan með í skránni yfir útdráttarleysana þar eð það er ekki lengur notað við vinnslu lýkópens úr rauðum tómötum samkvæmt upplýsingum frá hagsmunaaðilum. Lækka þarf hámarksgildi fyrir blý af öryggisástæðum og viðmiðunin fyrir þungmálma er of almenn og á ekki við lengur. Þar að auki þarf að uppfæra viðmiðunina fyrir náttúrulega stofna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 ([6]).

6) Skýrt hefur verið frá því að díklórmetan (metýlenklóríð) sé notað við framleiðslu á lýkópenlögunum, sem eru tilbúnar til sölu, sem einnig er getið um í áliti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 13, 18.1.2011, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 13.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 20.

([3]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

([4]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([5]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndarinnar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að leggja fram vísindalegt álit um öryggi 1) lýkópens, sem fengið er með gerjunarferli með Blakeslea trispora, sem matvælalitarefnis í þeim matvælaflokkum og á þeim notkunarstigum sem umsækjandinn leggur til og 2) tilbúins lýkópens sem matvælalitarefnis í matvælaflokkunum sem taldir eru upp í III. viðauka og 2. hluta V. viðauka við tilskipun 94/36/EB um litarefni til notkunar í matvælum, 3) með tilliti til ýmissa beiðna varðandi lýkópen, sem eins og stendur eru til athugunar, þ.m.t. endurmat á lýkópeni úr tómötum, sem hluti af kerfisbundnu endurmati á öllum matvælalitarefnum. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 674, 1.–66.

([6]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 4. desember 2008 um „Lycopene Cold Water Dispersible Products from *Blakeslea trispora*“ (öryggi lýkópenafurða úr *Blakeslea trispora* sem mynda dreifilausn í köldu vatni) ([1]). Svipaðar vörur eru einnig framleiddar úr tilbúnu lýkópeni eins og um getur í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar um öryggi tilbúins lýkópens frá 10. apríl 2008 ([2]). Þar eð Matvælaöryggisstofnunin mat þessa tilteknu notkun er nauðsynlegt að heimila þessa notkun með sömu gildum efnaleifa og tekin voru til athugunar í matinu.

7) Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir aukefni sem eru settar fram í Alþjóðamatvælaskránni (Codex Alimentarius) og samdar af sameiginlegri sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum (JECFA). Einkum þarf að breyta sérstökum hreinleikaskilyrðum, þar sem við á, til að þau séu í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir hvern og einn þungmálm sem skiptir máli.

8) Því ber að breyta tilskipun 2008/128/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2008/128/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau taka upp um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

([1]) Vísindalegt álit nefndarinnar um sérfæði, næringu og ofnæmi samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að framkvæma viðbótarmat á „Lycopene Cold Water Dispersible Products (CWD) from Blakeslea Trispora“ sem innihaldsefni matvæla í tengslum við reglugerð (EB) nr. 258/97. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 893, 1.–15.

([2]) Vísindalegt álit nefndarinnar um sérfæði, næringu og ofnæmi samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um öryggi tilbúins lýkópens. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 676, 1.-25.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir E 160 d í I. viðauka við tilskipun 2008/128/EB komi eftirfarandi:

„E 160 D LÝKÓPEN

i. ***tilbúið lýkópen***	
Samheiti	lýkópen fengið með efnasmíði
Skilgreining	Tilbúið lýkópen er blanda af flatarhverfum lýkópena og er framleitt með niðurseyðingu á tilbúnum milliefnum með aðferð Wittigs sem algengt er að sé notuð við framleiðslu á öðrum karótenóíðum sem notuð eru í matvæli. Tilbúið lýkópen er aðallega úr altranslýkópeni ásamt 5-cis-lýkópeni og smáskömmtum annarra hverfna. Lýkópenefnablöndur, sem eru til sölu og ætlaðar til notkunar í matvæli, eru samsettar sem sviflausnir í matarolíum eða sem vatnsdreifanlegt eða vatnsleysanlegt duft.
Litaskrárnúmer	75125
EINECS-nr.	207-949-1
Efnaheiti	Ψ,Ψ-karótín, altranslýkópen, (al-E)-lýkópen, (al-E)-2,6,10,14,19,23,27,31-oktametýl-2,6,8,10,12,14,16,18,20,22,24,26,30-dótríakontatrídekaen
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,85
Magngreining	Að lágmarki 96% lýkópen samtals (að lágmarki 70% altranslýkópen) $E^{1\ cm1\%}$ við 465–475 nm í hexani (fyrir 100% hreint altranslýkópen) er 3 450
Lýsing	Rautt, kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Lausn í hexani sýnir hámarksgleypni við u.þ.b. 470 nm
Karótenóíðprófun	Litur lausnarinnar í sýninu í asetoni hverfur eftir að 5% lausn af natríumnítríti og 1N brennisteinssýru er bætt út í, hvorri á eftir annarri
Leysni	Óleysanlegt í vatni, auðleysanlegt í klóróformi
Eiginleikar 1% lausnar í klóróformi	Er tært og sterkrauð-appelsínugult á lit
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,5% (40 °C, 4 klst við 20 mm Hg)
Apó-12’-lýkópenal	Ekki yfir 0,15%
Trífenýlfosfínoxíð	Ekki yfir 0,01%
Leysisleifar	Metanól ekki yfir 200 mg/kg, hexan, própan-2-ól: Ekki yfir 10 mg/kg af hverjum leysi. Díklórmetan: Ekki yfir 10 mg/kg (einungis í efnablöndum til sölu)
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg

ii. ***úr rauðum tómötum***	
Samheiti	Náttúrugult 27 (Natural Yellow)
Skilgreining	Lýkópen fæst með leysisútdrætti úr rauðum tómötum (*Lycopersicon esculentum L.*) þar sem leysiefnið er fjarlægt að útdrætti loknum. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa í útdrættinum: koltvísýring, etýlasetat, aseton, própan-2-ól, metanól, etanól og hexan. Helsta litarefni tómata er lýkópen en einnig kunna önnur karótenóíðlitarefni að vera til staðar í smáskömmtum. Auk litarefnanna getur varan innihaldið olíu, feiti, vax og bragðefnisþætti sem er að finna í tómötum frá náttúrunnar hendi.
Litaskrárnúmer	75125
EINECS-nr.	207-949-1
Efnaheiti	Ψ,Ψ-karótín, altranslýkópen, (al-E)-lýkópen, (al-E)-2,6,10,14,19,23,27,31-oktametýl-2,6,8,10,12,14,16,18,20,22,24,26,30-dótríakontatrídekaen
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,85
Magngreining	$E^{1\ cm1\%}$ við 465–475 nm í hexani (fyrir 100% hreint altranslýkópen) er 3 450. Inniheldur að lágmarki 5% af litunarefnum samtals
Lýsing	Dökkrauður seigfljótandi vökvi
Sanngreining	
Litrófsgreining	Mest við u.þ.b. 472 nm í hexani
Hreinleiki	
Leysisleifar	Própan-2-ól Hexan Aseton Etanól Metanól Etýlasetat Ekki yfir 50 mg/kg af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum
Súlfataska	Ekki yfir 1%
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
iii. ***úr* Blakeslea trispora**	
Samheiti	Náttúrugult 27 (Natural Yellow)
Skilgreining	Lýkópen úr *Blakeslea trispora* er dregið úr sveppalífmassa og hreinsað með kristöllun og síun. Það er aðallega úr altranslýkópeni. Það inniheldur einnig önnur karótenóíð í smáskömmtum. Ísóprópanól og ísóbútýlasetat eru einu leysarnir sem notaðir eru við framleiðsluna. Lýkópenefnablöndur, sem eru til sölu og ætlaðar til notkunar í matvæli, eru samsettar sem sviflausnir í matarolíum eða sem vatnsdreifanlegt eða vatnsleysanlegt duft.

Litaskrárnúmer	75125
EINECS-nr.	207-949-1
Efnaheiti	Ψ,Ψ-karótín, altranslýkópen, (al-E)-lýkópen, (al-E)-2,6,10,14,19,23,27,31-oktametýl-2,6,8,10,12,14,16,18,20,22,24,26,30-dótríakontatrídekaen
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,85
Magngreining	Að lágmarki 95% lýkópen samtals og að lágmarki 90% altranslýkópen allra litunarefna $E^{1\ cm1\%}$ við 465–475 nm í hexani (fyrir 100% hreint altranslýkópen) er 3 450
Lýsing	Rautt, kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Lausn í hexani sýnir hámarksgleypni við u.þ.b. 470 nm
Prófun á karótenóíðum	Litur lausnarinnar í sýninu í asetoni hverfur eftir að 5% lausn af natríumnítríti og 1N brennisteinssýru er bætt út í, hvorri á eftir annarri
Leysni	Óleysanlegt í vatni, auðleysanlegt í klóróformi
Eiginleikar 1% lausnar í klóróformi	Er tært og sterkrauð-appelsínugult á lit
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,5% (40 °C, 4 klst við 20 mm Hg)
Önnur karótenóíð	Ekki yfir 5%
Leysisleifar	Própan-2-ól: Ekki yfir 0,1% Ísóbútýlasetat: Ekki yfir 1,0% Díklórmetan: Ekki yfir 10 mg/kg (einungis í efnablöndum til sölu)
Súlfataska	Ekki yfir 0,3%
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 253/2011 **2012/EES/12/36**

frá 15. mars 2011

um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að skrá megi efni, sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð (PBT) og efni sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB) í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í XIII. viðauka, í XIV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 58. gr. Með reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er framleiðendum eða innflytjendum í Bandalaginu enn fremur gert skylt að skrá efni sem eru ein sér, í blöndum eða hlutum og þurfa skráningaraðilar að vinna mat á PBT- og vPvB-eiginleikum þeirra, sem hluta af efnaöryggismatinu í samræmi við I. viðauka, en fyrsta skref þess felur í sér samanburð við viðmiðanirnar í XIII. viðauka við þá reglugerð.

2) Framkvæmdastjórnin skal, skv. 5. mgr. 138. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, endurskoða XIII. viðauka, eigi síðar en 1. desember 2008, til að meta hvort viðmiðanir séu fullnægjandi, að því er varðar auðkenningu efna með PBT- eða vPvB-eiginleika, í því skyni að leggja til breytingu á viðaukanum, ef við á.

3) Alþjóðleg reynsla leiðir í ljós að efni, sem búa yfir eiginleikum sem valda því að þau verða þrávirk, líkleg til þess að safnast fyrir í lífverum og eitruð eða mjög þrávirk og mjög líkleg til þess að safnast fyrir í lífverum, eru sérlega varasöm. Framkvæmdastjórnin hefur því tekið mið af fenginni reynslu við tilgreiningu þessara efna við endurskoðun á XIII. viðauka með það í huga að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið.

4) Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 138. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 hefur leitt í ljós þörf á að breyta XIII. viðauka við þá reglugerð.

5) Reynslan sýnir að við fullnægjandi tilgreiningu efna með PBT- og vPvB-eiginleika, skuli nota allar viðeigandi upplýsingar á samþættan hátt og að beita skuli vægi rökstuddra vísbendinga með samanburði upplýsinganna við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. lið XIII. viðauka.

6) Ákvörðun með vægi rökstuddra vísbendinga á einkum við í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að beita viðmiðununum, sem settar eru fram í 1. lið XIII. viðauka, beint á fyrirliggjandi upplýsingar.

7) Skráningaraðilar skulu því taka mið af öllum upplýsingunum í tæknilegu málsskjölunum við mat á PBT- og vPvB-eiginleikum efnis innan ramma skráningarinnar.

8) Ef tæknilegu málsskjölin fyrir einn eða fleiri endapunkta innihalda einungis takmarkaðan hluta þeirra upplýsinga, sem krafist er í VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, nægja fyrirliggjandi gögn hugsanlega ekki til að endanleg niðurstaða náist um PBT- eða vPvB-eiginleika. Í þeim tilvikum skal nota viðkomandi og fyrirliggjandi upplýsingar í tæknilegu málsskjölunum til skimunar fyrir þrávirkni (P-eiginleikum), uppsöfnun í lífverum (B-eiginleikum) eða eiturhrifum (T-eiginleikum).

9) Til að forðast óþarfar rannsóknir skal skráningaraðilinn aðeins afla viðbótarupplýsinga eða leggja til viðbótarprófanir til að endanleg niðurstaða fáist úr matinu á PBT- og vPvB-eiginleikum í þeim tilvikum þegar mat með skimun bendir til mögulegra P-, B- eða T-eiginleika, eða vP-eiginleika (mikillar þrávirkni) eða vB-eiginleika (safnast fyrir í lífverum í miklu mæli), nema skráningaraðilinn geri fullnægjandi ráðstafanir vegna áhættustjórnunar eða notkunarskilyrða, eða mæli með þeim. Af sömu ástæðu skal þess ekki krafist af skráningaraðilum að þeir afli viðbótarupplýsinga eða leggi til viðbótarprófanir ef skimunin bendir ekki til P- eða B-eiginleika.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 16.3.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

10) Þar sem efni geta haft einn eða fleiri efnisþætti sem hafa PBT- eða vPvB-eiginleika, eða geta ummyndast eða brotnað niður í efni sem hafa slíka eiginleika, skal tilgreiningin líka taka mið af PBT-/vPvB eiginleikum slíkra efnisþátta og ummyndunarefna og/eða niðurbrotsefna.

11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Skráningar efna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og uppfærslur skv. 22. gr. þeirrar reglugerðar, má leggja fram í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð frá og með 19. mars 2011 og þær skulu vera í samræmi við þessa reglugerð frá 19. mars 2013.

2. Skráningar efna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem ekki eru í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð, skal uppfæra þannig að þær séu í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 19. mars 2013. Ákvæði 5. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skulu ekki gilda um þær uppfærslur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

„XIII. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST FYRIR Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST FYRIR Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir tilgreiningu efna sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð og efna sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, ásamt upplýsingum sem þarf að taka mið af til að meta P-, B-, og T-eiginleika efnis.

Nota skal vægi rökstuddra vísbendinga samkvæmt sérfræðiáliti með samanburði allra viðkomandi og fyrirliggjandi upplýsinga, sem skráðar eru í lið 3.2, við viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 1. lið, til að tilgreina efni með PBT- og vPvB-eiginleika. Þetta gildir einkum ef ekki er hægt að beita viðmiðununum, sem settar eru fram í 1. lið, beint á fyrirliggjandi upplýsingar.

Ákvörðun, sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga, felur í sér að allar fyrirliggjandi upplýsingar, sem eru notaðar við tilgreiningu á PBT- eða vPvB-eiginleikum, eru metnar saman, t.d. niðurstöður vöktunar og reiknilíkana, viðeigandi prófanir í glasi, viðeigandi gögn um áhrif á dýr, upplýsingar frá beitingu efnaflokkaaðferðarinnar (þar sem ályktað er út frá efnaflokkum eða byggingarlega hliðstæðum efnum), niðurstöður varðandi megindleg vensl byggingar og virkni (Q)SAR), reynsla manna, s.s. starfstengd gögn og gögn úr gagnagrunnum um slys, faraldsfræðirannsóknir og klínískar rannsóknir og vel rannsakaðar ferilskýrslur og athuganir. Gæðum og samkvæmni gagnanna skal gefið viðeigandi vægi. Fyrirliggjandi niðurstöður skulu teknar saman í eina ákvörðun sem byggir á vægi rökstuddra vísbendinga, án tillits til niðurstöðu hverrar um sig.

Upplýsingar, sem notaðar eru til mats á PBT-/vPvB-eiginleikum, skulu byggjast á gögnum sem fást við viðeigandi skilyrði.

Í tilgreiningunni skal einnig tekið tillit til PBT-/vPvB-eiginleika viðkomandi efnisþátta efnis og viðkomandi ummyndunarefna og/eða niðurbrotsefna.

Viðauki þessi gildir um öll lífræn efni, þ.m.t. lífrænir málmar.

1. VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU Á EFNUM MEÐ PBT- OG vPvB-EIGINLEIKA

1.1. Efni með PBT-eiginleika

Líta skal svo á að efni sem uppfyllir viðmiðanir í liðum 1.1.1, 1.1.2 og 1.1.3 um þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif sé efni með PBT-eiginleika.

1.1.1. Þrávirkni

Efni uppfyllir viðmiðun um þrávirkni (P) við allar eftirfarandi aðstæður:

a) helmingunartími niðurbrots í sjó er lengri en 60 dagar,

b) helmingunartími niðurbrots í ferskvatni eða árósavatni er lengri en 40 dagar,

c) helmingunartími niðurbrots í seti í sjó er lengri en 180 dagar,

d) helmingunartími niðurbrots í seti í ferskvatni eða árósavatni er lengri en 120 dagar,

e) helmingunartími niðurbrots í jarðvegi er lengri en 120 dagar.

1.1.2. Uppsöfnun í lífverum

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir uppsöfnun í lífverum (B) þegar lífþéttnistuðull í lagartegundum er hærri en 2000.

1.1.2. Eiturhrif

Efni uppfyllir viðmiðun um eiturhrif (T) við allar eftirfarandi aðstæður:

a) styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif (NOEC) eða EC10-gildi fyrir lífverur í sjó eða ferskvatni er undir 0,01 mg/l,

b) efnið uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A eða 1B), efni sem hefur stökkbreytandi áhrif á kímfrumur (undirflokkur 1A eða 1B) eða efni sem hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

c) aðrar vísbendingar eru um langvinn eiturhrif sem greina má á því að efnið uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkunina „sértæk eiturhrif á marklíffæri eftir endurtekin váhrif“ (SEM EV 1. eða 2. undirflokkur) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

1.2. Efni með vPvB-eiginleika

Líta skal svo á að efni sem uppfyllir viðmiðanir í liðum 1.2.1 og 1.2.2 um þrávirkni og uppsöfnun í lífverum sé efni með vPvB-eiginleika.

1.2.1. Þrávirkni

Efni uppfyllir viðmiðun um mikla þrávirkni (vP) við allar eftirfarandi aðstæður:

a) helmingunartími niðurbrots í sjó, ferskvatni eða árósavatni er lengri en 60 dagar,

b) helmingunartími niðurbrots í seti í sjó, ferskvatni eða árósavatni er lengri en 180 dagar,

c) helmingunartími niðurbrots í jarðvegi er lengri en 180 dagar.

1.2.2. Uppsöfnun í lífverum

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir uppsöfnun í lífverum í miklum mæli (vB) þegar lífþéttnistuðull í lagartegundum er hærri en 5000.

2. SKIMUN FYRIR P-, vP-, B-, vB- og T-EIGINLEIKUM OG MAT Á ÞEIM

2.1. Skráning

Skráningaraðili skal taka mið af upplýsingunum sem skráðar eru í I. viðauka og 3. lið í þessum viðauka við tilgreiningu á efnum með PBT- og vPvB-eiginleika í skráningarskjölunum.

Ef tæknilegu málsskjölin fyrir einn eða fleiri endapunkta innihalda einungis upplýsingarnar, sem krafist er í VII. og VIII. viðauka, skal skráningaraðilinn taka mið af upplýsingum sem varða skimun eftir P-, B- og T-eiginleikum í samræmi við lið 3.1 í þessum viðauka. Ef niðurstöður úr skimunarprófun eða aðrar upplýsingar benda til þess að efnið gæti haft PBT- eða vPvB-eiginleika, skal skráningaraðilinn afla viðkomandi viðbótarupplýsinga eins og sett er fram í lið 3.2 í þessum viðauka. Ef öflun viðkomandi viðbótarupplýsinga krefst upplýsinga, sem skráðar eru í IX. eða X. viðauka, skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu að prófun. Ef vinnslu- og notkunarskilyrði efnisins uppfylla skilyrðin sem tiltekin eru í b- eða c-lið liðar 3.2 í XI. viðauka má sleppa viðbótarupplýsingunum og eftir það er litið svo á í skráningarskjölunum að efnið hafi PBT- eða vPvB-eiginleika. Ekki þarf að afla viðbótarupplýsinga fyrir mat á PBT-/vPvB-eiginleikum ef niðurstöður úr skimunarprófun eða aðrar upplýsingar benda ekki til P- eða B-eiginleika.

2.2. Leyfi

Taka skal mið af viðkomandi upplýsingum í skráningarskjölunum og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum, skv. 3. lið, vegna málsskjala sem varða greiningu efna sem um getur í d- og e-lið 57. gr.

3. UPPLÝSINGAR SEM VARÐA SKIMUN FYRIR P-, vP-, B-, vB- og T-EIGINLEIKUM OG MAT Á ÞEIM

3.1. Upplýsingar vegna skimunar

I. Reikningar fyrir aðila að Kýótóbókuninni í Sambandsskránni og öllum öðrum Kýótóbókunarskrám												
Vörslureikningur aðila að Kýótó-bókuninni	Á ekki við	Já	Já	Á ekki við	Já	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei
Ógildingar-reikningur	Á ekki við	Já	Nei	Á ekki við	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já
Innlausnar-reikningur	Á ekki við	Já	Nei	Á ekki við	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Innl.reikn. f. ein. úthl. magns í k. f. viðsk. m. los.heim.	Á ekki við	Á ekki við	Já	Á ekki við	Já	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
II. Rekstrarreikningar í Sambandsskránni												
Aðaljöfnunarreiknin gur f. kerfi f. viðsk. m. los.heim.	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Gáttainnlánsreiknin gur (fyrir aðildarríki án Kýótóbókunar-skrár)	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Landsvörslureikning ur losunarheimilda (aðeins fyrir aðildarríki með Kýótóbókunarskrár)	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
Reikningur Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir	Nei	Nei	Á ekki við	Nei	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Já	Nei	Já	Nei	Nei
Innskilareikningur vegna flugs	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei
III. Notendareikningar í Sambandsskránni												
Vörslureikningur rekstraraðila	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Vörslureikningur fyrir umráðendur loftfara	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Já	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Einkavörslu-reikningur	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Vörslureikningur fyrir viðskipta-vettvang	Já	Já	Á ekki við	Já	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei
Sannprófanda-reikningur	Nei	Nei	Á ekki við	Nei	Á ekki við	Á ekki við	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram með beiðnum um stofnun reikninga fyrir aðila að Kýótóbókuninni og rekstrarreikninga

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

Tafla III-I: Reikningsupplýsingar fyrir alla reikninga

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Uppfæranlegt?	Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri Sambands-skrárinnar?
1	Auðkenni reiknings (sem Sambandsskráin gefur út)	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	á ekki við	Nei
2	Tegund reiknings	S	Val	Nei	á ekki við	Já
3	Skuldbindingartímabil	S	Val	Nei	á ekki við	Já
4	Auðkenni reikningshafa (sem Sambandsskráin gefur út)	S	Frjáls	Já	Já	Já
5	Nafn reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Kennimerki reikningsins (sem reikningshafi gefur út)	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
7	Heimilisfang reikningshafa — land	S	Val	Já	Já	Já
8	Heimilisfang reikningshafa — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang reikningshafa — borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang reikningshafa — póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang reikningshafa — gata	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang reikningshafa — húsnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
13	Skráningarnúmer eða auðkennisnúmer fyrirtækis reikningshafa	S	Frjáls	Já	Já	Já
14	Sími 1 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Já
15	Sími 2 hjá reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Já
16	Tölvupóstfang reikningshafa	S	Frjáls	Já	Nei	Já
17	Fæðingardagur og -ár (einstaklingar)	V	Frjáls	Nei	á ekki við	Nei
18	Fæðingarstaður (einstaklingar)	V	Frjáls	Nei	á ekki við	Nei
19	Virðisaukaskattsnúmer ásamt landskóða	V	Frjáls	Já	Já	Nei
20	Stofndagur reiknings	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	á ekki við	Já
21	Lokunardagur reiknings	V	Fyrirfram-ákveðin	Já	Já	Já

2. Kennimerki reikningsins skal vera ótvírætt innan skráningarkerfisins.

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir landsstjórnandann varðandi einkavörslureikninga, vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang og sannprófendareikninga

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I. (Auðkenni reikningsins og sérauðkennið í alstöfum skulu vera ótvíræð í skráningarkerfinu.)

2. Sönnun þess að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, eigi opinn bankareikning í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni einstaklingsins sem óskar eftir stofnun reikningsins og sem geta verið staðfest afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

4. Gögn sem staðfesta auðkenni lögaðilans sem óskar eftir stofnun reikningsins og geta þau verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) gerningi um stofnun lögaðilans,

   b) skjali sem sannar skráningu lögaðilans.

5. Gögn sem staðfesta heimilisfang reikningshafa er hefur fasta búsetu og óskar eftir stofnun vörslureiknings fyrir einstaklinga og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum sem lögð voru fram skv. 3. lið ef þar er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum sem hið opinbera gefur út þar sem er að finna heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

6. Gögn sem staðfesta skráð heimilisfang handhafa lögaðilareiknings ef það er ekki skýrt samkvæmt skjalinu sem lagt var fram í samræmi við 4. lið.

7. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 3., 4. eða 5. lið og gefið út af stjórnvöldum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

8. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem stjórnandinn tilgreinir.

9. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við 3., 4. og 5. lið.

V. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir viðskiptavettvang sem leggja skal fyrir landsstjórnanda

1. Undirrituð yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum á sviði fjármála í aðildarríki stjórnandans sem stofnar reikninginn þar sem staðfest er að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, hefur leyfi aðildarríkisins sem:

   a) skipulegur markaður, eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga með áorðnum breytingum,

   b) markaðstorg, sem er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, með áorðnum breytingum,

   c) hvers kyns annar markaður sem er marghliða kerfi sem markaðsaðili rekur og/eða stjórnar og sem leiðir saman eða greiðir fyrir því að leiða saman kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila í tengslum við losunarheimildir eða Kýótóeiningar, þ.m.t. hvers kyns greiðslumiðlunar- eða uppgjörskerfi sem bera ábyrgð á greiðslu og afhendingu losunarheimilda og umsjón með tryggingum fyrir skipulega markaðinn eða markaðstorgið, sem um er að ræða, eða hvers kyns aðra markaði.

Viðbótarupplýsingar varðandi sannprófendareikninga sem leggja skal fyrir landsstjórnandann

2. Skjal, sem staðfestir að aðilinn, sem óskar eftir stofnun reikningsins, sé viðurkenndur sem sannprófandi í aðildarríki stjórnandans sem tekur við beiðni um stofnun reiknings.

VI. VIÐAUKI

Grundvallarskilmálar og -skilyrði

Gerð og áhrif grundvallarskilmála og -skilyrða

1. Tengslin milli reikningshafa og skrárstjórnenda.

Skyldur reikningshafa og viðurkennds fulltrúa

2. Skyldur reikningshafans og viðurkennds fulltrúa að því er varðar öryggi, notendanöfn og lykilorð og aðgang þeirra að vefsetri skrárinnar.

3. Skylda reikningshafans og viðurkennds fulltrúa til að birta gögn á vefsetri skrárinnar og sjá til þess að þau gögn séu nákvæm.

4. Skylda reikningshafans og viðurkennds fulltrúa til að uppfylla skilmálana um notkun á vefsetri skrárinnar.

Skyldur skrárstjórnandans

5. Skylda skrárstjórnandans til að framkvæma fyrirmæli reikningshafa.

6. Skylda skrárstjórnandans til að skrá upplýsingar um reikningshafa.

7. Skylda skrárstjórnandans til að stofna, uppfæra eða loka reikningnum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Verklagsreglur um ferli

8. Ákvæði um lok ferlisins og staðfestingu á því.

Greiðslur

9. Skilmálarnir og skilyrðin varðandi hvers kyns gjöld fyrir stofnun og viðhald reikninga.

Rekstur vefseturs skrárinnar

10. Ákvæði varðandi rétt skrárstjórnandans til að gera breytingar á vefsetri skrárinnar.

11. Skilyrði fyrir notkun á vefsetri skrárinnar.

Ábyrgð og skaðabætur

12. Nákvæmni upplýsinga.

13. Vald til að hefja ferli.

Breyting á þessum grunnskilmálum sem endurspegla breytingar á þessari reglugerð eða breytingar á landslöggjöf

Öryggi og viðbrögð við brotum á ákvæðum um öryggi

14. Vísbending um að landsstjórnendur geti framsent grunsamleg skilaboð varðandi viðskipti til löggæsluyfirvalda í viðkomandi landi.

Lausn deilumála

15. Ákvæði sem varða deilumál milli reikningshafa.

Bótaábyrgð

16. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir skrárstjórnandann.
17. Takmörkun á bótaábyrgð fyrir reikningshafann.

Réttindi þriðja aðila

Umboð, tilkynningar og gildandi lög

VII. VIÐAUKI

Viðbótarupplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir rekstraraðila sem leggja skal fyrir landsstjórnandann

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal rekstraraðili stöðvarinnar tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans skal vera hið sama og nafn einstaklingsins eða lögaðilans sem er handhafi viðkomandi leyfis fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflum VII-I og VII-II

Tafla VII-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga rekstraraðila

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar?
1	Auðkenni stöðvar	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	—	Já
2	Auðkenni leyfis	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	Dagsetning gildistöku leyfisins	S	Frjáls	Nei	—	Já
4	Lokadagsetning gildistíma leyfisins	V	Frjáls	Já	Já	Já
5	Heiti stöðvar	S	Frjáls	Já	Já	Já
6	Tegund starfsemi í stöðinni	S	Val	Já	Já	Já
7	Heimilisfang stöðvar — land	S	Fyrirfram-ákveðin	Já	Já	Já
8	Heimilisfang stöðvar — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Já
9	Heimilisfang stöðvar — borg	S	Frjáls	Já	Já	Já
10	Heimilisfang stöðvar — póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
11	Heimilisfang stöðvar — gata	S	Frjáls	Já	Já	Já
12	Heimilisfang stöðvar — húsnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Já
13	Sími 1 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Já
14	Sími 2 hjá stöð	S	Frjáls	Já	Nei	Já
15	Tölvupóstfang stöðvar	S	Frjáls	Já	Nei	Já
16	Móðurfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
17	Dótturfélag	V	Frjáls	Já	Nei	Já
18	EPRTR-kenninúmer	S	Frjáls	Já	Nei	Já
19	Breiddargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já
20	Lengdargráða	V	Frjáls	Já	Nei	Já

Tafla VII-II:Upplýsingar um sannprófanda og tengilið reiknings

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar?
1	Sannprófandi	V	Val	Já	Nei	Já
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
2	Eiginnafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
3	Kenninafn tengiliðar í aðildarríkinu	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
4	Heimilisfang tengiliðar — land	V	Fyrirframákveðin	Já	Nei	Já (*)
5	Heimilisfang tengiliðar — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
6	Heimilisfang tengiliðar — borg	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
7	Heimilisfang tengiliðar — póstnúmer	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
8	Heimilisfang tengiliðar — gata	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
9	Heimilisfang tengiliðar — húsnúmer	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
10	Sími 1 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
11	Sími 2 hjá tengilið	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)
12	Tölvupóstfang tengiliðar	V	Frjáls	Já	Nei	Já (*)

(*) Þessar upplýsingar birtast ekki ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu trúnaðargögn í samræmi við 75. gr.

4. Heiti stöðvarinnar skal svara til þess heitis sem tilgreint er á viðkomandi leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda.

VIII. VIÐAUKI

Upplýsingar varðandi hvern þeirra vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara sem leggja skal fyrir skrárstjórnanda

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu III-I og töflu VII-II.

2. Í upplýsingunum, sem lagðar eru fram í samræmi við töflu III-I, skal umráðandi loftfars tilgreindur sem reikningshafi. Nafn reikningshafans, sem skráð er, skal vera hið sama og nafnið í vöktunaráætluninni. Sé nafnið í vöktunaráætluninni úrelt skal nota nafnið í viðskiptaskránni eða nafnið sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu notar.

3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu VIII-I.

Tafla VIII-I: Reikningsupplýsingar varðandi vörslureikninga fyrir umráðendur loftfara

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldu-bundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki landsstjórn-anda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri Sambands-skrárinnar?
1	Auðkenni umráðanda loftfars (sem Sambandsskráin úthlutar)	S	Frjáls	Nei	—	Já
2	Sérstakur kóði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009	S	Frjáls	Já	Já	Já
3	kallmerki (kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar)	V	Frjáls	Já	Já	Já
4	Auðkenni vöktunaráætlunar	S	Frjáls	Já	Já	Já
5	Vöktunaráætlun — fyrsta gildisár	S	Frjáls	Nei	—	Já
6	Vöktunaráætlun — síðasta gildisár	V	Frjáls	Já	Já	Já

4. Kallmerkið er kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í reit 7 á flugáætluninni eða, liggi það ekki fyrir, skrásetningarmerki loftfarsins.

IX. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fyrir stjórnanda reikningsins varðandi viðurkennda fulltrúa og viðurkennda viðbótarfulltrúa

Tafla IX-I: Upplýsingar um viðurkenndan fulltrúa

	A	B	C	D	E	F
Númer	Reikningsupplýsingar	Skyldubundið eða valkvætt?	Tegund	Unnt að uppfæra?	Þarf samþykki landsstjórnanda fyrir uppfærslu?	Birt á opinberu vefsetri Sambands-skrárinnar?
1	Þersónuskilríki	S	Frjáls	Nei	á ekki við	Nei
2	Tegund viðurkennds fulltrúa	S	Val	Já	Nei	Já
3	Eiginnafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
4	Kenninafn	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
5	Titill	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
6	Starfsheiti	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Heiti fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
	Deild fyrirtækis	V	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
7	Heimilisfang — land	S	Fyrirfram-ákveðin	Nei	á ekki við	Nei(*)
8	Heimilisfang — svæði eða ríki	V	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
9	Heimilisfang — borg	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
10	Heimilisfang — póstnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
11	Heimilisfang — gata	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
12	Heimilisfang — húsnúmer	S	Frjáls	Já	Já	Nei(*)
13	Sími 1	S	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
14	Sími 2	S	Frjáls	Já	Nei	Nei(*)
15	Tölvupóstfang	S	Frjáls	Já	Nei	Nei
16	Fæðingardagur og -ár	S	Frjáls	Nei	á ekki við	Nei
17	Fæðingarstaður	S	Frjáls	Nei	á ekki við	Nei
18	Tungumál sem valið er	V	Val	Já	Nei	Nei
19	Stig trúnaðarkvaðar	V	Val	Já	Nei	Nei
20	Réttindi viðurkennds viðbótarfulltrúa	S	Margþætt val	Já	Nei	Nei

(*) Þessar upplýsingar birtast einungis ef reikningshafinn óskar eftir því að þær séu gerðar opinberar í samræmi við 75. gr.

1. Upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu IX-I.

2. Undirrituð yfirlýsing frá reikningshafanum þar sem fram kemur að hann óski eftir að tilnefna tiltekinn aðila sem viðurkenndan fulltrúa eða viðurkenndan viðbótarfulltrúa og þar sem staðfest er að viðurkenndi fulltrúinn eða viðurkenndi viðbótarfulltrúinn hafi rétt til að hefja viðskipti fyrir hönd reikningshafans og þar sem tilgreindar eru hvers kyns takmarkanir á þeim rétti.

3. Gögn sem staðfesta auðkenni tilnefnda aðilans og sem geta verið staðfest afrit af öðru hvoru af eftirfarandi:

   a) vegabréfi eða kennivottorði sem gefið er út af ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni,

   b) einhverju öðru vegabréfi, sem eitthvert sendiráð ESB hefur vottað að sé gilt.

4. Gögn sem staðfesta heimilisfang tilnefnda aðilans er hefur fasta búsetu og sem geta verið staðfest afrit af einhverju af eftirfarandi:

   a) persónuskilríkjunum, sem lögð voru fram skv. 3. lið, ef þar er heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   b) einhverjum öðrum skilríkjum, sem hið opinbera gefur út, þar sem er heimilisfang þess sem hefur fasta búsetu,

   c) yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum sem staðfesta fasta búsetu tilnefnda aðilans ef landið, þar sem fasta búsetan er, gefur ekki út persónuskilríki þar sem heimilisfang þess er hefur fasta búsetu er tilgreint,

   d) einhverju öðru skjali sem er að öllu jöfnu tekið gilt í aðildarríki stjórnanda reiknings sem sönnun fyrir fastri búsetu tilnefnda aðilans.

5. Lögbókandi þarf að votta að hvers kyns skjal, sem lagt er fram til sönnunar skv. 4. lið og gefið er út af stjórnvaldi utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sé gilt.

6. Stjórnandi reikningsins getur krafist þess að skjölunum, sem lögð eru fram, fylgi vottuð þýðing á tungumáli sem skrárstjórnandinn tilgreinir.

7. Í stað þess að verða sér úti um skjöl á pappír getur stjórnandi reikningsins notað rafrænar aðferðir til að athuga gögnin sem leggja skal fram í samræmi við 3. og 4. lið.

X. VIÐAUKI

Snið sem nota skal þegar upplýsingar um árlega losun eru lagðar fram

1. Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram í töflu X-I.

Tafla X-I: Losunarupplýsingar fyrir rekstraraðila

	A	B	C
1	Auðkenni stöðvar:		
2	Skýrslugjafarár		

Losun gróðurhúsalofttegunda

		í tonnum	í jafngildiseiningum koltvísýrings (CO2eq)
3	CO_2-losun		
4	N_2O-losun		
5	losun á perflúorkolefni		
6	Heildarlosun	—	Σ (C2 + C3 + C4)

2. Losunarupplýsingar fyrir umráðendur loftfara skulu fela í sér upplýsingarnar sem settar eru fram skv. 8. og 9. lið 8. þáttar XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB.

3. Lýsa skal rafræna sniðinu fyrir framlagningu upplýsinga um losun í upplýsingaskipta- og tækniforskriftunum sem kveðið er á um í 71. gr.

XI. VIÐAUKI

Tafla yfir landsúthlutunaráætlun fyrir tímabilið 2008–2012

Lína nr.	Nafn	Fjöldi losunarheimilda skv. III. kafla	Innfærsla („L“ merkir „lína“)
	Landskóði aðildarríkis		Handvirk innfærsla
1	Heildarfjöldi losunarheimilda sem gefa skal út til stöðva		Σ (L5 til L9, L12 til L16)
2	Heildarfjöldi losunarheimilda í varasjóði		Handvirk innfærsla
3	Auðkenni reiknings stöðvar A		Handvirk innfærsla
4	Fjöldi sem úthluta skal stöð A:		
5	árið 2008		Handvirk innfærsla
6	árið 2009		Handvirk innfærsla
7	árið 2010		Handvirk innfærsla
8	árið 2011		Handvirk innfærsla
9	árið 2012		Handvirk innfærsla
10	Auðkenni reiknings stöðvar B		Handvirk innfærsla
11	Fjöldi sem úthluta skal stöð B:		
12	árið 2008		Handvirk innfærsla
13	árið 2009		Handvirk innfærsla
14	árið 2010		Handvirk innfærsla
15	árið 2011		Handvirk innfærsla
16	árið 2012		Handvirk innfærsla

XII. VIÐAUKI

Tafla Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs fyrir tímabilið 2008–2012

Lína nr.	Nafn	Fjöldi losunarheimilda skv. II. kafla	Innfærsla („L“ merkir „lína“)
1	Losunarheimildir skv. II. kafla í öllu Sambandinu 2012:		Handvirk innfærsla
2	Fjöldi sem þegar hefur verið úthlutað 2012		(L1 × 0,15) = Σ (L3, L4, L5)
3	hjá aðildarríki 1:		Handvirk innfærsla
4	hjá aðildarríki 2:		Handvirk innfærsla
5	hjá aðildarríki n:		Handvirk innfærsla
6	Fjöldi sem þegar hefur verið úthlutað 2012		(L1 – L2) = Σ (L7, L8, L9)
7	til umráðanda loftfars 1:		Handvirk innfærsla
8	til umráðanda loftfars 2		Handvirk innfærsla
9	til reikningshafa n:		Handvirk innfærsla

XIII. VIÐAUKI

Upplýsingaskylda yfirstjórnandans

Upplýsingar aðgengilegar almenningi

1. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:

a) allar upplýsingar sem eru tilgreindar þannig að þær skuli „birtar á opinberu vefsetri Sambandsskrárinnar“ í töflum III-I, VII-I, VII-II, VIII-I og IX-I. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

b) losunarheimildir sem úthlutaðar eru einstökum reikningshöfum skv. 40. og 41. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

c) stöðuna á reikningnum í samræmi við 1. mgr. 9. gr. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sólarhrings fresti,

d) fjölda losunarheimilda og losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem skilað er inn í samræmi við 46. gr. og einingarauðkenniskóða losunarskerðingareininganna og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem skilað er inn. Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, skal ekki birtur fyrr en eftir 15. maí. Á tímabilinu frá 15. maí til 31. desember skulu þessar upplýsingar uppfærðar á sólarhrings fresti,

e) tölu yfir sannprófaða losun ásamt leiðréttingum fyrir stöðina, sem tengist vörslureikningi rekstraraðila fyrir árið X, sem skal liggja frammi frá og með 1. apríl ársins (X + 1),

f) tákn og yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvort stöðin eða umráðandi loftfars, sem tengist viðkomandi vörslureikningi rekstraraðila, hafi skilað inn fjölda Kýótóeininga eða losunarheimilda eigi síðar en 30. apríl sem er a.m.k. jafn allri losun stöðvarinnar eða umráðandans á öllum undanförnum árum. Táknin og yfirlýsingarnar, sem leggja skal fram, eru sett fram í töflu XIII-I. Uppfæra skal táknið 1. maí og því skal ekki breytt fyrr en 1. maí á næsta ári, að frátalinni viðbót á * í tilvikum sem tilgreind eru í 5. línu í töflu XIII-I.

Tafla XIII-I: Yfirlýsingar varðandi reglufylgni

Lína nr.	Tala um stöðu reglufylgni skv. 31. gr.	Hefur sannprófuð losun verið skráð fyrir síðasta heila ár?	Tákn	Yfirlýsing
			sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB	
1	0 eða jákvæð tala	Já	A	„Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga/eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er jafn eða meiri en sannprófuð losun“
2	neikvæð tala	Já	B	„Fjöldi losunarheimilda og losunarskerðingareininga/eininga vottaðrar losunarskerðingar, sem skilað er inn eigi síðar en 30. apríl, er minni en sannprófuð losun“
3	tala	Nei	C	„Sannprófuð losun fyrir næstliðið ár var ekki skráð fyrr en 30. apríl“
4	tala	Nei (þar eð ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins)	X	„Ekki var unnt að skrá og/eða skila inn sannprófaðri losun fyrir 30. apríl þar sem ferlið fyrir innskil losunarheimilda og/eða uppfærslu sannprófaðrar losunar var tímabundið stöðvað gagnvart skrá aðildarríkisins“
5	tala	Já eða nei (en síðar uppfært af lögbæru yfirvaldi)	* *(bætt við upphaflegt tákn)*	„Lögbært yfirvald mat eða leiðrétti sannprófaða losun.“

2. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:

a) töflu yfir úthlutunaráætlun hvers aðildarríkis um sig, þ.m.t. vísbendingar um allar leiðréttingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 37. gr.,

b) töflu Sambandsins yfir úthlutun vegna flugs, þ.m.t. vísbendingar um allar leiðréttingar sem gerðar hafa verið á töflunni í samræmi við 38. gr.,

c) allar varasjóðstöflur sem gerðar eru í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB [1],

d) heildarfjölda losunarheimilda, losunarskerðingareininga og eininga vottaðrar losunarskerðingar sem voru í Sambandsskránni á öllum notendareikningum daginn áður,

e) skrá yfir einingarauðkenni allra losunarheimilda, eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga, sem skilað var inn, og skal merkja þær einingar sem færðar voru af reikningnum sem þeim var skilað inn á og sem eru nú á einkavörslureikningum eða vörslureikningum rekstraraðila. Ef um er að ræða einingar vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareiningar skal einnig birta heiti verkefnis, upprunaland og verkefnisauðkenniskóða,

f) skrá yfir tegundir Kýótóeininga, aðrar en einingar vottaðrar losunarskerðingar eða losunarskerðingareiningar, sem geyma má á notendareikningum sem tiltekinn landsstjórnandi stjórnar í samræmi við 1. lið I. viðauka,

g) heildarfjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga sem rekstraraðilum í hverju aðildarríki er heimilt að skila inn fyrir hvert tímabil skv. 1. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

h) gjöldin sem landsstjórnendur innheimta í samræmi við 76. gr.

3. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi, almennar upplýsingar hinn 30. apríl ár hvert:

a) hundraðshluta losunarheimilda, sem skilað var inn í hverju aðildarríki á næstliðnu almanaksári, sem var skilað inn af reikningnum sem þeim var úthlutað á,

b) summu sannprófaðrar losunar í hverju aðildarríki sem skráð er fyrir næstliðið almanaksár sem hundraðshluti af summu sannprófaðrar losunar ársins þar á undan,

c) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári,

d) hundraðshlutann, sem tilheyrir reikningum sem tiltekið aðildarríki stjórnar, af fjölda og umfangi allra færsluviðskipta með losunarheimildir og Kýótóeiningar á næstliðnu almanaksári milli reikninga sem mismunandi aðildarríki stjórna.

4. Viðskiptadagbók ESB skal birta á opinberu vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í viðskiptadagbók ESB, 1. janúar á fimmta ári eftir árið sem upplýsingarnar voru skráðar:

a) nafn handhafa og auðkenni handhafa færslureikningsins,

[1] Stjtíð. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.

b) nafn handhafa og auðkenni handhafa viðtökureikningsins,

c) losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem tengdust viðskiptunum, sem eru flokkaðar eftir einingarauðkenniskóða,

d) viðskiptaauðkenniskóða,

e) dagsetningu og tíma þegar viðskiptunum lauk (Mið-Evróputími),

f) tegund viðskiptanna.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar reikningshöfum

5. Sambandsskráin skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem reikningshafinn hefur einn aðgang að og uppfæra þær á rauntíma:

a) núverandi handhöfn losunarheimilda og Kýótóeininga, ásamt einingarauðkenniskóðum,

b) skrá yfir tillögð viðskipti sem viðkomandi reikningshafi hefur hafið, með eftirfarandi upplýsingum um hver tillögð viðskipti:

i. atriðin í 4. lið:

ii. dagsetningu og tíma þegar viðskiptin voru lögð til (Mið-Evróputími),

iii. núverandi stöðu tillögðu viðskiptanna,

iv. alla svarkóða, sem skilað er inn í kjölfar athugunar á vegum skrárinnar og viðskiptadagbókar ESB,

c) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar sem bæst hafa á reikninginn í kjölfar viðskipta sem lokið er og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti,

d) skrá yfir losunarheimildir eða Kýótóeiningar, sem færðar hafa verið af reikningnum í kjölfar viðskipta sem lokið er, og skulu atriðin í 4. lið tilgreind fyrir hver viðskipti.

Upplýsingar sem eru aðgengilegar landsstjórnendum

6. Sambandsskráin skal birta eftirfarandi upplýsingar á þeim hluta vefseturs síns sem landsstjórnendur hafa einir aðgang að:

a) núverandi stöðu og viðskiptasögu aðaljöfnunarreiknings kerfis fyrir viðskipti með losunarheimildir, gáttainnlánsreiknings, reiknings Sambandsins fyrir niðurfelldar losunarheimildir og innskilareiknings vegna flugs,

b) reikningshafa og viðurkennda fulltrúa sem hafa sætt því að tiltekinn landsstjórnandi hefur lokað fyrir aðgang þeirra að öllum reikningum í Sambandsskránni í samræmi við 27. gr.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/41/EB 2012/EES/12/40

frá 6. maí 2009

um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða skal endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Samkvæmt sáttmálanum skulu aðgerðir Bandalagsins í umhverfismálum byggjast á þeirri meginreglu að þær séu til forvarnar og m.a. hafa það að markmiði að viðhalda, vernda og bæta umhverfið og vernda heilbrigði manna.

3) Ráðstafanir til að leggja mat á líftækni og nýta hana á sem hagkvæmasta hátt með tilliti til umhverfisins eru forgangsverkefni sem Bandalagið ætti að einbeita sér að.

4) Þróun líftækninnar er til þess fallin að efla efnahag aðildarríkjanna. Þetta felur í sér notkun erfðabreyttra örvera við mismunandi starfsemi og í mismiklum mæli.

5) Afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera skal vera með þeim hætti að sem minnst hætta sé á skaðlegum afleiðingum fyrir heilbrigði manna og umhverfið og því skal leggja áherslu á að koma í veg fyrir slys og hafa eftirlit með úrgangi.

6) Erfðabreyttar örverur, sem er fargað án þess að til séu viðeigandi ákvæði um sértækar afmörkunarráðstafanir til að takmarka snertingu þeirra við almenning eða umhverfið, falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Önnur löggjöf Bandalagsins kann að gilda, t.d. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið ([5]).

7) Örverur geta fjölgað sér og borist yfir landamæri og þar með haft áhrif í öðrum aðildarríkjum ef þeim er sleppt út í umhverfið í einu aðildarríki meðan á afmarkaðri notkun stendur.

8) Brýnt er að gera sameiginlegar ráðstafanir til að meta og draga úr þeirri áhættu sem er samfara allri starfsemi sem felur í sér afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera og setja viðhlítandi skilyrði um notkun svo að líftækni megi þróast á öruggan hátt í öllu Bandalaginu.

9) Ekki hefur enn tekist að afla vitneskju um það nákvæmlega hvers konar eða hve mikil áhætta er samfara afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera og því verður að meta áhættuna í hverju tilviki fyrir sig. Nauðsynlegt er að setja kröfur um áhættumat til að meta áhættuna fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 125, 21.05.2009, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 162, 25.6.2008, bls. 85.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta VI. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

10) Flokka ber afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera í samræmi við þá áhættu sem þær hafa í för með sér fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Slík flokkun þarf að vera í samræmi við alþjóðlegar venjur og byggjast á mati á áhættu.

11) Til að tryggja víðtæka vernd skulu afmörkunin og aðrar verndarráðstafnanir í tengslum við afmarkaða notkun vera í samræmi við flokkun afmarkaðrar notkunar. Ef óvissa ríkir skal beita viðeigandi afmörkunarráðstöfunum og öðrum verndarráðstöfunum sem eiga við fyrir hærri flokkun uns viðeigandi gögn gefa tilefni til mildari ráðstafana.

12) Fyrir alla starfsemi, sem tekur til erfðabreyttra örvera, gilda reglur um góðar starfsvenjur í örverufræði og um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

13) Beita skal viðeigandi afmörkunarráðstöfunum á hinum ýmsu stigum tiltekinnar starfsemi til að hafa eftirlit með losun og förgun efnis sem til fellur við afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera og til að koma í veg fyrir slys.

14) Sá sem stundar í fyrsta sinn starfsemi sem felur í sér notkun erfðabreyttra örvera á tiltekinni tilraunastofu skal senda lögbæra yfirvaldinu tilkynningu um það svo það geti gengið úr skugga um að tillagða tilraunastofan henti til starfseminnar þannig að heilbrigði manna og umhverfinu sé ekki stefnt í hættu með starfseminni.

15) Einnig er brýnt að ákvarða með hvaða hætti skuli tilkynna í hverju tilviki um sérstök verkefni sem fela í sér afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera og meta hversu mikil áhætta er samfara henni.

16) Lögbær yfirvöld skulu gefa samþykki sitt þegar um er að ræða áhættusama starfsemi.

17) Afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir, sem viðhafðar eru við afmarkaða notkun, ber að taka reglulega til endurskoðunar.

18) Telja má eðlilegt að leitað sé álits almennings á afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera.

19) Hafa ber samráð við fólk sem starfar við afmarkaða notkun í samræmi við kröfur viðeigandi löggjafar Bandalagsins, einkum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB frá 18. september 2000 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ([1]).

20) Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess að allir, sem orðið geta fyrir áhrifum ef slys verður, fái upplýsingar um öll atriði er varða öryggi.

21) Gera skal neyðaráætlanir svo unnt verði að bregðast rétt við ef slys verður.

22) Notandanum ber að upplýsa lögbær yfirvöld þegar í stað um slys og veita nauðsynlegar upplýsingar svo meta megi áhrif slyssins og grípa til viðeigandi aðgerða.

23) Rétt er að framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, ákvarði með hvaða hætti skuli skipst á upplýsingum um slys og að hún komi sér upp skrá um slík slys.

24) Afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera innan alls Bandalagsins ætti að vera háð vöktun og aðildarríkin ættu að veita framkvæmdastjórninni tilteknar upplýsingar þar að lútandi.

25) Erfðabreyttar örverur skulu uppfylla viðmiðanirnar sem skilgreindar eru í B-hluta II. viðauka til að teljast öruggar að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið. Með hliðsjón af þeirri hröðu þróun, sem á sér stað á sviði líftækni, eðli þeirra viðmiðana sem móta þarf og takmörkuðu umfangi skrárinnar er rétt að ráðið endurskoði þessar viðmiðanir og bæti leiðbeiningum við þær, þar sem nauðsyn krefur, til að auðvelda beitingu þeirra.

26) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

27) Framkvæmdastjórninni skal m.a. veitt umboð til að samþykkja þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að laga II., III., IV. og V. viðauka að tækniframförum og aðlaga C-hluta II. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar verður að samþykkja þær í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

28) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að taka þau upp.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 17.10.2000, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

29) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar tilskipananna sem eru settir fram í B-hluta VI. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „örvera“: hvers kyns örverufræðileg eining, hvort sem hún er gerð úr frumu eður ei, sem er fær um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis, þ.m.t. veirur, veirungar og dýra- og plöntufrumur í ræktun,

b) „erfðabreytt örvera“: örvera þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við pörun og/eða náttúrulega endurröðun, samkvæmt þessari skilgreiningu:

   i. erfðabreyting á sér stað a.m.k. þegar þeirri tækni er beitt sem tilgreind er í A-hluta I. viðauka,

   ii. aðferðirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta I. viðauka, teljast ekki valda erfðabreytingu,

c) „afmörkuð notkun“: öll starfsemi þar sem erfðaefni örvera er breytt eða þar sem slíkar erfðabreyttar örverur eru ræktaðar, geymdar, fluttar, þeim eytt eða fargað eða þær notaðar á einhvern annan hátt og þar sem beitt er sértækum afmörkunarráðstöfunum til að takmarka snertingu örveranna við almenning og umhverfið og til að skapa víðtækt öryggi fyrir almenning og umhverfið,

d) „slys“: hvers kyns atburður þar sem umtalsverðu magni erfðabreyttra örvera er sleppt út án ásetnings við afmarkaða notkun, sem stefnt gæti heilbrigði manna eða umhverfinu í hættu þegar í stað eða síðar,

e) „notandi“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera,

f) „tilkynning“: afhending upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkis.

3. gr.

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. gildir þessi tilskipun ekki um:

a) erfðabreytingu, sem fæst með því að beita tækninni/aðferðunum sem um getur í A-hluta II. viðauka, eða

b) afmarkaða notkun sem einungis tekur til erfðabreyttra örvera sem uppfylla viðmiðanirnar í B-hluta II. viðauka sem staðfestir öryggi þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Þessar tegundir erfðabreyttra örvera skulu tilgreindar í C-hluta II. viðauka.

2. Ákvæði 3. og 6. mgr. 4. gr. og 5. til 11. gr. gilda ekki um flutning erfðabreyttra örvera á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum eða sjó eða í lofti.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um geymslu, ræktun, flutning, eyðingu, förgun eða notkun erfðabreyttra örvera sem hafa verið settar á markað í samræmi við tilskipun ráðsins 2001/18/EB eða samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins þar sem kveðið er á um sértækt mat á umhverfisáhættu í líkingu við það sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, að því tilskildu að afmarkaða notkunin sé í samræmi við skilyrðin sem kunna að hafa verið sett fyrir leyfi til setningar á markað.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera geti haft í för með sér skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

2. Í þeim tilgangi skal notandinn meta áhættuna sem hin afmarkaða notkun hefur í för með sér fyrir heilbrigði manna og umhverfið og nota til þess a.m.k. matsþættina og þá málsmeðferð sem sett er fram í A- og B-hluta III. viðauka.

3. Í framhaldi af matinu, sem um getur í 2. mgr., skal flokka afmarkaða notkun endanlega í fjóra flokka samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í III. viðauka, en þessi flokkun er, samkvæmt 5. gr., ákvarðandi fyrir afmörkunarstigin:

1. flokkur: starfsemi, sem engin eða óveruleg áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkun á fyrsta stigi nægir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

2. flokkur: starfsemi, sem lítil áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkun á öðru stigi nægir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

3. flokkur: starfsemi, sem nokkur áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkun á þriðja stigi nægir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

4. flokkur: starfsemi, sem mikil áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkun á fjórða stigi nægir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

4. Leiki vafi á því hvaða flokkur sé réttur fyrir fyrirhugaða afmarkaða notkun skal beita strangari verndarráðstöfunum, nema nægileg sönnunargögn liggi fyrir og réttmætt sé af þeim sökum að beita mildari ráðstöfunum og lögbær yfirvöld séu því sammála.

5. Við matið, sem um getur í 2. mgr., skal einkum taka tillit til atriða er varða losun úrgangs og frárennsli. Þar sem við á skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

6. Notandinn skal halda skrá yfir matið sem um getur í 2. mgr. og veita lögbærum yfirvöldum aðgang að henni í viðeigandi formi, sem hluta af tilkynningunni skv. 6., 8. og 9. gr., eða ef þess er óskað.

5. gr.

1. Notandinn skal beita almennum meginreglum og viðeigandi einangrunarráðstöfunum eða öðrum verndarráðstöfunum, sem um getur í IV. viðauka og samsvara viðkomandi flokki einangraðrar notkunar, til að takmarka váhrif frá erfðabreyttum örverum á vinnustað og í umhverfinu eins og kostur er, nema 2. liður IV. viðauka gefi kost á öðrum ráðstöfunum, þannig að viðtækt öryggi sé tryggt.

2. Matið, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., og afmörkunarráðstafanirnar og aðrar verndarráðstafanir, sem beitt er, skal endurskoða reglulega og þegar í stað ef:

a) afmörkunarráðstafanirnar, sem beitt er, nægja ekki lengur eða ef flokkurinn, sem afmarkaða notkunin var sett í, er ekki lengur sá rétti, eða

b) ástæða er til að ætla að matið sé ekki lengur rétt með hliðsjón af nýjungum á sviði vísinda eða tækni.

6. gr.

Þegar tiltekið athafnasvæði er tekið í notkun í fyrsta skipti til afmarkaðrar notkunar skal þess krafist að notandinn leggi áður fram tilkynningu hjá lögbærum yfirvöldum þar sem fram koma a.m.k. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í A-hluta V. viðauka.

7. gr.

Eftir að tilkynningin, sem um getur í 6. gr., hefur verið lögð fram getur afmörkuð notkun í fyrsta flokki hafist án frekari tilkynningar eftir það. Notendum erfðabreyttra örvera í afmarkaðri notkun í fyrsta flokki er skylt að halda skrá yfir sérhvert mat, sem um getur í 6. mgr. 4. gr., og veita lögbærum yfirvöldum aðgang að henni þegar þess er óskað.

8. gr.

1. Í fyrsta skipti og önnur skipti eftir það, sem afmörkuð notkun í 2. flokki fer fram á athafnasvæði sem hefur verið tilkynnt í samræmi við 6. gr., skal senda inn tilkynningu með upplýsingunum sem tilgreindar eru í B-hluta V. viðauka.

2. Hafi athafnasvæðið áður verið tilkynnt fyrir afmarkaða notkun í 2. flokki eða hærri flokki og öll skilyrði fyrir leyfi þar að lútandi verið uppfyllt getur afmörkuð notkun í 2. flokki hafist strax í framhaldi af nýrri tilkynningu.

Umsækjandi getur þó farið fram á úrskurð frá lögbæra yfirvaldinu varðandi veitingu formlegs leyfis. Ákvörðunin skal tekin í síðasta lagi innan 45 daga frá tilkynningunni.

3. Hafi athafnasvæðið ekki verið tilkynnt áður fyrir afmarkaða notkun í 2. flokki eða hærri flokki getur afmörkuð notkun í 2. flokki hafist 45 dögum eftir að tilkynning skv. 1. mgr. er lögð fram, ef lögbær yfirvöld hafa ekki lýst sig andvíg henni, eða fyrr hafi lögbær yfirvöld veitt samþykki sitt.

9. gr.

1. Í fyrsta skipti og önnur skipti eftir það sem afmörkuð notkun í 3. eða 4. flokki fer fram á athafnasvæði, sem hefur verið tilkynnt í samræmi við 6. gr., skal senda inn tilkynningu með upplýsingunum sem tilgreindar eru í C-hluta V. viðauka.

2. Afmörkuð notkun í 3. flokki eða hærri flokki má ekki hefjast án fyrirframsamþykkis lögbærra yfirvalda, sem skulu tilkynna skriflega um ákvörðun sína:

a) eigi síðar en 45 dögum eftir að ný tilkynning hefur verið lögð fram, hafi athafnasvæðið áður verið tilkynnt fyrir afmarkaða notkun í 3. flokki eða hærri flokki og öll skilyrði fyrir leyfi þar að lútandi verið uppfyllt fyrir sama flokk eða hærri flokk en þann sem gildir fyrir afmörkuðu notkunina sem hefja á,

b) í öðrum tilvikum: eigi síðar en 90 dögum eftir að tilkynningin var lögð fram.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna það yfirvald eða þau yfirvöld sem eru til þess bær að framkvæma þær ráðstafanir sem þau samþykkja til beitingar á þessari tilskipun og til að veita viðtöku og kvitta fyrir tilkynningarnar sem um getur í 6., 8. og 9. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu ganga úr skugga um að tilkynningarnar samræmist kröfum þessarar tilskipunar, að upplýsingarnar séu nákvæmar og ítarlegar, að matið, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og flokkur afmarkaðrar notkunar séu rétt og, þar sem það á við, að afmörkunarráðstafanirnar og aðrar verndarráðstafanir, úrgangsstjórnun og neyðaráætlanir séu fullnægjandi.

3. Ef nauðsyn krefur er lögbærum yfirvöldum heimilt:

a) að fara fram á að notandinn veiti frekari upplýsingar eða breyti aðstæðum við fyrirhugaða, afmarkaða notkun eða breyti flokkun viðkomandi afmarkaðrar notkunar. Í slíkum tilvikum geta lögbær yfirvöld krafist þess að afmörkuð notkun, ef hún er fyrirhuguð, hefjist ekki eða, ef hún stendur yfir, að henni sé frestað eða hætt þar til lögbær yfirvöld hafa gefið samþykki sitt eftir að hafa fengið viðbótarupplýsingar eða eftir að aðstæðum við afmörkuðu notkunina hefur verið breytt,

b) að takmarka tímann, sem hin afmarkaða notkun skal leyfð, eða setja sérstök skilyrði fyrir henni.

4. Þegar frestirnir, sem um getur í 8. og 9. gr., eru reiknaðir út skal sá tími sem lögbær yfirvöld:

a) bíða eftir frekari upplýsingum, sem þau kunna að hafa krafið tilkynnanda um skv. a-lið 3. mgr., eða

b) leita álits hjá almenningi eða hafa samráð við hann í samræmi við 12. gr.,

ekki talinn með.

11. gr.

1. Ef notandinn fær nýjar upplýsingar, sem máli skipta, eða hann breytir afmarkaðri notkun á einhvern þann hátt sem haft getur veruleg áhrif á áhættuna sem henni fylgir skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum eins fljótt og auðið er og tilkynningunni skv. 6., 8. og 9. gr. skal breytt.

2. Ef lögbær yfirvöld fá síðar í hendur upplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á áhættuna sem fylgir afmörkuðu notkuninni er þeim heimilt að krefjast þess að notandinn breyti aðstæðum við afmörkuðu notkunina eða fresti eða hætti henni.

12. gr.

Aðildarríki er heimilt, ef ástæða er talin til, að kveða á um að samráð skuli haft við almenning um tiltekna þætti fyrirhuguðu, afmörkuðu notkunarinnar, með fyrirvara um 18. gr.

13. gr.

1. Áður en afmörkuð notkun hefst skulu lögbær yfirvöld sjá til þess:

a) að samin sé neyðaráætlun fyrir afmarkaða notkun ef misbrestur á afmörkunarráðstöfununum gæti þegar í stað eða síðar haft alvarlega hættu í för með sér fyrir fólk utan athafnasvæðisins og/eða fyrir umhverfið, nema slík neyðaráætlun hafi þegar verið samin samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins,

b) að þeir aðilar og yfirvöld, sem orðið gætu fyrir áhrifum vegna slyss, fái upplýsingar með viðeigandi hætti og óumbeðið um þessar neyðaráætlanir, að meðtöldum viðeigandi öryggisráðstöfunum. Upplýsingarnar skulu uppfærðar reglulega. Þær skulu einnig vera aðgengilegar almenningi.

2. Sem grundvöll að nauðsynlegu samráði innan ramma tvíhliða tengsla skulu hlutaðeigandi aðildarríki jafnframt veita öðrum aðildarríkjum sem hlut eiga að máli sömu upplýsingar og þau veita eigin ríkisborgurum.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að beri slys að höndum sé notandanum skylt að tilkynna lögbæru yfirvöldunum sem tilgreind eru í 10. gr. þegar í stað um það og veita eftirtaldar upplýsingar:

a) um aðstæður er slysið átti sér stað,

b) tegund og magn viðkomandi erfðabreyttra örvera,

c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilbrigði almennings og á umhverfið,

d) ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

2. Þegar upplýsingar eru veittar skv. 1. mgr. ber aðildarríkjunum að sjá til þess að:

a) gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir og að öll aðildarríki, sem slysið gæti haft áhrif á, séu vöruð við þegar í stað,

b) safnað sé, eftir því sem unnt er, upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til að greina slysið, og settar fram tillögur, eftir því sem við á, um varnir gegn svipuðum slysum eftirleiðis og til að draga úr áhrifum þeirra.

15. gr.

1. Aðildarríkjum er skylt að:

a) hafa samráð við önnur aðildarríki, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum ef slys ber að höndum, um fyrirhugaða framkvæmd neyðaráætlana,

b) upplýsa framkvæmdastjórnina, jafnskjótt og auðið er, um öll slys sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og greina frá aðstæðunum er slysið átti sér stað, tegund og magni viðkomandi erfðabreyttra örvera, gagnráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og hvernig þær hafa reynst og greiningu á slysinu ásamt ráðleggingum sem er ætlað að draga úr áhrifum þess og til að varast svipuð slys eftirleiðis.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin, koma á fót aðferð til upplýsingaskipta skv. 1. mgr. Hún skal einnig taka saman og halda skrá yfir slys, sem orðið hafa og falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, þ.á m. greiningu á orsökum slysanna, reynsluna af þeim og þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til að varast svipuð slys eftirleiðis, og veita aðildarríkjunum greiðan aðgang að skránni.

16. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld skipuleggi skoðanir og aðrar eftirlitsráðstafanir sem tryggja að notendur fari að þessari tilskipun.

17. gr.

1. Í lok hvers árs skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni yfirlitsskýrslu um alla afmarkaða notkun í 3. og 4. flokki, sem tilkynnt er um það ár skv. 9. gr., þ.m.t. lýsing á afmörkuðu notkuninni, tilganginum með henni og áhættunni sem fylgir henni.

2. Á þriggja ára fresti skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni yfirlitsskýrslu um reynslu þeirra af þessari tilskipun, í fyrsta skipti 5. júní 2003.

3. Á þriggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin gefa út útdrátt úr skýrslunum sem um getur í 2. mgr, í fyrsta skipti 5. júní 2004.

4. Framkvæmdastjórnin má birta tölfræðilegar upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar og tengd málefni, svo fremi þar sé ekki að finna neinar upplýsingar sem skaðað gætu samkeppnisstöðu tiltekins notanda.

18. gr.

1. Ef upplýsingarnar varða eitt eða fleiri af atriðunum sem um getur í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([1]) er tilkynnanda heimilt að taka fram með hvaða upplýsingar í tilkynningunum, sem lagðar eru fram samkvæmt þessari tilskipun, skuli farið sem trúnaðarmál. Tilgreina verður sannreynanleg rök í slíkum tilvikum.

Lögbær yfirvöld ákveða, að höfðu samráði við tilkynnandann, hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og ber þeim að tilkynna honum um ákvörðun sína.

2. Ekki er í neinu tilviki heimilt að fara með eftirtaldar upplýsingar sem trúnaðarmál þegar þær eru veittar skv. 6., 8. eða 9. gr.:

a) um almenna eiginleika erfðabreyttra örvera, nafn og póstfang tilkynnandans og staðinn þar sem notkunin fer fram,

b) um flokk afmörkuðu notkunarinnar og afmörkunarráðstafanirnar,

c) um matið á fyrirsjáanlegum áhrifum, einkum þeim sem kynnu að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

3. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum er óheimilt að ljóstra upp við þriðja aðila upplýsingum, sem farið skal með sem trúnaðarmál skv. 2. undirgrein 1. mgr. og sem tilkynnt hefur verið um eða greint frá á annan hátt samkvæmt þessari tilskipun, og þau skulu vernda hugverkarétt sem tengjast þeim gögnum sem þeim berast.

4. Ef tilkynnandi dregur tilkynningu sína til baka af einhverjum ástæðum ber lögbæra yfirvaldinu eftir sem áður að fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

19. gr.

Ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar og varða það að laga II., III., IV. og V. viðauka að tækniframförum og aðlögun C-hluta II. viðauka, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

20. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

21. gr.

Tilskipun 90/219/EBE, sem var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta VI. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta VI. viðauka.

Tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina teljast vera tilvísun í þessa tilskipun og skulu lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í VII. viðauka.

22. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

23. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 6. maí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	J. KOHOUT
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Aðferðir við erfðabreytingu, sem um getur í i. lið b-liðar 2. gr., eru meðal annars:

1. Aðferðir í tengslum við samskeyttar kjarnsýrur er felast í myndun nýrra samsetninga erfðaefnis með innskoti kjarnsýrusameinda, sem eru framleiddar með einhverjum aðferðum utan lífveru, inn í hvers kyns veiru, bakteríuplasmíð eða aðra genaferju sem er og innlimun þeirra í hýsillífveru sem hefur þær sameindir ekki í sér frá náttúrunnar hendi en þar sem fjölgun þeirra er möguleg.
2. Aðferðir, sem felast í því að koma fyrir í örverum erfanlegu efni, sem er tilreitt utan örverunnar, þ.m.t. innsetning með örrennipípu, innsetning með stórrennipípu og notkun örhylkis.
3. Aðferðir sem byggjast á frumusamruna eða kynblöndun þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfanlegs erfðaefnis eru myndaðar með samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem ekki eiga sér stað á náttúrulegan hátt.

B-HLUTI

Aðferðir, sem um getur í ii. lið b-liðar 2. gr. og teljast ekki valda erfðabreytingu, að því tilskildu að þær feli ekki í sér notkun á samskeyttum kjarnsýrusameindum eða erfðabreyttar örverur sem búnar eru til með annarri tækni/aðferðum en tækninni/aðferðunum sem eru undanskildar samkvæmt A-hluta II. viðauka:

1. glasafrjóvgun,
2. náttúruleg ferli, svo sem bakteríutenging, veiruleiðsla, ummyndun,
3. framköllun fjöllitnunar.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Tækni eða aðferðir við erfðabreytingu sem leiða til myndunar örvera sem tilskipunin tekur ekki til, að því tilskildu að ekki séu notaðar samskeyttar kjarnsýrusameindir eða aðrar erfðabreyttar örverur en þær sem eru framleiddar með einhverri eða einhverjum eftirtalinna aðferða eða einhverri af eftirfarandi tækni:

1. Framköllun stökkbreytinga.

2. Frumusamruni (þ.m.t. samruni vegglausra frumna) hjá tegundum dreifkjörnunga sem skiptast á erfðaefni í þekktum, lífeðlisfræðilegum ferlum.

3. Frumusamruni (þ.m.t. samruni vegglausra frumna) frumna allra tegunda heilkjörnunga, þ.m.t. framleiðsla frumublendinga og samruni plöntufrumna.

4. Sjálfklónun, sem felst í fjarlægingu kjarnsýruraða úr frumu tiltekinnar lífveru, annaðhvort með endurinnskoti sömu kjarnsýru (eða tilbúins ígildis hennar), í heild eða að hluta, eða án endurinnskots, með eða án undangenginni beitingu ensíma eða vélrænna aðferða, inn í frumur sömu tegundar eða inn í frumur tegunda, sem eru þróunarsögulega náskyldar og geta skipst á erfðaefni í náttúrulegum lífeðlisfræðilegum ferlum, þar sem ólíklegt er að örveran, sem verður þannig til, valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum.

   Sjálfklónun getur falið í sér notkun genskeyttra ferja sem víðtæk reynsla hefur sýnt að eru öruggar í notkun í þessum tilteknu örverum.

B-HLUTI

Viðmiðanir til að ákvarða öryggi erfðabreyttra örvera að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið

Í þessum viðauka er almenn lýsing á þeim viðmiðunum sem uppfylla skal þegar ákvarðað er hvort tilteknar erfðabreyttrar örverur séu öruggar að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið og hvort þær séu hæfar til að vera færðar á skrá í C-hluta. Tæknilegar leiðbeiningar má taka saman í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. til að auðvelda framkvæmd þessa viðauka og skýra hann.

1. **Inngangur**

Tilteknar, erfðabreyttar örverur, sem tilgreindar eru í C-hluta í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 20. gr., falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Erfðabreyttum örverum er bætt við í skrána í hverju tilviki fyrir sig og útilokun tengist eingöngu erfðabreyttri örveru sem hefur verið sanngreind á skýran hátt. Þessi útilokun gildir einungis þegar erfðabreytta örveran er notuð við skilyrði afmarkaðrar notkunar sem er skilgreind í c-lið 2. gr. Hún gildir ekki um sleppingu erfðabreyttra örvera af ásettu ráði. Til þess að erfðabreytt örvera sé tilgreind í C-hluta verður að sanna að hún uppfylli viðmiðanirnar sem fram koma hér á eftir.

2. **Almennar viðmiðanir**

2.1. Sannprófun/sannvottun á stofni

Staðfesta verður kenni stofnsins nákvæmlega. Erfðabreyting verður að vera þekkt og staðfest.

2.2. Skrifleg og staðfest sönnunargögn um öryggi

Leggja verður fram skrifleg sönnunargögn um öryggi örverunnar.

2.3. Erfðafræðilegur stöðugleiki

Þar eð óstöðugleiki gæti haft skaðleg áhrif á öryggi er krafist sönnunargagna um stöðugleika.

3. **Sérstakar viðmiðanir**

3.1. Sjúkdómsvaldandi eiginleikar

Erfðabreytta örveran skal ekki geta orsakað sjúkdóma í heilbrigðum mönnum, plöntum eða dýrum eða valdið þeim skaða. Þar eð smithæfni felur í sér bæði eitrunargetu og ofnæmisvirkni skal erfðabreytta örveran vera:

3.1.1. Án eiturmyndandi eiginleika

Afleiðing erfðabreytingarinnar skal hvorki vera sú að eitrunargeta erfðabreyttu örverunnar aukist né að hún verði þekkt fyrir þá eiginleika sína að valda eitrun.

3.1.2. Ofnæmisvaldandi eiginleikar

Afleiðing erfðabreytingarinnar skal hvorki vera sú að erfðabreytta örveran valdi aukinni ofnæmisvirkni né að hún verði þekkt sem ofnæmisvaldur, t.d. með ofnæmisvirkni sem er sambærileg ofnæmisvirkni örveranna sem tilgreindar eru í tilskipun 2000/54/EB.

3.2. Skaðlegir, utanaðkomandi áhrifavaldar

Erfðabreytta örveran skal ekki hafa til að bera þekkta skaðlega, utanaðkomandi áhrifavalda, s.s. aðrar örverur, virkar eða í dvala, sem eru með eða í erfðabreyttu örverunni og sem gætu skaðað heilbrigði manna eða umhverfið.

3.3. Yfirfærsla á erfðaefni

Breytta erfðaefnið skal hvorki valda skaða ef það er yfirfært né breiða sig út sjálft eða geta yfirfærst hlutfallslega oftar en önnur gen arfþegans eða örveruarfgjafans.

3.4. Öryggi fyrir umhverfið ef um verulega og óviljandi losun er að ræða

Erfðabreyttar örverur mega ekki valda skaðlegum áhrifum á umhverfið þegar í stað eða síðar ef óhapp, sem felur í sér verulega og óviljandi losun, á sér stað.

Ekki er heimilt að færa erfðabreyttar örverur, sem uppfylla ekki framangreindar viðmiðanir, á skrá í C-hluta.

C-HLUTI

Tegundir erfðabreyttra örvera sem uppfylla viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta:

… (þessum hluta skal ljúka í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 20. gr.)

III. VIÐAUKI

Meginreglur sem fylgja skal við matið sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

Þessi viðauki inniheldur almenna lýsingu á þeim þáttum sem huga þarf að og þeirri málsmeðferð sem fylgja þarf við matið sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Tæknilegar leiðbeiningar ([1]) má taka saman í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. til að auðvelda framkvæmd þessa viðauka og skýra hann, einkum að því er varðar B-hluta.

A. **Matsþættir**

1. Eftirfarandi telst hugsanlega geta haft skaðleg áhrif:

   — sjúkdómar í mönnum, þ.m.t. ofnæmisvaldandi áhrif eða eiturhrif,

   — sjúkdómar í dýrum eða plöntum,

   — skaðleg áhrif sem orsakast af því að ekki er hægt að lækna tiltekinn sjúkdóm eða veita árangursríka sjúkdómsvörn,

   — skaðleg áhrif vegna bólfestu eða dreifingar í umhverfinu,

   — skaðleg áhrif vegna náttúrulegrar færslu innskotins erfðaefnis yfir í aðrar lífverur.

2. Matið, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., skal byggjast á eftirfarandi:

   a) greiningu á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum, einkum þeim sem tengjast:

      i. örveruarfþeganum,

      ii. innskotna erfðaefninu (frá arfgjafanum),

      iii. genaferjunni,

      iv. örveruarfgjafanum (svo fremi örveruarfgjafi sé notaður í starfseminni),

      v. erfðabreyttu örverunni sem verður til,

   b) einkennum virkninnar,

   c) alvarleika áhrifanna sem eru hugsanlega skaðleg,

   d) líkunum á því að áhrifin, sem hugsanlega eru skaðleg, komi fram.

B. **Aðferð**

3. Fyrsta stigið í matsferlinu ætti að vera að tilgreina skaðlega eiginleika arfþegans og, eftir því sem við á, örveruarfgjafans, auk hvers kyns skaðlegra eiginleika, sem tengjast genaferjunni eða innskotnu efni, þ.m.t. hvers kyns breytingar á þeim eiginleikum arfþegans sem fyrir eru.

4. Almennt eru það aðeins erfðabreyttar örverur sem búa yfir eftirfarandi eiginleikum sem teljast hæfar til færslu í 1. flokk sem er skilgreindur í 3. mgr. 4. gr.:

   i. ólíklegt er að örveruarfþeginn eða örveruarfgjafinn valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum ([2]),

   ii. eðli genaferjunnar og innskotsins er slíkt að þau gæða ekki erfðabreyttu örveruna svipfari sem líklegt er að valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum ([2]) eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið,

   iii. ólíklegt er að erfðabreytta örveran valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum ([2]) eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið.

([1]) Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/608/EB frá 27. september 2000 um athugasemdir til leiðbeiningar við áhættumat sem lýst er í III. viðauka við tilskipun 90/219/EBE um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtíð. EB 258, 12.10.2000, bls. 43).

([2]) Þetta gildir einungis um dýr og plöntur í umhverfinu sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.

5. Til að fá nauðsynlegar upplýsingar til að koma þessu ferli í framkvæmd skal notandinn fyrst taka tillit til viðeigandi löggjafar Bandalagsins (einkum tilskipunar 2000/54/EB). Einnig koma til greina alþjóðleg eða landsbundin flokkunarkerfi (t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eða lýðheilsustofnana í hverju landi um sig) og endurskoðaðar útgáfur þeirra sem byggjast á vísindalegum nýjungum og tækniframförum.

   Þessi kerfi varða náttúrulegar örverur og eru yfirleitt grundvölluð á getu örvera til að valda sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum og á því hversu alvarlegur sjúkdómurinn er sem líklegt er að þær valdi og hve mikil smithættan er af honum. Í tilskipun 2000/54/EB eru örverur flokkaðar, sem líffræðilegir áhrifavaldar, í fjóra áhættuflokka á grundvelli hugsanlegra áhrifa á heilbrigðan, fullorðinn mann. Þessa áhættuflokka má nota til leiðbeiningar við skiptingu starfsemi, er varðar afmarkaða notkun, í þá fjóra áhættuflokka sem um getur í 3. mgr. 4. gr. Notandinn getur einnig tekið mið af flokkunarkerfum (sem venjulega er komið á fót á landsgrundvelli) sem vísa til sjúkdómsvalda í plöntum og dýrum. Framangreind flokkunarkerfi gefa aðeins bráðabirgðavísbendingu um áhættuflokkinn fyrir viðkomandi starfsemi og samsvarandi afmörkunar- og varnarráðstafanir.

6. Ferlið, þar sem hættan er tilgreind og sem fer fram í samræmi við 3. til 5. lið, ætti að leiða til skilgreiningar á því áhættustigi sem tengist erfðabreyttu örverunum.

7. Þá ber að velja afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir á grundvelli þess áhættustigs sem tengist erfðabreyttu örverunum og taka tillit til:

   i. eiginleika umhverfisins, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum (t.d. hvort í umhverfinu, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum frá erfðabreyttu örverunum, sé þekkt lífríki sem geti orðið fyrir skaðlegum áhrifum frá örverunum sem eru notaðar í viðkomandi starfsemi sem felur í sér afmarkaða notkun),

   ii. einkenna starfseminnar (t.d. umfangs hennar og eðlis),

   iii. hvers kyns óstaðlaðra aðgerða (t.d. bólusetningar dýra með erfðabreyttum örverum eða notkunar búnaðar sem líklegt er að myndi úðaefni).

   Ef tekið er mið af i. til iii. lið getur hættustigið, sem tengist erfðabreyttu örverunni og sem er tilgreint skv. 6. lið, hækkað, lækkað eða staðið óbreytt.

8. Þegar greining hefur farið fram samkvæmt framangreindri lýsingu er starfsemin að lokum sett í einn af flokkunum sem lýst er í 3. mgr. 4. gr.

9. Staðfesta ber endanlega flokkun afmarkaðrar notkunar með því að yfirfara matið, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., þegar því er lokið.

IV. VIÐAUKI

AFMÖRKUNARRÁÐSTAFANIR OG AÐRAR VERNDARRÁÐSTAFANIR

Almennar meginreglur

1. Í þessum töflum eru tilgreindar venjulegar lágmarkskröfur og nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hvert afmörkunarstig.

   Afmörkun er einnig tryggð með góðum starfsvenjum, þjálfun, búnaði til afmörkunar og sérstakri hönnun starfsstöðva. Fyrir alla starfsemi með erfðabreyttar örverur gilda reglur um góðar starfsvenjur í örverufræði og eftirfarandi meginreglur um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum:

   i. takmarka skal váhrif erfðabreyttra örvera á vinnustað og í umhverfinu eins og kostur er,

   ii. beita skal tæknilegum eftirlitsráðstöfunum við upptökin og leggja til að auki viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf,

   iii. nægilegar prófanir skulu fara fram og tæknilegum eftirlitsráðstöfunum skal haldið uppi og búnaði skal haldið vel við,

   iv. kanna skal eftir þörfum hvort lífvænlegar lífverur úr ferlinu finnast utan þess afmörkunarsvæðis sem var raunverulega afmarkað í fyrstu,

   v. starfsfólki skal séð fyrir viðeigandi þjálfun,

   vi. stofna skal nefndir eða undirnefndir um líffræðilegt öryggi, ef nauðsyn krefur,

   vii. móta skal staðbundnar starfsvenjur og fylgja þeim eftir til að tryggja öryggi starfsmanna eftir því sem þörf krefur,

   viii. skiltum, sem vara við hættu af líffræðilegum toga, skal komið fyrir eftir því sem við á,

   ix. starfsfólk skal hafa aðgang að þvotta- og afmengunaraðstöðu,

   x. halda skal fullnægjandi skrár,

   xi. banna skal neyslu matar og drykkjar, reykingar, notkun snyrtivara og geymslu matvæla á vinnusvæðinu,

   xii. banna skal að sjúga með munni upp í pípettu,

   xiii. til að tryggja öryggi skal leggja fram skriflegar, staðlaðar verklagsreglur, eftir því sem við á,

   xiv. hafa skal tiltæk árangursrík sótthreinsiefni og tilteknar sótthreinsunaraðferðir sem beita skal ef erfðabreyttar örverur sleppa út,

   xv. hafa skal örugga geymslu fyrir mengaðan rannsóknarbúnað og -efni, eftir því sem við á.

2. Fyrirsagnir taflnanna eru leiðbeinandi:

   Í töflu I A eru tilgreindar lágmarkskröfur um starfsemi á rannsóknarstofum.

   Í töflu I B eru viðbætur við töflu I A og breytingar á henni fyrir starfsemi sem felur í sér notkun erfðabreyttra örvera í gróðurhúsum og gróðurklefum.

   Í töflu I C eru viðbætur við töflu I A og breytingar á henni fyrir starfsemi með dýr í tengslum við erfðabreyttar örverur.

   Í töflu II eru tilgreindar lágmarkskröfur um aðra starfsemi en starfsemi á rannsóknarstofum.

   Í sumum sértilvikum gæti reynst nauðsynlegt að beita samsetningu ráðstafana á sama stigi úr töflu I A og töflu II.

Í sumum tilvikum geta notendur, í samkomulagi við lögbært yfirvald, sleppt því að beita forskrift frá sérstöku afmörkunarstigi eða sameinað forskriftir frá tveimur mismunandi stigum.

Í þessum töflum merkir „valfrjáls“ að notandi geti beitt þessum ráðstöfunum í hverju einstöku tilviki, með fyrirvara um matið sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

3. Við framkvæmd þessa viðauka er aðildarríkjunum auk þess heimilt að fella almennu meginreglurnar í 1. og 2. lið inn í eftirfarandi töflur til að gera kröfurnar skýrari.

Tafla I A

Afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir vegna starfsemi á rannsóknarstofum

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
1	Rannsóknarstofusvæði: einangrun ([1])	Nei	Nei	Já	Já
2	Rannsóknarstofa: lokanleg fyrir svælingu	Nei	Nei	Já	Já
Búnaður					
3	Yfirborðsfletir skulu vera þolnir gagnvart vatni, sýrum, bösum, leysum, sótthreinsandi efnum og afmengandi efnum og auðveldir í þrifum	Já (borð)	Já (borð)	Já (borð, gólf)	Já (borð, gólf, loft, veggir)
4	Aðgangur að rannsóknarstofu um slúsu ([2])	Nei	Nei	Valkvætt	Já
5	Undirþrýstingur miðað við þrýsting í næsta umhverfi	Nei	Nei	Já, nema fyrir ([3])	Já
6	Úttaks- og inntaksloft á rannsóknarstofunni skal vera síað með bakteríu- og veiruþéttri loftsíu (HEPA-síað)([4])	Nei	Nei	Já, (HEPA-síun – úttaksloft, nema fyrir ([3]))	Já, (HEPA-síun – inntaks- og úttaksloft ([5]))
7	Örverufræðilegt öryggisrými	Nei	Valkvætt	Já	Já
8	Gufusæfir	Á staðnum	Í byggingunni	Á rannsóknar-stofusvæðinu ([6])	Á rannsóknar-stofunni = með tvíhliða opnun
Vinnukerfi					
9	Svæði með takmörkuðum aðgangi	Nei	Já	Já	Já
10	Skilti á hurð sem varar við líffræðilegri hættu	Nei	Já	Já	Já
11	Sértækar ráðstafanir til varnar gegn myndun og dreifingu úðaefna	Nei	Já, þeim skal haldið í lágmarki	Já, komið skal í veg fyrir þau	Já, komið skal í veg fyrir þau
13	Sturta	Nei	Nei	Valkvætt	Já
14	Hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður og (valkvætt) skófatnaður	Skipt skal um föt yst sem innst og skó fyrir inn- og útgöngu

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
15	Hanskar	Nei	Valkvætt	Já	Já
18	Skilvirkar smitberavarnir (t.d. gegn nagdýrum og skordýrum)	Valkvætt	Já	Já	Já
Úrgangur					
19	Erfðabreyttar örverur í frárennsli frá handlaugum eða niðurföllum og sturtum og svipuðu frárennsli skulu gerðar óvirkar	Nei	Nei	Valkvætt	Já
20	Erfðabreyttar örverur í menguðu efni og úrgangi skulu gerðar óvirkar	Valkvætt	Já	Já	Já
Aðrar ráðstafanir					
21	Rannsóknarstofan skal hafa sinn eigin búnað	Nei	Nei	Valkvætt	Já
23	Hafa skal skoðunarglugga eða nota aðrar aðferðir til að unnt sé að sjá þá sem eru á svæðinu	Valkvætt	Valkvætt	Valkvætt	Já

([1]) Einangrun = rannsóknarstofan er aðskilin frá öðrum svæðum í sömu byggingu eða er í sérbyggingu.

([2]) Slúsa = aðgangur skal vera um slúsu, sem er klefi sem er einangraður frá rannsóknarstofunni. Hreina hlið slúsunnar skal vera aðskilin frá hliðinni, sem aðgangur er takmarkaður um, með fataskipta- eða sturtuaðstöðu og helst með samtengdum og millilæstum dyrum.

([3]) Starfsemi þar sem smit berst ekki í lofti.

([4]) HEPA = High efficiency particulate air.

([5]) Ef notaðar eru veirur sem HEPA-síur halda ekki eftir kann að vera nauðsynlegt að setja frekari kröfur um úttaksloft.

([6]) Með fullgiltum aðferðum, sem gera það kleift að flytja efni á öruggan hátt yfir í gufusæfi utan rannsóknarstofunnar, og sem veita sambærilega vernd.

Tafla I B

Afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir fyrir gróðurhús og gróðurklefa

Orðin „gróðurhús“ og „gróðurklefi“ vísa til mannvirkis, með veggjum, þaki og gólfi, sem er hannað og notað fyrst og fremst til að rækta plöntur í stýrðu og vernduðu umhverfi.

Öll ákvæði í töflu I A gilda með eftirfarandi viðbótum/breytingum:

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
Bygging					
1	Gróðurhús: varanlegt mannvirki ([7])	Nei	Já	Já	Já
Búnaður					
3	Aðgangur um aðskilið herbergi með tveimur samtengdum og millilæstum dyrum	Nei	Valkvætt	Valkvætt	Já
4	Eftirlit með menguðu frárennslisvatni	Valkvætt	Lágmarka skal ([8]) frárennsli	Komið skal í veg fyrir frárennsli	Komið skal í veg fyrir frárennsli

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
Vinnukerfi					
6	Ráðstafanir gegn óæskilegum dýrategundum, svo sem skordýrum, nagdýrum og liðdýrum	Já	Já	Já	Já
7	Aðferðir við flutning lifandi efnis milli gróðurhúss eða gróðurklefa, hlífðarvirkis og rannsóknarstofu skulu hindra útbreiðslu erfðabreyttra örvera	Lágmarka skal útbreiðslu	Lágmarka skal útbreiðslu	Hindra skal útbreiðslu	Hindra skal útbreiðslu

([1]) Gróðurhúsið skal vera varanlegt mannvirki með samfelldri, vatnsþéttri þekju, staðsett í halla til að koma í veg fyrir að yfirborðsvatn renni inn og með læsanlegum dyrum með sjálfvirkri lokun.
([2]) Ef smit getur borist um jörðu.

Tafla I C

Afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir vegna starfsemi í dýraeiningum

Öll ákvæði í töflu I A gilda með eftirfarandi viðbótum/breytingum:

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
Rými					
1	Einangrun dýraeiningar ([1])	Valkvætt	Já	Já	Já
2	Rými fyrir dýr ([2]), aðskilin með læsanlegum dyrum	Valkvætt	Já	Já	Já
3	Rými fyrir dýr, hönnuð til að auðvelda afmengun (vatnsþétt og auðþrífanleg efni (búr o.s.frv.))	Valkvætt	Valkvætt	Já	Já
4	Gólf og/eða veggir sem er auðvelt að þvo	Valkvætt	Já (gólf)	Já (gólf og veggir)	Já (gólf og veggir)
5	Dýr sem eru haldin í viðeigandi, afmörkuðum rýmum, svo sem í búrum, á básum eða í geymum	Valkvætt	Valkvætt	Valkvætt	Valkvætt
6	Síur á einangrurum eða einangruðum rýmum ([11])	Nei	Valkvætt	Já	Já

([1]) Dýraeining: bygging eða aðskilið svæði í byggingu með aðstöðu og öðrum svæðum, s.s. skiptiklefum, sturtum, gufusæfum, fóðurgeymslum o.s.frv.
([2]) Rými fyrir dýr: aðstaða sem er venjulega notuð til að hýsa dýr til æxlunar, kynbóta eða tilrauna eða til að framkvæma minni háttar skurðaðgerðir.
([3]) Einangrunarkassar: gagnsæir kassar þar sem litlum dýrum er haldið afmörkuðum í búri eða utan búrs; einangruð rými gætu hentað betur fyrir stór dýr.

Tafla II

Afmörkunarráðstafanir og aðrar verndarráðstafanir vegna annarrar starfsemi

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
Almennt					
1	Lífvænlegar örverur skulu afmarkaðar í kerfi sem skilur ferlið frá umhverfinu (lokað kerfi)	Valkvætt	Já	Já	Já
2	Eftirlit með útblásturslofti frá lokaða kerfinu	Nei	Já, lágmarka skal losun	Já, hindra skal losun	Já, hindra skal losun
3	Eftirlit með úðaefnum við sýnatöku, viðbót efna í lokaða kerfið eða færsla efna yfir í annað lokað kerfi	Valkvætt	Já, lágmarka skal losun	Já, hindra skal losun	Já, hindra skal losun
4	Ræktunarvökvar í miklu magni gerðir óvirkir áður en þeir eru fjarlægðir úr lokaða kerfinu	Valkvætt	Já, með fullgiltum aðferðum	Já, með fullgiltum aðferðum	Já, með fullgiltum aðferðum
5	Þéttibúnaður skal vera þannig að losun sé í lágmarki eða hann komi í veg fyrir hana	Engar sérkröfur	Lágmarka skal losun	Hindra skal losun	Hindra skal losun
6	Eftirlitssvæðið skal hannað þannig að það geti tekið við öllu innihaldi lokaða kerfisins fari það allt til spillis	Valkvætt	Valkvætt	Já	Já
7	Unnt á að vera að gera eftirlitssvæðið þétt svo að koma megi við svælingu	Nei	Valkvætt	Valkvætt	Já
Búnaður					
8	Aðgangur um slúsu	Nei	Nei	Valkvætt	Já
9	Yfirborðsfletir skulu vera þolnir gagnvart vatni, sýrum, bösum, leysum, sótthreinsandi efnum og afmengandi efnum og auðveldir í þrifum	Já (borð, ef um það er að ræða)	Já (borð, ef um það er að ræða)	Já (borð, ef um það er að ræða, gólf)	Já (borð, gólf, loft, veggir)
10	Sértækar ráðstafanir til viðunandi loftræstingar á eftirlitssvæðinu svo að loftmengun verði í lágmarki	Valkvætt	Valkvætt	Valkvætt	Já
11	Loftþrýstingur á eftirlitssvæðinu skal vera lægri en þrýstingur andrúmsloftsins utan þess	Nei	Nei	Valkvætt	Já

Forskriftir		Afmörkunarstig			
		1	2	3	4
12	Úttaks- og inntaksloft á eftirlitssvæðinu skal vera síað með bakteríu- og veiruþéttri loftsíu (HEPA-síu)	Nei	Nei	Já (úttaksloft, valkvætt fyrir inntaksloft)	Já (inntaksloft og úttaksloft)
Vinnukerfi					
13	Lokuð kerfi skulu vera innan eftirlitssvæðis	Nei	Valkvætt	Já	Já
14	Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga	Nei	Já	Já	Já
15	Skilti sem vara við líffræðilegri hættu	Nei	Já	Já	Já
17	Starfsfólk skal fara í sturtu áður en það yfirgefur eftirlitssvæðið	Nei	Nei	Valkvætt	Já
18	Starfsfólk skal klæðast hlífðarfatnaði	Já (vinnuföt)	Já (vinnuföt)	Já	Alger fataskipti fyrir inn- og útgöngu
Úrgangur					
22	Erfðabreyttar örverur í frárennsli frá handlaugum og sturtum eða svipuðu frárennsli skulu gerðar óvirkar	Nei	Nei	Valkvætt	Já
23	Erfðabreyttar örverur í menguðu efni og úrgangi, þ.m.t. í frárennsli frá ferlinu, skulu gerðar óvirkar fyrir lokatæmingu	Valkvætt	Já, með fullgiltum aðferðum	Já, með fullgiltum aðferðum	Já, með fullgiltum aðferðum

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningunni sem um getur í 6., 8. og 9. gr.

A-HLUTI

Upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningunni sem um getur í 6. gr.:

— nafn notanda eða notenda, þ.m.t. þeir sem bera ábyrgð á eftirliti og öryggi,

— upplýsingar um þjálfun og menntun og hæfi þeirra sem bera ábyrgð á eftirliti og öryggi,

— upplýsingar um nefndir eða undirnefndir á sviði líffræði,

— heimilisfang og almenn lýsing á athafnasvæðinu,

— lýsing á eðli þeirrar starfsemi sem fara á fram,

— flokkur afmörkuðu notkunarinnar,

— aðeins fyrir afmarkaða notkun í 1. flokki, útdráttur úr matinu, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., og upplýsingar um úrgangsstjórnun.

B-HLUTI

Upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningunni sem um getur í 8. gr.:

— dagurinn sem tilkynningin sem um getur í 6. gr. er lögð fram,

— nöfn þeirra sem bera ábyrgð á eftirliti og öryggi og upplýsingar um þjálfun þeirra og menntun og hæfi,

— arfþeginn, arfgjafinn og/eða móðurörveran eða -örverurnar sem notaðar eru eða, þar sem við á, hýsil-genaferjukerfið eða -kerfin sem eru notuð,

— uppruni og tilætlað eða tilætluð hlutverk þess erfðaefnis sem notað er til breytingarinnar eða breytinganna,

— auðkenni og eiginleikar viðkomandi erfðabreyttra örvera,

— tilgangurinn með afmörkuðu notkuninni, þ.m.t. væntur árangur af henni,

— áætlað rúmmál ræktar sem ætlunin er að nota,

— lýsing á afmörkunarráðstöfunum og öðrum verndarráðstöfunum sem beita á, þ.m.t. upplýsingar um úrgangsstjórnun, þ.m.t. um úrganginn sem myndast, meðhöndlun hans og endanlegt form og lokaviðtökustað,

— útdráttur úr matinu sem um getur í 2. mgr. 4. gr.,

— þær upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið þarf til að meta hvers kyns neyðaráætlanir, ef þeirra er krafist skv. 1. mgr. 13. gr.

C-HLUTI

Upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningunni sem um getur í 9. gr.:

a) — dagurinn sem tilkynningin, sem um getur í 6. gr., er lögð fram,

— nöfn þeirra sem bera ábyrgð á eftirliti og öryggi og upplýsingar um þjálfun þeirra og menntun og hæfi,

b) — örveruarfþeginn eða -þegarnir eða örveruarfgjafinn eða -gjafarnir sem nota á,

— hýsil-genaferjukerfið eða -kerfin sem nota á (eftir því sem við á),

— uppruni og áætlað hlutverk erfðaefnis eða -efna sem notuð eru til breytingarinnar eða breytinganna,

— auðkenni og einkenni viðkomandi erfðabreyttra örvera,

— rúmmál ræktar sem ætlunin er að nota,

c) — lýsing á afmörkunarráðstöfunum og öðrum verndarráðstöfunum sem beita á, þ.m.t. upplýsingar um úrgangsstjórnun, þ.m.t. tegund og form úrgangsins sem myndast, meðhöndlun hans og endanlegt form og lokaviðtökustað,

— tilgangurinn með afmörkuðu notkuninni, þ.m.t. væntur árangur af henni,

— lýsing á einstökum hlutum starfsstöðvarinnar,

d) upplýsingar um slysavarnir og neyðaráætlanir, ef um þær er að ræða:

— hvers kyns sértækar hættur sem staðsetning starfsstöðvarinnar hefur í för með sér,

— forvarnarráðstafanir, sem notaðar eru, s.s. öryggisbúnaður, viðvörunarkerfi og afmörkunaraðferðir,

— þær aðferðir og áætlanir, sem eru notaðar til að sannprófa viðvarandi skilvirkni afmörkunarráðstafananna,

— lýsing á þeim upplýsingum sem starfsfólk fær í hendur,

— þær upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið þarf til að meta hvers kyns neyðaráætlanir, ef þeirra er krafist skv. 1. mgr. 13. gr.,

e) afrit af matinu sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 21. gr.)

Tilskipun ráðsins 90/219/EBE (Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/51/EB
(Stjtíð. EB L 297, 18.11.1994, bls. 29)

Tilskipun ráðsins 98/81/EB
(Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 13)

Ákvörðun ráðsins 2001/204/EB
(Stjtíð. EB L 73, 15.3.2001, bls. 32)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 Einungis 19. liður III. viðauka
(Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

B-HLUTI

Frestur til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 21. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
90/219/EBE	23. október 1991
94/51/EB	30. apríl 1995
98/81/EB	5. júní 2000

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 90/219/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
Inngangsorð 3. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður 3. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
Annar undirliður 3. gr.	b-liður 1. mgr. 3. gr.
Fyrsta málsgrein 4. gr.	2. mgr. 3. gr.
Önnur málsgrein 4. gr.	3. mgr. 3. gr.
5. gr.	4. gr.
6. gr.	5. gr.
7. gr.	6. gr.
8. gr.	7. gr.
9. gr.	8. gr.
10. gr.	9. gr.
1., 2. og 3. mgr. 11. gr.	1., 2. og 3. mgr. 10. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 11. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 10. gr.
Fyrsti undirliður 4. mgr. 11. gr.	a-liður 4. mgr. 10. gr.
Annar undirliður 4. mgr. 11. gr.	b-liður 4. mgr. 10. gr.
Fyrsta málsgrein 12. gr.	1. mgr. 11. gr.
Önnur málsgrein 12. gr.	2. mgr. 11. gr.
13. gr.	12. gr.
Fyrsta málsgrein 14. gr.	1. mgr. 13. gr.
Önnur málsgrein 14. gr.	2. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 15. gr.	a-liður 1. mgr. 14. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 15. gr.	b-liður 1. mgr. 14. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 15. gr.	c-liður 1. mgr. 14. gr.
Fjórði undirliður 1. mgr. 15. gr.	d-liður 1. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 14. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 15. gr.	a-liður 2. mgr. 14. gr.
Annar undirliður 2. mgr. 15. gr.	b-liður 2. mgr. 14. gr.
16. gr.	15. gr.
17. gr.	16. gr.
18. gr.	17. gr.
1. mgr. 19. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 18. gr.
2. mgr. 19. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 18. gr.
Inngangsorð 3. mgr. 19. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 18. gr.
Fyrsti undirliður 3. mgr. 19. gr.	a-liður 2. mgr. 18. gr.
Annar undirliður 3. mgr. 19. gr.	b-liður 2. mgr. 18. gr.
Þriðji undirliður 3. mgr. 19. gr.	c-liður 2. mgr. 18. gr.
4. mgr. 19. gr.	3. mgr. 18. gr.
5. mgr. 19. gr.	4. mgr. 18. gr.
20. gr.	19. gr.

Tilskipun 90/219/EBE	Þessi tilskipun
20. gr. a	—
1. mgr. 21. gr.	1. mgr. 20. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 21. gr.	2. mgr. 20. gr. og fyrsta undirgrein 3. mgr. 20. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 21. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 20. gr.
3. mgr. 21. gr.	—
22. gr.	—
—	21. gr.
—	22. gr.
23. gr.	23. gr.
I.–V. viðauki	I.–V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1033/2010 2012/EES/12/41

frá 15. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1505/2006 að því er varðar árlegar skýrslur aðildarríkjanna um niðurstöður úr eftirlitinu sem fram fór í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ([1]), einkum fyrstu undirgrein og a-lið annarar undirgreinar 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006 frá 11. október 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar lágmarkseftirlit sem skal fara fram í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita ([2]) er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá um eftirlit til að ganga úr skugga um að umsjónarmenn fari að kröfunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 21/2004.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1505/2006 er að auki kveðið á um að aðildarríkin skuli leggja fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í viðaukanum við reglugerðina, árlega skýrslu um niðurstöður eftirlits sem fram fór á næstliðnu árlegu skoðunartímabili.

3) Söfnun gagna á meðan á skýrslugjafarferlinu stendur skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að. Til að skýrslugjöfin verði markvissari og henti til fyrirhugaðrar notkunar skal einfalda tilteknar kröfur ásamt fyrirmynd að skýrslu, sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1505/2006, svo að auðveldara sé að veita viðeigandi upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins og forðast óþarfa stjórnsýsluálag.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1505/2006 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1505/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 7. gr. komi eftirfarandi:

„b) fjölda bújarða sem eftirlit hefur verið haft með,“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 16.11.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

([2]) Stjtíð. ESB L 280, 12.10.2006, bls. 3.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1505/2006 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Skýrsla um niðurstöður eftirlits með sauðfé og geitum að því er varðar kröfur um auðkenningu og skráningu umræddra dýra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 21/2004

1. Almennar upplýsingar um bújarðir, dýr og eftirlit

Heildarfjöldi bújarða í aðildarríkinu í upphafi ársins sem skýrslutímabilið nær til([1])	
Heildarfjöldi bújarða sem eftirlit var haft með á árinu sem skýrslutímabilið nær til	
Heildarfjöldi dýra sem skráð voru í aðildarríkinu í upphafi ársins sem skýrslutímabilið nær til ([1])	
Heildarfjöldi dýra sem eftirlit var haft með á bújörðum á skýrslutímabilinu ([1])	

([1]) Eða önnur tilvísunargögn í hverju aðildarríki fyrir sig varðandi tölfræðilegar upplýsingar um dýr

2. Tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum

Fjöldi bújarða sem um er að ræða þar sem ekki er farið að ákvæðum	

3. Viðurlög sem hefur verið beitt

Fjöldi bújarða þar sem viðurlögum hefur verið beitt“	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 310/2011 2012/EES/12/42

frá 28. mars 2011

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb, brómóprópýlat, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, fómesafen, metabensþíasúrón, metíðaþíón, símasín, tetradífón og tríforín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi :

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb, brómóprópýlat, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, metíðaþíón, símasín og tríforín.Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fómesafen, metabensþíasúrón og tetradífón.

2) Í ákvörðun ráðsins 2003/199/EB ([2]) er kveðið á um að aldíkarb verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2002 ([4]) er kveðið á um að brómóprópýlat, klórfenvinfos, EPTC, eþíón, fómesafen, tetradífón og tríforín verði ekki fært á skrá og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007.Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/864/EB ([5]) er kveðið á um að endósúlfan verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/140/EB ([6]) er kveðið á um að fenþíón verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/302/EB ([7]) er kveðið á um að metabensþíasúrón verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2009Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/129/EB ([8]) er kveðið á um að metíðaþíón verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/247/EB ([9]) er kveðið á um að símasín verði ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og tilteknum aðildarríkjum var heimilað að veita umþóttunartíma til og með 31. desember 2007.

3) Þar sem þessi umþóttunartími er útrunninn þykir rétt að lækka hámarksgildi leifa fyrir þessi efni í viðeigandi greiningarmörk.Þetta gildir ekki um CXL-hámarksgildi, sem grundvallast á notkun í þriðju löndum, að því tilskildu að þessi CXL-hámarksgildi séu viðunandi með tilliti til öryggis neytenda.Þetta gildir ekki heldur um tilvik þar sem hámarksgildi leifa hafa verið fastsett sérstaklega sem innflutningsvikmörk.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 1.4.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 76, 22.3.2003, bls. 21.
([4]) Stjtíð. EB L 319, 23.11.2002, bls. 3.
([5]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2005, bls. 25.
([6]) Stjtíð. ESB L 46, 17.2.2004, bls. 32.
([7]) Stjtíð. ESB L 112, 26.4.2006, bls. 15.
([8]) Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2004, bls. 27.
([9]) Stjtíð. ESB L 78, 16.3.2004, bls. 50.

4) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, að gefa álit sitt, byggt á notkun í þriðju löndum, á CXL-hámarksgildum fyrir brómóprópýlat, metíðaþíón og tríforín og að rannsaka einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr.Matvælaöryggisstofnunin gaf rökstudd álit um þessi efni og sendi álitin til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

5) Í áliti sínu varðandi brómóprópýlat frá 31. maí 2010 ([1]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gildandi CXL-hámarksgildi fyrir sítrusávexti, kjarnaávexti og þrúgur geti ekki talist viðunandi að því er varðar váhrif sem neytendur verða fyrir.Því skal lækka núverandi hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir niður í viðeigandi greiningarmörk.

6) Í áliti sínu varðandi metíðaþíón frá 31. maí 2010 ([2]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þau gögn, sem eru tiltæk, styðji ekki gildandi hámarksgildi leifa í sítrusávöxtum, kirsuberjum, ferskjum, plómum, ólífum, lauk, tómötum, gúrkum, höfuðkáli, þurrkuðum ertum, repjufræjum, sólblómafræjum, maís, te, kjarnaávöxtum og ananas.Hins vegar lagði Matvælaöryggisstofnunin til ný hámarksgildi leifa, að því er varðar kjarnaávexti og ananas, á grundvelli tiltækra gagna.Að því er varðar ertur með fræbelg og humla komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gildandi hámarksgildi leifa séu úrelt og ekki lengur nauðsynleg í alþjóðaviðskiptum.Því skal lækka núverandi hámarksgildi leifa fyrir allar þessar afurðir til samræmis við það.

7) Í áliti sínu varðandi tríforín frá 31 maí 2010 ([3]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þau gögn, sem eru tiltæk, styðji ekki gildandi hámarksgildi leifa í kjarnaávöxtum, steinaldinum, rifsberjum og sólberjum, garðaberjum, graskersætt (með ætu hýði), byggi, höfrum, rúg, hveiti og humlum.Því skal lækka núverandi hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir niður í viðeigandi greiningarmörk.

8) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar að því er varðar þörf á að aðlaga tiltekin greiningarmörk.Að því er varðar brómóprópýlat, EPTC, fenþíón, metabensþíasúrón, símasín, tetradífón og tríforín komust rannsóknarstofurnar að þeirri niðurstöðu að tækniþróunin geri kleift að fastsetja lægri greiningarmörk fyrir tilteknar afurðir.Enn fremur lögðu rannsóknarstofurnar til að greiningarmörkin yrðu hækkuð fyrir aldíkarb í trjáhnetum og lauk, fyrir klórfenvinfos í trjáhnetum, lauk, olíufræjum og olíuríkum aldinum, fyrir endósúlfan í lauk, fyrir eþíón í trjáhnetum, lauk, tei, kaffi, jurtatei og kakói, humlum og kryddi, fyrir fenþíón í trjáhnetum og lauk, fyrir fómesafen í trjáhnetum, lauk, olíufræjum og olíuríkum aldinum, tei, kaffi, jurtatei og kakói, humlum og kryddi og fyrir metíðaþíón í lauk, olíufræjum og olíuríkum aldinum.

9) Á grundvelli rökstudds álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og tækniráðgjafar rannsóknarstofanna og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

10) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

11) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi skal veita hæfilegan frest svo að þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

12) Því ber að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

13) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða er í þessari reglugerð kveðið á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem aðferð Matvælaöryggisstofnunar til að meta bráða og langvinna áhættu sýnir að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([1]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu; Consumer safety assessment of certain EU MRLs established for bromopropylate.Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(6), 1640.[26 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1640.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Consumer safety assessment of the EU MRLs established for methidathion.Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(6), 1639.[49 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1639.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Assessment of maximum residue limits for triforine established by Codex Alimentarius Commission.Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(6), 1638.[22 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1638.

2. gr.

Að því er varðar virk efni og afurðir sem eru tilgreind í eftirfarandi skrá gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 21. október 2011:

a) aldíkarb: kornvörur,

b) brómóprópýlat:hlaup úr kveðum, vín, rúsínur, tómatsafi, niðurlagðir tómatar, baunir, jurtate (blóm),

c) klórfenvinfos: ræktaðir sveppir,

d) endósúlfan: niðurlagðir tómatar, vín, rúsínur, perusafi, tómatsafi, þrúgusafi, jurtate (blóm, lauf, rætur),

e) EPTC: kartöfluflögur, steiktar kartöflur, maís, sólblómafræ, belgávextir,

f) eþíón: eplaþyrniberjasafi, morgunberkjusafi, gvövusafi, linsubaunir, bambusspírur, þurrkaðar kryddjurtir (salvía, rósmarín, garðablóðberg, basilíka, lárviðarlauf og fáfnisgras),

g) fenþíón: ólífuolía,

h) fómesafen: baunir og ertur (með eða án fræbelgs, belgjurtir), sojabaunir,

i) metabensþíasúrón: allt grænmeti,

j) metíðaþíón: öll aldin og grænmeti nema sítrusávextir, þurrkaðar ertur, maís, dúrra, sólblómafræ og repjufræ,

k) símasín: öll aldin og grænmeti, belgjurtir, olíufræ og olíurík aldin, kornvörur,

l) tetradífón: vín, rúsínur, belgjurtir,

m) tríforín: öll aldin og grænmeti nema kjarnaávextir.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. október 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka komi eftirfarandi í stað dálkanna fyrir aldíkarb, brómóprópýlat, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, metíðaþíón, símasín og tríforín:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um(a)	Aldíkarb (summa aldíkarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefin upp sem aldíkarb)	Brómóprópýlat (F)	Klórfenvinfos (F)	Endósúlfan, summan af alfa- og betahverfum og endósúlfansúlfati, gefin upp sem endósúlfan) (F)	Eþíón	Fenþíón (fenþíón og súrefnishliðstæða þess, súlfoxíð þeirra og súlfón, gefin upp sem móðureíni) (F)	Metíðaþíón	Tríforín
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**								
0110000	i. **Sítrusávextir**	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	**0,02** (*)	**0,01** (*)
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum								
0110020	Appelsínur (bergamía, beiskjuappelsína, myrtuappelsína og aðrir								
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna)								
0110040	Súraldin								
0110050	Mandarínur (klementína, tangarína, minneóla og aðrir blendingar)								
0110990	Annað								
0120000	ii. **Trjáhnetur (í skurn eða skurnlausar)**	**0,05** (*)	**0,02** (*)	**0,05** (*)	0,1 (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)	0,05 (*)	**0,02** (*)
0120010	Möndlur								
0120020	Parahnetur								
0120030	Kasúhnetur								
0120040	Kastaníuhnetur								
0120050	Kókoshnetur								
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)								
0120070	Goðahnetur								
0120080	Pekanhnetur								
0120090	Furuhnetur								
0120100	Pistasíuhnetur								

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um(a)	Aldíkarb (summa aldíkarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefin upp sem aldíkarb)	Brómóprópýlat (F)	Klórfenvinfos (F)	Endósúlfan, summan af alfa- og betahverfum og endósúlfansúlfati, gefin upp sem endósúlfan) (F)	Epjón	Fenþjón (fenþjón og súrefnishliðstæða þess, súlfoxíð þeirra og súlfón, gefin upp sem móðurefni) (F)	Metíðaþjón	Tríforín
0120110	Valhnetur								
0120990	Annað								
0130000	iii. **Kjarnaávextir**	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,02 (*)	**0,05** (*)	**0,01** (*)	**0,01** (*)	**0,03**	**0,01** (*)
0130010	Epli (skógarepli)								
0130020	Perur (sandpera)								
0130030	Kveði	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)
0130040	Trjámispilsaldin	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)	(*)
0130050	Dúnepli								
0130990	Annað								
0140000	iv. **Steinaldin**	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	**0,02** (*)	0,01 (*)
0140010	Apríkósur								
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)								
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)								
0140040	Plómur (sveskjuplóma, eðalplóma, mírabellplóma, þyrniplóma)								
0140990	Annað								
0150000	v. **Ber og smá aldin**	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,02 (*)	**0,05** (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)
0151000	a) *Vínber og vínþrúgur*								
0151010	Vínber								
0151020	Vínþrúgur								
0152000	b) *Jarðarber*								

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um(a)	Aldíkarb (summa aldíkarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefin upp sem aldíkarb)	Brómóprópýlat (F)	Klórfenvinfos (F)	Endósúlfan, summan af alfa- og betahverfum og endósúlfansúlfati, gefin upp sem endósúlfan) (F)	Eþíón	Fenþíón (fenþíón og súrefnishliðstæða þess, súlfoxíð þeirra og súlfón, gefin upp sem móðurefni) (F)	Metíðaþíón	Tríforín
0153000	c) *Klungurber*								
0153010	Brómber								
0153020	Daggarber (logaber, bersaber og múltuber)								
0153030	Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus x idaeus*))								
0153990	Annað								
0154000	d) *Ber og önnur smá aldin*								
0154010	Bláber (aðalbláber)								
0154020	Trönuber (týtuber)								
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber								
0154040	Stikilsber (þ.m.t. blendingar annarra Ribes-tegunda)								
0154050	Rósaldin	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)
0154080	Ylliber (logalauf (eplaþyrniber), reyniviður, hafþyrnir (strandþyrnir), snæþyrnir, amalber og önnur ber af trjám)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)	(**)
0154990	Annað								
0160000	vi. **Ýmis aldin**	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,02 (*)	0,05 (*)	**0,01** (*)	**0,01** (*)	**0,02** (*)	**0,01** (*)
0161000	a) *Ætt hýði*								
0161010	Döðlur								
0161020	Fíkjur								

5) Rannsókn sem gerð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar sýndi að hægt er að auka vernd gangandi vegfarenda umtalsvert með blöndu óbeinna og virkra ráðstafana sem veita betri vernd en þau ákvæði sem þegar eru til staðar. Einkum sýndi rannsóknin fram á að virka öryggiskerfið „hjálparátak við hemlun“ ásamt breytingum á óbeinum öryggiskröfum myndi auka vernd gangandi vegfarenda umtalsvert. Því er rétt að kveða á um skyldubundna ísetningu á hjálparátakskerfum fyrir hemla í nýjum vélknúnum ökutækjum. Þetta skal þó ekki koma í stað öflugra óbeinna öryggiskerfa heldur til viðbótar við þau.

6) Ökutæki með árekstrarvarakerfum þurfa hugsanlega ekki að uppfylla tilteknar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því marki sem þau geta forðað árekstri við gangandi vegfarendur í stað þess að milda eingöngu áhrif slíks áreksturs. Eftir að mat hefur verið lagt á hvort slík tækni geti með árangursríkum hætti forðað árekstrum við gangandi vegfarendur og aðra óvarða vegfarendur getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur til breytinga á þessari reglugerð til að heimila notkun árekstrarvarakerfa.

7) Þar sem þyngri ökutæki eru í auknum mæli notuð á vegum í þéttbýli þykir rétt að ákvæði um vernd gangandi vegfarenda gildi ekki aðeins um ökutæki með hámarksmassa undir 2500 kg heldur einnig, eftir takmarkað umbreytingartímabil, um ökutæki í flokkum M_1 og N_1 sem eru yfir þeim mörkum.

8) Í því skyni að auka vernd gangandi vegfarenda eins fljótt og unnt er skulu framleiðendur sem óska eftir að sækja um gerðarviðurkenningu í samræmi við nýjar kröfur áður en þær verða skyldubundnar geta gert það með því skilyrði að nauðsynlegar framkvæmdarráðstafanir séu þegar í gildi.

9) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

10) Einkum skal framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja tæknileg ákvæði vegna beitingar prófunarkrafna og framkvæmdarráðstafana sem byggðar eru á niðurstöðum eftirlits. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með viðbótum sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

11) Til að tryggja að umskiptin frá ákvæðum tilskipana 2003/102/EB og 2005/66/EB yfir í þessa reglugerð gangi snurðulaust fyrir sig skal reglugerðinni ekki beitt fyrr en ákveðinn tími er liðinn frá gildistöku hennar.

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á innri markaði með því að innleiða sameiginlegar tæknilegar kröfur varðandi verndun gangandi vegfarenda, og því markmiði verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs þess, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur að því er varðar smíði og virkni vélknúinna ökutækja og varnarbúnaðar að framan í því skyni að draga úr fjölda og alvarleika slysa á gangandi vegfarendum og öðrum óvörðum vegfarendum sem verða fyrir höggi frá framenda ökutækja og í því skyni að forða slíkum árekstrum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) vélknúin ökutæki í flokki M_1 eins og þau eru skilgreind í 11. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB og í 1. lið A-þáttar II. viðauka við hana, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar,

b) vélknúin ökutæki í flokki N_1 eins og þau eru skilgreind í 11. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB og í 2. lið A-þáttar II. viðauka við hana, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

c) varnarbúnað að framan sem komið er fyrir sem upprunalegum búnaði í ökutækjunum sem um getur í a- og b-lið eða afhentur sem aðskilin tæknieining til áfestingar á slík ökutæki.

2. Ákvæði 2. og 3. þáttar I. viðauka þessarar reglugerðar gilda ekki um:

a) ökutæki í flokki N_1 og

b) ökutæki í flokki M_1 sem byggð eru á N_1 og með hámarksmassa yfir 2500 kg:

ef staðsetning ökumanns „R-punktur“ er annað hvort framan við framásinn eða að hámarki 1100 mm aftan við þverlæga miðlínu framáss á lengdina.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „A-stoð“: fremsta og ysta þakstoðin sem nær frá undirvagni til þaks ökutækisins,

2. „hjálparátakskerfi fyrir hemla“: aðgerð í hemlakerfinu sem skynjar neyðarhemlunartilfelli út frá eiginleikum hemlanotkunar ökumanns og, við slíkar aðstæður:

   a) aðstoðar ökumann við að skila hæsta mögulega hemlunarhlutfalli eða

   b) er nægileg til að virkja læsivarða hemlakerfið til fulls,

3. „stuðari“: neðri hluti, ytra burðarvirkis ökutækis að framan, þ.m.t. áfestir hlutir, sem ætlað er að verja ökutæki þegar það lendir í árekstri að framan á litlum hraða við annað ökutæki, til hans telst þó ekki varnarbúnaður að framan,

4. „varnarbúnaður að framan“: aðskilinn hlutur eða hlutir, svo sem stórgripavörn (bull bar) eða viðbótarstuðari sem, ásamt upprunalega stuðaranum, er ætlað að verja ytra borð ökutækis fyrir skemmdum vegna áreksturs, að undanskildum hlutum með minni massa en 0,5 kg sem eingöngu er ætlað að verja ljós á ökutækinu,

5. „hámarksmassi“: tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp samkvæmt lið 2.8 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

6. „ökutæki í flokki N_1 sem byggð eru á M_1“: ökutæki í flokki N_1 sem hafa sömu byggingu og lögun framan við A-stoðir og ökutæki sem fyrir eru í flokki M_1,

7. „ökutæki í flokki M_1 sem byggð eru á N_1“: ökutæki í flokki M_1 sem hafa sömu byggingu og lögun framan við A-stoðir og ökutæki sem fyrir eru í flokki N_1.

II. KAFLI

SKYLDUR FRAMLEIÐANDA

4. gr.

Tæknilegar kröfur

1. Í samræmi við 9. gr. skulu framleiðendur tryggja að ökutæki sem sett eru á markað séu búin gerðarviðurkenndum hjálparátakskerfum fyrir hemla í samræmi við kröfur 4. þáttar I. viðauka og að slík ökutæki uppfylli kröfur 2. eða 3. þáttar I. viðauka.

2. Í samræmi við 10. gr. skulu framleiðendur tryggja að varnarbúnaður að framan sem er áfestur sem upprunalegur búnaður á ökutæki sem sett eru á markað eða afhentur sem aðskilin tæknieining sé í samræmi við kröfur 5. og 6. þáttar I. viðauka.

3. Framleiðendur skulu veita viðurkenningaryfirvöldum viðeigandi gögn um forskriftir og prófunarskilyrði ökutækisins og varnarbúnaðarins að framan. Gögnin skulu innihalda upplýsingar sem krafist er til að kanna virkni virks öryggisbúnaðar sem settur er upp í ökutækinu.

4. Ef um er að ræða varnarbúnað að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu skulu framleiðendur veita viðurkenningaryfirvöldum viðeigandi gögn um forskriftir búnaðarins og prófunarskilyrði.

5. Ekki má dreifa, bjóða til sölu eða selja varnarbúnað að framan, sem er aðskilin tæknieining, nema honum fylgi skrá yfir gerðir ökutækja sem hann er gerðarviðurkenndur fyrir og skýrar leiðbeiningar um samsetningu. Í samsetningarleiðbeiningunum skulu vera sérstakar leiðbeiningar um uppsetningu, þ.m.t aðferð við áfestingu á ökutækin, sem einingin hefur verið viðurkennd fyrir, og til að hægt sé að festa íhlutina á það ökutæki og með þeim hætti að það uppfylli viðkomandi ákvæði 6. þáttar I. viðauka.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem mælt er fyrir um tæknileg ákvæði fyrir beitingu krafnanna sem settar eru fram í I. viðauka. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

5. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvöld upplýsingaskjalið, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 1. hluta II. viðauka, þegar sótt er um EB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda.

Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni sem annast framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana í té ökutæki sem er dæmigert fyrir gerð ökutækisins sem á að viðurkenna.

2. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvöld upplýsingaskjalið, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 2. hluta II. viðauka, þegar sótt er um EB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan.

Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni sem annast framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana í té ökutæki sem er dæmigert fyrir gerð ökutækisins sem á að viðurkenna með áfestum varnarbúnaði að framan. Að beiðni tækniþjónustunnar skal framleiðandi einnig leggja fram einstaka íhluti eða sýnishorn af efnum sem notuð eru.

3. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvöld upplýsingaskjalið, sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 3. hluta II. viðauka, þegar sótt er um EB-gerðarviðurkenningu á gerð varnarbúnaðar að framan sem aðskilinnar tæknieiningar.

Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni sem annast framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana í té eitt sýnishorn af gerð varnarbúnaður að framan sem á að viðurkenna. Tækniþjónustunni er heimilt að óska eftir frekari sýnishornum telji hún það nauðsynlegt. Merkja skal sýnishornið/sýnishornin greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og heiti gerðarinnar. Framleiðandinn skal kveða á um lögboðna birtingu EB-gerðarviðurkenningarmerkisins.

III. KAFLI

SKYLDUR YFIRVALDA Í AÐILDARRÍKJUNUM

6. gr.

Veiting EB-gerðarviðurkenningar

1. Ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

2. Að því er varðar 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins skal nota einn af eftirfarandi bókstöfum:

a) vegna viðurkenningar á ökutækjum að því er varðar vernd gangandi vegfarenda:

   – „A“ ef ökutækið uppfyllir ákvæði 2. þáttar I. viðauka,

   – „B“ ef ökutækið uppfyllir ákvæði 3. þáttar I. viðauka,

b) vegna viðurkenningar á ökutæki að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan eða viðurkenningar á varnarbúnaði að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu:

   – „A“ ef varnarbúnaður að framan uppfyllir ákvæði 5. þáttar I. viðauka að því er varðar beitingu liða 5.1.1.1, 5.1.2.1, 5.2 og 5.3,

   – „B“ ef varnarbúnaður að framan uppfyllir ákvæði 5. þáttar I. viðauka að því er varðar beitingu liða 5.1.1.2, 5.1.2.1, 5.2 og 5.3,

   – „X“ ef varnarbúnaður að framan uppfyllir ákvæði 5. þáttar I. viðauka að því er varðar beitingu liða 5.1.1.3, 5.1.2.2, 5.2 og 5.3.

3. Viðurkenningaryfirvald skal ekki úthluta annarri gerð ökutækis eða gerð varnarbúnaðar að framan sama númeri.

4. Að því er varðar 1. mgr. skal viðurkenningaryfirvald afhenda EB-gerðarviðurkenningarvottorðið sem er í samræmi við eftirfarandi:

a) fyrirmyndina sem sett er fram í 1. hluta III. viðauka fyrir gerð ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda,

b) fyrirmyndina sem sett er fram í 2. hluta III. viðauka fyrir gerð ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan,

c) fyrirmyndina sem sett er fram í 3. hluta III. viðauka fyrir gerð varnarbúnaðar að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu.

7. gr.

EB-gerðarviðurkenningarmerki

Allur varnarbúnaður að framan sem viðurkenndur er í samræmi við þessa reglugerð með gerðarviðurkenningu á ökutæki að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan eða gerðarviðurkenningu á varnarbúnaði að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu skal uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og skal veitt og síðan bera EB-gerðarviðurkenningarmerki sem fastsett er í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í IV. viðauka.

8. gr.

Breytingar á gerð og á viðurkenningu

Allar breytingar á ökutækinu framan við A-stoðirnar eða á varnarbúnaði að framan sem hefur áhrif á burðarvirki, helstu mál, smíðaefni ytri flata ökutækisins, festingaraðferðir eða fyrirkomulag íhluta að utan eða innan og sem geta haft veruleg áhrif á niðurstöður prófana skulu teljast breytingar í skilningi 13. gr. tilskipunar 2007/46/EB og krefjast þannig nýrrar umsóknar um gerðarviðurkenningu.

9. gr.

Tímaáætlun fyrir beitingu að því er varðar ökutæki

1. Frá og með dagsetningunni sem sett er fram í annarri málsgrein 16. gr., skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar eftirfarandi nýjar gerðir ökutækja:

a) í flokki M_1 sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 4. þætti I. viðauka,

b) í flokki M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 2. eða 3. þætti I. viðauka,

c) í flokki N_1 sem byggð eru á M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 2. og 4. þætti eða 3. og 4. þætti I. viðauka.

2. Frá og með 24. febrúar 2011, skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að eftirfarandi ný ökutæki sem samræmast ekki tæknilegum ákvæðum í 4. þætti I. viðauka þessarar reglugerðar séu skráð, seld eða tekin í notkun:

a) ökutæki í flokki M_1,

b) ökutæki í flokki N_1 sem byggð eru á M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg.

3. Frá og með 24. febrúar 2013, skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar eftirfarandi nýjar gerðir ökutækja:

a) í flokki M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka,

b) í flokki N_1 sem byggð eru á M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka.

4. Frá og með 31. desember 2012, skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að eftirfarandi ný ökutæki sem samræmast ekki tæknilegum ákvæðum í 2. eða 3. þætti I. viðauka þessarar reglugerðar séu skráð, seld eða tekin í notkun:

a) ökutæki í flokki M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg,

b) ökutæki í flokki N_1 sem byggð eru á M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg.

5. Frá og með 24. febrúar 2015, skulu landsyfirvöld synja, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar eftirfarandi nýjar gerðir ökutækja:

a) í flokki M_1 með hámarksmassa yfir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka,

b) í flokki N_1 sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. og 4. þætti I. viðauka.

6. Frá og með 24. ágúst 2015, skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að ný ökutæki í flokki N_1 sem samræmast ekki tæknilegum ákvæðum í 4. þætti I. viðauka þessarar reglugerðar séu skráð, seld eða tekin í notkun.

7. Frá og með 24. febrúar 2018, skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að eftirfarandi ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun:

a) í flokki M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka við þessa reglugerð,

b) í flokki N_1 sem byggð eru á M_1 með hámarksmassa undir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

8. Frá og með 24. ágúst 2019, skulu landsyfirvöld, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að eftirfarandi ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun:

a) í flokki M_1 með hámarksmassa yfir 2500 kg sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka við þessa reglugerð,

b) í flokki N_1 sem eru ekki í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

9. Með fyrirvara um 1. til 8. mgr. þessarar greinar og háð gildistöku ráðstafananna sem samþykktar eru skv. 6. mgr. 4. gr. skulu landsbundin yfirvöld ekki, af ástæðum sem varða vernd gangandi vegfarenda, synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu á nýrri gerð ökutækis eða banna að nýtt ökutæki sé skráð, selt eða tekið í notkun ef viðkomandi ökutæki er í samræmi við tæknileg ákvæði sem sett eru fram í 3. eða 4. þætti I. viðauka, fari framleiðandi fram á slíkt.

10. gr.

Beiting að því er varðar varnarbúnað að framan

1. Landsyfirvöld skulu synja um veitingu á EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundinni gerðarviðurkenningu á nýrri gerð ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan eða EB-gerðarviðurkenningu á aðskilinni tæknieiningu fyrir nýja gerð varnarbúnaðar að framan sem er ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. og 6. þætti I. viðauka.

2. Landsyfirvöld skulu, af ástæðum sem varða varnarbúnað að framan, líta svo á að samræmisvottorð séu fallin úr gildi að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu þau banna að ný ökutæki sem samræmast ekki kröfunum sem settar eru fram í 5. eða 6. þætti I. viðauka þessarar reglugerðar séu skráð, seld eða tekin í notkun.

3. Kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. þætti I. viðauka þessarar reglugerðar skulu gilda um varnarbúnað að framan sem afhentur er sem aðskilin tæknieining að því er varðar 28. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

11. gr.

Árekstrarvarakerfi

1. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar getur verið að ökutæki sem búin eru árekstrarvarakerfi þurfi ekki að uppfylla prófunarkröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. þætti í I. viðauka í því skyni að fá EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis með tilliti til verndar gangandi vegfarenda eða að selja, skrá eða taka hana í notkun.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja þetta mat fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum um breytingar á þessari reglugerð ef við á.

Allar ráðstafanir sem lagðar eru til skulu tryggja a.m.k. samsvarandi vernd, að því er varðar skilvirkni, þeim sem kveðið er á um í 2. og 3. þætti I. viðauka.

12. gr.

Eftirlit

1. Landsyfirvöld skulu leggja fram hjá framkvæmdastjórninni niðurstöður eftirlits sem um getur í liðum 2.2, 2.4 og 3.2 í I. viðauka árlega og eigi síðar en 28. febrúar á árinu eftir að þeirra var aflað.

Krafan um að leggja fram þessar niðurstöður skal falla úr gildi þann 24. febrúar 2014.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, á grundvelli niðurstaðna eftirlits sem fram fer samkvæmt liðum 2.2, 2.4 og 3.2 í I. viðauka að samþykkja framkvæmdarráðstafanir eins og við á.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

3. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli viðeigandi upplýsinga sem viðurkenningaryfirvöld og hagsmunaaðilar veita og að auki á grundvelli sjálfstæðra rannsókna, fylgjast með tækniþróun á sviði aukinna óbeinna öryggiskrafna, hjálparátaks við hemlun og annarrar virkrar öryggistækni sem getur veitt óvörðum vegfarendum aukna vernd.

4. Fyrir 24. febrúar 2014 skal framkvæmdastjórnin endurskoða framkvæmd og beitingu slíkra aukinna óbeinna öryggiskrafna. Hún skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar með tilliti til notkunar og skilvirkni hjálparátaks við hemlun og annarrar virkrar öryggistækni.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum um þetta efni eftir því sem við á.

13. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum framleiðenda gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði eigi síðar en 24. ágúst 2010 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

2. Brot þau, sem viðurlög gilda um, felast a.m.k. í eftirfarandi:

a) lagðar eru fram rangar upplýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða í ferli sem leiðir til innköllunar,

b) niðurstöður úr prófun vegna gerðarviðurkenningar eru falsaðar,

c) gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun eða afturköllun gerðarviðurkenningar, eru ekki látin af hendi,

d) synjað er um aðgang að upplýsingum.

IV. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 2003/102/EB og 2005/66/EB skulu felldar úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í 2. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 24. nóvember 2009 að undanskilinni 6. mgr. 4. gr. og 9. mgr. 9. gr. sem gilda frá gildistökudegi og 2. til 8. mgr. 9. gr. sem skulu gilda frá dagsetningum sem þar eru tilgreindar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. janúar 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
H.-G. PÖTTERING
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
A. VONDRA
forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki Tæknileg ákvæði fyrir prófanir á ökutækjum og varnarbúnaði að framan

II. viðauki Fyrirmyndir að upplýsingaskjölum frá framleiðanda

1. hluti Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með tilliti til verndar gangandi vegfarenda

2. hluti Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

3. hluti Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu á varnarbúnaði að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu

III. viðauki Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðum

1. hluti EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda

2. hluti EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

3. hluti EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar varnarbúnaðar að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu

IV. viðauki EB-gerðarviðurkenningarmerki

Viðbætir Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki

V. viðauki Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

I. VIÐAUKI

Tæknileg ákvæði fyrir prófanir á ökutækjum og varnarbúnaði að framan

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „frambrún vélarhlífar“: efri hluti ytra burðarvirkis að framan, þ.m.t. vélarhlífin og brettin, svæðið ofan við og til hliðar við umgjörð aðalljóskera og allir aðrir viðfestir hlutir,

1.2. „viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífar“: rúmfræðileg skurðlína snertipunktanna sem liggur á milli beinnar brúnar, sem er 1000 mm að lengd, og yfirborðs vélarhlífarinnar að framan, þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplani ökutækisins og sem hallar aftur um 50° og lægri endinn er 600 mm fyrir ofan jörðu, er færð yfir og í snertingu við fremstu brún vélarhlífarinnar. Að því er varðar ökutæki þar sem yfirborð efri hluta vélarhlífarinnar hallar að jafnaði um 50°, þannig að beina brúnin er í stöðugri snertingu eða snertir á mörgum stöðum í stað þess að snerta í einum punkti, er viðmiðunarlínan ákvörðuð með beinu brúninni sem hallar aftur um 40°. Að því er varðar ökutæki sem eru þannig löguð að neðsti hluti beinu línunnar snertir fyrst, þá telst sú snerting vera viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífarinnar í þeirri hliðarstöðu. Að því er varðar ökutæki sem eru þannig löguð að efsti hluti beinu línunnar snertir fyrst, þá er rúmfræðileg skurðlína með ummálsfjarlægð, sem nemur 1000 mm notuð sem viðmiðunarlína fremstu brúnar vélarhlífarinnar í þeirri hliðarstöðu. Einnig skal líta á efsta hluta stuðarans sem fremstu brún vélarhlífarinnar, að því er þessa reglugerð varðar, ef beina brúnin snertir hann þegar þessi aðferð er notuð,

1.3. „1000 mm ummálsfjarlægð“: rúmfræðileg skurðlína sem dregin er á fremra, efra yfirborð með öðrum enda sveigjanlegs bands, sem er 1000 mm að lengd, þegar því er haldið í lóðréttu plani fyrir framan og aftan ökutækið og fært fram fyrir stuðara á vélarhlíf og varnarbúnaðinn að framan. Bandinu er haldið strekktu meðan á aðgerðinni stendur og öðrum endanum er haldið í snertingu við lægstu viðmiðunarhæð, lóðrétt fyrir neðan framhlið stuðarans og hinum endanum haldið í snertingu við efri flötinn að framanverðu. Ökutækið er í venjulegri akstursstöðu,

1.4. „efra borð vélarhlífar“: ytri hluti yfirbyggingarinnar sem efra yfirborð allra ytri hluta teljast til, nema framrúðan, A-stoðirnar og allir hlutar sem eru fyrir aftan þær. Til þess telst því vélarhlífin, brettin, loftinntakið, rúðuþurrkuásinn og neðri hluti framrúðukarmsins en það takmarkast þó ekki við þessa hluti,

1.5. „efra borð að framan“: ytri hluti yfirbyggingarinnar sem efra borð allra ytri hluta telst til, nema framrúðan, A-stoðirnar og allir hlutar sem eru fyrir aftan þær,

1.6. „lægsta viðmiðunarhæð“: lárétta planið sem samsíða er jörðinni og markar hæð ökutækis, sem stendur á sléttu yfirborði með handbremsuna á og í venjulegri akstursstöðu, frá jörðu,

1.7. „venjuleg akstursstaða“: staða ökutækisins, þegar það er tilbúið til aksturs, staðsett á jörðinni með hjólbarðana fyllta af lofti í þann loftþrýsting sem mælt er með og framhjólin vísa beint fram, hámarksáfylling allra vökva, sem eru nauðsynlegir til notkunar ökutækisins, með allan staðalbúnað frá framleiðanda ökutækisins, með 75 kg massa, sem settur hefur verið á sæti ökumanns, og 75 kg massa, sem settur er í farþegasæti að framan, og fjöðrunin stillt á akstushraða sem nemur 40 km/klst. eða 35 km/klst. við venjuleg akstursskilyrði sem framleiðandi tilgreinir (einkum fyrir ökutæki með virka fjöðrun eða sjálfvirkan hæðarstillibúnað),

1.8. „framrúða“: rúða framan á ökutækinu sem uppfyllir allar viðeigandi kröfur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 77/649/EBE frá 27. september 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjónsvið ökumanna vélknúinna ökutækja ([1]),

1.9. „álagsviðmiðun fyrir höfuð (Head Performance Criterion, HPC)“: útreikningur á tilteknu tímabili á hámarkshröðuninni sem getur orðið við höggið. Það er reiknað út frá hröðunarferlum sem hámark (sem veltur á t_1 og t_2) jöfnunnar:

$$HPC = \left[\frac{1}{t_2 - t_1} \int_{t_1}^{t_2} a \, dt \right]^{2,5} (t_2 - t_1)$$

þar sem „a“ er hröðunin sem margfeldi af „g“ og t_1 og t_2 eru tímagildin (táknuð í sekúndum) við höggið og marka upphaf og enda mælingarinnar þar sem gildið fyrir álagsviðmiðun fyrir höfuð er hámarkið. Þegar hámarksgildið er reiknað skal sleppa gildum fyrir álagsviðmiðun fyrir höfuð ef tímabilið (t_1 - t_2) er lengra en 15 ms.,

([1]) Stjtíð EB L 267, 19.10.1977, bls. 1.

1.10. „krappageisli“: geisli hringboga sem kemst næst því að vera hringlaga form íhlutarins sem um ræðir.

2. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu gerðar á ökutækjum:

2.1. Prófunarleggur í stuðara:

Þess er krafist að ein af eftirfarandi prófunum sé gerð:

a) Prófunarfótleggur í stuðara:

Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Hámarkshornið sem hnéð beygist í skal ekki vera meira en 21°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 200 g,

b) Prófunarlærleggur í stuðara:

Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 510 Nm.

2.2. Prófunarlærleggur í fremstu brún vélarhlífar:

Prófunin er framkvæmd með allt að 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna með tilliti til tíma skal ekki vera hærri en hugsanlegt markgildi sem nemur 5,0 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal skráð og borið saman við hugsanlegt markgildi sem nemur 300 Nm.

Þessi prófun skal eingöngu framkvæmd vegna eftirlits og niðurstöður skulu skráðar að fullu.

2.3. Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju í efri hluta vélarhlífar:

Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað. Álagsviðmiðun fyrir höfuð (HPC) skal ekki vera hærri en 1000 fyrir 2/3 af prófunarfleti vélarhlífarinnar og 2000 fyrir hinn 1/3 hluta prófunarflatar vélarhlífarinnar.

2.4. Höfuðlíkan fullorðins í framrúðu:

Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 4,8 kg höggprófunarbúnað. Álagasviðmiðun fyrir höfuð skal skráð og borið saman við hugsanlegt markgildi sem nemur 1000.

Þessi prófun skal eingöngu framkvæmd vegna eftirlits og niðurstöður skulu skráðar að fullu.

3. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu gerðar á ökutækjum:

3.1. Prófunarleggur í stuðara:

Þess er krafist að ein af eftirfarandi prófunum sé gerð:

a) Prófunarfótleggur í stuðara:

Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Hámarkshornið, sem hnéð beygist í, skal ekki vera meira en 19,0°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 170 g.

Að auki er framleiðanda heimilt að tiltaka prófunarbreidd stuðara sem er allt að 264 mm í heild þar sem hröðunin sem mæld er við efri hluta sköflungs er ekki meiri en 250 g,

b) Prófunarlærleggur í stuðara:

Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 510 Nm.

3.2. Prófunarlærleggur í fremstu brún vélarhlífar:

Prófunin er framkvæmd með allt að 40 km/klst. hraða við höggið. Bera skal augnablikssamtölu höggkraftanna með tilliti til tíma saman við hugsanlegt hámark sem nemur 5,0 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal borið saman við hugsanlegt hámark sem nemur 300 Nm.

Þessi prófun skal eingöngu framkvæmd vegna eftirlits og niðurstöður skulu skráðar að fullu.

3.3. Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju í efri hluta vélarhlífar:

Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað. Álagsviðmiðun fyrir höfuð skal vera í samræmi við kröfurnar í lið 3.5.

3.4. Höfuðlíkan fullorðins í efri hluta vélarhlífar:

Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 4,5 kg höggprófunarbúnað. Álagsviðmiðun fyrir höfuð skal vera í samræmi við kröfurnar í lið 3.5.

3.5. Skráð álagsviðmiðun fyrir höfuð skal ekki vera hærri en 1000 á helmingi prófunarsvæðis höfuðlíkans fyrir börn og, að auki, ekki hærri en 1000 á 2/3 samanlagðs prófunarsvæðis höfuðlíkana fyrir börn og fullorðna. Álagsviðmiðun fyrir höfuð á þeim svæðum sem eftir eru skal ekki vera hærri en 1700 á báðum höfuðlíkönum.

4. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu gerðar á ökutækjum:

4.1. Viðmiðunarpróf til að auðkenna hvenær í vinnslu kerfisins læsivarða hemlakerfið (ABS) verður virkt.

4.2. Prófun til að sannreyna að vinnsla hjálparátakskerfis fyrir hemla sé sett af stað á réttan hátt þannig að beitt sé mestu mögulegu hraðaminnkunareiginleikum ökutækisins.

5. Þess er krafist að eftirfarandi prófanir séu gerðar á varnarbúnaði að framan:

5.1. Þess er krafist að ein af eftirfarandi prófunum með prófunarlegg sé gerð, samkvæmt liðum 5.1.1 eða 5.1.2:

5.1.1. Prófunarfótleggur í varnarbúnað að framan:

Allar prófanir skulu framkvæmdar með 40 km/klst. hraða við höggið.

5.1.1.1. Í varnarbúnaði að framan sem viðurkenndur er til áfestingar á ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar í 2. þætti skal hámarkshornið sem hnéð beygist í ekki vera meira en 21,0°, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 200 g.

5.1.1.2. Í varnarbúnaði að framan sem viðurkenndur er til áfestingar á ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar í 3. þætti skal hámarkshornið sem hnéð beygist í ekki vera meira en 19,0 °, hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 6,0 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 170 g.

5.1.1.3. Fyrir varnarbúnað að framan sem eingöngu er viðurkenndur til áfestingar á ökutæki sem eru hvorki í samræmi við 2. né 3. þátt, má skipta prófunarkröfunum sem settar eru fram í liðum 5.1.1.1 og 5.1.1.2 út fyrir prófunarkröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.1.1.3.1 eða 5.1.1.3.2.

5.1.1.3.1. Hámarkshornið, sem hnéð beygist í, skal ekki vera meira en 24,0° , hámarksskerfærsla hnés skal ekki vera meiri en 7,5 mm og hröðunin sem er mæld við efri hluta sköflungsins skal ekki vera meiri en 215 g.

5.1.1.3.2. Gera skal tvær prófanir á ökutækinu, aðra með varnarbúnaði að framan áfestum og hina án varnarbúnaðarins. Þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og ákveðið er í samráði við viðkomandi viðurkenningaryfirvöld. Gildin fyrir hámarkshornið, sem hnéð beygist í, hámarksskerfærslu hnés og hröðunina, sem er mæld við efri hluta sköflungsins, skulu skráð. Í öllum tilvikum skal gildið sem er skráð fyrir ökutækið, með varnarbúnaði að framan áfestum, ekki vera hærra en 90% af gildinu sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.

5.1.2. Prófunarlærleggur í varnarbúnað að framan:

Allar prófanir skulu framkvæmdar með 40 km/klst. hraða við höggið.

5.1.2.1. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 510 Nm.

5.1.2.2. Fyrir varnarbúnað að framan sem eingöngu er viðurkenndur til áfestingar á ökutæki sem eru hvorki í samræmi við 2. né 3. þátt, má skipta prófunarkröfunum sem settar eru fram í lið 5.1.2.1 út fyrir prófunarkröfurnar sem settar eru fram í liðum 5.1.2.2.1 eða 5.1.2.2.2.

5.1.2.2.1. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 9,4 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 640 Nm.

5.1.2.2.2. Gera skal tvær prófanir á ökutækinu, aðra með varnarbúnaði að framan áfestum og hina án varnarbúnaðarins. Þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og ákveðið er í samráði við viðkomandi viðurkenningaryfirvöld. Skrá skal gildin fyrir augnablikssamtölu höggkraftanna og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum. Í öllum tilvikum skal gildið sem er skráð fyrir ökutækið, með varnarbúnaði að framan áfestum, ekki vera hærra en 90% af gildinu sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.

5.2. Prófunarlærleggur í fremstu brún varnarbúnaðar að framan:

Prófunin er framkvæmd með 40 km/klst. hraða við höggið. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, efst og neðst á höggbúnaðinn skal ekki vera hærri en hugsanlegt markgildi sem nemur 5,0 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera hærra en hugsanlegt markgildi sem nemur 300 Nm. Báðar niðurstöður skulu skráðar vegna eftirlits.

5.3. Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju í varnarbúnað að framan:

Prófunin er framkvæmd með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað sem er líkan af höfði barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju. Álagsviðmiðun fyrir höfuð (HPC), sem er reiknuð út frá hröðunarferlunum, skal ekki vera hærri en 1 000 í öllum tilvikum.

6. Ákvæði um smíði og uppsetningu varnarbúnaðar að framan:

6.1. Eftirfarandi kröfur gilda jafnt um varnarbúnað að framan, sem er áfastur nýjum ökutækjum, og varnarbúnað að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu til áfestingar á tilgreind ökutæki.

6.1.1. Íhlutir varnarbúnaðar að framan skulu hannaðir þannig að allir stífir fletir, sem hægt er að snerta með 100 mm kúlufleti, hafi krappageisla sem er að lágmarki 5 mm.

6.1.2. Heildarmassi varnarbúnaðar að framan, þ.m.t. allar festingar, skal ekki vera meiri en 1,2% af hámarksmassa ökutækisins, sem hann er hannaður fyrir, og að hámarki 18 kg.

6.1.3. Hæð varnarbúnaðar að framan, þegar hann er áfestur á ökutæki, skal ekki vera meiri en 50 mm ofan við viðmiðunarlínu fremstu brúnar vélarhlífar.

6.1.4. Varnarbúnaður að framan skal ekki auka breidd ökutækisins sem hann er áfestur á. Ef heildarbreidd varnarbúnaðarins að framan er meiri en 75% af breidd ökutækisins skulu endar hans sveigðir inn að ytra borði til að draga úr hættu á að þeir krækist í hluti. Þessi krafa telst uppfyllt ef varnarbúnaður að framan er felldur inn í eða sambyggður yfirbyggingunni eða endar varnarbúnaðarins eru sveigðir þannig að þeir snerti ekki 100 mm kúluflöt og bilið milli enda varnarbúnaðar að framan og yfirbyggingarinnar er ekki meira en 20 mm.

6.1.5. Með fyrirvara um lið 6.1.4 skal bilið milli íhluta varnarbúnaðar að framan og ytra borðsins, sem er undir honum, ekki vera meira en 80 mm. Líta skal framhjá staðbundnum misfellum í almennum útlínum undirliggjandi yfirbyggingar (svo sem opum í grillum, loftinntaki o.s.frv.).

6.1.6. Lengdarfjarlægð milli fremsta hluta stuðarans og fremsta hluta varnarbúnaðar að framan skal ekki vera meiri en 50 mm á neinum stað á hlið ökutækisins til að stuðarinn geri sitt gagn.

6.1.7. Varnarbúnaðurinn að framan skal ekki draga verulega úr virkni stuðarans. Þessi krafa skal teljast uppfyllt ef ekki fleiri en tveir lóðréttir íhlutir og enginn láréttur íhlutur varnarbúnaðar að framan liggja yfir stuðarann.

6.1.8. Varnarbúnaður að framan skal ekki halla fram fyrir lóðrétta planið. Efstu hlutar varnarbúnaðar að framan skulu ekki ná meira en 50 mm upp eða aftur (í átt að framrúðunni) frá viðmiðunarlínu fremstu brúnar vélarhlífar ökutækisins þar sem varnarbúnaður að framan hefur verið fjarlægður.

6.1.9. Áfesting varnarbúnaðar að framan skal ekki spilla fyrir því að kröfur um gerðarviðurkenningu ökutækja séu uppfylltar.

7. Þrátt fyrir ákvæði í 2., 3. og 5. þætti, er viðkomandi viðurkenningaryfirvaldi heimilt að telja kröfurnar fyrir allar prófanirnar sem settar eru fram í þeim vera uppfylltar með hvers kyns jafngildum prófunum sem framkvæmdar eru samkvæmt kröfum í öðrum prófunum samkvæmt þessum viðauka.

II. VIÐAUKI

Fyrirmyndir að upplýsingaskjölum frá framleiðanda

1. hluti

Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með tilliti til verndar gangandi vegfarenda

2. hluti

Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

3. hluti

Upplýsingaskjal um EB-gerðarviðurkenningu á varnarbúnaði að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu

1. HLUTI

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með tilliti til verndar gangandi vegfarenda

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu [(b)] [(1)]:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur (c):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:

9. YFIRBYGGING

9.1. Gerð yfirbyggingar:

9.2. Efni og smíðaaðferðir:

9.23. Vernd gangandi vegfarenda

9.23.1. Leggja skal fram nákvæma lýsingu, m.a. ljósmyndir og/eða teikningar, á ökutæki með tilliti til burðarvirkis, mála, viðeigandi viðmiðunarlína og smíðaefna framhluta ökutækisins (að innan og utan). Í þessari lýsingu skulu koma fram upplýsingar um allan uppsettan, virkan varnarbúnað.

2. HLUTI

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef sérstök smíðaefni eru í búnaði, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um virkni þeirra.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu [(b)] [(1)]:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur [(c)]:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

2. MASSAR OG MÁL (í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)

2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp (hámark og lágmark):

2.8.1. Dreifing massans á ásana (hámark og lágmark):

9. YFIRBYGGING

9.1. Gerð yfirbyggingar:

9.24. Varnarbúnaður að framan

9.24.1. Almennt yfirlit (á teikningum eða ljósmyndum) þar sem fram komi staðsetning og festing varnarbúnaðar að framan:

9.24.2. Teikningar og/eða ljósmyndir, þar sem við á, af loftinntaksristum, vatnskassarist, skrautlistum, merkjum, táknmyndum og dældum ásamt öllum öðrum útstæðum hlutum og hlutum ytra borðs sem líta má á sem hættulega (t.d. ljósabúnað). Teljist hlutarnir, sem taldir voru upp í fyrsta málslið, ekki vera hættulegir er heimilt, með tilliti til skráningar, að í stað þeirra komi ljósmyndir ásamt upplýsingum um stærðir og/eða lesmál:

9.24.3. Tæmandi upplýsingar um festingar, sem krafist er, og ítarlegar leiðbeiningar, þ.m.t. kröfur um snúningsvægi að því er varðar festingar:

9.24.4. Teikningar af stuðurum:

9.24.5. Teikningar af gólflínu á framhluta ökutækisins:

3. HLUTI

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um EB-gerðarviðurkenningu á varnarbúnaði að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef sérstök smíðaefni eru í búnaði, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um virkni þeirra.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. LÝSING Á BÚNAÐINUM

1.1. Nákvæm tæknilýsing (ásamt ljósmyndum eða teikningum):

1.2. Leiðbeiningar um samsetningu og uppsetningu, þ.m.t. nauðsynlegt snúningsvægi:

1.3. Upptalning á ökutækjum sem festa má búnaðinn á:

1.4. Takmarkanir á notkun og skilyrði fyrir áfestingu:

([b]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

([c]) Flokkað samkvæmt skilgreiningum í A-hluta II. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við (í sumum tilvikum þarf ekki að strika yfir neitt þegar fleiri en ein færsla á við).

III. VIÐAUKI

Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðum

1. hluti

EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda

2. hluti

EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar ökutækis að því er varðar áfestingu varnarbúnaðar að framan

3. hluti

EB-gerðarviðurkenningarvottorð vegna gerðarviðurkenningar varnarbúnaðar að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu

1. HLUTI

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill þess yfirvalds sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna

Tilkynning um:

— EB-gerðarviðurkenningu ([1])

— rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

— synjun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

— afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

á gerð ökutækis að því er varðar vernd gangandi vegfarenda

með tilliti til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 sem kom til framkvæmdar með ...

síðast breytt með reglugerð (EB) nr. …/…([2])

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([3]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur ([4]):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (þar sem við á) (sjá viðbót)

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.
([2]) Setjið inn númer breytingarreglugerðar.
([3]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þessar upplýsingar ná til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).
([4]) Eins og það er skilgreint í A-hluta II. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru) (sjá viðbót):

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.

Prófunarskýrsla.

Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. … fyrir ökutæki með tilliti til verndar gangandi vegfarenda að því er varðar reglugerð (EB) nr. 78/2009

1. Frekari upplýsingar

1.1. Stutt lýsing á ökutækisgerðinni með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Staðsetning hreyfils: fram í/aftur í/í miðju ([1])

1.3. Drif: framhjóladrif/afturhjóladrif ([1])

1.4. Massi ökutækis sem látið er í té til prófunar (skilgreint í samræmi við lið 1.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009):

— Framás:

— Afturás:

— Samtals:

1.5. Niðurstöður úr prófunum samkvæmt kröfum í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 78/2009:

1.5.1. Niðurstöður úr prófunum í 2. þætti:

Prófun	Skráð gildi		Stenst prófun/stenst ekki prófun ([1])
Prófunarfótleggur í stuðara (ef prófun fer fram)	Beygjuhorn	..... gráður	
	Skerfærsla	..... mm	
	Hröðun við sköflung	..... g	
Prófunarlærleggur í stuðara (ef prófun fer fram)	Samtala höggkraftanna	..... kN	
	Beygjukraftvægi	..... Nm	
Prófunarlærleggur í fremstu brún vélarhlífar:	Samtala höggkraftanna	..... kN	([2])
	Beygjukraftvægi	..... Nm	([2])
Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju (3,5 kg) í efri hluta vélarhlífar	HPC-gildi á svæði A (12 niðurstöður ([3]))		
	HPC-gildi á svæði B (6 niðurstöður ([3]))		
Höfuðlíkan fullorðins (4,8 kg) í framrúðu	HPC-gildi (5 niðurstöður ([3]))		([2])

([1]) Samkvæmt gildunum sem tilgreind eru í 2. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009.
([2]) Einungis vegna eftirlits.
([3]) Samkvæmt [framkvæmdarlöggjöf] framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

1.5.2. Niðurstöður úr prófunum í 3. þætti:

Prófun	Skráð gildi		Stenst prófun/stenst ekki prófun ([1])
Prófunarfótleggur í stuðara (ef prófun fer fram)	Beygjuhorn	.... gráður	
	Skerfærsla	.... mm	
	Hröðun við sköflung	.... g	
Prófunarlærleggur í stuðara (ef prófun fer fram)	Samtala höggkraftanna	.... kN	
	Beygjukraftvægi	.... Nm	
Prófunarlærleggur í fremstu brún vélarhlífar:	Samtala höggkraftanna	.... kN	([2])
	Beygjukraftvægi	.... Nm	([2])
Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju (3,5 kg) í efri hluta vélarhlífar	HPC-gildi (9 niðurstöður ([3]))		
Höfuðlíkan fullorðins (4,5 kg) í framrúðu	HPC-gildi (9 niðurstöður ([3]))		

([1]) Samkvæmt gildunum sem tilgreind eru í 3. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009.
([2]) Einungis vegna eftirlits.
([3]) Samkvæmt [framkvæmdarlöggjöf] framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

Athugasemdir: (t.d. gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin)

1.5.3. Kröfur í 4. þætti:

Upplýsingar um hjálparátakskerfi fyrir hemla sem lagt er til ([1])	
Athugasemdir ([2]):	

f) tilgreining á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

g) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 5. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu, innan hæfilegra tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

a) öllum upplýsingum sem aflað er skv. 5. gr.,

b) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, er upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,

c) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (*) upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

4. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal fá snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar töku ákvarðana í umhverfismálum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og skal hann í því skyni eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit meðan allir valkostir standa lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum til boða áður en ákvörðun um leyfisumsókn er tekin.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og með því að hafa samráð við almenning, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun).

6. Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið virkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði þessarar greinar.“

(*) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26

5. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. mgr.:

„1. Þegar aðildarríki er kunnugt um að framkvæmdir muni líklega hafa veruleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis eða ef aðildarríki, sem telur líklegt að umhverfi þess verði fyrir verulegum áhrifum, æskir þess ber aðildarríkinu, þar sem framkvæmdirnar eiga að fara fram, að senda hinu aðildarríkinu m.a. eftirfarandi upplýsingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en um leið og almenningur heima fyrir fær þær:

a) lýsingu á framkvæmdunum ásamt öllum fáanlegum upplýsingum um hugsanleg áhrif þeirra yfir landamæri,

b) upplýsingar um eðli hugsanlegrar ákvörðunar,

og skal það gefa hinu aðildarríkinu hæfilegan frest til að tilkynna hvort það vilji taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og má láta upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fylgja.

2. Ef aðildarríki, sem fær upplýsingar skv. 1. mgr., tilkynnir að það hafi hug á að taka þátt í tilhögun ákvarðanatöku að því er varðar umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skal aðildarríkið, þar sem framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar, senda aðildarríkinu sem framkvæmdirnar kunna að hafa áhrif á, hafi það ekki þegar verið gert, upplýsingarnar sem krafist er skv. 2. mgr. 6. gr. og sem eru gerðar aðgengilegar skv. a- og b-lið 3. mgr. 6. gr.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Hlutaðeigandi aðildarríki geta ákveðið ítarlega tilhögun við framkvæmd þessarar greinar og skal hún vera þannig að sá hluti almennings, sem málið varðar, á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem verður fyrir áhrifum, sé gert kleift að taka virkan þátt í ferlinu við töku ákvarðana, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar verkefnið.“

6. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til framkvæmda eða synja um það skal lögbært yfirvald eða yfirvöld tilkynna almenningi um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega:

– inntak ákvörðunarinnar og hvaða skilyrðum hún er háð,

– þær ástæður og forsendur, sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsingar um ferlið við þátttöku almennings, eftir að hafa tekið afstöðu til áhyggna og sjónarmiða sem sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur látið í ljós,

– ef þörf krefur, lýsingu á helstu ráðstöfunum til þess að komast hjá, draga úr og, eftir því sem unnt er, vega upp á móti helstu skaðlegu áhrifunum.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu senda aðildarríki, sem haft hefur verið samráð við skv. 7. gr., upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Aðildarríkin, sem haft var samráð við, skulu tryggja að upplýsingarnar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.“

7. Eftirfarandi grein bætist við:

„Grein 10a

Aðildarríkin skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi réttarkerfi hvers lands um sig, að sá hluti almennings, sem málið varðar:

a) sem hefur nægjanlegra hagsmuna að gæta eða

b) staðhæfir að brotið sé á rétti viðkomandi, ef slíkt er forsenda í stjórnsýslulögum aðildarríkis,

hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt lögmæti ákvarðana eða málsmeðferðina við töku þeirra, aðgerðir eða aðgerðaleysi sem falla undir ákvæðin um þátttöku almennings samkvæmt þessari tilskipun.

Aðilarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Í þessu skyni skulu öll frjáls félagasamtök, sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr., teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta samkvæmt undirgrein a í þessari grein. Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða samkvæmt undirgrein b í þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skal ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm.

Til að auka skilvirkni ákvæða þessarar greinar skulu aðildarríki tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.“

8. Í I. viðauka bætist eftirfarandi liður við:

„22. Sérhver breyting eða útvíkkun á verkefnum, sem tilgreind eru í þessum viðauka, svo fremi slík breyting eða útvíkkun uppfylli hugsanleg viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessum viðauka.“,

9. Í fyrsta undirlið 13. liðar í II. viðauka bætist eftirfarandi við í lokin:

„(breyting eða útvíkkun sem fellur ekki undir I. viðauka)“.

4. gr.

Breytingar á tilskipun 96/61/EB

Tilskipun 96/61/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi málsliður bætist við b-lið 10. liðar:

   „Að því er þessa skilgreiningu varðar skal sérhver breyting eða framlenging á starfsemi teljast umtalsverð ef breytingin eða framlengingin uppfyllir hugsanleg viðmiðunarmörk sem sett eru fram í I. viðauka.“,

   b) Eftirfarandi liðir bætist við:

   „13. „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við löggjöf eða venju viðkomandi ríkis, samtök þeirra, félög eða hópar,

   14. „sá hluti almennings, sem málið varðar“: sá hluti íbúanna, sem verður fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem á hagsmuna að gæta vegna töku ákvörðunar við útgáfu eða uppfærslu leyfis eða skilyrðum fyrir því; samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta.“

2. Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi undirliður við:

   „— helstu staðgöngukostum, ef um þá er að ræða, sem umsækjandinn hefur rannsakað, og skal setja þá fram sem yfirlit.“

3. Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

   „1. Aðildarríki skulu tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, fái snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar:

   – útgáfu leyfa fyrir nýjum stöðvum,

   – útgáfu leyfa fyrir hvers kyns umtalsverðum breytingum á rekstri stöðvar,

   – uppfærslu leyfis eða skilyrða fyrir leyfi fyrir stöð í samræmi við fyrsta undirlið 2. mgr. 13. gr.

   Málsmeðferðin, sem tilgreind er í V. viðauka, gildir að því er varðar slíka þátttöku.“,

   b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

   „5. Þegar ákvörðun hefur verið tekin, skal lögbært yfirvald upplýsa almenning um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar almenningi:

   a) efni ákvörðunarinnar, þ.m.t. afrit af leyfi og öllum skilyrðum og síðari uppfærslum, og

   b) þær ástæður og forsendur, sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsingar um ferlið við þátttöku almennings, eftir að hafa tekið afstöðu til áhyggna og sjónarmiða sem sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur látið í ljós.“,

4. Eftirfarandi grein bætist við:

   „Grein 15a

   Aðgangur að réttlátri málsmeðferð

   Aðildarríkin skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi réttarkerfi hvers lands um sig, að sá hluti almennings, sem málið varðar:

   a) sem hefur nægjanlegra hagsmuna að gæta eða

   b) staðhæfir að brotið sé á rétti sínum, ef gerð er krafa um slíkt í stjórnsýslulögum aðildarríkis,

   hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt lögmæti ákvarðana eða málsmeðferðina við töku þeirra, aðgerðir eða aðgerðaleysi sem falla undir ákvæðin um þátttöku almennings samkvæmt þessari tilskipun.

   Aðilarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

   Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Í þessu skyni skulu öll frjáls félagasamtök, sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 14. mgr. 2. gr., teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta samkvæmt undirgrein a í þessari grein. Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða samkvæmt undirgrein b í þessari grein.

   Ákvæði þessarar greinar skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skal ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

   Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm.

   Til að auka skilvirkni ákvæða þessarar greinar skulu aðildarríki tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.“,

5. Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Verði aðildarríki þess áskynja að starfsemi stöðvar sé líkleg til að hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á umhverfi annars aðildarríkis, eða fari aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, fram á það skal aðildarríkið, þar sem umsókn um leyfi var lögð fram skv. 4. gr. eða 2. mgr. 12. gr., framsenda upplýsingarnar, sem veittar voru skv. V. viðauka, til hins aðildarríkisins og veita um leið ríkisborgurum sínum aðgang að þeim. Leggja skal slíkar upplýsingar til grundvallar í nauðsynlegum viðræðum sem eru liður í tvíhliða samskiptum aðildarríkjanna tveggja á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæmni og jafnræði.,

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„3. Taka þarf tillit til niðurstaðna sérhvers viðræðufundar skv. 1. og 2. mgr. þegar lögbært yfirvald tekur ákvörðun um umsóknina.

4. Lögbært yfirvald skal upplýsa aðildarríki, sem samráð hefur verið haft við skv. 1. mgr., um þá ákvörðun sem tekin var varðandi umsóknina og skal framsenda því þær upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 15. gr. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.“

6. V. viðauki bætist við eins og sett er fram í II. viðauka við þessa tilskipun.

5. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 25. júní 2009, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar tilskipunar og reynsluna af henni. Með það í huga að samþætta enn frekar kröfur um umhverfisvernd, í samræmi við 6. gr. sáttmálans, og með tilliti til þeirrar reynslu, sem hefur fengist við beitingu þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, munu fylgja slíkri skýrslu tillögur að breytingum á þessari tilskipun ef við á. Framkvæmdastjórnin mun einkum huga að möguleikanum á að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar þannig að hún taki til annarra skipulags- og framkvæmdaáætlana í tengslum við umhverfismál.

6. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. júní 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

7. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

8. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. maí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. DRYS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI UM SKIPULAGS- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR SEM UM GETUR Í 2. GR.

a) Ákvæði 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([1]).

b) Ákvæði 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni ([2]).

c) Ákvæði 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði ([3]).

d) Ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([4]).

e) Ákvæði 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ([5]).

f) Ákvæði 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts ([6]).

———

([1]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).
([2]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/101/EB (Stjtíð. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtíð. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).
([5]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.
([6]) Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi viðauki bætist við tilskipun 96/61/EB:

„V. VIÐAUKI

Þátttaka almennings við töku ákvarðana

1. Almenningur skal upplýstur (með opinberum auglýsingum eða á annan, viðeigandi hátt, s.s. með rafrænum miðlum, ef þeir eru tiltækir) um eftirfarandi atriði snemma í ferlinu við ákvarðanatökuna eða eigi síðar en svo fljótt sem með sanngirni má ætlast til að leggja megi upplýsingarnar fram:

   a) um umsóknina um leyfi eða, eftir því sem við á, um tillöguna að uppfærslu leyfis eða skilyrðin fyrir leyfinu í samræmi við 1.mgr. 15. gr, þ.m.t. lýsing á atriðunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr.,

   b) um þá staðreynd, eftir því sem við á, að tiltekin ákvörðun sé háð mati í hverju aðildarríki eða mati á umhverfisáhrifum, sem ná yfir landamæri, eða samráði milli aðildarríkja í samræmi við 18. gr.,

   c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

   d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

   e) um upplýsingar, eftir því sem við á, sem varða tillögur að uppfærslu leyfis eða skilyrða fyrir leyfi,

   f) um tilgreiningu á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

   g) um upplýsingar um fyrirkomulagið á þátttöku almennings og samráði skv. 5. lið.

2. Aðildarríkin skulu, innan viðeigandi tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

   a) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, var upplýstur í samræmi við 1. lið,

   b) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (1): upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 1. lið, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 1. lið.

3. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit til lögbærs yfirvalds áður en ákvörðun er tekin.

4. Taka verður tillit til niðurstaðnanna úr samráðinu sem haft er samkvæmt þessum viðauka við töku ákvörðunar.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og með því að hafa samráð við þann hluta almennings, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun). Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið skilvirkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði viðaukans.

(1) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/47/ESB **2012/EES/12/48**

frá 5. júlí 2010

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháefni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní 2000 um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháefni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þágu umferðaröryggis, umhverfisverndar og sanngjarnrar samkeppni er mikilvægt að tryggja að atvinnuökutækjum [áður vöruflutningabifreiðum] í notkun sé viðhaldið og þau skoðuð á tilhlýðilegan hátt til að viðhalda öruggri frammistöðu þeirra þegar þau eru í umferð í Evrópusambandinu.

2) Laga skal staðla og aðferðir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/30/EB að tækniframförum sem leiða til bætts tæknilegs eftirlits á vegum í Evrópusambandinu.

3) Með það í huga að draga úr kostnaði og töfum fyrir ökumenn og rekstraraðila eins og framast er kostur skal eftirlit ekki taka óhóflega langan tíma.

4) Til að tryggja að samsvörun sé á milli niðurstaðna úr prófunum, ágalla og sérkenna hvers ökutækis sem skoðað er skal gefa út ítarlegri útgáfu af stöðluðu skoðunarskýrslunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

5) Tæknilegu kröfurnar eru mismunandi eftir ökutækjaflokkum eins og skilgreint er í löggjöfinni um gerðarviðurkenningu ([2]). Breyta skal skoðunarskýrslunni í samræmi við þetta svo hún endurspegli þessa ökutækjaflokka.

6) Til að gera auðkenningu ökutækis áreiðanlegri skal skoðunarskýrslan innihalda verksmiðjunúmer ökutækisins auk skráningarnúmers þess.

7) Til að auðvelda skráningu annmarka sem skoðunarmaður uppgötvar skal skoðunarskýrslan innihalda heildarlista yfir atriði á bakhlið.

8) Til að bæta enn frekar tæknilegt eftirlit á vegum í ljósi tækniframfara skal innleiða skoðunaraðferðir í tengslum við sérhvert atriði sem talið er upp í II. viðauka.

9) Til viðbótar við þau atriði sem tengjast öryggi, vernd og umhverfisvernd verður skoðunin líka að taka til auðkenningar ökutækisins til að tryggja að réttu eftirliti og stöðlum sé beitt og til að gera kleift að skrá niðurstöður skoðunarinnar og framfylgja öðrum lagaskilyrðum.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipuninni um prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra sem komið var á fót með 7. gr. tilskipunar 2009/40/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2000/30/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2012. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1.

([2]) II. viðauki við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2000/30/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

(framhlið)

SÝNISHORN AF SKÝRSLU UM TÆKNILEGT EFTIRLIT Á VEGUM ÁSAMT GÁTLISTA

1. Eftirlitsstaður .....
2. Dagsetning .....
3. Tími .....
4. Landsmerki og skráningarnúmer ökutækis .....
5. Verksmiðjunúmer ökutækis .....
6. Ökutækjaflokkur
   a) ☐ N2[a] (3,5 til 12 t)
   b) ☐ N3[a] (yfir 12 t)
   c) ☐ O3[a] (3,5 til 10 t)
   d) ☐ O4[a] (yfir 10 t)
   e) ☐ M2[a] (> 9 sæti[b] allt að 5 t)
   f) ☐ M3[a] (> 9 sæti[b] yfir 5 t)
   g) ☐ Annar ökutækjaflokkur (3. mgr. 1. gr.)
7. Flutningafyrirtæki
   a) Nafn og heimilisfang .....
   .....
   b) Númer Bandalagsleyfis([c]) (reglugerð (EB) nr. 1072/2009) .....
8. Ríkisfang (ökumanns) .....
9. Nafn ökumanns .....
10. Gátlisti:.....

	skoðað[d]	ekki skoðað	ófullnægjandi[e]
0) auðkenni[f]	☐	☐	☐
1) hemlabúnaður	☐	☐	☐
2) stýrisbúnaður[f]	☐	☐	☐
3) útsýn[f]	☐	☐	☐
4) ljósabúnaður og rafkerfi[f]	☐	☐	☐
5) ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun[f]	☐	☐	☐
6) undirvagn og viðfestur búnaður[f]	☐	☐	☐
7) annar búnaður, þ.m.t. ökuriti[f] og hraðatakmörkunarbúnaður	☐	☐	☐
8) óþægindi, þ.m.t. útblástur og eldsneytis- og/eða olíuleki	☐	☐	☐

11. Niðurstöður eftirlits:

    Bann við notkun ökutækisins vegna alvarlegra ágalla ☐
12. Annað/athugasemdir .....
13. Yfirvald/starfsmaður eða skoðunarmaður sem sér um skoðun

    Undirritun:

    Prófunaryfirvald/-starfsmaður eða skoðunarmaður ..... Ökumaður .....

Athugasemdir:

a) Ökutækjaflokkur skv. II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).
b) Sætafjöldi að meðtöldu ökumannssæti (liður S.1 á skráningarskírteininu).
c) Ef það liggur fyrir.
d) „Skoðað“ þýðir að a.m.k. eitt eða fleiri af prófunaratriðunum í þessum flokki sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2009/40/EB eins og henni var breytt með tilskipun 2010/48/ESB hafa verið skoðuð.
e) Ágallar eru tilgreindir á bakhlið.
f) Prófunaraðferðir og leiðbeiningar vegna mats á ágöllum skv. II. viðauka við tilskipun 2009/40/EB eins og henni var breytt með tilskipun 2010/48/ESB.

(bakhlið)

0. **AUÐKENNI ÖKUTÆKISINS**
0.1. Skráningarmerki
0.2. Verksmiðjunúmer/ raðnúmer ökutækis
1. **HEMLABÚNAÐUR**
1.1. Vélrænt ástand og virkni
1.1.1. Snúningsteinn akstursheimilsfetils
1.1.2. Ástand fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar
1.1.3. Sogdæla eða þjappa og geymar
1.1.4. Viðvörunarbúnaður eða mælir sem gefur til kynna of lágan þrýsting
1.1.5. Handvirkur hemlastjórnloki
1.1.6. Stöðuhemilshandfang eða -fetill, stöðuhemilsarmur, stöðuhemilshak
1.1.7. Lokar (hemlalokar, stjórnlokar, stillar)
1.1.8. Tengi fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)
1.1.9. Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir
1.1.10. Hemlaaflliði, höfuðdæla (vökvakerfi)
1.1.11. Hemlarör
1.1.12. Hemlaslöngur
1.1.13. Hemlaborðar og hemlaklossar
1.1.14. Hemlaskálar, hemladiskar
1.1.15. Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar
1.1.16. Hemlastrokkar (m.a. gormhemlar eða vökvastrokkar)
1.1.17. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki
1.1.18. Stillibúnaður og -vísar
1.1.19. Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)
1.1.20. Sjálfvirk beiting á hemlum eftirvagna
1.1.21. Hemlakerfi í heild
1.1.22. Prófunartengi
1.2. Afköst og skilvirkni akstursheimils
1.2.1. Afköst
1.2.2. Skilvirkni
1.3. Afköst og skilvirkni neyðarhemils
1.3.1. Afköst
1.3.2. Skilvirkni
1.4. Afköst og skilvirkni stöðuhemils
1.4.1. Afköst
1.4.2. Skilvirkni
1.5. Afköst hamlarakerfis
1.6. Læsivarið hemlakerfi
2. **STÝRISBÚNAÐUR**
2.1. Vélrænt ástand
2.1.1. Ástand stýrisvélar
2.1.2. Festing stýrisvélar
2.1.3. Ástand stýristengibúnaðar
2.1.4. Virkni stýristengibúnaðar
2.1.5. Aflstýrisbúnaður
2.2. Stýrishjól og stýrissúla
2.2.1. Ástand stýrishjóls
2.2.2. Stýrissúla
2.3. Hlaup í stýri
2.4. Hjólastaða
2.5. Stýriás snúningsskífu eftirvagns
3. **ÚTSÝN**
3.1. Sjónsvið
3.2. Ástand glerja
3.3. Baksýnisspeglar
3.4. Framrúðuþurrkur
3.5. Framrúðusprautur
3.6. Móðuhreinsunarkerfi
4. **LJÓSKER, GLITAUGU OG RAFBÚNAÐUR**
4.1. Aðalljósker
4.1.1. Ástand og virkni
4.1.2. Stilling
4.1.3. Rofar
4.1.4. Farið að kröfum
4.1.5. Stillingarbúnaður
4.1.6. Hreinsunarbúnaður fyrir aðalljósker
4.2. Stöðuljósker að framan og aftan, hliðarljósker og breiddarljósker
4.2.1. Ástand og virkni
4.2.2. Rofar
4.2.3. Farið að kröfum
4.3. Hemlaljósker
4.3.1. Ástand og virkni
4.3.2. Rofar
4.3.3. Farið að kröfum
4.4. Stefnuljós og hættuljósker
4.4.1. Ástand og virkni
4.4.2. Rofar
4.4.3. Farið að kröfum
4.4.4. Blikktíðni
4.5. Þokuljósker að framan og aftan
4.5.1. Ástand og virkni
4.5.2. Stilling
4.5.3. Rofar
4.5.4. Farið að kröfum
4.6. Bakkljósker
4.6.1. Ástand og virkni
4.6.2. Rofar
4.6.3. Farið að kröfum
4.7. Ljósker við skráningarmerki að aftan
4.7.1. Ástand og virkni
4.7.2. Farið að kröfum
4.8. Glitaugu, viðvörunarglitmerkingar og aftari skráningarplötur
4.8.1. Ástand
4.8.2. Farið að kröfum
4.9. Lögboðinn gaumbúnaður fyrir ljósabúnað
4.9.1. Ástand og virkni
4.9.2. Farið að kröfum
4.10. Raftengingar milli dráttarbifreiðar og eftirvagns eða festivagns
4.11. Rafmagnsleiðslur
4.12. Ljósker og glitaugu sem ekki eru skyldubundin
4.13. Rafgeymir
5. **ÁSAR, HJÓL, HJÓLBARÐAR OG FJÖÐRUN**
5.1. Ásar
5.1.1. Ásar
5.1.2. Hjólvelir
5.1.3. Hjólalegur
5.2. Hjól og hjólbarðar
5.2.1. Hjólnöf
5.2.2. Hjól
5.2.3. Hjólbarðar
5.3. Fjöðrunarkerfi
5.3.1. Fjaðrir og jafnvægisstillar
5.3.2. Höggdeyfar
5.3.3. Lokuð drifsköft, sveifluarmar, klofspyrnur og fjaðraarmar
5.3.4. Fjöðrunarliðir
5.3.5. Loftfjöðrun
6. **UNDIRVAGN OG VIÐFESTUR BÚNAÐUR**
6.1. Undirvagn eða grind og viðfestur búnaður
6.1.1. Almennt ástand
6.1.2. Útblástursrör og hljóðdeyfar
6.1.3. Eldsneytisgeymir og -leiðslur (þ.m.t. hitunareldsneytisgeymir og -leiðslur)
6.1.4. Stuðarar, hliðarvörn og undirakstursvarnar-búnaður að aftan
6.1.5. Festingar varahjóls
6.1.6. Tengibúnaður og dráttarbúnaður
6.1.7. Aflyfirfærsla
6.1.8. Hreyfilfestingar
6.1.9. Hreyfilafköst
6.2. Stýrishús og yfirbygging
6.2.1. Ástand
6.2.2. Festingar
6.2.3. Hurðir og hurðarlásar
6.2.4. Gólf
6.2.5. Ökumannssæti
6.2.6. Önnur sæti
6.2.7. Stjórntæki til aksturs
6.2.8. Þrep upp í stýrishús
6.2.9. Aðrar innri eða ytri innréttingar og búnaður
6.2.10. Aurbretti (aurhlíf), hjól- og aurhlífarbúnaður
7. **ANNAR BÚNAÐUR**
7.1. Öryggisbelti/lássylgjur
7.1.1. Öryggi festinga
7.1.2. Ástand
7.1.3. Álagstakmarkari fyrir öryggisbelti
7.1.4. Öryggisbeltisstrekkjarar
7.1.5. Öryggispúði
7.1.6. Öryggispúðakerfi
7.2. Slökkvitæki
7.3. Lásar og þjófavörn
7.4. Viðvörunarþríhyrningur
7.5. Sjúkrakassi
7.6. Hjólaskorður (fleygar)
7.7. Hljóðmerkjabúnaður
7.8. Hraðamælir
7.9. Ökuriti
7.10. Hraðatakmörkunar-búnaður
7.11. Kílómetramælir
7.12. Rafrænn stöðugleikabúnaður
8. **HÁVAÐI**
8.1.8.1. Hávaðadeyfikerfi
8.2. Losun með útblæstri
8.2.1. Losun frá bensínhreyfli
8.2.1.1. Mengunarvarnarbúnaður
8.2.1.2. Losun lofttegunda
8.2.2. Losun frá dísilhreyfli
8.2.2.1. Mengunarvarnarbúnaður
8.2.2.2. Reykþéttni
8.3. Deyfing rafsegultruflana
8.4. Önnur umhverfistengd atriði
8.4.1. Sýnilegur reykur
8.4.2. Vökvaleki“

2. Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT

1. Hemlabúnaður

8. Óþægindi

1. INNGANGUR

Í þessum viðauka er mælt fyrir um reglur um prófun og/eða skoðun hemlakerfa og losunar með útblæstri við tæknilegt eftirlit á vegum. Notkun búnaðar er ekki lögboðin við eftirlit á vegum. Hún eykur þó gæði eftirlits og því er mælt með notkun búnaðar þar sem því verður við komið.

Atriði sem eingöngu skulu skoðuð með notkun búnaðar skulu merkt með (E).

Ef uppgefin skoðunaraðferð er sjónræn þýðir það að auk þess að horfa á atriðin skal skoðunarmaður, ef við á, einnig taka á þeim, meta hávaða eða nota aðrar viðeigandi skoðunaraðferðir án þess að nota neinn búnað.

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT

Tæknilegt eftirlit á vegum getur náð til þeirra atriða, og beitingu þeirra aðferða, sem getið er hér á eftir. Annmarkar eru dæmi um ágalla sem geta fundist.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
1. **HEMLABÚNAÐUR**		
1.1. Vélrænt ástand og virkni		
1.1.1. Snúningsteinn akstursheimilsfetils	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Ath.: Ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli skulu skoðuð þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Snúningsteinn of stífur. b) Of mikið slit/hlaup.
1.1.2. Ástand fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Ath.: Ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli skulu skoðuð þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Of mikil eða lítil umframfærsla. b) Hemlastjórnbúnaðurinn sleppir ekki á réttan hátt. c) Hrjúft yfirborð á hemlafetli vantar, er laust eða orðið slétt af sliti.
1.1.3. Sogdæla eða þjappa og geymar	Sjónræn skoðun íhluta við venjulegan vinnuþrýsting. Skoða hversu langan tíma tekur fyrir lofttæmi eða loftþrýsting að ná öruggu vinnslugildi og virkni viðvörunarbúnaðar, fjölrása varloka og þrýstiöryggisloka.	a) Ónógur loftþrýstingur/ lofttæmi til að beita hemlinum a.m.k. tvisvar eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð). b) Tíminn sem það tekur að ná upp loftþrýstingi/lofttæmi að öruggu vinnslugildi er ekki í samræmi við kröfur[a]. c) Fjölrása varloki eða þrýstiöryggisloki virka ekki. d) Loftleki veldur sýnilegu þrýstingsfalli eða loft heyrist streyma út. e) Skemmdir á ytra byrði eru líklegar til að hafa áhrif á virkni hemlakerfisins.

Atriði		Aðferð	Annmarkar
1.1.4.	Viðvörunarbúnaður eða mælir sem gefur til kynna of lágan þrýsting	Athugun á virkni	Bilaður eða gallaður mælir eða vísir.
1.1.5.	Handvirkur hemlastjórnloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Brotinn, skemmdur eða mikið slitinn stjórnbúnaður. b) Stjórnbúnaður er ekki nógu vel festur við lokann eða lokinn er laus. c) Tengingar eru lausar eða leki í kerfinu. d) Ónóg virkni.
1.1.6.	Stöðuhemilshandfang eða -fetill, stöðuhemilsarmur, stöðuhemilshak	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Hak heldur ekki nægilega vel. b) Of mikið slit á snúningsteini eða tannkambi. c) Of mikil færsla á stöðuhemilsarmi sem bendir til rangrar stillingar. d) Búnað vantar, hann er skemmdur eða óvirkur. e) Röng virkni, viðvörunarbúnaður sýnir bilun.
1.1.7.	Lokar (hemlalokar, stjórnlokar, stillar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Skaddaðir lokar eða of mikið loftútstreymi. b) Of mikil olíueyðsla í þjöppunni. c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á loka. d) Vökvakerfisvökvi lekur.
1.1.8.	Tengingar fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)	Tengingar hemlakerfis á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengdar og tengdar.	a) Bilaður krani eða sjálflokandi loki. b) Ótrygg/ófullnægjandi festing á krana eða loka. c) Of mikill leki. d) Nauðsynlegar tengingar rangt tengdar eða ótengdar. e) Röng virkni.
1.1.9.	Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir	Sjónræn skoðun.	a) Geymir skaddaður, ryðgaður eða lekur. b) Afrennslisbúnaður er óvirkur. c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á geymi.
1.1.10.	Hemlaafllliði, höfuðdæla (vökvakerfi)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Bilaður eða óvirkur afllliði. b) Höfuðdælan er biluð eða lek. c) Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest. d) Hemlavökvi er ekki nægur. e) Lok á höfuðdælu vantar. f) Gaumljós fyrir hemlavökva logar eða er bilað. g) Viðvörunarbúnaður fyrir hemlavökva virkar ekki rétt.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
1.1.11. Hemlarör	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti. b) Leki frá rörum eða tengingum. c) Rör skemmd eða mikið ryðguð. d) Rangar tengingar á rörum.
1.1.12. Hemlaslöngur	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti. b) Slöngur eru skemmdar, slitnar, snúnar eða of stuttar. c) Leki frá slöngum eða tengingum. d) Slöngur þenjast út undir þrýstingi. e) Slöngur eru gropnar.
1.1.13. Hemlaborðar og hemlaklossar	Sjónræn skoðun.	a) Mikið slit á borða eða klossum. b) Óhreinindi á borða eða klossum (olía, feiti o.s.frv.). c) Borða eða klossa vantar.
1.1.14. Hemlaskálar, hemladiskar	Sjónræn skoðun.	a) Mikið slit eða rispur, sprungur, brot eða lélegar festingar í skálum og diskum. b) Óhreinindi á skálum eða diskum (olía, feiti o.s.frv.). c) Skálar eða diska vantar. d) Festingarplata er laus.
1.1.15. Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Leiðslur eru skemmdar eða með ójöfnum. b) Íhlutur er mikið slitinn eða ryðgaður. c) Tengingar við leiðslur eða stangir eru ótryggar. d) Bilun í leiðslustýringum. e) Stirðleiki í hemlakerfinu. f) Óeðlileg hreyfing á örmum, stöngum eða tengingum sem bendir til rangrar stillingar eða slits.
1.1.16. Hemlastrokkar (m.a. gormhemlar eða vökvastrokkar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Strokkar brotnir eða skemmdir. b) Strokkar lekir. c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á strokkum. d) Strokkar mikið ryðgaðir. e) Of mikil færsla á bullu eða blöðku. f) Rykvarnarhlíf vantar eða hún er mikið skemmd.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
1.1.17. Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Biluð tenging. b) Röng stilling tengingar. c) Loki fastur eða virkar ekki. d) Loka vantar. e) Gagnaplötu vantar. f) Gögn eru ólæsileg eða ekki í samræmi við kröfur ([a]).
1.1.18. Stillibúnaður og -vísar	Sjónræn skoðun.	a) Stillibúnaður skemmdur, fastur eða hreyfist óeðlilega, mikið slitinn eða rangt stilltur. b) Stillibúnaður bilaður c) Rangt uppsettur eða skipt út.
1.1.19. Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)	Sjónræn skoðun.	a) Ótryggar tengingar eða festingar. b) Kerfi augljóslega bilað eða það vantar.
1.1.20. Sjálfvirk beiting á hemlum eftirvagna	Hemlatengi á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengd.	Hemlar eftirvagns eru ekki sjálfkrafa virkjaðir þegar tengið er aftengt.
1.1.21. Hemlakerfi í heild	Sjónræn skoðun.	a) Skemmdir að utan eða mikið ryð í öðrum kerfisbúnaði (t.d. dælu fyrir ísvara, loftþurrkunartæki o.s.frv.) sem hafa skaðleg áhrif á hemlakerfið. b) Loft eða ísvari leka. c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á íhlutum. d) Röng viðgerð eða breytingar á einhverjum íhlut.
1.1.22. Prófunartengi (ef þau eru uppsett eða þeirra krafist)	Sjónræn skoðun.	a) Vantar. b) Sködduð, ónothæf eða lek.
1.2. Afköst og skilvirkni akstursheimils		
1.2.1. Afköst (**E**)	Prófun með kyrrstæðri hemlaprófunarvél, hemlum beitt með stigvaxandi hætti þar til hámarksátaki er náð.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á einu eða fleiri hjólum. b) Hemlunarátak á einhverju hjóli er undir 70 % af mesta átaki sem er skráð á hinu hjólinu á sama ási. c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í). d) Hemlunartími er óeðlilega langur á einhverju hjóli. e) Miklar sveiflur í hemlunarátaki í hverjum heilum snúningi hjólsins.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
1.2.2. Skilvirkni (**E**)	Prófun með kyrrstæðri hemlaprófunarvél við raunverulega þyngd.	a) Gefur ekki a.m.k. eftirfarandi lágmarkstölur: b) Flokkar M1, M2 og M3: 50 % ([1]) c) Flokkur N1: 45 % d) Flokkar N2 og N3: 43 % ([2]) e) Flokkar O2, O3 og O4: 40% ([3])

1.3. Afköst og skilvirkni neyðarhemils (ef um sérstakt kerfi er að ræða)

1.3.1. Afköst (**E**)	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.1.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á einu eða fleiri hjólum. b) Hemlunarátak á einhverju hjóli er undir 70 % af hámarksátaki sem er skráð á öðru hjóli á sama tilgreinda ási. c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).
1.3.2. Skilvirkni (**E**)	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.2.	Hemlunarhlutfall er minna en 50 % ([6]) af afköstum akstursheimils samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2 miðað við leyfilegan hámarksmassa eða, ef um er að ræða festivagna, summu leyfilegrar áshleðslu.

1.4. Afköst og skilvirkni stöðuheimils

1.4.1. Afköst (**E**)	Hemlum beitt á kyrrstæðri hemlaprófunarvél.	Ófullnægjandi hemlunarátak á einu eða fleiri hjólum.
1.4.2. Skilvirkni (**E**)	Prófun með kyrrstæðri hemlaprófunarvél við raunverulega þyngd.	Hemlunarhlutfall er ekki, fyrir öll ökutæki, minnst 16% miðað við leyfilegan hámarksmassa eða, fyrir vélknúin ökutæki, minna en 12 % miðað við leyfilegan samanlagðan hámarksmassa ökutækis, hvort sem reynist hærra.
1.5. Afköst hamlarakerfis	Sjónræn skoðun og, ef hægt er, prófun á því hvort kerfið virki.	a) Átak eykst ekki jafnt (á ekki við um útblástursheimlakerfi). b) Kerfi virkar ekki.
1.6. Læsivarið hemlakerfi	Sjónræn skoðun á viðvörunarbúnaði.	a) Viðvörunarbúnaður bilaður. b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
	8. **ÓÞÆGINDI**	
8.2. Losun með útblæstri		
8.2.1. Losun frá bensínhreyfli		
8.2.1.1. Mengunarvarnar-búnaður	Sjónræn skoðun.	a) Mengunarvarnarbúnaður sem framleiðandi hefur komið fyrir er ekki til staðar eða augljóslega bilaður. b) Leki sem gæti haft umtalsverð áhrif á mælingar á losun.
8.2.1.2. Losun lofttegunda (**E**)	Mælingar með greiningartæki fyrir útblástursloft í samræmi við kröfur ([a]). Að öðrum kosti er heimilt að athuga hvort losunarkerfi starfi rétt í ökutækjum búnum viðeigandi innbyggðum greiningarkerfum með viðeigandi aflestri af innbyggða greiningarkerfinu og að athuga hvort innbyggða greiningarkerfið starfi rétt í stað mælinga á losun í lausagangi í samræmi við fyrirmæli framleiðanda um upphitun og aðrar kröfur ([a]) og að teknu tilliti til viðeigandi vikmarka. Að öðrum kosti mælingar með fjarskynjunarbúnaði og staðfesting með stöðluðum prófunaraðferðum.	a) Annað hvort er losun lofttegunda meiri en það magn sem framleiðandi gefur upp b) eða, ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, losun kolsýrings er meiri en, 1. fyrir ökutæki þar sem losun er ekki stjórnað með þróuðu mengunarvarnarkerfi, – 4,5 % eða – 3,5 %, samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkunar sem tilgreind er í kröfum ([a]) 2. fyrir ökutæki þar sem losun er stjórnað með þróuðu mengunarvarnarkerfi, – í lausagangi: 0,5 %, – í hröðum lausagangi: 0,3 %, eða – í lausagangi: 0,3 % ([5]), – í hröðum lausagangi: 0,2 %, samkvæmt dagsetningu fyrstu skráningar eða notkunar sem tilgreind er í kröfum ([a]). c) Lambda-gildið liggur utan sviðsins 1 ± 0,03 eða er ekki í samræmi við forskriftir framleiðanda. d) Aflestur úr innbyggðu greiningarkerfi gefur til kynna umtalsverða bilun. e) Fjarskynjunarmæling sýnir umtalsverð frávik frá kröfum.
8.2.2 Losun frá dísilhreyfli		
8.2.2.1. Mengunarvarnar-búnaður	Sjónræn skoðun.	a) Mengunarvarnarbúnaður sem framleiðandi hefur komið fyrir er ekki til staðar eða augljóslega bilaður. b) Leki sem gæti haft umtalsverð áhrif á mælingar á losun.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
8.2.2.2. Reykþéttni (**E**)	a) Mæla skal reykþéttni útblásturslofts við hröðun (frá lausagangi og upp í marksnúningshraða, án álags) í hlutlausum gír og með tengslin virk. b) Formeðhöndlun ökutækis: 1. Prófa má ökutæki án formeðhöndlunar þótt rétt sé, af öryggisástæðum, að ganga úr skugga um að hreyfillinn sé heitur og í viðunandi ásigkomulagi. 2. Formeðhöndlunarkröfur: i. Hreyfillinn skal vera orðinn heitur; t.d. skal hitinn á smurolíunni vera a.m.k. 80 °C þegar hann er mældur með nema í olíukvarðarörinu, eða vera við eðlilegan ganghita ef hann er lægri eða vélarblokkin skal vera a.m.k. jafnheit þegar hiti hennar er mældur, miðað við stig innrauðrar geislunar. Ef þessi mæling er óhagkvæm vegna lögunar ökutækis má komast að því eftir öðrum leiðum hver eðlilegur ganghiti hreyfilsins er, t.d. með því að setja kæliviftu hreyfilsins í gang. ii. Útblásturskerfi skal hreinsa með a.m.k. þremur hröðunarferlum eða annarri samsvarandi aðferð. c) Prófunaraðferð: 1. Hreyfill og hverfiþjappa, ef hún er tengd, skulu vera í lausagangi áður en hvert hröðunarferli hefst. Þegar um er að ræða þung, dísilknúin ökutæki þýðir þetta að bíða þarf í a.m.k. 10 sekúndur eftir að eldsneytisgjöfinni er sleppt. 2. Við upphaf hvers hröðunarferlis verður að gefa eldsneytið alveg í botn og óslitið (á innan við einni sekúndu), en ekki harkalega, til að ná fram hámarksafköstum eldsneytisdælunnar. 3. Á meðan á hröðunarferli stendur verður hreyfillinn að ná markhraða eða, þegar um er að ræða ökutæki með sjálfskiptingu, þeim hraða sem framleiðandinn tiltekur eða, ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir, tveimur þriðju af markhraðanum áður en eldsneytisgjöfinni er sleppt. Hægt er að hafa eftirlit með þessu t.d. með því að fylgjast með snúningshraðanum eða með því að láta nægan tíma líða frá því að eldsneyti er fyrst gefið inn og þar til því er hætt, en það ættu að vera a.m.k. tvær sekúndur ef um er að ræða ökutæki í flokki M2, M3, N2 eða N3 4. Ökutækjum skal því aðeins hafna ef meðaltal þriggja síðustu hröðunarferla hið minnsta er hærra en viðmiðunarmörkin. Þetta má reikna út með því að taka ekki með í reikninginn þær mælingar sem víkja verulega frá mælda meðaltalinu eða með því að nota niðurstöður annarra tölfræðiútreikninga sem taka tillit til dreifingar í mælingum. Aðildarríkin mega takmarka hámarksfjölda prófunarferla..	a) Fyrir ökutæki sem voru fyrst skráð eða tekin í notkun eftir dagsetningu sem tilgreind er í kröfum ([a]), reykþéttni er meiri en skráð er á plötu framleiðandans á ökutækinu, b) þar sem þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eða kröfur ([a]) heimila ekki notkun viðmiðunargilda, – fyrir hreyfla með innsogi: 2,5 m^{-1}, – fyrir hreyfla með hverfiþjöppu: 3,0 m^{-1}, eða fyrir ökutæki sem tilgreind eru í kröfum ([a]) eða fyrst skráð eða tekin í notkun eftir þá dagsetningu sem tilgreind er í kröfum ([a]), – 1,5 m^{-1} [6]. c) Fjarskynjunarmæling sýnir umtalsverð frávik frá kröfum.

Atriði	Aðferð	Annmarkar
	5. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin hafnað ökutækjum sem eru með verulega hærri mæligildi en viðmiðunarmörkin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin að sama skapi samþykkt ökutæki sem eru með verulega lægri mæligildi en viðmiðunarmörkin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin og að teknu tilliti til viðeigandi vikmarka. Að öðrum kosti mælingar með fjarskynjunarbúnaði og staðfesting með stöðluðum prófunaraðferðum.	

([1]) 48 % fyrir ökutæki sem ekki eru búin læsivörðu hemlakerfi eða voru gerðarviðurkennd fyrir 1. október 1991.
([2]) 45 % fyrir ökutæki sem voru skráð eftir 1988 eða frá þeim degi sem tilgreindur er í kröfum og skal síðari dagsetningin gilda.
([3]) 43 % fyrir festivagna og tengivagna sem voru skráðir eftir 1988 eða frá þeim degi sem tilgreindur er í kröfum (a) og skal síðari dagsetningin gilda.
([4]) Fyrir ökutæki í flokki N1, N2 og N3: 2,2 m/s^2.
([5]) Gerðarviðurkenndir í samræmi við viðmiðunarmörk sem eru sett fram í línu A eða línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB eða síðar eða fyrst skráðir eða teknir í notkun eftir 1. júlí 2002.
([6]) Gerðarviðurkenndir í samræmi við viðmiðunarmörk sem eru sett fram í línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB eða síðar, línu B1, B2 eða C í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB eða síðar eða fyrst skráðir eða teknir í notkun eftir 1. júlí 2008

ATHUGASEMD:

([a]) Mælt er fyrir um „kröfur“ með gerðarviðurkenningarkröfum við dagsetningu fyrstu skráningar eða þegar fyrst er tekið í notkun og jafnframt með skuldbindingum um ísetningu endurbótarhluta eða landslöggjöf skráningarlands.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 892/2010

2012/EES/12/49

frá 8. október 2010

um stöðu tiltekinna vara með tilliti til fóðuraukefna sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Óvissa ríkir um hvort tiltekin efni, örverur eða efnablöndur, hér á eftir nefndar vörur, eru fóðuraukefni. Þessi óvissa varðar nokkrar vörur sem eru leyfðar sem fóðuraukefni og eru í skránni yfir fóðuraukefni (áður skrá Bandalagsins yfir aukefni í fóðri)og einnig í skránni yfir fóðurefni, eins og kveðið er á um í 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([2]), nokkrar vörur sem eru hvorki leyfðar sem fóðuraukefni né eru í skránni yfir fóðurefni og nokkrar vörur sem eru leyfðar sem fóðuraukefni en má færa í skrána yfir fóðurefni í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 767/2009.

2) Að því er varðar tilteknar vörur er nauðsynlegt að samþykkja reglugerð þar sem þær vörur sem eru ekki fóðuraukefni eru skilgreindar svo unnt sé að koma í veg fyrir ósamræmi í meðhöndlun slíkra vara, að auðvelda störf lögbærra eftirlitsyfirvalda í hverju aðildarríki og minnka álag á hagsmunaaðilana.

3) Í þeirri skilgreiningu skal taka tillit til allra eiginleika viðkomandi vöru.

4) Af samanburði á eiginleikum þeirra vara sem eru í skránni yfir fóðuraukefni annars vegar og varanna sem nefndar eru í skránni yfir fóðurefni hins vegar má leiða ýmsar viðmiðanir fyrir flokkun vara sem fóðurefni, fóðuraukefni eða aðrar vörur. Viðmiðanir, sem geta komið að gagni við þessa aðgreiningu, eru m.a. framleiðslu- og vinnsluaðferð, stöðlunarstig, einsleitni, hreinleiki, efnafræðileg skilgreining og notkunarmáti varanna. Í þágu samkvæmni skulu vörur með svipaða eiginleika flokkaðar með hliðstæðum hætti. Vörur, sem vafi lék á um hvort væru fóðuraukefni, hafa verið rannsakaðar með tilliti til þessara viðmiðana.

5) Á grundvelli þessarar rannsóknar teljast vörurnar, sem tilgreindar eru í viðaukanum, ekki til fóðuraukefna sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

6) Að því er varðar merkingu varanna sem voru leyfðar sem fóðuraukefni og merkingu fóðurefnis og fóðurblandna, sem innihalda þessar vörur, skal kveða á um umbreytingartímabil til að gefa stjórnendum fóðurfyrirtækja færi á að aðlaga sig. Þar að auki ber að fella þessar vörur brott úr skránni yfir fóðuraukefni.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, örverurnar og efnablöndurnar (hér á eftir nefndar „vörur“) sem koma fram í viðaukanum eru ekki fóðuraukefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

2. gr.

Vörurnar sem skráðar eru í 1. hluta viðaukans teljast ekki lengur til leyfðra fóðuraukefna sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2010, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

3. gr.

Vörur sem settar eru fram í 1. hluta viðaukans og merktar sem fóðuraukefni eða forblöndur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 má áfram setja á markað til 9. október 2013 og hafa áfram á markaðnum á meðan birgðir endast. Það sama gildir um fóðurefni eða fóðurblöndur sem vísa í merkingum sínum til þessara vara sem fóðuraukefna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Vörur sem eru ekki fóðuraukefni sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003

1. HLUTI

Vörur sem eru leyfðar sem fóðuraukefni

1.1. Kalsíumkarbónat

1.2. Natríumdíhýdrógenortófosfat

1.3. Dínatríumhýdrógenortófosfat

1.4. Trínatríumortófosfat

1.5. Natríumsúlfat

1.6. Kalsíumtetrahýdrógendíortófosfat

1.7. Kalsíumhýdrógenortófosfat

1.8. Tetranatríumdífosfat

1.9. Pentanatríumtrífosfat

1.10. Díkalsíumdífosfat

1.11. Kalsíumsúlfat, díhýdrat

1.12. Natríumkarbónat

1.13. Natríumhýdrógenkarbónat

1.14. Natríum, kalíum og kalsíumsölt úr ætum fitusýrum með a.m.k. fjórum kolefnisatómum/sterötum

1.15. Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum með a.m.k. fjórum kolefnisatómum

1.16. Ein- og tvíglýseríð af ætum fitusýrum með a.m.k. fjórum kolefnisatómum esteruðum með eftirfarandi sýrum: edik-, mjólkur-, vínsteins-, mónó- og díasetýlvínsteinssýru.

1.17. Glýseról

1.18. Própan-1,2-díól

1.19. Pektín

2. HLUTI

Vörur sem eru ekki leyfðar sem fóðuraukefni

2.1. Kalíumklóríð

2.2. Kalsíumklóríð

2.3. Kalsíumnatríumfosfat

2.4. Natríummagnesíumfosfat

2.5. Metýlsúlfónýlmetan (MSM)

2.6. Karamellubrúnn

2.7. Glúkósamín, kítósamín (amínósykra (einsykra) sem er hluti fjölsykranna kítósan og kítín og er framleidd til dæmis með vatnsrofi ytri stoðgrindar krabbadýra eða annarra liðdýra eða með gerjun korns eins og til dæmis maís eða hveiti)

2.8. Kondróítínsúlfat (fjölsykra með endurtekinni einingu úr amínósykru og D-glúkónsýru, súlfatestrar af kondróítíni eru mikilvæg byggingarefni í liðbrjóski, sinum og beinum)

2.9. Hýalúrónsýra (glúkósamínglúkan (fjölsykra) með endurtekinni einingu úr amínósykru (N-asetýl-D-glúkósamín) og D-glúkúrónsýru sem finnst í húðinni, liðvökva og naflastreng, til dæmis framleidd úr eða með bakteríugerjun)

2.10. Eggjaduft (þurrkuð egg án skurnar eða blanda úr þurrkuðum eggjahvítum og þurrkuðum eggjarauðum)

2.11. Laktúlósi (tvísykra (4-O-D-galaktópýranósýl-D-frúktósi) unninn úr laktósa með hverfingu af glúkósa í frúktósa. Til staðar frá náttúrunnar hendi í hitameðhöndlaðri mjólk og mjólkurvörum)

2.12. Plöntusteról (jurtasteról eru flokkur steróla sem er til staðar frá náttúrunnar hendi í litlu magni í plöntum og kemur fyrir sem óbundin steról eða esteruð með fitusýrum)

2.13. *Tagetes* blómamjöl (malað gróft mjöl úr þurrkuðum blómum af tegundinni *Tagetes sp.*)

2.14. Paprikumjöl (malað gróft mjöl úr þurrkuðum aldinum af tegundinni *Capsicum sp.*)

2.15. *Chlorella* sem sviflausn eða mjöl (sviflausn með lifandi *Chlorella sp.* í vatni eða þurrkað og malað gróft mjöl úr *Chlorella sp.*)

2.16. Þörungamjöl (þurrkað og malað gróft mjöl úr smáþörungum s.s. *Schizochytrium sp.* þar sem frumurnar hafa verið gerðar óvirkar)

2.17. Gerjunarafurðir og -aukaafurðir (gerjuð fóðurefni þar sem gerjandi örveran og gerjunaraukaafurðin (þurrkuð og möluð aukaafurð gerjunar í föstu formi eða fljótandi) hafa verið óvirkjaðar eftir útdrátt virka efnisþáttarins eða virkninnar og óvirkjun örverunnar þar sem einungis afgangsinnihald virks efnisþáttar/virkra efnisþátta eða virkni verður eftir í vörunni)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 998/2010 2012/EES/12/50

frá 5. nóvember 2010

um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (handhafi leyfis er Lactosan GmbH & Co KG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

4) Notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 hefur verið leyfð fyrir fráfærugrísi og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 ([2]), fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1521/2007 ([3]) og var leyfð til bráðabirgða í fjögur ár fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 521/2005 ([4]).

5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir blöndunni fyrir eldiskjúklinga. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 27. maí 2010 ([5]) að *Enterococcus faecium* DSM 7134 hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og geti bætt dýraræktartengda þætti sé það gefið marktegundunum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á *Enterococcus faecium* DSM 7134 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16.

([3]) Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 24.

([4]) Stjtíð. ESB L 84, 2.4.2005, bls. 3.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 *8(6), 1636.*

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1841	Lactosan GmbH & Co KG	*Enterococcus faecium* DSM 7134	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem inniheldur að lágmarki: Duft: 1×10^{10} CFU/g aukefnis kornað (í örhylki) 1×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Enterococcus faecium* DSM 7134 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á agar með galleskúlínasíði. Auðkenning: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Eldis-kjúklingar	—	5×10^8	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-hita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Má nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnislalyf díklasúríl, halófúgínón, hýdróbrómið, róbenidínhýdórklórið, dekókínat, lasalósíðnatríum A, madúra-mísínammóníum eða natríummónensín.	26. nóvember 2020

([1]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 999/2010 2012/EES/12/51

frá 5. nóvember 2010

um leyfi fyrir 6- fýtasa (EB 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sem fóðuraukefni fyrir gyltur (handhafi leyfis er DSM Nutritional Products Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun ensímblöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir gyltur.

4) Notkun 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), hefur verið leyfð fyrir fráfærugrísi, eldissvín, alifugla sem eru aldir til slátrunar og varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1088/2009 ([2]).

5) Ný gögn voru lögð fram til stuðnings umsókninni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. maí 2010 ([3]) að 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar geti bætt meltanleika fosfórs. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 6.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(6), 1634.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks--innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a6	DSM Nutritional products Sp. Z o.o. fyrir hönd DSM Nutritional Products Ltd	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), með virkni að lágmarki: Hjúpað form: 10 000 FYT ([1])/g Annað fast form: 50 000 FYT/g Vökvaform: 20 000 FYT/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594) *Greiningaraðferð* ([2]) Litmæling sem byggist á efnahvarfi vanadómólýbdats við ólífrænt fosfat sem fæst með verkun 6-fýtasa á hvarfefni sem í er fýtat (natríumfýtat) við pH-gildið 5,5 og 37 °C, magngreint út frá staðalferli fyrir ólífrænt fosfat.	Gyltur	—	1 500 FYT	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	26. nóvember 2020

([1]) 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5, og hitastigið 37 °C, við verkun í 30 mínútur.
([2]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 255/2010 **2012/EES/12/52**

frá 25. mars 2010

um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([1]), einkum 7. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni ber að mæla fyrir um ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) í því skyni að hámarka tiltæka getu til nýtingar loftrýmis og efla flæðisstjórnunarferli flugumferðar.

2) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([2]), til að semja framkvæmdarreglur um flæðisstjórnun flugumferðar. Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni frá 7. desember 2007 sem var tekin saman innan ramma umboðsins.

3) Mikilvægt er að samræma beitingu sértækra reglna og aðferða innan loftrýmis í samevrópska loftrýminu til að hámarka getu til nýtingar á tiltækri flugumferðarstjórn fyrir tilstuðlan skilvirkrar stjórnunar og aðgerða á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar.

4) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Herloftför, sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð, skulu þó falla undir ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar þegar þau eru starfrækt eða fyrirhugað er að starfrækja þau innan loftrýmis eða flugvalla þar sem ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðarar gilda.

5) Í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 skal standa vörð um grundvallarhagsmuni aðildarríkjanna í öryggis- og varnarmálum eða stefnuhagsmuni í varnarmálum við skilgreiningu og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar.

6) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur komið á fót einni yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar sem ber ábyrgð á skipulagningu, samræmingu og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Þess skal krafist að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar nýti heildaráhrif ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem best að því er varðar evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN).

7) Ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu grundvallast á meginreglum sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir fyrir um og allir aðilar sem hlut eiga að kerfinu fyrir flæðisstjórnun flugumferðar skulu fara að reglum sem tryggja að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt með öruggum hætti og til hins ítrasta.

8) Ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu taka mið af tiltækum flugleiðum og tiltæku loftrými, einkum með því að allir viðkomandi aðilar, þ.m.t. vinnuhópurinn um stjórnun loftrýmis, beiti hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 frá 23. desember 2005 um sameiginlegar reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis ([3]).

9) Til þess að hámarka tiltæka getu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.m.t. flugvellir, skal setja verklagsreglur sem miða að því að auka samræmi milli afgreiðslutíma flugvalla og flugáætlana.

10) Rétt þykir að veita aðildarríkjum og aðilum, sem taka þátt í flæðisstjórnunarferlum flugumferðar, nægan tíma til að uppfylla kröfur um flæðisstjórnun flugumferðar.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um flæðisstjórnun flugumferðar í því skyni að hámarka tiltæka getu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og efla flæðisstjórnunarferli flugumferðar.

2. Þessi reglugerð gildir innan loftrýmisins sem um getur í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (biður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 20.

a) um öll flug sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð og í samræmi við blindflugsreglur, að öllu leyti eða að hluta til,

b) um öll stig flugs, sem um getur í a-lið, og rekstrarstjórnun flugumferðar.

3. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi aðila eða fulltrúa sem starfa fyrir þeirra hönd að flæðisstjórnunarferlum flugumferðar:

a) umráðendur loftfara,

b) flugumferðarþjónustudeildir, þ.m.t. tilkynningarstöðvar flugumferðarþjónustu (e. ATS-reporting offices) og flugturnsþjónusta,

c) upplýsingaþjónustu flugmála,

d) einingar sem taka þátt í stjórnun loftrýma,

e) framkvæmdastjórnir flugvalla,

f) yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar,

g) staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar,

h) samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð skulu skilgreiningarnar, sem kveðið er á um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr.°95/93 ([4]), gilda.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar“: aðgerðir sem gripið er til í því skyni að stjórna flæði flugumferðar og afkastagetu,

2. „umráðandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars,

3. „blindflugsreglur (IFR)“: blindflugsreglur eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944 (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn),

4. „tilkynningarstöð flugumferðarþjónustu“: flugumferðarþjónustudeild, stofnuð í þeim tilgangi að taka á móti tilkynningum um flugumferðarþjónustu og flugáætlanir sem lagðar eru fram áður en fyrsta flugheimild flugumferðarstjórnar er veitt,

5. „staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar“: flæðisstjórnunareining sem starfar fyrir hönd einnar eða fleiri annarra flæðistjórnunareininga sem skilflötur á milli yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildar eða hóps slíkra deilda,

6. „hættulegur atburður“: óvenjulegar aðstæður eða hættuástand sem felur í sér verulega minnkun á afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, verulegt ójafnvægi á milli afkastagetu þess og eftirspurnar eða verulegan skort á upplýsingaflæði í einum eða fleiri hlutum þess,

7. „afgreiðslutími brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar“: reiknaður flugtakstími sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar úthlutar þar sem staðbundin flugumferðarþjónustudeild stýrir vikmörkum fyrir tíma,

8. „stefnumið fyrir flugleiðir og flugumferð“: stefnumörkun og verklagsreglur um notkun loftfara á flugleiðum,

9. „margföld flugáætlun“: fleiri en ein flugáætlun fyrir sama fyrirhugaða flugið á milli tveggja flugvalla,

10. „tilhögun undirsvæða flugumferðarþjónustudeildar“: fjórvíddarlýsing á undirsvæði loftrýmis flugumferðarþjónustudeildar eða hópi undirsvæða sem heimilt er að starfrækja að staðaldri eða tímabundið,

11. „aksturstími á flugvelli“: fyrirfram ákvarðað tímagildi, frá hlaðfarartíma loftfars fram að flugtaki, sem gefið er upp í mínútum og gildir við eðlilegar flugvallaraðstæður,

12. „uppfærð staðsetning flugs“: staðsetning loftfars, uppfærð miðað við kögunargögn, flugáætlunargögn eða tilkynningar um staðsetningu,

13. „flugheimild flugumferðarstjórnar“: heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum sem flugstjórnardeild tilgreinir,

14. „frestun á flugáætlun“: ferli sem sú eining sem annast flæðistjórnun flugumferðar setur af stað til að tryggja að umráðandi breyti flugáætluninni áður en flug hefst,

15. „flugþjónusta“ : flug eða röð fluga með farþega, farm eða póst gegn greiðslu eða leigugjaldi,

16. „aðgerðaskrá“: skrá um flæðisstjórnunarkerfi flugumferðar sem er umbreytt í gagnagrunn til að gera kleift að leita með skjótum hætti í gögnum um flæðisstjórnun flugumferðar.

3. gr.

Rammi um flæðisstjórnun flugumferðar

1. Skipulagning, samræming og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar af hálfu aðilanna, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., skal samrýmast ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum.

2. Flæðisstjórnun flugumferðar skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

([4]) Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

a) ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar:

i. skulu koma í veg fyrir óhóflegan umferðarþunga samanborið við uppgefna afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvalla,

ii. skulu nýta afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar til hins ýtrasta til þess að hámarka skilvirkni evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og lágmarka neikvæð áhrif á umráðendur,

iii. skulu hámarka afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með því að flugumferðarþjónustudeildir þrói og beiti ráðstöfunum sem auka afköst,

iv. skulu styðja meðhöndlun hættulegra atburða,

b) staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar og yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar teljast vera hluti af starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar.

3. Við úthlutun afgreiðslutíma brottflugs af hálfu flæðisstjórnunar flugumferðar skal flugum forgangsraðað samkvæmt áætlaðri komu þeirra á þann stað sem ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar mun gilda nema sérstakar aðstæður krefjist beitingar annarrar forgangsreglu sem er formlega samþykkt, og gagnast evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Fyrsta undirgrein getur átt við um flug sem geta ekki nýtt sér valkostinn um að breyta flugleið til að forðast svæði þar sem flugumferð er mikil eða til að létta á þeim, að teknu tilliti til staðsetningar svæðisins og umfangs flugumferðarinnar.

4. gr.

Almennar skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðgerðir flæðisstjórnunar flugumferðar séu aðgengilegar þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 1. gr. allan sólarhringinn.

2. Skilgreining og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu samrýmast öryggis- og varnarkröfum aðildarríkjanna til að tryggja, í þágu aðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr., skilvirkni í skipulagningu, úthlutun og notkun loftrýma.

3. Setja skal samræmdar verklagsreglur um samstarf milli aðila, sem taka þátt í aðgerðum flæðisstjórnunar flugumferðar, flugumferðarþjónustudeilda og -eininga sem taka þátt í stjórnun loftrýmis í því skyni að hámarka nýtingu loftrýmisins.

4. Búa skal til sameiginlegt tilvísunarskjal sem inniheldur stefnumörkun, verklagsreglur og lýsingu á stefnumiðum fyrir flugleiðir og flugumferð. Birting tiltækileika flugleiða í flugupplýsingahandbókum í hverju ríki fyrir sig skal, eftir atvikum, samrýmast að öllu leyti þessu sameiginlega tilvísunarskjali.

5. Sameiginlegar verklagsreglur um beiðnir um undanþágu frá afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, skulu samdar í samræmi við ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum. Þessar verklagsreglur skulu unnar í samráði við yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og birtar í flugupplýsingahandbókum í hverju ríki fyrir sig.

5. gr.

Skyldur aðildarríkja varðandi yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar

Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar:

a) nýti sem best heildaráhrifin að því er varðar frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í tengslum við áætlanagerð, samræmingu og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

b) hafi samráð við umráðendur um skilgreiningu á ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

c) tryggi skilvirka framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar í samvinnu við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar,

d) auðkenni varaflugleiðir í samræmi við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar til að forðast svæði þar sem flugumferð er mikil eða til að létta á þeim, að teknu tilliti til heildaráhrifa að því er varðar frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,

e) bjóðist til að breyta flugleið þeirra fluga sem hefðu í för með sér að áhrifin, sem um getur í d-lið, nýttust sem best,

f) veiti umráðendum og flugumferðarþjónustudeildum upplýsingar um flæðisstjórnun flugumferðar með góðum fyrirvara, þ.m.t.:

i. um áætlaðar ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

ii. um áhrif af ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar á flugtakstíma og flugsnið einstakra fluga,

g) fylgist með hve oft flugáætlanir vantar og hve oft margfaldar flugáætlanir eru skráðar,

h) fresti flugáætlun þegar ekki er hægt að nýta afgreiðslutíma brottflugs, að teknu tilliti til vikmarka fyrir tíma, sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað og nýr áætlaður hlaðfarartími er ekki þekktur,

i) fylgist með fjölda undanþága sem eru veittar í samræmi við 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

Almennar skyldur flugumferðarþjónustudeilda

1. Þegar beita þarf ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu flugumferðarþjónustudeildir hafa samráð við yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar fyrir milligöngu staðbundinna flæðisstjórnunardeilda flugumferðar í því skyni að tryggja að ráðstöfun verði valin með tilliti til þess að nýta heildaráhrif frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem best.

2. Ef þörf krefur skulu tilkynningastöðvar flugumferðarþjónustu auðvelda upplýsingaskipti milli flugmanna eða umráðenda og staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða yfirstjórnar hennar.

3. Flugumferðarþjónustudeildir skulu tryggja að ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, sem gerðar eru á flugvelli, séu í samráði við viðkomandi framkvæmdastjórn flugvallar til þess að tryggja skilvirkni í skipulagningu og notkun flugvalla í þágu aðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

4. Flugumferðarþjónustudeildir skulu tilkynna yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, fyrir milligöngu staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, um alla atburði sem gætu haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþunga.

5. Flugumferðarþjónustudeildir skulu láta yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar í té eftirfarandi gögn og síðari uppfærslur þeirra með góðum fyrirvara og tryggja gæði þeirra:

a) um tiltækileika loftrýmis og skipulag flugleiða,

b) um tilhögun undirsvæða flugumferðarþjónustudeildar og virkjun þeirra,

c) um aksturstíma á flugvöllum,

d) um afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvalla,

e) um tiltækileika flugleiða, þ.m.t. tiltækileiki með því að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005,

f) um uppfærslu á staðsetningu flugs,

g) um frávik frá flugáætlunum,

h) um tiltækileika loftrýmis, þ.m.t. tiltækileiki með því að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005,

i) um raunverulegan flugtakstíma.

Gögnin skulu gerð aðgengileg þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 1. gr. og skal yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar fá gögnin í hendur og láta þau öðrum í té, án endurgjalds.

6. Flugumferðarþjónustudeildin á brottfararflugvellinum skal tryggja:

a) að þegar flug fellur undir afgreiðslutíma brottflugs, sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, teljist sá afgreiðslutími hluti af flugheimild flugumferðarstjórnar,

b) að flug fylgi afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar,

c) að flug fái ekki heimild til flugtaks ef þau fylgja ekki áætluðum hlaðfarartíma, að teknu tillit til fastsettra vikmarka fyrir tíma,

d) að flug fái ekki heimild til flugtaks ef flugáætlun þeirra hefur verið synjað eða henni frestað.

7. gr.

Almennar skyldur flugrekenda

1. Hvert fyrirhugað flug skal taka til einnar flugáætlunar. Skráð flugáætlun skal endurspegla með réttum hætti fyrirhugað flugsnið.

2. Allar viðeigandi ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar og breytingar þar að lútandi skulu felldar inn í fyrirhugaða flugaðgerð og tilkynntar flugmanninum.

3. Við brottför flugs frá flugvelli, sem fellur ekki undir afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar, bera umráðendur ábyrgð á að áætluðum hlaðfarartíma þeirra sé fylgt, að teknu tilliti til vikmarka fyrir tíma eins og mælt er fyrir um í viðeigandi ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tilgreind eru í viðaukanum.

4. Hafi flugáætlun verið frestað, í samræmi við h-lið 5. gr., skal hlutaðeigandi umráðandi gera ráðstafanir til að uppfæra flugáætlunina eða afturkalla hana.

8. gr.

Almennar skyldur framkvæmdastjórna flugvalla

Framkvæmdastjórnir flugvalla skulu tilkynna yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, beint eða fyrir milligöngu staðbundinnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða flugumferðarþjónustudeilda eða fyrir milligöngu þeirra beggja, um alla atburði sem geta haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþunga. Ef tilkynningin er gerð beint skulu þær greina staðbundinni flæðistjórnunardeild flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildum frá því.

9. gr.

Samræmi á milli flugáætlana og afgreiðslutíma á flugvöllum

1. Aðildarríki skulu tryggja að ef samræmingarstjóri afgreiðslutíma á flugvöllum eða framkvæmdastjórn flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma óskar eftir því skuli yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar láta þeim í té samþykktu flugáætlunina fyrir flug sem er starfrækt á þessum flugvelli áður en flugið hefst. Samræmingarstjórar afgreiðslutíma á flugvöllum eða framkvæmdastjórnir flugvalla með skammtaðan afgreiðslutíma skulu sjá til þess að samþykktu flugáætlanirnar, sem yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar lætur í té, séu aðgengilegar.

2. Fyrir brottför flugs skulu umráðendur veita brottfarar- og komuflugvöllum nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera saman flugnúmerið sem kemur fram í flugáætluninni og flugnúmerið sem tilkynnt hefur verið fyrir samsvarandi afgreiðslutíma á flugvelli.

3. Allir umráðendur, framkvæmdastjórnir flugvalla og flugumferðarþjónustudeildir skulu eiga rétt á að tilkynna samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum um það þegar flugþjónusta er ítrekað innt af hendi á tímum sem eru verulega frábrugðnir úthlutuðum afgreiðslutímum á flugvelli eða þegar veruleg frávik verða á afgreiðslutímum frá því sem tilgreint var við úthlutun ef það hefur áhrif á rekstur flugvallar eða aðgerðir flugumferðar.

4. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunar flugumferðar tilkynni samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvelli ef ítrekuð frávik verða á veitingu flugþjónustu frá úthlutuðum afgreiðslutíma á flugvelli eða ef veruleg frávik verða á afgreiðslutíma frá því sem tilgreint var við úthlutun ef það hefur áhrif á flæðisstjórnun flugumferðar.

10. gr.

Skyldur varðandi hættulega atburði

1. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar setji verklagsreglur um flæðisstjórnun flugumferðar varðandi það hvernig meðhöndla skuli hættulega atburði og birti þær í því skyni að draga, eins og framast er kostur, úr röskun á evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. Við undirbúning fyrir hættulega atburði skulu flugumferðarþjónustudeildir og framkvæmdastjórnir flugvalla samræma mikilvægi og innihald viðlagaverklagsreglna með umráðendum sem verða fyrir áhrifum af völdum hættulegra atburða, þ.m.t. hvers konar breytingar á forgangsreglum.

Viðlagaverklagsreglurnar skulu innihalda:

a) skipulags- og samræmingarráðstafanir,

b) ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til þess að stýra aðgangi að þeim svæðum sem urðu fyrir áhrifum í því skyni að hindra óhóflegan umferðarþunga flugumferðar samanborið við afkastagetu sem gefin var upp fyrir allt loftrýmið, eða hluta þess, eða viðkomandi flugvelli,skyni að

c) aðstæður, skilyrði og verklagsreglur við beitingu forgangsreglna fyrir flug þar sem tekið er tillit til grundvallarhagsmuna aðildarríkjanna í öryggis- eða varnarmálum,

d) ráðstafanir til að endurheimta eðlilegt ástand.

11. gr.

Eftirlit með því að farið sé að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þar sem nýting afgreiðslutíma brottflugs, sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar á brottfararflugvelli, er 80% eða minni á ári, skal flugumferðarþjónustudeild á þeim flugvelli veita viðeigandi upplýsingar um frávik frá afgreiðslutíma og um aðgerðir sem gripið er til í því skyni að tryggja að afgreiðslutímum brottflugs sé fylgt. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem hlutaðeigandi aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Flugumferðarþjónustudeild á viðkomandi flugvelli skal veita viðeigandi upplýsingar um öll tilvik þar sem synjun eða frestun flugáætlunar hefur ekki verið hlýtt á þeim flugvelli og um aðgerðir sem gripið er til í því skyni að tryggja að þeim verði hlýtt. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem hlutaðeigandi aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

3. Aðildarríkin skulu tryggja:

a) að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar sendi tilkynningu til aðildarríkis, sem veitir undanþágur, sem nema meira en 0,6% af árlegum brottförum viðkomandi aðildarríkis,

b) að aðildarríki, sem hefur fengið senda tilkynningu samkvæmt a-lið, leggi skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með upplýsingum um veittar undanþágur.

4. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar tilkynni umráðendum um það þegar staðfest hefur verið að beiting g-liðar 5. gr. sé ástæðan fyrir því að ekki sé farið að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar.

5. Umráðendur skulu leggja skýrslu fyrir yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar um hvert tilvik þegar ekki er farið að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar þar sem veittar eru upplýsingar um aðstæður sem leiddu til þess að flugáætlun vantaði eða hún margfaldaðist ásamt aðgerðum sem gripið er til í því skyni að farið sé að ráðstöfunum.

6. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar taki saman ársskýrslu þar sem er að finna upplýsingar um það þegar flugáætlanir vantar eða þegar skráðar eru margfaldar flugáætlanir ásamt því að skýrslan sé lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

7. Aðildarríki skulu árlega meta að hve miklu leyti farið er að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til að tryggja að aðilar, sem um getur í 3. mgr 1. gr., taki sig á við að fara að þessum ráðstöfunum.

12. gr.

Frammistöðumat

1. Við framkvæmd 11. gr. skulu aðildarríki tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar leggi fram ársskýrslur um gæði flæðisstjórnunar flugumferðar sem skulu innihalda upplýsingar:

a) um ástæður fyrir ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

b) um áhrif af völdum ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

c) um að farið sé að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

d) um framlag aðila, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., til nýta heildaráhrif netsins sem best.

2. Aðildarríki skulu tryggja að yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar komi sér upp og viðhaldi skjalasafni sem inniheldur flæðisstjórnunargögn flugumferðar, sem tilgreind eru í 5. mgr. 6. gr., flugáætlanir, aðgerðarskrár og viðeigandi gögn sem varða þetta samhengi.

Gögnin, sem um getur í fyrstu undirgrein skulu geymd í tvö ár eftir að þau voru lögð fram og gerð aðgengileg framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, flugumferðarþjónustudeildunum og umráðendum.

Þessi gögn skulu gerð aðgengileg samræmingarstjórum og rekstraraðilum flugvalla til að styðja við reglubundið mat þeirra á uppgefinni afkastagetu.

13. gr.

Öryggiskröfur

Aðildarríki skulu tryggja að öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, fari fram áður en umtalsverðar breytingar verði gerðar á kerfum og verklagsreglum á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar, þ.m.t. mat á öryggisstjórnunarferli sem varðar vistferil kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

14. gr.

Viðbótarkröfur

1. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk þeirra aðila sem um getur í 3. mgr. 1. gr. og tekur þátt í aðgerðum á vegum flæðisstjórnunar flugumferðar:

a) fái viðeigandi kynningu á ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) fái fullnægjandi þjálfun og hæfni til að gegna starfi sínu.

2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðilarnir, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., sem bera ábyrgð á aðgerðum á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar:

a) þrói og viðhaldi flugrekstrarhandbókum, sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera starfsfólki á sviði flæðistjórnunar flugumferðar kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) tryggi að þessar handbækur séu samræmdar, aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnaútfærslu,

c) tryggi að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar samrýmist þessari reglugerð.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 26. september 2011, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

16. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. september 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti

VIÐAUKI

Skrá yfir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flæðisstjórnun flugumferðar

1. Liður 3.7.5 í 3. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í 11. viðauka við Chicago-samninginn — Flugumferðarþjónusta (13. útgáfa, júlí 2001 með breytingu nr. 47).

2. Ákvæði 3. kafla (Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) (15. útgáfa, 2007).

3. Kafli 8.3 (undanþágur frá afgreiðslutíma sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2007).

4. Ákvæði c-liðar í kafla 8.4.1. (Umráðandi loftfars og hvernig hann fer að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2007).

5. Liður 2.3.2 í 2. kafla (Breytingar á áætluðum hlaðfarartíma (EOBT)) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa 2007).

———————